



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

**Landamerkjabók Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu
[1883–1972]**



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Bók þessi, sem er 348 – þrjú hundruð fjörutíu og átta – blaðsíður að st[ærð] gegnumdregin og útbúin með innsigli Vesturamtsins, löggildist hjermeð til að vera

Landamerkjabók

Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Vesturamtið, Reykjavík 20. marz.

J. Havsteen.

Séð 24/6'43 Páll Magnússon.

Séð 18/6 1935. Ing. Jónsson

Séð 2/1 1937. Ingólfur Jónsson

Séð 19/6 1939. Ingólfur Jónsson

Skoðuð 16/9 1928

Helgi P. Briem

Björn Steffensen

Séð 9/5 1949 Kr Linnet



Landamerkjaskrá fyrir Skógarstrandarhrepp.

Merkjaskrá fyrir jörðinni Hólmalátri á Skógarströnd.

Skammt fyrir utan Gunnarsstaðaá (Gljúfurá) við sjó, heitir Krosshella, frá henni ræður sjónhending merkjum í Krossklöpp á Stangarflóa, svo eptir sömu línur í Spottkeldu, þar sem hún fellur í Spottlæk, og er eftir sömu línu í Krosshól í Þjófabrekkum, þaðan í Grunnarstaðaá þar sem skemmst er að henni, ræður hún svo merkjum fram í Arnardal þar sem áin myndast af þremur lækjum, svo beint upp á brúnina að landsunnanverðu við Arnardalsklett, svo eins og vötnum hallar (til austurs og vesturs) suður í Geirhnúksgil. Þaðan vestur eptir Ballarhrygg að vörðu þeirri, sem er vestan til á honum. Þaðan sjónhending í Orustuflóahnúk og eptir sömu línu í vörðu á Hólmatnshæðarenda nálagt Gálgagils upptökum. Þaðan ræður Gálgagil niður í Ytravatn, svo Blankur niður að Illukelduós, það er Kelduós sá sem í Blank fellur fyrir austan holtið næst austur frá byrginu, þaðan sjónhending eptir merkjum í Merkjastein. Hann stendur við sjó hjá Maríugirðisvogi, á hann er klappað M.

Hólmlátri 8. Júní 1883.

Jörundur Guðbrandsson (eigandi Hólmláturs)

Merkjaskrá þessa höfum við undirskrifað athugað og erum henni samþykkt.

Magnús Helgason (fyrir Emmuberg).

Jón Oddson (fyrir Árnahús) (handsalað)

Guðbjörg Hákonardóttir fyrir Gunnarstaði (handsalað nafn)



Merkjaskrá fyrir jörðinni Árnahúsum, liggjandi á Skógarströnd í Snæfellsnessýslu.

Nálægt miðjum Maríugerðisvogi er eistakur stór steinn, sem hér eptir skal heita Merkjasteinn, á hann er höggvið M, frá honum ræður sjónhending merkjum suður eptir flóanum að Illukelduós. Það er kelduós sá, sem fellur í Blank, fyrir austan holtið næst austur frá byrginu; eftir sjónhending þessari eru vörður hlaðnar og hnausar stungnir með hæfilegu milli bili. Frá Illukelduós ræður Blankur merkjum til Laxár, og Laxá í sjó fram. Eyja sú, sem fram undan liggur og Árnhúsaeyja nefnist fylgir téðri jörðu.

Árnahúsum 4. Maí 1883.

Jón Oddsson (eigandi Árnahúsa)

Merkjaskrá þessari er ég samþykkur

Jörundur Guðmundsson (eigandi Hólmaláturs)



Landamerkjaskrá fyrir Ytra-Leiti:

Stimpilgjald kr. 1.00

Við undirritaðir eigendur Narfeyrar og Ytri-Leitis á Skógarströnd höfum orðið ásáttir um þessi landamerki milli nefndra jarða:

1. Húsadalur ræður merkjum frá Langadalsá til fjalls. En á kafla í flóanum þar sem farvegur Hrísalækjar er óglöggur verður þar farið eftir þremur vörðum á því svæði. Húsalækur hefir upptök sín í fjalli austan til við svo kallaða Rjúpnaborg.

Stykkishólmi, 2. Desember 1921.

Jón Guðmundsson (Narfeyri)

Magnús Máruson (eigandi Ytra-Leiti)

Landamerki milli Stóra-Langadals og Ytra-Leitis eru úr Balalækjarós niður við Langadalsá sjónhending í vörðu, sem sést á Bugaholti, þaðan sjónhending í svart gil, þar sem það kemur niður úr hlíðinni; ræður svo gilið upp í háfjall og svo eftir fjallinu hæztu eins og vötnum hallar.

Ari Stefánsson Stóra Langadal.

Magnús Márusson

Þinglestursgjald kr. 3.00 – þrjár krónur –

Þinglesið á manntalsþingi að Dröngum 30. júní 1922

PVBjarnason



Landamerkjaskrá fyrir Klungurbrekku.

Stimpilgjald kr. 1.00.

Landamerki milli jarðanna Klungurbrekku og Litla-Langadals í Skógarstrandarhreppi eru þau eru hér segir:

Sjónhending úr hæstum Miðaftanshæðum í Klofagil, síðan eftir farvegi gilsins, sem nú er niður í Langadalsá.

Klungurbrekku 28.-12. 1921.

Daði Kristjánsson, Litla-Langadal (eigandi)

(F.h. eiganda) Hermann Ólafsson.

Landamerki milli jarðanna Klungurbrekku og Haukabrekku eru þau er hjer segir: Sjónhending úr hæstum Miðaftanshæðum í hæstu Merkjahyrnu, síðan sjónhending úr Merkjahyrnu í Merkjahrygg, og þaðan sjónhending framan til í Tæpugötu við Stóra-Langardalsá.

Klungurbrekku 28.-12. 1921.

Daníel Jónatansson Haukabrekku (eigandi)

(F. h. eiganda) Hermann Ólafsson.

Landamerki milli jarðanna Setbergs og Klungurbrekku eru Setbergsá.

Klungurbrekku 28.-12. 1921.

Sigurður Daðason Setbergi (eigandi)

F. h. eiganda Hermann Ólafsson.

Landamerki milli jarðanna Ós og Klungurbrekku eru Setbergsá.

Klungurbrekku 28.-12. 1921.

Stefán Guðmundsson (ábúandi)

F. h. eiganda Hermann Ólafsson.

Landamerki milli jarðanna Ytra-Leitis og Klungurbrekku eru Stóra-Langadalsá. – Klungurbrekka 23.-12. 1921.

Eigandi að Ytra-Leiti Magnús Mírusson.

F. h. eiganda Hermann Ólafsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þinglestursgjald kr. 3.00 – þrjár Krónur – }

Þinglesið á manntalsþingi að Dröngum 30. júní 1922.

PVBjarnason



Landamerkjaskrá fyrir Narfeyri.

Stimpilgjald kr. 1.00

Við undirritaðir eigendur jarðanna Narfeyrar og Ytra-Leitis á Skógarströnd höfum orðið ásáttir um þessi landamerki milli nefndra jarða:

1. Hrísalækur ræður merkjum frá Langadalsá til fjalls. En á kafla í flóanum þar sem farvegur Hrísalækjar er óglöggur eru hlaðnar 3 vörður og verður þar farið eftir þeim á því svæði. Hrísalækur hefir upptök sín í fjalli austan til við svo kallaða Rjúpnaborg.

Stykkishólmi 2. desember 1921.

Jón Guðmundsson (Narfeyri)

Magnús Márusson (eigandi Ytra-Leitis)

Á milli Kársstaða og Narfeyrar ræður Merkihryggur frá fjöru upp í eggjar á Narfeyrarfjalli, þar sem hann er hæstur. –

Narfeyri 10. desember 1921.

Jón Guðmundsson (Narfeyri)

Sigurður Magnússon (Kársstöðum)

Á milli Narfeyrar og Ós ræður Langadalsá. Undir Narfeyri liggja 2 hólmar sunnan halt undan áfrarveginum, sem heita Skeiðarhólmi og Virkishólmi

Narfeyri 20. desember 1921.

Jón Guðmundsson (Narfeyri)

Stefán Guðmundsson (ábúandi)

Þinglestursgjald kr. 3.00 – þrjár Krónur – }

Þinglesið á manntalsþingi að Dröngum 30. júní 1922.

PV. Bjarnason.



Landamerkjaskrá
fyrir Innra-Leiti á Skógarströnd.

Stimpilgjald Kr. 1.00.

Norðan við Leitisland liggur Hvammsfjörður, að austan Borgaland, ræður lækur sá merkjum er kemur eftir svo kölluðu innra jarðfalli (vestan Fyrirsátur). Frá nefndu jarðfalli ræður sjónhending í vörðu þá er stendur vestan til á Valabjörgum, þaðan í stein þann er Einbúi heitir og stendur á Sandhrygg, sem kallaður er Einbúasandur, og ræður hann merkjum svo langt sem hann nær suður eftir, þá ræður sjónhending í vörðu þá, er stendur sunnan til á Diskahryggjum þaðan í Þvergilstjörn (Sauðartjörn) vestan til, þá Vondilækur í Almannaborgarvatn; frá Almannaborgarvatni ræður lækur sá, er fellur úr Insta-Götuvatni. Syðst úr Innsta-Götuvatni sjónhending um Grænudý upp Strokshlíðar til hreppamóta (og vötnum hallar). Sunnan að Leitislandi liggur Ölvískrossland, en vestan Bílduhóls, og ræður sjónhending merkjum milli þeirra jarða frá hreppamótum og ofan um klettastapa einn sem stendur vestanvert í enda Þverfells hins insta og ofan í Miðmundafell þar sem það er hæst. Þaðan sjónhending í vörðu, er stendur vestarlega á hæstri Háubungu; þaðan í vörðu sem stendur á svo nefndum Nónhæðum þar sem þær eru hæstar. Þaðan sjónhending í dis er stendur rjett við Leitisá að vestan verðu, þar sem ferðamannavegur liggur yfir ána, og þaðan ræður Leitisá til sjávar.

Gunnarsstöðum 3. desbr. 1921.

Magnús Magnússon. (vegna eiganda Innra-Leitis)

Ragnheiður Árnadóttir

Einar Sigurðsson, Borgum. (ábúandi og eigandi)

Guðrún Jónasdóttir, Bílduhóli (ábúandi)

Þinglesturs gjald Kr. 3.00 – þrjár krónur – }

Þinglesið á manntalsþingi að Dröngum 30. júní 1922.

PVBjarnason



Landamerki fyrir jörðinni Valshamri á Skógarströnd.

Stimpilgjald 1.00 Kr.

Milli Keisbakka og Valshamars að austanverðu byrja landamerki úr Stöng þeirri, sem er í svo kallaðri Stangarvík, og þaðan upp í steina á klöpp með áhöggnum krossi + Útnorðan undan vörðu þeirri er stendur á Miðaftansfelli, og þaðan beina sjónhending í Háastapa á Valshamarshæðum, svo eftir því sem vötnum hallar til austurs og vesturs, beint í stapa þann, sem hæstur er á Hvíslarhæðum, þaðan sjónhending í Merkjastein, sem stendur vestanhalt á Hvíslarhól, þar sem Breiðabólsstaðarland kemur að Keisbakkalandi að vestanverðu.

Milli Breiðabólsstaðar og Valshamars ræður Valshamarsá frá sjó, og það fram að Hæðum, þar sem Svartagil fellur í Valshamarsá, svo ræður gilið í Mosavatn, þar sem Mosavatnslækur fellur úr því, og þaðan beina sjónhending í áður nefndan Merkjastein á Hvíslarhól, þar sem Breiðabólsstaðarland kemur að Keisbakkalandi.

Þessi landamerki eru samþykkt og undirrituð af öllum hlutaðeigendum.

Valshamri, 3. des. 1921.

Jón Jónsson fyrir Valshamar.

Þorst. Kristjánsson fyrir Breiðabólsstað.

Jón Loftsson fyrir Keisbakka.

Þinglesturgjald Kr: 3.00 - þrjár krónur -

Þinglesið á manntalsþingi á Dröngum 30. júní 1922.

PVBjarnason



Landamerki
jarðarinnar Bílduhóls á Skógarströnd.

Norðan að Bílduhólslandi liggur Hvammsfjörður. Austan að því liggur Leytisland; ræður Leytisá merkjum milli þeirra jarða neðan frá sjó og upp að ferðamannavegi; þar stendur dys ein við götuna að vestanverðu við ána; þá ræður sjónhending frá dysinni í vörðu þá, er stendur á svonefndum Nónhæðum, þar sem þær eru hæztar, þaðan í vörðu, er stendur vestarlega á hæztri Háubungu, þaðan suður eftir Miðmundafelli, þar sem það er hæzt, þaðan sjónhending í klettstapa einn, sem stendur vestanvert í enda Þverfells hins innsta og þaðan í Þrívörður, er standa vestanvert við Rauðamelsheiðarveg.

Sunnan að því liggur Ölvískrossland; skiptast þau lönd eftir því, sem vötn falla suður eða norður, frá Þrívörðum, er voru nefndar áður, að austan vestur eptir Þverfelli hinu syðsta (yzta), þar sem það er hæzt, og í holt eitt lítið í Svínaskarði; nær miðju. Þau merki eru því nær eptir sjónhendingu frá Þrívörðu í Bleiksteina, er standa í Svínahlíð fyrir vestan Svínaskarð.

Vestan að því liggur Vörðufellsland, ræður merkjum þar í milli sjónhending frá holti því hinu litla í Svínaskarði, sem áður er nefnt, í miðja tjörn nokkra suður undir skarðinu, þá lækur lítill, er fellur úr þeirri tjörn í aðra tjörn norðar; úr þeirri tjörn fellur Svínafossá, og skiptir hún löndunum þaðan til sjávar.

Bílduhóli 1. Maí 1884

Jónas Guðmundsson

Þau landamerki, er hér eru rituð, samþykkjum vér:

(fyrir Leytisland) – Magnús Helgason núverandi landsdrottinn

samþykkt (– Ölvískrossland)

Ásmundur Sveinsson (– Vörðufellsland) Kr. Tómasson



Skrá yfir landamerki Vörðufells á Skógarströnd.

1. Á milli Vörðufells og Bíldhóls ræður Svínafellsá frá sjó fram í tjörn, sem hún rennur úr, svo eptir læk er rennur í þá tjörn úr annari frammar, úr henni miðri í lítið holt niður undan Bleiksteinum.

2. Milli Vörðufells og Höfða, úr seinast nefndu holti í Bleiksteina, frá þeim upp á há Svínafell, svo vestur eftir há fellinu, svo af útnorður horni þess ofan í litla vörðu niður í hlíðinni, úr henni beina stefnu í Krosssteinavörður, sem standa skammt austan Sátudalsá, gagnvart neðsta fossinum í Sátugili

3. Milli Vörðufells og Breiðabólstaðar ræður Sátudalsá frá áður nefndu merki inn í Kvíslamót, úr þeim í vörðu, sem stendur þar upp í holti, hvar kross er höggvin í stóran stein þar hjá og austanverðu V en vestanverðu B, og þaðan sjónhending í vörðu við vestasta enda á Máfvatni, og þaðan í stein, sem stendur fyrir vestan nefnt vatn, hvar klappað er á + K að norðan, og V að austan og B að vestan.

4. Milli Vörðufells og Keisbakka, frá seinast nefndum merkjasteini beina sjónhending í grjótvörðu ~~nerður~~ neðar á fjallinu hvar kross er markaður á klöpp, sem varðan stendur á, þaðan í upptök austurkvíslar á Bakkaár svo ræður Bakkaá til sjóar.

Þorbergsstöðum 19. Júlí 1885.

Kr. Tómasson eigandi Vörðufells.

Fyrir Bíldhól Jónas Guðmundsson (eigandi Bílduhóls)

Eiríkur Gíslason fyrir Breiðabólstað

Fyrir Keisbakkaland Loftur Guðmundsson

Fyrir Höfða Þórður Jóh. Þórðarson



Skrá um landamerki jarðarinnar Keisbakka á Skógarströnd

1. Keisbakka- og Vörðufellsland skilur svonefnd Bakkaá frá fjöru til upptaka á austurkvísl Bakkaár, hvar nú er varða hlaðin og kross markaður í klöpp þá er varðan stendur á, þaðan sjónhending í stein, sem stendur fyrir vestan Máfvötn, á hann ernú klappaður + K að norðan, V að austan og B að vestan; endar þar Keisbakkaland á fjalli suður.

2. Breiðabólstaðarland skilur þá fyrst nýnefndur steinn frá Keisbakkalandi, þaðan sjónhending í hæzta klettahögg á hryggjum, þaðan sjónhending í stein, sem stendur á Kvíslarhóli þar er X markaður (höggvinn) þar eru upptök vestur kvíslar.

3. Valshamars og Keisbakkaland skilja þá fyrst smástapar niður eptir Kvíslarhæðum, sem næst sjónhending í Háastapa á Valshamarshæðum nokkru hærra en sýsluvegur liggur, þaðan sjónhending í klöpp á miðaptansfelli á hana er X höggvinn, þaðan í svonefnda Kerlingu, sem er klett-drangi umflotinn um flæði sjávar.

Þessa utan liggja undir Keisbakka 4 smá eyjar: Landey, Múli, Hrafnsey Dilkur, fram undan Keisbakkalandi.

Samþykkt merki af undirskrifuðum

fyrir Keisbakkaland Loptur Guðmundsson

- Vörðufellsland Kr. Tómasson
- Breiðabólstaðarland og – Valshamarsland Eiríkur Gíslason



Landamerkjaskrá fyrir Straumi og Hálsi.

1. Milli Straums og Ós ræður merkjum vörðubrot á hæðstum Grenhól, og þaðan sjónhending í læk þann, sem fellur ofan milli tveggja borga, sem Nónborgir heita, þaðan ræður nefndur lækur til sjóar.

Langmerki eru þessi: Úr áður nefndum Grenhól, eptir því, sem vötnum hallar, eptir hæðstum fjallshrygg á hamar þann sem hæðstur er á fjallinu og nefndur er Kannarhamrar; úr nefndum hamri eru þvermerki ofan milli Straums og Háls, beint ofan fjallið í steinboga þann, sem stendur í hlíðinni austan til við svokallaðan Festarurð; úr nefndum steinboga beina sjónhending í austanvert klapparholt við sjó fram og þaðan í sömu stefnu í vesturendann þar sem mætist grjót og ~~ög~~ gras á hólma þeim, er landamerkjahólmi heitir.

Undir jörðina Straum liggja þessar eyjar:

1. Straumsey,
2. Straumseyjarhólmi austari,
3. Straumseyjarhólmi vestari og
4. Þjófatakshólmi.

Langmerki eptir fjallinu milli Háls og Setbergs eru þessi: Úr framangreindum Kannarhamri í svonefnda Skollaborg, þaðan sjónhending í stóran stein, sem stendur vestan til á hæðstum Háskerðing, þaðan liggja þvermerki ofan á milli Háls og Dranga í steinboga þann, sem stendur í hlíðinni með gat í gegn, þaðan sjónhending í stóra klöpp, sem er á austurenda á svokölluðum Merkihrygg, þaðan sjónhending í svo kallað Mjóanes við sjó fram, einsog sýnir landamerkjaskrá fyrir Dröngum.

Undir jörðina Háls liggja þessar eyjar

- 1 Öffursey, stærri
2. Öffursey minni,
- 3 Hnaus,
- 4 Litla Fletta,
- 5 Skammshólmi,
- 6 Landamerkjahólmi,
- 7 Hanakróarhólmi.

Þessi framanskráðu landamerki samþykkt af hlutaðeigendum.

(eptir fullmagt) J. Jónsson, fyrir Hálsland

– Kr. M. Bjarnarson fyrir Straumsland

Jón Jónsson (umboðsmaður) fyrir Ósland [og] fyrir Setbergsland.

Eiríkur Gíslason fyrir Drangaland



Skýrsla um landamerki þjóðjarða í Skógarstrandarumboði

1. Ós á Skógarströnd á land allt milli merkja þeirra, er hér segir:

- a. Milli Óss og Setbergs ræður sjónhending norðast úr Kannarhamri í Kaupskip, þaðan í Erlendsvörðu og þaðan í útsuður í Ranahvamm við Setbergsá.
- b. Setbergsá skiptir löndum milli Óss og Klungurbrekku. –
- c. Milli Óss og Narfeyrar ræður Óssá
- d. Milli Óss og Straums ræður sjónhending frá Kannarhamri ofaní í Illugahaf þaðan ræður Landamerkjalækur til sjóar.

Jörð þessari fylgja 2 varphólmar, sem báðir nefnast einu nafni Hríseyjar;

3. hólmi fylgir og, og er kallaður Salthólmi.

Jóhannes Vigfússon,
Kr. Björnsson
B. Hannesson
Ásmundur Sveinsson

2. Setberg á Skógarströnd:

Vottorð

Hér með gef ég til vitundar eptir því sem herra adminstr. Th. Sívertsen hefur upp á boðið mér sem öðrum sínum landsetum: Setbergsá ræður landamerkjum ofan eptir í svo kallaðan Ranahvamm, úr Ranahvammi í Erlendsvörðu, úr vörðunni í Nátthaga^{mála}borg og þaðan í Kannarhamar og úr Kannarhamri sjónhending eptir miðjum Setbergshálsi í Árdagsgil úr gilinu í Skollaborg úr Skollaborg upp í háfjallið og fram eptir fjallinu eptir því sem vötnum hallar. En að framan verðu skilur lönd svo köllað [svo] Landamerkjagil, sem rennur beint úr fjallinu ofan í ána. Þessi landamerki hafa hér haldin verið síðan ég man best til.

Setbergi þann 3. Janúar 1840

Jónas Gíslason

Til

Herra administrator Th. Sívertson á Hrappsey.

Landamerki þau, er framanritað vottorð greinir eru nú og hafa ávallt haldin verið fyrir Setbergslandi.

Setbergi 18. Júlí 1884.

Vernharður Björnsson leiguliði.

Ásmundur Sveinsson umboðsmaður.



3. Haukabrekka á Skógarströnd.

a. Milli Haukabrekku og Klungurbrekku ræður Merkjahryggur þar sem hann er hæztur neðan frá Langadalsá og upp í Merkjahyrnu, þaðan ræður sjónhending í Miðaptanshæðir, úr Miðaptanshæðum í Vatnshryggshaus, úr Vatnshryggshaus í Gölt, úr Gelti beinst vestur í brún eptir því sem vötnum hallar og eptir Selskriðu og niður Langadalsár. –

Þork. Jóhannsson

B. Hannesson

Ásmundur Sveinsson.

4. Stóri Langidalur og Klettakot eiga land í Selskriðu, þaðan á fjall upp síðan fram eptir fjalli í eggjar og svo eptir sem vötnum hallar. Milli Stóra Langadals og Klettakots ræður sjónhending úr háum steini í fjallsbrúninni sunnanvert við Steinboga niður í gilfarveg sunnanvert við Ytri Vörðuhól þaðan ofan í Pollgötu og þaðan bein sjónhending niður í Langadalsá.

Milli Stóra-Langadals og Ytra Leitis eru landamerki úr Bolalækjarós niður við Langadalsá sjónhending í vörðu, sem sést á Bugaholti, þaðan sjónhending í svart gil þar sem það kemur niður úr hlíðinni ræður svo gilið upp á háfjall og svo eptir fjallinu hæztu eins og vötnum hallar.

Kr. Jónsson

Jón Jóhannsson

Jón Jónsson

Ásmundur Sveinsson

5. Kárstaðir í Helgafellssveit

a. Milli Kárstaða og Narfeyrar ræður merkjum svokallaður Merkjahryggur þar sem hann er hæstur milli fjalls og fjöru.

b. Milli Kárstaða og Örlýgsstaða ræður sjónhending úr Nóngili ofan í Sóleyjardý, þaðan ræður lækur, sem rennur í Glæsiskeldu, þá ræður keldan þar til hana þrýtur, þaðan ræður beinsjónhending [svo] í Hellisárfarveg hinn forna og skiptir síðan farvegurinn löndum í sjó fram.

Árni Jónsson,

Jón Guðmundson



Benedikt Hannesson
Ásmundur Sveinsson.

6. Örlygsstaðir í Helgafellssveit eiga land frá merkjum þeim, er síðast voru greind undir staflið b. hér að framan, þar er Kárstaðaland þrýtur; en milli Örlygsstaða og Úlfarsfells eru landamerki þessi:

Bein sjónhending úr gili, sem liggur ofan Botnsdalsborg og ofan miðja Vaðalshöfða til sjóar.

Jón Guðmundsson
Ásmundur Sveinsson

7. Úlfarsfell í Helgafellssveit á land ^{allt} frá merkjum þeim, er síðast voru talin að merkjum þeim, er greina Úlfarsfellsland frá Hríslandi og nú skulu talin:

Frá sjó ræður sjónhending með suðurbrún á svo nefndu Sneiðingaholti á Úlfarsfellslið upp að vörðu, sem stendur á holtinu rétt fyrir ofan veginn, þaðan beina sjónhendingu upp í svarta klettagróf í fellinu, sem opin er frá vörðunni að sjá, og þaðan úr fyrsta og hæzta tindinum á Úlfarsfelli og sjónhending í Tröllkonusteina, þaðan bein sjónhending í Dauðsmannsfoss og ræður svo Úlfarsfellsá úr því.

Þessi landamerki voru samþykkt af hlutaðeigendum, leiguliðum og umráðamönnum ofanefndra jarða í júlímánuði ár 1884.

Þorst. Bergmann, Jósef Jónsson, Jón Guðmundsson, Árni Jónasson B. Hannesson,
Jón Jónsson, Jón Jóhannsson, Kr. Jónsson, Þorkell Jóhannsson, Vernharður Björnsson,
Jóhannes Vigfússon, Kr. Björnsson. –
Ásmundur Sveinsson.

Samhljóða frumritinu vottar
Ásmundur Sveinsson.



Umboðsjörðinni Gvendareyjum fylgja þessar eyjar og skér

1. Heimaeyjan
2. Norðurhólmi efri, fjarar á milli
3. Norðurhólmi fremri, fjara á milli, er svotalið að norðanverðu við eyna. Að sunnanverðu eru 5 skér, sem ekki fara í kaf um smástraum.
4. Bæjarhólmi innri, suður af honum 1 skér (svo nefndur Gvendareyjaboði)
5. Bæjarhólmi ytri
6. Háey,
7. Háeyjarflaga efti
8. Háeyjarflaga fremri
9. Hamarsey, 1 sker suður af henni og austur af 3 skér, fara ekki í kaf um smástraum, er svo talið að sunnanverðu. Í útsuður af eyjunni er:
10. Lynghólmi, í útsuður af honum 1 sker
11. Langhólmi, út af honum 2 sker. Vestur af eyjunni liggur:
12. Freðinskeggi,
13. Bölluhólmi
14. Löndin, fram af þeim 4 skér, fara ekki í kaf um smástraum.
15. Yztaey, í útsuður af henni 1 skér, svo nefnt Rollusker. Er svo talið allt í kring, eyjar og skér og fjarar í millum heimaeyunnar og allra þessara skérja og eyja, undanteknum fyrnefndum Gvendareyjaboða.
Fyrir innan strauma næst Rifgirðingalöndum liggur undir Gvendareyjar:
16. Grímsey, 1 skér norður henni
17. Grímseyjarhólmi, fjarar í millum hans og eyjunnar. Er svo talið að öllu leyti eyjar og skér það ég til veit að jörðinni fylgi.

Það vitnar Jóhanna Jónsdóttir á Gvendareyjum

Friðrik Jónsson umráðamaður Rifgirðinga hálfra

Valgerður Krisjánsdóttir ábúandi á hálfum Rifgirðingum.

Sigurður Jónsson ábúandi á Geitareyjum.

Framanskriafaða lýsingu á eyjum þeim og hólum, er þjóðjörðinni Gvendareyjum í Skógarstrandarhrepp fylgir samþykkir hér með.

Hallbjarnareyri 29. maímán. 1885

Ásmundur Sveinsson



Landamerkjaskrá fyrir Yxney í Breyðafirði, með undirliggjandi eyjum hólum og skérjum.

1. Yxney: að framanverðu ^{Norðurhólmur} og Fliðruskér, mjóanesskér og skér þar út af, að utanverðu Tangahnúfur, Þröskuldasker, Gunnarssker, Bænhúshólmi, að austanverðu Þröskuldahólmi, Langhólmi, Grásteinshólmi, Hnúthólmi, Hnúthólmaflögur, Stangarskér, Álsskér. Undirliggjandi Norðureyjar, sem liggja næst Rifgirðingum:

1. Hrísey og Hríseyjarflögur.
2. Havarðshólmi,
3. Bygghólmi,
4. Kollhólmi
5. Dagmálahólmi og þar austur af liggjandi skér,
6. Galtarey,
7. Kynvængi og Kynvængjaflaga,
8. Bænhúsakurey,
9. Hnúthólmi,
10. Netlandshólmi,
11. Gimburey,
12. Gimbureyjaflaga. Fjarðareyjar, sem byggja næst Brokeyjar eyjum.
13. Stóra vaðalsey og Vaðalseyjarflögur,
14. Hnausar,
15. Berjakerfi,
16. Tangey og þar norður af liggjandi skér,
17. Austurey,
18. Kríuflaga og þar hjá liggjandi sker,
19. Brandshólmi og þar hjá liggjandi sker
20. Moldbakki
21. Grænaflaga,
22. Pernuklettur og þar kringum liggjandi skér,
23. Höfn og þar kringum liggjandi skér,
24. Hafnarflögur,
25. Böllhólmi,
26. Tjarnarhólmi,
27. Flókanautur,
28. Hrísey og þar hjá liggjandi Rauðaskér,
29. Akurey og þar kringjum liggjandi skér,
30. Einbúi,
31. Langhólmi,
32. Stefner,



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

33. Melskér,

34. Hundshaus og þar fram af liggjandi skér.

Yxney 10. Marz 1885

Jóhann Jónasson, eigandi Yxneyjar

Friðrik Jónsson, umráðamaður Rifgirðinga

Að þessi merki hafi verið síðan ég kom í Rifgirðinga vitnar

Hjalti Jónsson umráðamaður Rifgirðinga

Jón Bergsson umráðamaður Brokeyjar



Landamerki Rifgirðinga á Skógarströnd, eyjar og útsker
sem undirliggja sem hér verða greindar með nafni

Heima eyjan Rifgirðingar liggur innanvert við Breiðasund og á skipavík vestanvert við eyjuna svo kallaða liggja skér, sem alltaf fara í kaf, sunnanvert við eyjuna er hólmi sem Bratthólmi heitir, og norðanvert við eyjuna er hólmi, sem heitir Torfhólmi og þar inn af eyjunni Insthólmi, stóra og litla Lónflaga og 2 smá hólmar, sem kallaðir eru Hnausar og smá hólmi sem heitir Burgeis og Ívarsskér og Sirpa, og telst þetta allt heimaeyjan, því í flest þettað fjarar um fjöruna. Stjúpmóðurhólmi og Akurey og austnorður af henni liggja tvö skér, sem áður voru selalagnir við, og annað skér í þvernorður frá eygni, sem heitir Stangarskér, og fleiri skér eru útaf eygni, sem fjarar í. Við Írskuleið liggur hólmi sem heitir Bálkhólmi, og þar norður af Bálkhólmaflaga og Grímshnaus og þar fyrir innan í austnorður frá Írskuleið Mjóastraumshólmi, Stórhólmi, Akasthólmi, Rauðsskér, Æðarskér, Geldselaskér, Innri- og Ytri- Þræthólmi, Tvíhyrningur, og Lyngey, Insthólmi, Einghólmi, Kéllingarhólmi. Í útnorður frá heimaeyunni liggja Hageyjarflögur og þar innanvert við Hagey og Fleyisklettur, Skarfaklettur, svo kallaðir frammhólmar, Hellishólmi, Moshólmi og Flathólmi, Steinaklettur eru í miðri röstinni, Gautsey sunnanvert við röstina og grasflögur norður og suður af Gautsey, Norðureyjarflaga, Lumma Tregaflaga og Flathólmaflaga. Þar næst að innanverðu liggja Kjóeyjar, Norðurey, Norðastaeyjan við röstina innanvert, og sunnan til við eyjuna Lynghólmi og Suðurey og í þessar eyjar fjarar. Og innan til við Kjóeyjar er hólmi, sem heitir Máshólmi. Helghólmi sunnanvert við Hagey.

B. Smith Arnarbæli

Friðrik Jónsson ábúandi á Rifgirðingum

Valgerður Kristjánsdóttir, ábúandi á hálfum Rifgirðingum 21. júní 1885

Jón Bergsson ábúandi Brokeyjar.



Landamerkjaskrá fyrir Brokey

1. Brokey.
2. Kjöthólmi,
3. Norðurey og svokallað vogsskér vestur af henni,
4. Eskigrasey og 2 skér vestur af henni.
5. Dýli og 3 skér vestur af honum.
6. Gagney og Gagneyjarflögur,
7. Arnarey og 4 sker vestur af henni,
8. Norðurflaga og 1 skér norðaustur af henni,
9. Bjarghólmi og 4 skér austur af honum,
10. Sótaflaga og skér hjá henni,
11. Seigbeittaflaga og skér hjá henni,
12. Bagarhólmi og 1 skér austu af honum.
13. Rauðka og þar hjá liggjandi skér.
14. Snókhólmi og Snókhólmaflaga og þar kringum liggjandi skér.
15. Andey og Andeyjarflaga og þar kringum liggjandi skér.
16. Skjaldbreið og þar hjá liggjandi skér.
17. Söðull og þar hjá liggjandi skér.
18. Háey og þar hjá liggjandi 3 Haeyjarskér.
19. Melskér,
20. Meistari og þar hjá liggjandi skér,
21. Grænhólmi og Grænhólmaskér
22. Fletta.
23. Hlaupandiskér 3 og þar kringum liggjandi skér.
24. Sáta.
25. Höfn.
26. Suðurey og 1 skér suður af henni, flaga austur af henni og þar hjá liggjandi skér (Þríburar og fl.).
27. Stórhólmi og Stórhólmaflögur og þar hjá liggjandi skér og Hnaus suður af.
28. Steinsundsflaga.
29. Syndingarhólmi hinn minni.
30. Hrygghólmar tveir.
31. Tóuflaga og þar suður af skér (svo kölluð Hóleyjarskér).
32. Stóra-Hóley og þar suður af 5 skér.
33. Litla Hóley og þar hjá liggjandi 1 skér og Sandeyri (skér) vestur af.
34. tveir Kisthólmar og þar hjá liggjandi skér.
35. Látur og þar hjá Skútunaggar (skér).



36. Grensey og þar hjá liggjandi skér.

~~(37. Grensey og þar hjá liggjandi skér)~~

37. Garðsundshólmi.

38. Seljaland og þar vestur af 1 lítið skér og austur af því 1 skér (Hleynaskér).

39. Kálfhólmi.

Ath. gr.

Þess skal hér með getið að einungis þau skér hér að framan talin, sem frálaus eru um stórstraumsfjöru, þeim eyjum hólum og flögum, sem fyr eru nefnd og liggja næst löndum annara eyja, en vitanl. hvorri ey, hólma og flögu tileinkast það skér, sem áfast er um stórstraumsfjöru.

Brokey 6. Júní 1885.

Jón Bergsson (umráðamaður Brokeyjar)

Friðrik Jónsson ábúandi á Rifgirðingum.

Gísli Arnfinnsson (ábúandi Gjarðeyjar)

Ingveldur Bjarnardóttir ábúandi Narfeyri.

Ingibjörg Þorkelsdóttir (ábúandi Gjarðeyjar)

Valgerður Kristjánsdóttir ábúandi á hálfum Rifgirðingum.

Jóhann Jónasson búandi á Öxney

búandi Jóhann Guðmundsson, Ólafsey

búandi Sigurður Jónsson Geitarey



Undir Ólafsey liggja hólmar þessir og skér.

1. Steinshólmi,
2. Stangarhólmi.
3. Stöngin.
4. Langhólmi inn fremri
5. Langhólmi inn efri.
6. Lynghólmi.
7. Flaga út af Lynghólma.
8. Hestaskér.
9. Endaskér.
10. Landhöfðaskér.
11. Stóraskér.
12. Jökull.
13. Helgey in ytri.
14. Helgeyarflaga.
15. Helgey in innri.
- 16.-17. skér tvö norður af Helgey inni ytri.
18. Hrísey.
19. Boli, sker suður af Hrísey.
Ólafsey 2. Jan. 1885.
Jóhann Guðmundsson.

Þessu erum vér samþykkir.

Jón Berssson, fyrir Brokey

Jón Jónsson fyrir Gjarðey

Sigurður Jónsson fyrir Geitarey.



Landamerkjaskrá fyrir Gjarðey.

1. Ytri Gjarðey, suður af henni skérja fláki stór, og lítill hólmi sem Gjörð heitir; norðan til við eyjuna Krýjuflaga austur af henni 1 skér[.] Við austnorður enda eyjarinnar 2 skér.

2. Hrótey, suður af henni Hróteyjarflaga og 2 skér vestur af henni, austur af henni 2 hólmar sem heita Hnausar.

3. Stafey, sunnan til við hana liggja þessir smá hólmar:

1. Litla-Stafey,

2. Smiðjutangaflaga,

3. Túnflaga,

4. Stafeyjarhnaus, austur af henni 2 smáskér, sem aðeins koma upp um fjöru.

4. Innri-Gjarðey, austnorður af henni 1 skér Sauðaspillir þaðan í austur æðar skér.

5. Tveggja lambahólmi, útnorður af honum 2 skér (Rastarskér).

6. Sigríðarhólmi, austur af honum 2 skér (Þrætuskér).

7. Máshólmi, austur af honum stórt skér og þaðan í austur lítið skér, sem aðeins kemur upp um fjöru

8. Húsey, við vestur enda hennar 2 skér, en austur af henni er klettur (Húseyjarstöng) og þar hjá liggjandi Stangarskér.

9. Skeley, vestur af henni 2 smá flögur (Skeleyjarflögur), norður af henni 4 skér (Skeleyjarskér), þar norður af miðleiðarskér og 3 smá skér.

10. Snjáfoksey, útnorður af henni 2 skér.

11. Fletta

12. Þrír smá hólmar liggjandi hver hjá öðrum, heita Hryggir, sunnantil við þá Hryggjaflaga en norðan til skérið Auðunnarboði.

Þessi framankráðu landamerki samþykkjum vér hér undirskrifaðir.

Gísli Arnfinnsson (ábúandi í Gjarðeyar)

Ingibjörg Þorkelsdóttir (ábúandi Gjarðeyjar)

Þessu er ég samþykkur Jóhann Guðmundsson Ólafsey

Jón Bergsson ábúandi Brokeyjar

fyrir Valshamarseyjar J. Jónsson.



Landamerkjaskrá fyrir Valshamarseyjum.

1. Innstey og 3 skér til austurs, og vestur af eyjunni 1 skér og 2 flögur, sem heita Snókhólmi og Hnaus.
2. Miðey og Miðeyjarskér til suðurs, og tvær flögur til vesturs, sem heita Miðeyjarflögur
3. Ystey til vesturs af Miðey
4. Tjaldshólmi og Tjaldshólmaskér
5. Lýnghólmi og Lynghólmaflaga
6. Efri-Langhólmi
7. Fremmri-Langhólmi
8. Krýjuflaga
9. Háhólmi og Háhólmaskér.

Að Valshamarseyjum liggja þessi lönd, sunnan og vestan Valshamars, og Breiðabólstaðarland, að norðan liggur Gjarðey, að austan Hvammsfjörður.

Að landhelgi frá eyjum þessum, eður landamerki séu mitt á milli þeirra og hinna kringjum liggjandi jarða, það samþykkjum vér hér undirskrifaðir.

J. Jónsson fyrir Valshamarseyjar

Eiríkur Gíslason fyrir Breiðabólstað [og] Valshamar
Gísli Arnfinnsson fyrir Gjarðey.



Landamerkjaskrá í Helgafellssveit.
Landamerki Hrísa og Hrísakots í Helgafellssveit

1. Milli Hrísa og Svelgsár ræður frá sjó Svelgsá upp að Hrauni, síðan ræður Hraunið til fjalls
2. Milli Hrísa og Hrísakots ræður Þórsá upp að sýsluvegi, svo ræður gamalt garðlag upp í Hrísakotsbrunn og þaðan bein sjónhending í Sjónarhól á Hrísafelli.
3. Milli Hrísakots og Úlfarsfells^{lands} ræður frá sjó upp sjónhending með suðurbrún á svonefndu Sneiðingaholti á Úlfarsfellshlíð upp að vörðu, sem stendur á holtinu rétt fyrir ofan veginn, þaðan beina sjónhendingu í svarta klettagróf í fellinu, sem opin er frá vörðunni að sjá, þaðan úr fyrsta og hæzta tindinum á Úlfarsfelli og sjónhending í Tröllkonusteina, þaðan beina sjónhending í Dauðmannsfoss og ræður svo Úlfarsfellsá úr því. –

Landamerki þessi hafa undirskrifaðir ábúendur og umráðamenn hlutaðeigandi jarða samþykkt og undirskrifað.

Hrísum og Hísakoti 16. júlí 1884.

Jósef Jónsson (ábúandi á Hrísum)

P. Bergmann (ábúandi á Hrísakoti)

Ásmundur Sveinsson. sem umboðsmaður ofanefndra jarða og þeirra, er lönd eiga að. –
Rétt eftirrit vottar. Ásmundur Sveinsson.



Landamerkjaskrá
fyrir þjóðeigninna Svelgsá í Helgafellssveit.

1. Að innanverðu ræður Svelgsá upp að hraunsnefi og þaðan eptir miðju hrauni upp í fjallseggjar.

2. Að vestanverðu ræður Hauksá, milli fjalls og fjöru. En úr Haukadal og eptir því sem vötnum hallar fram með Drápuhlíðarfjalli, og fram eptir svokölluðum hálsnum, fram fyrir Svelgsárskúta.

3. Varpeyja á Álptafirði, svo kölluð Eiríksey, liggur undir jörðina Svelgsá 12. ágúst 1887.

Sigurður Guðmundsson (ábúandi)

Samþykkir framanrituðum landamerkjum.

Ólafur Jón Jónsson (ábúandi á Hrísum)

Magnús Benediktsson (ábúandi á Hólum)

Sem umboðsmaður framan nefndra jarða.

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs

Rétt eptirrit vottar Jón Jónsson umboðsmaður.



Landamerkjaskrá
fyrir umboðsjörðinni Hólum í Helgafellssveit

1. Að innanverðu ræður Hauksá landamerkjum milli fjalls og fjöru, frá Hauksá eins og brúnin ræður milli Hauksdals og Vatnsdals ofan á Kúlur, og yfir um Vatnsdalssundið í Steinboga á Skálafelli ^{eptir Skálafelli} ofan á innra Bekkshornið undir fellinu, og þaðan sem vötn ráða í Brettingsstaðalæk til sjávar.

2. Eyja skamt frá landi svo kölluð Hóley og skamt þaðan frá lítill hólmi fram undan Mjóatanga.

Hólum 12. ágúst 1887

Magnús Benediktsson

Vottur Gísli Sigurðarson á Saurum

Vottur Sigurður Guðmundsson Svelgsá

Vottur Jóhann Magnússon á Drápuhlíð

Guðmundur Sigurðsson í Efrihlíð.



Landamerkjaskrá
fyrir þjóðjörðina Saura í Helgafellssveit.

Merki milli Saura og Skógræktar ríkisins, sjá landamerkjaskjal og fasteignamálabók bls. 43-44

1. Brettingsstaðalækur skiptir landi milli Hóla og Saura frá sjó allt til upptaka sinna í flóa undir Skálafelli, frá upptökum lækarins [svo] er sjónhending í norðara horn á hamri þeim er liggur undir fellinu, þaðan í Steinboga, sem myndast í efri brún Skálafells.

2. Þvermerki milli Saura og Drápuhlíðar eru þessi; úr Steinboga niður í kletta sem innan til eru á Seljafelli, þaðan sjónhending yfir Einbúa og í vörðubrot á Bleiksholti, þaðan í Dysgarð sem er á ytri enda hóls þess er stendur við þann forna farveg Laxár innri sem Eyrbyggja nefnir, þaðan skiptir árfarvegurinn engjum Helgafells og Saura þar til hann kemur í Taglsýki þaðan ræður Sýkið merkjum þar til vinkil krókur kemur á það norður af Fagurhól úr króknum í vörðubrot sem er á Fitjaholti, þaðan í Miðvogalæk er gengur í Vígrafjörð.

Saurum 8. Júní 1885.

Gísli Sigurðarson

Magnús Benediktsson á Hólum,
Jóhann Magnússon Drápuhlíð,
Guðmundur Sigurðsson í Efrihlíð

Gleymt varp skér fylgir Saurum, sem nú eru í 6 æðikollur
Gísli Sigurðarson ábúandi á Saurum.



Landamerki

1. Helgafells að Undirtúnslandi meðtöldu eru: að ofan og utanverðu ræður Rauðsteinalækur beint ofan yfir Kiðuása innarlega í Miklaholt, þaðan sjónhending í innri Vatnsásenda, þaðan sjónhending í Lækjarbotn, síðan ræður Flæðilækur inn að sjó. Sameignarlandi Helgafells og Undirtúns fylgja Örfussey, Undirtúnsflögur Grísanesstöng, Hrafshólmi og Lynghólmi, síðan ræður állinn í Saurarvog (Vígrafirði) út á móts við Rauðsteinalæk. Helgafelli fylgir Helgafellsengi eða Skjaldarland; Undirtúni fylgir lítill engjablettur á Helgafellsengjum við Saurasýki.

2. Landamerki Dældarkots eru : úr eystri enda stóra hólman í Nesvog (Mjóafirði) í Helguskarð, þaðan sjónhending í Grástein, frá Grásteini sjónhending í Þverukeldu, er liggur ofan í Flæðilæk alla leið út í lækjarbotn; frá því er lækjarfarvegurinn þrýtur, og keldan þar fyrir utan greinist sundur, ræður sjónhending út í Miðstapa, þaðan haldast merkin í sömu stefnu þangað til þau skéra beina línu úr Treyjuásenda inni í Kolaborg; af hákolaborg í eystri kelduna, sem liggur ofan í Nesvogsbötn. - síðan ræður állinn í Nesvog allt inn að Vogshólma, sem áður er nefndur stóri hólmi, auk hans fylgir Dældarkoti Örlögsey, sem liggur inn af Grísanesi.

3. Þingvallaland byrjar að vestan hjá landamerkjum Dældarkots, og ræður að norðan állinn í Nesvog framfyrir svonefnda Þröskulda með hólma þeim, sem þar er, að austan ræður sjórinn en Flæðilækur að Þverukeldu að sunnan. Þingvöllum fylgja þessir hólmar: Húshólmi, Bauluhólmi, Hesthöfði, Byrgisklettur, Eyjargafli, Klofningar, Stafneshólmi og Haugsnesflögur.

4. Hofstaðaland: að austanverðu inn að Vatnsás og með Dældarkotslandi, frá ytri keldu í Nesvogsbötni, sjónhending í Kolaborg hæðsta í Prestsfall við Arnarstaðaveg, þá í Skörðuhóla, þaðan í miðjan Hellisás, þaðan í miðjan Arnaráshaus, þaðan í Tvívörður á Skálholti, þaðan sjónhending í sjó – að utanverðu ræður: Hofstöðum fylgir lítill partur á Helgafellsengi.

5. Jónsneslandsmerkin frá Hofstaðalandamerkjum og svo allt í kringum land þeirrar jarðar allt inn að steini (Grásteini) utan til í Vaðstakksnesi, sem skiptir milli Ögurs og Jónsness, ræður sjór. Jónsnesi fylgir: Háey, Hrísey, Snorraólmi, Ólafsey, Flögur, Hnífsey, Tveggjalambahólmi, Tindskér, Blikaskér.

6. Arnarstaðir - efri og neðri: að austanverðu Rauðsteinalækur, varða á Kiðuás ofan í Miklaholtshaus þaðan í Vatnsásenda; að sunnanverðu: úr Jóhönnukofarúst (á Helgafellsengi) í stein innan til á Engjaskógi og sjónhending út að Bakkaá, þá ræður áin ofan í Hofstaðavog, þar til að Hofstaðaland tekur við frá Skipeyri sjónhending í Vatnsás. Arnarstaðir eiga lítinn part á Helgafellsengi – ennfremur Arnastaðflögur fyrir Helgafellslandi.

7. Landamerki milli Helgafells og Drápuhlíðar eru þannig: Í Skálafelli utan til liggur steinbogi er löndum skiptir, úr honum sjónhending niður í kletta þá, sem innan til eru á Selfelli, þaðan sjónhending yfir Einbúa í vörðubrot á efsta Bleiksholti þaðan í stóra-Bleiksholtstagl og niður í Dysgarð, sem er á ytri enda hólms þess, er liggur við hinn forna farveg Laxár innri, er Eyrbyggja nefnir; þá sjónhending í Taglenda og þá í þrjá steina, er standa norðanvert við veginn á Vogaskeiði (Fitjaholti) þá sjónhending í Vigrafjörð.



8. Milli Drápuhlíðar og Valabjargar ræður Ófærugil merkjum frá upptökum þess, þar til það rennur í Gríshólsá, en þá skilur áin lönd úr því ofan að þvermerkjum þeim er skipta löndum Valabjarga að ofan og Gríshóls að neðan, en þau munu þessi: Úr vörðu er stendur á holti út við Bakkaá lítið neðar en Grímsá fellur í hana að utan, þaðan í stóran stein niður undan Valabjargabænum, og úr honum beina leið í Gríshólsá, þar sem gil fellur í hana austan úr Pekanusdal. Milli Valabjarga og Staðarbakka eru þetta merki: Úr Grímsskarði og svo sem Grímsá ræður, þangað til hún fellur í Bakkaá, þá skiptir hún löndum ofan að áður nefndri vörðu, frá hverri þvermerkin byrja milli Gríshóls og Valabjarga Að sunnanverðu ráða fjallseggjar, eða vatna halli, svo sem vernja er til.

9. Helgafelli tilheyra ennfremur eyjarnar: Fagurey, Seley, Írland með flögu[,] Hundshausar tveir og Lundaklettur, Skákarey með Kirkjupáli og flögu, Tjarnarhólmi með flögu, Grænhólmi með flögu, Syðri-Langhólmi með flögu, Norðari-Langhólmi með flögu, Æðarskér, Merarflaga, Mannabanaskér, Akurey með Sveinshólma, Stórahólma, Svartbahólma og Yztahólma, Melsker 2, Lón, Fimmálnaflaga, Stapar 3, Söðlar 3, Svartbakaskér 2. Milli eyjanna og annara eyja í kring ræður dýpið í kring og eins skérja sem flæðir yfir.

Ennfremut heyrir Helgafelli til: Vaðstakksey, Steinólfsskér, Antælissskér, Bulluskér og Hempusker o.fl. skér þar í kring – dýpið ræður einnig hér Fáskrúð og Veiðileysa þar lengra út í frá.

Stykkishólmi 22. maí 1891

E. Kúld.

ÞA Bergmann,
Jónas Sigurðsson,
Salómon Sigurðsson,
Hjörtur Jónsson,
Guðmundur Magnússon,
Guðmundur Bjarnason,
Stefán Jóhannesson,
Jóhann Magnússon (Handsalað)

Í sambandi við kaupsamning milli okkar Þorgeirs Jónassonar og Þorsteins Jónassonar bænda á Helgafelli sem seljenda og Páls V. Bjarnasonar sýslumanns í Stykkishólmi sem kaupanda, gjörðan í dag um grasbýlið Skjöld með því er býlinu fylgir, fyrir 400 krónur, höfum við undirritaðir samningsaðilar komið okkur saman um að landamerkin fyrir hinu selda Skjaldarlandi skuli gagnvart Helgafelli vera þessi:

Að vestan ræður Bakkaá eða Gríshólsá, að sunnan og austan hinn forni farvegur Gríshólsár, og að norðanverðu sjónhending úr Dysgarði eða Engjastekk svo nefndum á eystri bakka hins forna Gríshólsárfarvegs beina línu vestur í Jóhönnukofarúst, þaðan í stein vestan til á Engjaskógi og þaðan stefnu vestur í Bakkaá. – Að sjálfsgöðu taka seljendur enga ábyrgð á



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ítökum þeim sem Arnarstaðir og Hofstaðir eiga samkvæmt landamerkjaskrá í Skjaldarlandi, enda yfirlýsing þessi eingöngu gjörð til að slá föstum landamerkjum Skjaldarlands gagnvart Helgafellslandi. –

Til staðfestu eru undirrituð nöfn okkar. –

Gjört í Stykkishólmi 11. oktbr. 1913.

Vottar Guðm. Guðmundsson lækni

Jón Runólfsson

Þorgeir Jónasson.

Þorsteinn Jónasson.

Páll V. Bjarnason.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti að Skildi þ. 26. maí 1914 og innfært í afsals- og veðmálabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu XI Nr. 151 á bls. 128-129, og innfært í landamerkjabók sömu sýslu á bl. 30. –

PVBjarnason

Þingfestugjald kr. 2.00 – tvær krónur – .

PVB.



Þessi eru landamerki milli þjóðeignarinnar Ögurs í Helgafellssveit og Grunnasundsness:

að hagagarður ræður landamerkjum, sem er kippkorn fyrir utan stóra Hamarinn og upp að Nesvog í lág, sem er norðanverðu við svonefnda Vogsbotsnsholt (í Landamerkjalág).

Milli Ögurs og Dældarkots ræður austari Vogsbotskeldan, sjónhending í vörðubrot á Kolaborg.

Milli Ögurs og Hofstaða ræður sjónhending frá vörðunni á Kolaborg í Arnarás og þaðan í rúst sunnan til á Skálholti.

Milli Ögurs og Jónsness frá rúst á Skálholti, sjónhending í vörðubrot vestan til á sama holti og þaðan ofan flóann eptir tveimur litlum hólum í Grástein og beint niður að sjó. –

Undir Ögur liggur Leiðólfsey og Þormóðseyjarklettur.

Ögri 9. aprílm 1889

Kristjana Jónsdóttir ábúandi á Ögri

AO Thorlacius

E. Kúld

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs.



Landamerki fyrir þjóðeignina og kristfjárförðina Drápuhlíð í Helgafellssveit.

1. Á milli Helgafells, Saura og Drápuhlíðar ræður Dysjagarður, úr Dysjagarði bein lína út í hinn forna farveg Gríshólsár, er til forna nefndist Laxá innri, eptir þeim farvegi þangað til hann kemur í Gríshólsá þá ræður hún merkjum þaðan milli Gríshóls, Valabjarga og Drápuhlíðar upp í Hraundal, þaðan ræður á sú er fellur fyrir austan hraun allt til eystra hrauns.

2. Úr Dysjagarði beina línu í Stóra-Bleiksholtstagl, þaðan í vörðubrot á efsta Bleikholti; þaðan sjónhending í Einbúa, sem er einstakt - holt með klett á út af Skjaldavatni; þaðan eptir sömu línu í kletta innan til á Seljafelli og svo í steinboga á Hálsbrún

3. Milli Hóla, Svelgsár og Drápuhlíðar, úr Steinboga yfir austanverðar borgir (nú nefndar Kúlur) á Hálsbrún eystri í vörðu, er stendur á löngum ás við norðanverðan Hauksdal; sést þá Jötunsfell austur undan Drápuhlíðarfjalli. Frá þeirri vörðu yfir Haukadal þveran sjónhendig í Jötunsfell, þaðan sjónhending fyrir sunnan Borgir til Hvannárbotna, þaðan ræður Hvanná þangað til hún kemur í á þá er norður af fjalli fellur, (sem líklega er hið sama sem Ófæragil) en sú á gætir til sinnar uppsprettu. Þá sjónhending í fjallatinda (Fugltinda).

Með Sauralandi er mánaðarheit úr Drápuhlíðarlandi fyrir 8 kír á Krossengi og 80 ásauðar, og skal sitja að um Seljabrún og Vatnsdal til götu þeirrar er upp liggur á háls.

Þessi eru ummerki um Krossengi í Drápuhlíðarlandi: Neðan frá Reiðgötum í millum Þröngvalækjar og Bligsholts (Bleiksholts) og upp í Þverlæk og þaðan í vörðu þá er stendur á holti.

Engi á staðurinn á Helgafelli í Drápuhlíðarlandi, með þessum ummerkjum: Holtsendi ræður að utan, þaðan sjónhending í Dý hið mikla, nú kallað Sóleyjardý.

NB.

Landamerkjaskrá þessi er byggð á máldaga frá 1250, sem prentaður er í Íslenzku fornbréfasafni I. bindi bls. 576-577, að svo miklu leiti sem auðið var að finna hin fornu kennimerki, hverra nöfn nú eru allmörg gleymd og glötuð.

Ritað þann 7. júní 1890

Fyrir hönd prófasts E. Kúld. Pétur Narfason.

Fyrir hönd umboðsmanns Jóns Jónssonar, Lárus Bjarnason.

Gísli Sigurðsson bóndi á Saurum.

Salómon Sigurðsson bóndi á Drápuhlíð.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Gríshól í Helgafellssveit.

1. Milli Drápuhlíðar og Gríshóls ræður Gríshólsá landamerkjum upp að Írárfossi, þaðan bein sjónhending í Merkjahvamm og þaðan í Grástein.

2. Milli Valabjarga og Gríshóls, er sjónhending úr Grásteini í vörðubrot, sem stendur út við Bakkaá.

3. Milli Staðarbakka og Gríshóls ræður Bakkaá þar til árnar koma saman fyrir neðan Markholt.

Gríshóli 16. marz 1889

Gísli Sigurðsson (ábúandi á Saurum)

Halldór Loftsson (ábúandi á Gríshóli).

Guðmundur Sigurðsson (ábúandi í Drápuhlíð)



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeigninni Staðarbakka í Helgafellssveit.

1. Að utanverðu milli Staðarbakka og Kljár eru þessi merki: Sjónhending frá gamalli grjótvörðu, sem stendur á einstöku grasbarði á Skeiðunum, milli Kljár og Staðarbakka, rétt við ofanverðan alfaravegin, yfir miðjuna á stóru dýi, sem nefnt er Drottningardý, og svo sömu línu til sjóar. Þegar horft er til sjóar stefnir lína þessi á bæinn í Jónsnesi, en til fjalls í eystri jaðar Hreggnasa, sem er hár fjallshnúkur, er sést utanvert við Drápuhlíðarfjall.

2. Frá fyrrnefndri vörðu á Skeiðunum, sjónhending í Hrafnagilsskúta, nær miðju Kerlingarfjalli, þaðan upp í hæðstu eggjar fjallsinns, þá eptir þeim austur í Grímsskarð, úr því ræður

3. Grímsá merkjum milli Staðarbakka og Valabjarga, þar til hún fellur í Bakkaá, sem úr því ræður merkjum til sjóar að innanverðu.

Landamerkin milli Kljár og Staðarbakka eru byggð á áreiðar- og landamerkjagjörð, sem dagsett er 22. september 1823.

Kóngsbakka 8. nóvember 1889.

Eftir skriflegri fullmakt frá herra umboðsmanni Jóni Jónssyni á Brimilsvöllum

Lárus Bjarnason

Eftir skriflegri fullmakt frá herra prófasti E. Kúld í Stykkishólmi

Pétur Narfason.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeigninni Kljá í Helgafellssveit.

1. Að utanverðu milli Kljá og Kongsbakka ræður á sú, sem heitir Kljáá frá fjalli til fjöru.
2. Að innanverðu milli Kljá og Staðarbakka ræður svokallaður Merkjalækur, frá sjó upp í svokallað Drottningardý; þaðan upp í 2 vörður á Skeiðunum; þaðan í læk, sem myndast í krók vestra; þaðan upp ræður lækurinn þar til hann endar þá sjónhending í svokallað Hrafnagil, í fjall upp. –

Þannig samþykkt af öllum hlutaðeigendum, þann 1. Júlí 1889.

Hafliði Jónsson (ábúandi Kljár)

Illugi Daðason (ábúandi Staðarbakka)

Lárus Bjarnason (ábúandi á Kongsbakka)

Viðstaddur fyrir hönd umboðsmanns St. Daníelsson.



Landamerki jarðarinnar Kongsbakka í Helgafellssveit, eru þessi

Að innanverðu milli Kongsbakka og Kljár ræður Kljáá merkjum frá sjó og svo lengi sem til hennar sést upp í Hæðir, þaðan beina sjónhending í gil í utanverðu Kerlingarfjalli; svo beina línu úr há-Kerlingarfjalli út í Grjóthól við utanverð þrengslin. En milli Berserkjahrauns og Hraunháls að utan og Kongsbakka að innan eru þessi merki: Gamall farvegur, sem liggur ofan úr þrengslum í Kerlingarskarði og kallaður er Fura, þangað til hann kemur í Stafá, en úr því ræður hún til sjóar.

Undir jörðinni liggja þessar eyjar:

1. Purkey, framundan utanverðri Kljáá og fjarar fram í hana um flestar fjörur.
2. Hinar svokölluðu nefndu Kongsbakkaeyjar er liggja næstum í norður frá bænum, eru þær nefndar grynriey og dýpriey eptir legu þeirra. Einnig fylgja jörðinni öll þau skér er liggja í kringum eyjar þessar og fjarar út í flest þeirra um stórstrauma- nema Selskér, er liggur milli grynri og dýprieyjar. –

Kongsbakka 1. september 1884.

Lárus Bjarnason

Framanskriðu landamerki samþykkjum við undirritaðir sem alveg rétt.

Þorleifur (fyrir hönd eiganda að Berserkjahrauni.)

Vigfús Jónsson ábúandi á Hraunhálsi.

ábúandi Kljá Hafliði Jónsson.



Landamerkjaskrá milli bændaeyganna Kljá og Staðarbakka í Helgafellssveit.

Stimpilgjald kr. 1.00

Apríl 2.

Milli Kljá og Staðarbakka ræður svo kallaður Merkjalækur frá sjó upp í svo kallað Drottningardý, þaðan upp í tvær vörður á Skeiðum, þaðan í læk, sem myndast í krók vestra; þaðan upp ræður lækurinn þar til Græniblettur byrjar; þaðan úr grjótvörðu sjónhending í svo nefnt Hrafnagil í Kerlingarfjalli.

Þannig samþykkt af báðum hlutaðeigendum þann 8. ágúst 1921.

Guðmundur Einarsson. (Eigandi og ábúandi á Staðarbakka)

Guðmundur Halldórsson (Eigandi og ábúandi á Kljá)

Þinglestursgjald kr. 3.00 – þrjár krónur –

Þinglesið á manntalsþingi á Skildi 26. júní 1922.

PV.Bjarnason.



Landamerki að Bjarnarhöfn eru sem hér segir:

Yfir Fagradal í Bjarnarhafnarlandi er há fjallsbrún að sunnanverður og um miðjan dalinn stendur á brúninni hár klettur, sem er kallaður Kothraunskista, þaðan liggur fjallabrún í útnorður og svo í vestur út á svokallaðan Syðra-Háfshaus, þá tekur við Hvanngil er liggur niður klettana, Lambaklett og Fuglsberg og svo beint niður með skriðunni og niður læk er rennur að sunnan verður við Hrygginn til sjávar. Þetta eru landamerkin milli Selja og Bjarnarhafnar og Ámýra, sem liggur undir Bjarnarhöfn. Eiga Seljar land að sunnan verðu en Bjarnarhöfn og Ámýrar að norðanverður. Svo úr áður nefndri Kothraunskistu niður í foss, sem er í áður nefnds dals mynni, beina sjónhending í grjótgarð, sem er að sunnan verður við réttina í Lambhaganum. Þetta verður rétt nálægt ánni, en bæði breytir hún sér til norðurs og suðurs svo ekki er glögg að fara eptir rás hennar. Úr garðinum liggur land austur í 2 stóra kletta að vestan verðu við Skollagötugren, úr klettum þeim aptur beint í norður í merkjagarð á milli Berserkjakrauns og Bjarnarhafnar og þaðan beint í austnorður til sjávar. Hér á Kothraun land að sunnan verðu móts við Bjarnarhöfn, og Berserkjakraun að austan verðu. Undir jörðina liggja Ámýrar, eyjarnar Hafnareyjar, Guðnýjarstaðahólmar, Danskur og Stangaskér 5 að tölu. Ítak á jörðin, búðarstæði og báts uppsátur í Höskuldsey

Bjarnarhöfn 7. Júní 1884.

Þorleifsson (eigandi að Bjarnarhöfn)

KKonráðsson (ábúandi á Seljum)

Jón Jónsson ábúandi á Kothrauni.

Guðfinna Þorgeirsdóttir eigandi að Berserkjakrauni.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeigninni Seljum í Helgafellssveit.

Á milli Selja og Bjarnarhafnar: eptir opnu Hvanggili að sjó niður að ofan verðu eptir hæðstu brúnum og það austur að Kotshraunskistu. Milli Kothrauns og Selja, frá Kothraunskistu sjónhending í austari jaðar á Seljafelli; frá Seljafelli sjónhending í hraunvíkina, þar sem lengst fellur sjór upp.

Seljum 3. Maí 1889.

Kothrauni Jón Jónsson ábúandi.

Kári Konráðsson (ábúandi á Seljum)

Bjarnarhöfn Amalia Þorleifsson

Samþykktur þessum landamerkjum.

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Kothraun í Helgafellssveit

1. Á milli Bjarnarhafnar og Kothrauns, er sjónhending úr Kothraunskistu í foss í Fagradalsá, og svo ræður áin ofan að hraunjaðri norðan Kothraunsrétt, og þaðan í stóra vörðu á hrauninu.

2. Á milli Selja og Kothrauns, úr Kothraunskistu sjónhending í austari jaðar á Seljafelli, og þaðan sjónhending í Hraunvík, þar sem sjór fellur lengst upp; þaðan sjónhending efir því; sem háahraun ræður, og svo úr háahraunsenda í merkjagarð, milli Hrauns og Bjarnarhafnar.

Kothrauni 27. maí 1889.

Kári Konráðsson (ábúandi á Seljum)

Jón Jónsson (ábúandi á Kothrauni)

Amalía Þorleifsson (ábúandi á Bjarnarhöfn)

Samþykktur.

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Horn og Selvelli í Helgafellssveit.

1. Milli Hraunsfjarðar og Horns ræður Hraunsfjarðará frá sjó og upp að Giltugili; þaðan sjónhending í Hraunsfjarðarvatn svo ræður Vatnaá til Baularvallavatns. Þaðað aptur í Rauðsteinalæk, og ræður sá lækur í fjall upp; þaðan aptur sjónhending í svo kallaða Sátu.

2. Milli Berserkjahrauns og Selvalla ræður Fossá frá Sátu ofan í Selvallavatn; þaðan sjónhending þvert yfir vatnið í rauðan hól út í Hrauninu, og þaðan aptur sjónhending í upptök á Hraunlæk, og svo ræður hann í sjó fram.

Selvöllum 30. apríl 1889

Jón Jóhannesson ábúandi á Horni, handsalað

Guðmundur Jónsson ábúandi á Selvöllum (handsalað)

Verti

Jóhann Þorsteinsson ábúandi á Hraunfirði (handsalað)

Sóknarnefndin í Stykkishólmi 27. maí 1889.

E. Kúld.

Sæm. Halldórsson,

S.Richter



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Hraunsfjörð í Helgafellssveit.

1. Landamerki milli Horns og Hraunsfjarðar eru þannig, eptir því sem Hraunsfjarðará ræður upp að Giltugili og beina sjónhending úr gílinu upp í Hraunsfjarðarvatn.

Jóhann Þorsteinsson í Hraunfirði

Jón Jóhannesson á Horni

2. Á milli Hraunsfjarðar og Fjarðarhorns ræður svokallaður Simbalækur úr hyrnukolli niður til sjóar.

Hraunfirði 15. október 1888.

Jóhann Þorsteinsson (ábúandi)

Ólafur Össurarson á Fjarðarhorni.

Sem umboðsmaður framan nefndar jarða.

Jón Jónsson umboðsmaður í Arnarstapa og Skógarstrandarumboði



Landamerkjaskrá fyrir Þjóðeignina Fjarðarhorn í Helgafellssveit

1. Að innanverðu ræður svo kallaður Simbalækur úr hyrnukolli niður til sjóar
2. Að sunnanverðu ræður svo nefndur merkjalækur, sem rennu úr miðri hyrnu og ofan í Fjarðarhornsá, og svo að vestanverðu árinna, ræður lækur, sem rennur sunnan til á svokallaðri Þórðareyri, og þaðan sjónhending upp í stóran stein sem stendur fyrir ofan Þjóðveginn á Tröllahálsi.
3. Þaðan ráða fjallseggjar eptir Gjafa og austurmúla allt ofan að seltóptum norðanvert við Mjósund.

Fjarðarhorni 15. Október 1888

Ólafur Össursson

Jóhann Þorsteinsson (á Hraunfirði)

Oddur Jónsson (á Árnabotni)

Sem umboðsmaður ofannefndra jarða og ½ Berserkseyrar

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Árnaborn í Helgafellssveit.

1. Að norðanverðu ræður svokallaður merkjalækur, sem rennur úr miðri hyrnu og ofan í Fjarðarhornsá, og að vestanverðu árinna ræður lækur, sem rennur sunnan til á svokallaðri Þórðareyri og þaðan sjónhending upp í stóran stein, sem stendur ofan [svo] þjóðveginn á Tröllahálsi, og svo þaðan sjónhending upp á Gjafakoll.

2. Að vestanverðu ræður há-Tröllaháls og suður hjá Örn og Axarhamri, suður á fjallgarðseggjar, og þaðan austu eptir fjallgarðinum.

3. Að austanverðu ræður hyrnubrún og suður í svo kallaðan Hest og Botnshrygg, og þaðan suður á fjallatinda.

Árnabotni 2. desember 1888

Ólafur Össursson (á Fjarðarhorni)

Oddur Jónsson (ábúandi)

Jón Jónsson umboðsmaður í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði.

Rétt eptirrit vottar Jón Jónsson umboðsmaður.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Akureyar í Helgafellssveit

1. Heima-eyjan, með sínum ummerkjum.
 2. Lítil eyja, kölluð „Skeley“, sem fjarar út í um stór fjörur.
 3. Lítil grashólmi, kallaður „Stóri-hólmi“
 4. Lítil grashólmi, kallaður Litli-hólmi.
- Fleiri eyjar eða ítök fylgja ekki Akureyjum, sem mér er kunnugt Akureyjum 18. maí 1889.
- Sigmundur Guðbrandsson (handsalað)

Jón Jónsson umboðsmaður.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeigninna Höskuldsey í Helgafellssveit.

1. Heimaeyjan með sínum ummerkjum.
2. Hin svokölluðu Höskuldseyjarskér, nálægt eyjunni
3. Ítök sem fylgja eiga Höskuldsey:
 - a. Veitupartur í Bjarnarhafnarlandi.
 - b. Tólf kinda sumarreit í Landey í Grunnasundsneslandi.
 - c. Mótak í Ögurslandi.
 - d. Skógartak á Dröngum á Skógarströnd.

Um fleiri ítök, sem jörð þessari kynni að fylgja, er mér ókunnugt.

Höskuldsey 11. Júní 1889.

Guðrún Jónsdóttir (ábúandi á Höskuldsey)

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

Rétt eptirrit staðfestir Jón Jónsson umboðsmaður.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Þormóðsey í Helgafellssveit.

1. Heimaeyjan, með sínum ummerkjum.
 2. Lítið skér nálægt heimaeyjunni, með lítilfjörlegu æðavarp í
 3. Svo kallað Svartaskér, fyrir framan heimaeyjuna, graslaust.
- Fleiri eyjar eða skér liggja ekki undir Þormóðsey, mér vitanlega.
Þormóðsey 21. marz 1889.
Jón Jónsson (ábúandi)

Sem umboðsmaður ofanefndrar þjóðeignar.
Jón Jónsson umboðsmaður í Arnarstapa og Skógarstrandarumboði.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Saurlátur í Helgafellssveit.

1. Heima-eyjan, með sínum ummerkjum.
2. Gimburey
3. Rótarskér
4. Selskér (graslaust)
5. Sultarskér (graslaust)

Fleiri eyjar eða skér liggja ekki undir þjóðeignina Saurlátur, mér vitanlega.

Saurláttri 20. marzmán. 1889.

Jón Jónsson (ábúandi)

Sem umboðsmaður ofan nefndrar þjóðeignar, Jón Jónsson umboðsmaður.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Sellón í Helgafellssveit.

1. Heimaeyjan.
2. Lyngey, sem liggur nærri heimaeyjunni.
3. Lyngeyjarkálfur
4. Loðinshólmi
5. Loðinshólmaflaga
6. Siglугrímshólmi
7. Freðinskeggi

Fleiri hólmar eða skér liggja ekki undir Sellón.

Sellóni 23. Janúar 1890

Kristín Guðmundsdóttir

Samykkur. Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Hólmar og skér, sem liggja undir ábúðarjörð mína Fagurey:

1. Torfhólmi næst eyjunni
2. Einghólmi,
3. Þjattland.
4. Hrói með skérjum sem liggja að Skjaldarey, merki í mitt sund,
5. Freðinskeggi næstur Bíldsey að framan verðu, merki í mitt sund,
6. Feldarhólmi með 2 skérjum næstur Bíldsey að sunnanverðu merki í mitt sund,
7. Vestari- og Austari- Steinaklettur og eitt skér á milli þeirra graslaust. Steinaklettaflaga vestara og austara. Bæjarskér, Krummaflaga næst Elliðaey að sunnanverðu, merki í mitt sund Langaskér næst Vaðstakkseyjarskérjum, merki um hnöttótt skér, sem heitir Mörhaus, 3 Gassakér, sem liggja hér um bil viku frá landi alstaðar.

Nálægt Hrappsey liggja 3 hólmar og 2 skér sem Fagurey á, sem heita Hnúthólmi, Háhólmi, Hviltarhólmi og skérin, Kolagröf og Hnúthólmaskér, merki í mitt sund. Hólmi sem heitir Skarði og sem líka fylgir Fagurey, liggur næst Hádegisskéri í Arneyjarlandareign að sunnanverðu, merki í mitt sund Klakkeyjar að austanverðu, merki í mitt sund

Þetta bið ég þénustusamlega þá, sem lönd eiga að Fagureyjarlöndum að skrifa undir eða skrifa athugasemd sína við.

Fagurey 12. júní 1889.

Skúli Skúlason, leiguliði

Hvað Hrappsey viðvíkur, þá er undirskrifaður þessu samþykku, að undanskildu skérinu Kolagröf er ég álít að undir Hrappsey liggja.

Staddur í Stykkish. 12. júní 1889

Sk. Th. Sívertsen

Hvað viðvíkur þessum landamerkjum hef ég ekkert við þau að athuga.

Stödd í Stykkishólmi 12. júní 1889.

Katrín Þorvaldsdóttir eigandi Klakkseyja.

Þessum landamerkjum erum við samdóma hvað Grunnasundsnes áhrærir.

Stykkishólmi 12/6 1889.

Ólafur Thorlacius.

S. Richter

Sömuleiðis samþykku, sem p.t. prestur til Helgafells, undirskrifar.

Sthólmi ut supra. E. Kúld.



Einar Jónsson á Bíldsey

43

[Elliðaey]

Elliðaey fylgja 2 hólmar áfastir um fjöru, Breiðhólmi og Dyrhólmi, að austanverðu merki í mitt sund milli Fagureyjar og Elliðaeyjar og jafnlangt að framanverðu, að vestanverðu á Elliðaey Kópaflögur, skér.

Magnús Einarsson



Landamerki

milli Bíldseyjar og eyja sem næstar eru Feldarhólmi að sunnanverðu í Fagureyjarlöndum merki í mitt sund, Freðinskeggi, að þver-norðan verðu Fagureyjarland, merki mitt sund, Skjaldarey liggur hálf undir Bíldsey og hálf undir Arney í Dalasýslu, skipti eptir samningum ábúanda.

Þetta bið ég þénustusamlega þá sem lönd eiga næst Bíldsey að skrifa nöfn sín undir eða athugasemd.

Skúli Skúlason á Fagurey

Sk. Th. Sívertsen á Hrappsey

Bíldsey 4. Júní 1890

Einar Jónsson.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeigninni Kiðey í Helgafellssveit.

Heimaeyjan með sínum ummerkjum eins og djúp ræður milli kringum liggjandi eyja og lands

Hólmar eða ítök liggja eigi undir Kiðey

Stykkishólmi 7. Maí 1890.

Holger Clausen ábúandi á Kiðey.



[Melrakkaeyjar]

Melrakkaeyjar í Helgafellssveit innan Snæfellsness-sýslu 34.5 hundruð að dýrleika eru eingnar jörð undirskrifaðs A.Ó. Thorlacius; eyjar þessar eru sem hér skulu taldar:

Melrakkaey

Melrakkaeyjarhólmi

Andey

Vatney

Vatneyjarkálfur

Þorvaldsey

Lón og 3 svo nefnd Lónskér

Lónklettur

ásamt öllum kringum nefndar eyjar og hólma liggjandi skér. Þess skal getið að í norðaustur frá Andey er hólmi nefndur Ljótólfshólmi, er liggur undir Grunnasundsnes í Helgafellssveit; annar hólmi kallaður Freðinskeggi í suðvestur frá Andey liggur undir Sellón í sömu sveit.

Stykkishólmi í maí 1890

A.O. Torlacíus

Jón Bjarnason

Jón Jónsson umboðsmaður



Landamerki milli Skoreyja og kring liggjandi eyja

Undir Skoreyjar liggja skér þessi: Eyjarendaskér, Tóttarbrunnsskér, Hafnarstöng kölluð fremri og innri, Flaga, Kríutangaskér, Boðar kallaðir og Kotrur tvær.

Landamerki eru þessi:

a. Frá Skoreyjum á miðja vík milli Seleyjar, Fagureyjar, Klofninga og Eyjargafls að sunnanverðu.

b. Að vestanverðu, á miðja vík, milli Húshólma og Baulhólma.

c. Að norðanverðu, á miðja vík milli Hildarboða, Hesthöfða, Imbruflögu, Hvítabjarnareyjar og Byrgiskletts.

d. Síðan beina leið til austurs inn sund, eins og lög og fiskhelgi frekast leyfir, frá norður og austur enda eyjanna og Kotrum, þar til lína sú breytist á suðrið, þar sem hin fyr um getna vík milli Skoreyja og Seleyjar tekur við.

Stykkishólmi 11. Júní 1889.

P.Richter

E Kúld (prestur til Helgafells)

Ólafur Thorlacíus

Þinglestur - 75 aur

bókun - 25 -

1 - einkróna

Samstundisborguð

12/6 1889

Sigurður Jónsson



Landamerkjaskrár í Eyrarsveit.

Landamerkjaskrá fyrir umboðsjörðinni Búlandshöfða í Eyrarsveit.

1. Að innanverðu ræður lækjarfarvegur úr innri Drangsbrún til sjóar og úr Drangsbrún sunnar verðu í Hádegishnúk.

2. Að utanverðu ræður Búlandsgil suður á milli Höfðakúla.

Höfða 11. Júní 1887.

Jóhannes Sigurðsson (ábúandi)

Hallgrímur Jónsson (ábúandi í Vík)

Grímólfur Ólafsson (ábúandi á Máfahlíð)

Rétt eptirrit vottar Jón Jónsson umboðsmaður.



Landamerkjabréf fyrir Látravík í Eyrarsveit.

Milli Höfða og Látravíkur, eru merki í læk sem rennur úr fjalli til fjöru ofan með svo nefndum Bala, eru þá merkin eptir og úr læk þessum til fjalls svo langt sem vötnum hallar til norðurs.

Milli Látravíkur og Skerðingsstaða eru merki stórir steinar á svonefndu hvarfi, er sjást frá báðum bæjum, og nefndir eru Hvarfsteinar og sjónhending frá þeim í ytra miðholtið á Vaðalsbökkunum, og þaðan sjónhending að Víkurrifsodda, en til fjalls sjónhending frá Hvarfsteinum, svo langt sem vötnum hallar til norðurs.

Látravík tilheyrir allt svonefnt Víkurrif.

Eru þá sögð merki fyrir Látravíkurlandi og undirskrifaðir viðkomendur orðið umsáttir.

Látravík 28. Júní 1890.

Hallgrímur Jónsson,

Mattías Brandsson

Jóhanna Sigurðardóttir



Landamerkjabréf fyrir Skerðingstaði í Eyrarsveit.

Landamerki milli Neðrilágar og Skerðingsstaða er svonefnd Stóraskriða og úr henni eptir læk, sem nefnist Seljalækur, allt í Hólalæk og þaðan ræður hann merkjum að Lárvaðli, þá sjónhending úr Hólalæk eptir vaðlinum að Víkurrifsodda.

Merki milli Látravíkur og Skerðingsstaða eru sem nú skal greina: Stórir steinar á milli bæjanna er sjást frá báðum bæjum og nefnast Hvarfsteinar og sjónhending frá þeim í ytra miðholtið á vaðalsbökkunum, og eptir þessum merkjum að ofanverðu sjónhending, svo langt sem vötnum hallar til norðurs, en að neðan verður sjónhending úr sömu merkjum að Víkurrifsodda.

Eru þá merki sögð fyrir nefndri jörð Skerðingsstöðum og viðkomendur um sáttir.

Skerðingsstöðum 28. Júní 1890.

Mattías Brandsson

Hallgrímur Jónsson

Bjarni Brandsson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Neðri-Lág í Eyrarsveit.

1. Milli Neðri Lágar og Lárkots, ræður svokallaður Leirulækur, að austanverðu uppað Grænuflötum. Þá tekur við svokallaður Hólalækur, sem ræður til sjávar; frá þessum Hólalæk ræður svokallaður Seljalækur ytri, sem eru landamerki milli Skerðingsstaða og Neðri-Lágar, upp til fjalls.

Ennfremur eru landamerki svokallað Þvergil, að austanverðu, sem rennur í Hólalæk, á milli Efri-Lágar og Neðri-Lágar. –

2. Að norðanverðu milli Krossness og Neðri-Lágar ræður svokallaður ytri Urðargarður úr fjalli til sjóar.

Þannig samþykkt að Neðri-Lág 14. Júní 1885.

Guðmundur Skúlason (eigandi að Krossanesi)

Bjarni Brandsson (eigandi að Neðri lág)

St. Daníelsson (eigandi að Mýrarhúsum)

Árni Bjarnason eigandi að Króki

Mattías Brandsson (fyrir hönd Skerðingsstaða)



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Efri-Lág í Eyrarsveit.

1. Á milli Lárkots og Efri-Lágar, ræður lækur sá, sem rennur á milli bæjanna túnmerkjunum, allt neðan frá sjó og upp að gráum steini sem stendur í þúfu upp í brekkunni fyrir austan Efri-Lágarbæinn, og þaðan í annan stein lítið eitt vestar; þaðan sjónhending í aurflag þar upp undan.

2. Á milli Króks og Efri-Lágar, ræður túnmerkjum lækur, sem rennur sunnan til við Geiravallahjáleigu niður í sjó, og upp að gráum steini, sem stendur upp í túnbarðinu fyrir sunnan Krók; þaðan ræður sjónhending upp í brekku brúnina.

3. Á milli Lárkots og Efri-Lágar, ræður sjónhending úr Brimarhorninu í stapa á hálsbrúninni, þaðan aptur sjónhending í efstu mógrafarúst í flóanum, og þaðan í Mýrarhryrnurönd.

4. Á milli Efri-Lágar og Neðri-Lágar, ræður sjónhending úr fyrrnefndri mógrafarúst eptir Grænukeldu beint yfir í Hólalæk, og svo ræður Hólalækur fram að Þvergili.

Eptir fyrri máldaga þessarar jarðar, er áskilið að ábúandi Efri-Lágar og hjáleigubændur skéri mó eptir þörfum í Lárkotslandi Bóndavallarpartur sá, sem nefndur er í fyrri máldaga fyrir Efri-Lág, og sem liggur í Neðri-Lágarlandi, tilheyrir að mestu leyti Efri Lág, einsog að undanfögnu.

Efri Lág 24. Júní 1889.

Bjarni Brandsson (ábúandi og eigandi á Neðri Lág)

Jón Árnason (ábúandi í Efri Lág) handsalað

St. Daníelsson (eigandi Mýrhúsa)

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs.



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Krossnesi í Eyrarsveit

1. Milli Lárkots og Efri-Lágar öðru megin og Krossness hinu megin, ræður bein lína úr svokölluðum Setusteini sem stendur upp í Staðarhálsinum í svokallaðan Starpitt þar suður og niður undan, og þaðan sjónhending í Hyrnuröndina að Deildarlæk, er þá ræður merkjum ofan í Hálsvaðal er úr því ræður landamerkjum til sjávar, hver helzt sem land á alla leið hinumegin Hálsvaðals.

2. Milli Neðri-Lágar (eða Lárpláts) öðru megin og Krossness hinumegin, ræður að vestanverðu, svo kallaður ytri urðargarður frá fjalli til sjavar.

Þannig samþykkt að Krossnesi 14. júní 1885.

Guðmundur Skúlason (eigandi að Krossnesi)

St. Daníelsson eigandi að Mýrhúsum

Bjarni Brandsson (eigandi að Neðri Lág)

Árni Bjarnason (eigandi að Króki)

L.E. Fjeldsted (eigandi að Lárkoti)

Meðtekið 18/10 1889 í þing lestursgjald hér fyrir 1 – eina krónu
Sigurður Jónsson.



Landamerkjaskrá milli Rimabæar og Krossness og hljóðar svo

1. Á túninu eru merki að sunnanverðu úr miðju túngarðshlaði ofan og vestanvert við Rimabæ, beint í ný uppsettan stein með kolum undir norðanvert á hlaðvarpa brúninni. Þaðan beint í upphyrndan stein, með kolum undir stráðum í gamalli merkja þúfu neðarlega í varpabrekkunni, og þaðan beint í uppreistan stein og uppskírðan á Suðurbúðarhlaði, þetta allt í beinni línu. Að vesta og ofan ræður Túngarður svo langt sem hann nær, að útnorðan og norðanverðu frá téðum túngarðsenda ræður lægð með Pumpu túngarðslagi og ofan í nyrðra Hjallshorn Egils (svo kallað), að neðan og austan verðu takmarkast túnið af rima þeim er gengur í útnorður frá Suðurbúðarhlaði, að uppskýrðum merkjasteini hartnær á móts við syðra Hjallshorn Egils, þaðan ofan á við sem bryggja sunnanvert við hjallana ræður. Þannin myndast landamerki þessi af austuhlið hjallanna og bryggjunnar.

2. Á rimapartinum eru merki úr steini á háa rímanum í þúfu á sjóarbakkanum, þetta að sunnanverðu, að norðanverðu úr þúfu með steini í háa ríma í nyrðra horn á bakkatótt og þaðan sem skurður undan henni ræður til sjóar.

3. Í Sandvíkinni ræður merkjum að sunnanverðu úr gömlum merkjasteini, neðan og vestanvert við gamla engjatótt í mitt sýkishorn, sem liggur fyrir austan eiðinef og eptir sýkjum niður ofan í Sandvíkurlæk. Enn framur ræður að vestan og austnorðan fyrnefndur Sandvíkurlækur eptir sínum gamla farvegi, þannig, að svokallaður brúarspotti vestan til við lækarins [svo] núverandi farveg lendi í Rimabæjarlandi, að norðan verðu beint úr Jarðfalls^{sýki}víki í læknum uppundir barðið, sunnan vert við Einarsengi, að austanverðu ræður barðið sjálft.

4. Í Skötunesi það mjóanes sjálft og land það allt til fjalls þar upp undan, er takamarkast af næstu tveimur skurðum, að norðan og sunnan verðu.

5. Í flóanum að norðanverðu, skurður úr syðri enda á Gálutraðarvatnsenda upp í hálsinn, síðan vatnið allt að steini er stendur næst við svokallaðan Vatnsstekk, þaðan beint í miðjan Lómatjarnarhólma, úr honum beint í þann túngarðsenda, er ræður túnmerkjum milli Pumputúns og Rimabæjar, að vestan ræður fjallshlíðin, að sunnanverðu ræður Torfholtið að miðju, þaðan á stóran stein, vestan halt á Bringubörðum, þaðan í Fuglsstapa, úr honum í stóran stein millum kotanna og þaðan í ofar-ámynt miðt garðshlið, ofan og vestanvert við Rimabæ, að austan verðu ræður túngarðurinn allt að títtnefndum merkjum milli Pumpu og Rimabæjartúns.

Krossnesi dag 10. Junius 1889.

Guðm. Skúlason

Skúli Ólafsson ábúandi á Rimabæ

Meðtekið 18/10 1889 í þinglesturgjald hér fyrir 1 – ein – króna

Sigurður Jónsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Landamerki fyrir jörðinni Mýrum í Eyrarsveit

Eign Hans Jónssonar frá Búðum nú í Reykjavík

a. Milli Mýra og Háls ræður svokallaður merkjalækur neðan frá Hálsvaðli og upp að hlíðarrótum þaðan eptir gömlum skriðufarveg og er varða þar til einkunnar og eiga Mýrar land uppá Mýrarhrynkoll.

b. Milli Mýra og Lárkots ræður svokallaður Deildarlækur neðan frá Hálsvaðli upp í vörðu á Sigmundarholti en á milli Mýra og Efri-Lágar, sjónhending úr áður nefndri vörðu á Sigmundarholti upp eptir skriðu utan til í Mýrarhrynu upp á Mýrarhrynkoll.

Mýrum í Eyrarsveit 28. Maí 1887.

Kristín Eggertsdóttir eigandi og ábúandi á Hálsi

Jón Árnason umboðsmaður Mýra.

Jón Jónson umboðsmaður fyrir Efri-Lág.

L.E. Fjeldsted eigandi að Lárkoti

Þglestur 1 – ein króna

borguð 9/10 1891.

S.J.



Landamerki fyrir Hálsi í Eyrarsveit

1. Milli Háls og Kirkjufells tilgreinast eptirfylgjandi landamerki, beint úr Hrafshjalla-snös ofan eptir Hálsinum sjónhending í Kolþúfu, sem er vestan til við Reiðhól, og er þúfnabarðssnös með kolum í frá fyrri tíð, en þar á lagðar nú hellur og grjót til einkunnar, þaðan beina stefnu í stóran stein vestan og neðan til á Langholts-neðri-mel hjá þessum stein liggja kol í jörð og yfir þau er kastað steinum til einkunnar, sem öllum er bannað að rjúfa. Þaðan beint í hákollinn á svokallaðri Kerlingu sunnanvert við Skál.

2. Milli Háls og Mýra ræður svonefndur Merkjælækur neðan úr Hálsvaðli og upp að Merkjahvammi og ytri Skriðu sem þar er og er varða hlaðin þar til einkunnar, og á Háls land allt upp í Mýrarhyrnukoll.

3. Milli Háls og framan fellsjarða ræður byrgi úr steini niður við vaðal og úr því uppeptir gömlum skriðufarvegi upp í svonefnda Hafurstó allt upp á toppinn á Kirkjufelli

Hálsi 17. Júní 1884.

ÓThorlacius (eigandi að ½ Kirkjufelli)

Kristín Eggertssdóttir (eigandi að Hálsi)

Jón Árnason (umboðsmaður Mýra)

Þorleifsson (eigandi að Búðum og Hlein)



Eptirrit.

Landamerki Kirkjufells eptir óáfrýaðri lögfestu dags. 1. Júlí 1826.

1. Milli Kirkjufells og Hellnafells ræður innri Búðaá, er kölluð er Írabúðaá, til innstu upptaka og allt Selskér og allt það land, sem nú elstu menn í Eyrarsveit til þekkja upp undir svokallaðra Eldhamra hvar Kirkjufells- og Grafar- land skilur á fjalli:

x) Um landamerki milli Kirkjufells og Hellnafells vísast til landamerkjadóms 16/6 1921 í dómsmálabók sýslunnar.

2. Milli Kirkjufells og Háls tilgreinast eptirfylgjandi landamerki, eptir við forlíkunar Comission inngengnum skilmálum þann 19. August 1822, beint úr Hrafshjallasnös ofan eptir hálsinum sjónhending í Kolþúfu, sem er vestan til við Reiðhól og er þúfnabarðssnös með kolum í frá fyrri tíð, en þar á lagðar nú hellur og grjót til einkunnar, þaðan beina stefnu í stóran stein vestan og neðan til á Langholts-neðri mel, hjá þessum stein liggja kol í jörð, og yfir þau kastað steinum til einkunnar, sem öllum er bannað að rjúfa, þaðan beint í hákollinn á svokallaðri Kerlingu sunnan vert við Skál.

3. Milli Hnausa og framanfells jarða ræður landareign eitt Dý, úr hverju rennur lítill lækjarfarvegur milli svo kallaðs Króaness og Hnausa.

Staddir að Grundarfirði 17. Júní 1884.

Bárður Þorsteinsson (eigandi og ábúandi á Gröf).

Ó. Thorlacius (eigandi að hálfu Kirkjufelli)

Fyrir hönd Kristínar Eggertsdóttur á Hálsi eigandi að Hálsi

Sveinn Sveinsson

Ásmundur Sveinsson umboðsmaður Hellnafells

Samkvæmt hinsvegar skrifuðum landamerkjum milli Kirkjufells, Hellnafells, Háls og Grafar, sem af eigendum og umráðamönnum eru undirskrifuð og samþykkt, þá banna ég öllum sem eigandi að ½ Kirkjufelli alla ólöglega notkun á téðri jörð.

Þess skal getið að landamerki milli Kirkjufells og Hnausa eru enn ekki samþykkt milli mín og eigandans að Hnausum, herra Þorl. Þorleifssonar í Bjarnarhöfn, þar eð við erum ekki enn ásáttir um þau. En ég skal jafnframt lýsa því yfir, að landamerki þau, sem fyrrnefndur, herra Þorl. Þorleifsson lét þinglesa á Grundarþingi 17. Júní 1884 milli Kirkjufells og Hnausa eru ekki af mér samþykkt, heldur mótmælti ég þeim í heyranda hljóði á þinginu, sem ósamþykktum af mér í alla staði, og að öllu þýðingarlaus.

Stykkishólmi 15. Júní 1885.

Ó Thorlacius

Þinglestur 1 – ein – kr. borguð



18/6 85

S.J.

54

Landamerki að jörðunum, Búðum, Hnausum og Hlein, sem eru eignir mínar.

1. Á milli Kirkjufells og Hnausa ræður næsti lækur fyrir sunnan Króarnes, og svo yfir Kirkjufell, hinsvegar ræður á milli Háls og áðurnefndra jarða merkjalækur. –

p.t. Grundarfirði 17. Júní 1884.

Þorleifsson.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Hellnafell í Eyrarsveit.

1. Á milli Grafar og Hellnafells eru landamerkin úr vörðu er stendur niður við sjó, og í Rauðsteinslæk, svo ræður lækur þessi, einsog hann liggur upp með Hjaltalínsbörðum; þaðan upp í Ölkeldubörð, upp í innrafell; þá ræður Grafargil upp í svokallaðan Hundsfoss; úr þeim fossi upp í og upp með Merkjalæk, og upp undir Eldhamra, allt upp á fjallseggjar.

2. Á milli Kirkjufells og Hellnafells, eru þessi landamerki: Niður við sjó stendur klettur, innan til við innri- Búðá eða Hvanngil, sem heitir Íraklettur; frá honum ræður nefnd Búðá, upp til hennar upptaka, og þaðan sjónhending í svokallaða Eldhamra, og þaðan beina stefnu til fjallseggja.

x) Um landamerki milli Hellnafells og Kirkjufells vísast til landamerkjadóms 16. júní 1921 í dómsmálabók sýslunnar. PVBjarnason.

Hellnafelli 17. September 1888.

Haraldur Pálsson (ábúandi á Hellnafelli)

Bárður Þorsteinsson (sem eigandi og ábúandi á Gröf)

Sigurbjörn Helgason (ábúandi á Kirkjufelli)

Þorsteinn Bárðarson (ábúandi á Kirkjufelli)

Jón Jónsson umboðsmaður

Rétt eptirrit vottar Jón Jónsson umboðsmaður.



Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Gröf í Eyrarsveit.

1. Milli Grafar og Kvernár:

Áin Kverná eins og hún kemur úr fjalli eptir Arnardal og þaðan alla leið niður til sjóar, eptir línu úr þeim gamla árfarvegi þar sem skemmst er til sjóar af ferðamannavegi.

2. Milli Grafar og Hellnafells:

(eptir skjali dagsettu föstudag í fardögum 1846)

Frá sjó Rauðsteinalækur, sem rennur innanvert við Hjaltalínsholt, og síðan upp börðin í Grafargil neðanvert við fellin upp í Hundafoss og þaðan lækur upp í Eldhamrabrún og fjallsegg.

Landamerki þessi samþykkir Kvernármegin

Staddur að Gröf 15. Júní 1885.

JV.H jaltalín (prestur að Selbergi)

Ofanskriðuð landamerki samþykkir Hellnafellsmegin.

Staddur að Gröf 9. ágúst 1885.

Ásmundur Sveinsson umboðsmaður

Þessi landamerki samþykkir umráðamaður og ábúandi Bárður Þorsteinsson

Borgað þinglestursgjald

1 – ein – króna

16/10 1885

Sigurður Jónsson



Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Kverná í Eyrarsveit eign Setbergskirkju.

1. Milli Kvernár og Grundar:

Bein lína frá sjó upp í torfvörður tvær á miðjum Grundarkampi, þaðan bein lína upp fyrir ána uppí torfvörðu eða þúfu skammt frá ánni, frá þeirri vörðu bein sjónhending í Grundarfoss, og frá fossinum upp í háfjall eins og áin ræður fram í Lýsuskarð

2. Milli Kvernár og Grafar:

Áin, sem bærinn dregur nafn af, þar sem hún kemur ofan úr fjalli og eptir endilöngum Arnardal, og síðan eins og hún ræður til sjóar, beint úr þeim gamla árinna farveg fyrir neðan Kvernárbæ, eða þar sem styttst er til sjóar undan ferðamannagötum.

Þessa landamerkjaskrá samþykkja

Staddir að Grund og Gröf þann 15. Júní 1885

JV. Hjaltalín prestur að Setbergi

Bárður Þorsteinsson eigandi Grafar

St. Daníelsson (eigandi Grundar)



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Grund í Eyrarsveit.

1. Milli Grundar og Kverná, ræður lína beint frá sjó upp í torfvörður tvær, er standa á utanverðum Grundarkampi, þaðan í vörðu fyrir ofan ána, og frá henni í Grundarfoss.

2. Milli Grundar og Hamra ræður torfvarða, sem hlaðin er upp skammt fyrir norðan Rauðalæk, frá fjalli til sjávar.

3. Milli Grundar og Setbergsengja ræður að neðan: slark (eða leirtjörn) ofanvert við Grundarhala beint í áður nefnda torfvörðu á halaendanum, þaðan beint í Grundarfoss. Að austanverðu ræður djúpur lækur, sem rennur austanverðu við Tuttuguálnaengi upp í Brandsmóa ræður vestasta kvísl upp og útundir svo kallaða Skriðu; þar frá til vesturs ræður skriðan lítinn spotta þar til hún fellur í austurkvísl Grundarár gagnvart Svartabakka, þaðan lítill lækur í dý, sem liggur í út suður jafnt torfvörðum, í vestur kvísl Grundarár austan halt þaðan ræður á þessi merkjum til fjallseggja fram í svokallað Lýsuskarð.

Þannig samþykkt 16. Júní 1885

St.Daníelsson (eigandi Grundar)

J.V. Hjaltalín (Beneficiarius að Setbergi)



Landamerkjaskrá fyrir Mensaljörðum Setbergskirkju í Eyrarsveit.

I. Eyðijörðin Skallabúðir.

A. Landamerki milli Skallabúða og Hallbjarnareyrar:

(samkvæmt eiðfestri og í þingbók Snæfellsnessýslu innfærðri skoðunargjörð 7. júlí 1840).

Hérumbil á miðri leið milli Nausta og Skallabúða renna tvær litlar lækjarsytrur fram úr bökkunum, sem heita Merkjælækir og er örskammt milli þeirra. Ytri lækurinn er landamerki við sjóinn; úr þeim læk liggja landamerkin beint í breiða skriðu undir brekkunum, og þaðan beint upp á fjall í svonefnt Strákaskarð.

B. Landamerki milli Skallabúða og Vatnabúða:

Úr Skarfatangakletti grynri bein sjónhending til fjalls í Brekkuendalæk og þaðan beint á fjall upp.

II. Vatnabúðir

A. Landamerki milli Vatnabúða og Skallabúða.

eru sem hér að ofan tilgreind undir staflið I.B.

B. Landamerki milli Vatnabúða og Þórdísarstaða, með hjáleigum: Naustál og Akurtröðum. (eptir tveimur heimildarskjölum kirkjunnar, öðru frá 29. Aug. 1645). Úr miðri þvereyri (Þurreyri) við sjóinn, sjónhending í Mýrnamót og upp í jarðfall eða lág, sem liggur fyrir norðan Gerðahamra, þaðan upp á Vörðuleyti, svo beint upp í fjallið, upp í kletta þá, sem kallaðir eru Flyðrur fyrir austan Garðahlíðarmúla.

III. Þórdísarstaðir með hjáleigum Naustál og Akurtröðum.

A. Landamerki milli Þórdísarstaða og Vatnabúða.

eru tilgreind hér að ofan undir staflið II.B.

B. Landamerki milli Þórdísarstaða og Bárar:

(eptir staðfestri lögfestu Bárareiganda sjálfs 5. Maí 1854.).

frá sjó eptir stefnu frá nyrðri ^{enda} Melrakkaeyjar í Torfklett, þaðan sjónhending í vörðu, er stendur á holti sunnanvert við Leirulæk, og þaðan sjónhending í Fuglstapaþúfu í flóanum.

C. Landamerki milli Þórdísarstaða og Arnarhóls.

Frá Fuglstapaþúfu sjónhending upp og austur yfir þúfu á svonefndu Skálholti eða Háamel í Steinahlíðarbjargsenda við Hellisdal.



IV, Spjör.

A. Landamerki milli Spjarar og Bárar:

(eptir áðurnefndri lögfestu og annari 21. Maí 1850).

Frá skéri er Skipbrot nefnist eptir skarði í sjávar bakkanum upp í þúfu á holtunum fyrir neðan götuna fram að Bár; þaðan sjónhending eptir Markvöllum upp í Markvallalág, og eptir því er milli Klakks og Hrísafells til býr sjónhendingu frá áður nefndri þúfu í holtunum í Urðarhöfuð.

B. Landamerki milli Spjarar og Setbergs.

(eptir byggingarbréfi, dags. 10. Marz 1852.)

Spjarará frá sjó og upp að svonefndri Ljósuskriðu í vesturhlíð Klakks, ræður skriðan síðan merkjum á fjall upp.

C. Landamerki milli kirkjueignarpartsins og bændaeygnarpartsins í Spjör.

(eptir því, sem nú er haldið).

Túnið skiptist þannig: Lína í suður frá bænum yfir hól, sem er gamall öskuhaugur, ofan eptir honum og þvert niður í ána; er þá kirkjupartur túnsins austanvert við línu þessa, og nær yfir austur part túnsins, allt norður að götuslóða, er liggur til norðausturs frá bænum út að lítilli tópt út á túnjaðri; liggur götuslóði þessi norðanvert við gamlan garðhring á upp parti túnsins.

Fyrir norðan götuslóða þenna tekur við bændaeygnarpartur túnsins, þríhyrndur, er nær vestur að þvergötu þeirri, sem liggur norður frá bænum að fjárhúsatóptum á túninu norðanverðu.

Fyrir vestan götu þessa tekur annarpartur kirkjueignartúnsins við aptur og nær ofan á túnsenda og suður á við að litlum götustíg gegnum þúfu frá nyrðra heygarðshorni til vesturútnorðurs, hér um bil eptir beinni línu ofan túnið og niður í hópið.

Fyrir sunnan þenna götuslóða tekur bændaeygnarpartur túnsins við aptur og nær meðfram bæjarhólnum að norðanverðu upp að línu þeirri, sem fyrst var umgetið.

Úthagi skiptist þannig: Lækur eptir hér um bil miðjum Spjararflóa og til fjalls. Er þá syðri partur flóans eign kirkjunnar, en hinn nyrðri bændaeygn.

Sjá bls. 18-21 í landskiptabók

V. Setberg með hjáleigum: Stekkjartröð og Vindási.

A. Landamerki milli Setbergs og Spjarar.

eru hin sömu og hér að framan eru talin undir stafl. IV. B.

B. Landamerki milli Setbergs og Eiðis.

Svonefndur Kaldilækur, sem rennur undan Bergshálsi og í suður ofan í Eiðissund; frá honum sjónhending í Nónssteina og frá þeim beint á fjall upp.



C. Landamerki milli Setbergs og Hamra.

Grjótá, sem rennur ofan Skálardal og beygir síðan vestur á til sjóar, er landamerki milli fjalls og fjöru.

58-59

VI. Eiði

A. Landamerki milli Eiðis og Setbergs: Hin sömu og talin eru að framan undir staflið V. B.

B. Landamerki milli Eiðis of Hjarðarbóls: (eptir fornum skilríkjum og núverandi venju.); Markgil úr fjalli og fram í sjó.

C. Landamerki milli Eiðis og Hrafnkellsstaða. (sama heimild). Langholtslækur, sem rennur úr Múlamýri, og frá honum sjónhending í steina tvo, er standa þar upp undan í Múlanum eða Múlahlíðinni allt á fjall upp.

59

VII. Hamrar

A. Landamerki milli Hamra og Setbergs. Þau sem áður eru talin undir V.C.

B. Landamerki milli Hamra og Grundar:

Torfvarða frá Rauðalæk og síðan lækurinn frá fjöru til fjalls.

59

VIII. Setbergsengjar í Grundarbotni.

(eptir innsiglaðri og af báðum hlutaðeigendum undirskrifaðri og samþykktri áreiðar- og skoðunargjörð 10. Júní 1851).

A. Að austanverðu móts við Grundarland

Djúpur lækur, austanvert við Tuttuguálaengi og þegar ofar kemur, hans vestasta kvísl upp í svonefnda Skriðu gegnt svonefndum Svartabakka.

B. Að ofanverðu móts við Grundarland:

Lækur, er liggur í útsuður í Dý og keldu, jafnt Torfvörðum í vestur kvísl Grundarár, þar sem heitir Árklofningur

C. að vestanverðu móts við Kvernárland og Hamraengi.

x) Um landamerki milli Kvernár og Setbergsengja vísast til rjettarsættar 14. júní 1922 í dómsmálabók.

Neðan frá: Grundará, sem aðskilur Hólmana frá Kvernárlandi, þá klýfst áin um Garðshornshólma, þá ræður djúpur lækur, er aðskilur Setberg og Hamraengi, og síðan Grundará þegar ofar dregur. Engjarnar heita: Innri- og ytri- Hólmar, Ormsengi, Tuttuguálaengi, Árengi og Fossengi.



IX. Kverná.

A. Landamerki milli kvernár og Grundar.

x) Um landamerki milli Kvernár og Setbergsgengja vísast til rjettarsættar 14. júní 1922 í dómsmálabók.

Bein lína frá sjó upp í torfvörður tvær á Grundarkampi, þaðan sjónhending upp yfir ána upp í torfvörðu eða þúfu skammt frá ánni; frá þeirri vörðu bein sjónhending í Grundarfoss, og frá fossinum eins og áin ræður fram í Lýsuskarð.

B. Landamerki milli Kvernár og Grafar:

Kverná, sem rennur eptir endilöngum Arnardal og eins og hún ræður til sjóar, eptir þeim gamla árinna farveg fyrir neðan Kvernárbæ, þar sem stytzt er til sjóar frá ferðamannagötum. (eptir 7 vitnisburðum, 1 dómi og 3 lögfestum.)

60

X. Faxastaðir í Breiðuvík.

A. landamerki Faxastaða að austanverðu:

Barnaá, allt í Faxaós; foss hennar í hamrinum, sjónhending í Móstein.

B. Landamerki að vestanverðu:

Við Torfá er Lágengisbæli; á honum er stór steinn skammt fyrir ofan veginn; annar milli Faxastaða og Hnaua, nærri jarðopin en annar stendur á leið til Litlu-Hnaua fyrir utan Mókollshæð að sjá út og niður frá Faxastöðum, þeir á sjónarlínu yfir miðja hraunsnoppu og upp í Barnaá, sem rennur til landsuðurs og gjörir odd á landið, og niður beint til sjóar frá balanum.

(eptir bréfum og vitnisburðum frá 1781).

60

XI. Grafar reki í Breiðuvík.

A. Rekamerkin að austanverðu, móts við Kambsreka.

Gyltutópt niðri á Stóra-Kambstúni skal bera í Kambsgil, þar sem það beygir fram úr fjallinu.

B. Rekamerkin að vestanverðu, móts við Hamraenda.

Fagurhóll eða Tjaldhóll í Hamraendanesi beri í grjótbyrgi á holtinu fyrir ofan Grafarkot.

61

XII. Eyðijörðin Kinn í Staðarsveit.



A. Landamerki milli Kinnar og Hraunhafnarbakka:

Sjónhending frá Hraunsnefi við læk og upp í Merki-keldu, og þaðan sjónhending upp í gljúfraskúta í miðjum Leiðarhjalla.

[(]eptir áreið gjörðri og samþykktri frá 27. Júlí 1811.)

B. Landamerki milli Kinnar og Axlar

Sjónhending úr Hraunsnefi er skerst upp í flóan í borg milli Axlar og Kinnar, sem Merkiborg er kölluð og varða hefur verið ásett. Úr borg þessari sjónhending í skriðu hvíta eða hvítrauða, sem er úr Kinnarhyrnu, og þaðan af fjallsbrúninni sjónhending í yzta foss í Fossabrekkum.

Að þessi landamerki séu rétt tilgreind eptir landamerkjaskjöllum Setbergskirkju samanbornum við það, er núlifandi kunnugir menn best vita um landamerki jarðanna, vitna ég undirskrifaður.

Setbergi 10. Júní 1885 Jens V. Hjaltalín prestur að Setbergi

Landamerkjaskrá þessa samþykkja að því leyti er þeirra eignarjarðir snertir

St. Daníelsson eigandi Grundar (handsalað nafn)

Bárður Þorsteinsson (eigandi Grafar) (handsalað)

Þorleifsson eigandi Hjarðarbóls

Þórður Einarsson ábúandi Bárar

Kristján Þorsteinsson ábúandi Bárar

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs.

Þórður Einarsson ábúandi 1/3 Spjarar



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Bár í Eyrarsveit móts við Hjarðarból

Úr Urðarhaus í Stapa, sem er innan til við flatnajaðar, og úr hornum í þúfu, sem er innan til við vatnsendan.

Landamerkjaskrá þessa samþykkja

Jóhannes Þosteinnsson (á Hjarðarbóli)

Þórður Einarsson [og] Kristján Þorsteinsson (ábúendur Bárar)



[Lögfesta. Bár og Arnarhóll í Eyrarsveit]

Ég Ólafur Guðmundsson sjálfseignarbóndi að jörðunum Bár og Arnarhóli, báðum liggjandi í Eyrarsveit og Setbergskirkjusókn, lögfesti hérmeð téðar jarðir mínar, engjar og töður, holt og haga, vötn og veiðistaði, reka og renninga, fjöru og fjörugæði og allar nytjar til lands og sjávar hér nefndar og ónefndar er greindum jörðum fylgja og fylgja eiga með réttu, með þessum tilteknum landamerkjum, eptir þeim bréfum og röksemdum, sem fyrir þeim liggja til móts við hin næstu lönd allt í kring, og sérílagi lögfesta dagsett 28^{da} Octobr. 1757, seinast þinglesin á Grundarfjarðarþingi þann 31^{la} Maí 1824 tilgreinir og eptir þar á grundvölluðum ~~þar á grundvölluðum~~ líkindum virðist réttast vera:

1. á milli Þórdísarstaða og Bárar: frá Fuglstapaþúfu, sem stendur í flóanum fyrir ofan götunnar, sem liggja fyrir neðan Þórdísarstaði, sjónhending yfir þúfu er stendur á holti sunnanvert við svokallaðan Leirulæk í klett þann í fjörunni er nefnist Torfklettur, og þaðan sjónhending í nyrðri enda Melrakkaeyjar; frá fyrnefndri Fuglstapaþúfu aptur sjónhending – sem þá

2, verða landamerki milli Þórsdísarstaða og Arnarhóls – upp og ^{austur} yfir þúfu á svokölluðu Skálholti eða Háamel, í Steinahlíðarbjargsenda við Hellisdal. Aftur

3. milli Arnarhóls og Hallbjarnareyjar: úr Hellisskriðu sjónhending í þúfu er stendur á miðju Helholti á milli vatnanna í Bárarhálsi.

4. Á milli Arnarhóls og Bárar: frá sjónhendingunni sem liggur frá fyrr umgetinni Fuglstapaþúfu yfir Torfklett til nyrðra enda Melrakkaeyjar, eptir götunum suður að Bárarárvaði, úr því miðju sjónhending í Grástein, er stendur ~~austan~~ ^{norðan} til í Arnarhól, þaðan upp í Hólbakslæk, síðan sem lækurinn ræður inn í ytra vatnið; úr austari enda vatnsins beina línu í það vik vatnsins innra, er lengst skaga til vesturs. – Þaðan ræður vatnið merkjalínu til

5. þeirrar þverlínu frá norðri til suðurs, milli Bárar og Hjarðarbóls-landa, er gengur frá stapa við Kaldalæk, yfir mýrina norður til vatnsins eptir þeim merkjum er þar hafa lengi haldin verið og aftur frá téðum stapa eða Kaldalæk sjónhending til suðurs yfir Kúlurnar vestan hallt í Urðarhöfuð.

6. Milli Bárar og Spjarar: frá skéri er Skipsbrot kallast, eptir skarði í sjávarbökkunum upp í þúfu á holtunum fyrir neðan götuna, þaðan sjónhending eptir Markvöllum upp í Markvallalág og eptir gili því er milli Klakks og Hrísfells til býr sjónhendingu frá áðurnefndri þúfu í holtunum í Urðarhöfuð[.]

Lögfesti ég nú greindar jarðir Bár og Arnarhól ítakalausar bæði til fjalls og fjöru, innan hér tiltekinn landamerkja, fyrirbjóðandi hverjum manni héðan í frá án míns leyfis, í að reka, beita, bæla, brúka eður sér nytja, að sérílagi tiltekinni selaveiði með skotum fyrir Bárarlandi og þar tíðkuðu hrognkelsafangi í fjörunni. Bíð ég þeim fimtarstefnu í móti að leggja, sem vill áfrýja þessa mína lögfestu, hvor eð ella standi sem óhnekkjanlegur máldagi fyrir landeign framangreindra jarða um aldur og æfi.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Til staðfestingar er undirskrifað nafn mitt og hjásett innsigli.

Bár í Eyrarsveit, þann 21^{ta} Maí 1850

Ó. Guðmundsson

L.S.

Vegna Þórdísarstaða og Spjarar, sem eru jarðir tilheyrandi Setbergskirkju, hefi ég því síður orsök til að áfría þetta Lögfestuskjal, sem í því tiltekin landamerki eru samhljóða þeim, er ég í höndum hefi fyrir téðar kirkjujarðir og skerða að engu leyti landareign þeirra.

Datum út supra

E.S.Einarsen prestur á Setbergi.

Ekki hefi ég heldur orsök til að áfría það spitalajarðarinnar Hallbjarnareyrar vegna.

Hallbjarnareyri út supra

Þ. Þorleifsson.

Lesin í rétti á Grundar manntalsþingi 28^{da} Maí 1850 og innfærð í afsals- og veðskuldabréfabók Snæfellsn. sýslu. Pag 3 & 4. –

vitnar

P. Melsteð.

Þinglýsing . . . 36.

Bókun . . . 24

= Sextygir er 60 skildingar silfurs

borgað

P. Melsteð



Landamerki Hallbjarnareyrar í Eyrarsveit

a. Milli Hallbjarnareyrar og Hjarðarbóls: ræður Hjarðarbólsá frá því hún fellur í Kolgrafarfjörð og til þess hún hefur fyrstu upptök sín þar sem tveir lækir koma saman í svonefndri Vatnamýri, þaðan ræður bein sjónhending eptir 3 upphlöðnum torfvörðum vestur í vik, sem gengur austur úr miðju vatninu.

b. Milli Hb.eyrar og Þórdísarstaða ræður bein sjónhending frá vesturenda vatnsins gegnum steinvörðu er stendur á holtunum út og upp frá vatninu og þaðan beint í neðanverða Hellisskriðu, úr því ræður skriðan á fjall upp.

c. Milli Hb.eyrar og Skallabúða ræður bein sjónhending frá sjó fyrir innan Skallabúðir í gegnum Einbúa, klett sem stendur í Skallabúðaflóa. Þaðan ræður beint upp yfir Brekkurnar í klett, einn lítinn sem stendur ofan til í miðri skriðunni í fjallinu, nokkru fyrir austan svonefnda Eyrarstráka.

Hallbjarnareyri 16. júní 1884

Ásmundur Sveinsson (umboðsmaður Hallbjarnareyrar)

J. V. Hjaltalín prestur að Setbergi

Þorleifsson (eigandi að Hjarðarbóli)



Landamerki að Hjarðarbóli

Eru sem hér segir: Hjarðarbólsá rennur í austur og í Kolgrafafjörð hefur hún upptök sín út við svo kallaða Vatnamýri, úr tveimur lækjum er þar koma saman úr mýrinni, og við norðari lækinn eru ristir upp hnausar og svo út eptir mýrinni út í vik á vatninu, sem er um það mitt. Standi maður við vatnsvikið þá er bein sjónhending eptir áður nefndum hnausum og í norðari lækinn, sem að mestu er nú niður grafinn og svo í ána, þar lækirnir koma saman, og svo sem áin ræður til sjávar. Þetta eru landamerki milli Hjarðarbóls og Hallbjarnareyrar, liggur Eyrarland að norðanverðu, en Hjarðarból að sunnan. – Á milli Hjarðarbóls og Eiðis er Marksgil, sem liggur úr tjörn, sem er upp á fjallinu Klakk og liggur það gil beint til sjávar niður að Kolgrafafirði. Hér skilur að Hjarðarbóls og Eiðisland. – Á milli Bárar og Hjarðarbóls eru landamerki, úr nefndri tjörn og í Bárargil, sem er dýpst af þeim giljum er þar eru, og svo sem það ræður og svo þá það endar niður eptir skriðunni og í vatnsendan, sem Hallbjarnareyri á móts við Þórdísarstaði.

Bjarnarhöfn 16. Júní 1884.

Þorleifsson (eigandi að Hjarðarbóli)

J.V. Hjaltalín prestur að Setbergi

Ásmundur Sveinsson (umboðsmaður Hallbjarnareyrar)



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeigninni Kolgrafaseli í Eyrarsveit

1. Á milli Hallbjarnareyrar landeignar og Kolgrafaselslandeignar ræður svo kallaður Slíarfurvegur frá fjallsbrún til sjávar.

2. Á milli Kolgrafa og Kolgrafasels, ræður þriðja gil, frá Kolgröfum, frá fjallsbrún til sjávar. Þessi ítök skulu báðir partar jarðarinnar hafa heimting á: Kolgrafasel skal hafa heimild til mótaks í Kolgrafalandi, og Kolgrafir skulu aptur hafa torfristu í Kolgrafaselslandi.

Kolgrafaseli 26. júlí 1890.

L. E. Fjeldsted sem eigandi að Kolgröfum.

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandar umboðs.



Landamerkjaskrá fyrri bændaeygnina Kolgrafir í Eyrarsveit

1. Á milli Berserkseyrar og Kolgrafa eru þessi merki, svo kallaðir þrísteinar, þaðan sjónhending til fjallsbrúnar og þaðan aptur til sjávar.

2. Á milli Kolgrafasels og Kolgrafa eru þessi merki, í þriðja gil frá Kolgröfum frá fjallsbrún til fjöru.

Þessi ítök skulu báðir partar jarðarinnar hafa heimting á: Kolgrafir skulu hafa torfristu í Kolgrafaselslandareign, en aptur á móti skal Kolgrafasel hafa heimild til mótaks í Kolgrafalandi.

Kolgröfum 26. júlí 1890.

Sem eigandi L. E. Fjeldsted.

Þessum landamerkjum samþykkur

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerki þjóðjarðarinnar Berserkseyrar í Eyrarsveit

1. Milli Fjarðarhorns í Helgafellssveit og Berserkseyrar skipta löndum þessi merki:
Bein sjónhending frá Arnarsteini í Berserkjahrauni í gil á Straumhlíð og eptir gílinu upp á fjallsbrún.
2. Milli Kolgrafa og Berserkseyrar ræður sjónhending úr Hópvíki, sem er á milli Kolgrafarodda og Berserkseyrarodda, upp í svonefnda „Þrísteina“ er standa neðan til í Kolgrafamúla og þaðan beint á fjall upp og svo eptir háfjallinu þangað til saman koma merkjalínurnar.
Þessi landamerki samþykkja undirskrifaðir, eigandi og umráðamenn nefndra jarða.
Berserkseyri 22. maí 1885.
L. E. Fjeldsteð.
Ásmundur Sveinsson.

Rétt eptirrit staðfestir Ásmundur Sveinsson.



Landamerkjaskrár í Neshrepp innan Ennis.

Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Ólafsvík í Neshrepp innan Ennis.

1. Á milli Sveinsstaða og Ólafsvíkur, frá Loðnugjá undir Ólafsvíkurenni, og þvert yfir Ennisfjallið, í Einbúa, í Enninu; þaðan bein sjónhending í Hróaskarð, og þaðan aptur í gráan stein í miðjum Fossdal, þaðan sjónhending beint yfir miðjan Fossdal út í Laxá, og þaðan upp í Geldingafell.

2. Á milli Fossárdals og Ólafsvíkur, úr Geldingafelli ræður Fossá, alla leið niður að sjó. – Ólafsvík 20. Maí 1889.

H. Thejll (sem ábúandi í Ólafsvík)

Jón Árnason (sem umboðsmaður Fossárdals)

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

Magnús Jóhannesson ábúandi Sveinsstaða



Landamerki fyrir jörðinni Fossárdal

1. Landamerki milli Fossárdals og Ólafsvíkur ræður Fossá frá Geldingafelli í sjó út.
2. Landamerki milli Fossárdals, Buga og Arnarhóls, sem er ein jörð.
 - a. Fyrst frá Folahnúk er stendur á fjallseggjunum, þaðan í
 - b. Miðfossa, sjónhending þaðan í
 - c. Tvísteina, þaðan í
 - d. Merarvörðu, þaðan í
 - e. Blindaugu, þaðan í
 - f. Hleinarhöfuð í sjó út

Ólafsvík 18. Júní 1885.

Jón Árnason umboðsmaður Fossárdals

T.J. Thorgrímsen, ábúandi á Ólafsvík

Borg. kvítt 1-króna

20/6. 85.

S.J.



Skýrsla yfir landamerki „Fossárdals“

Milli Ólafsvíkur og Fossárdals ræður Fossá framan úr Geldingafelli til sjávar, en að austanverðu millum Bugs og Fossárdals, frá Folahnúk, sjónhending í Tvísteina, þaðan í Merarvörðu, þaðan í Blindaugu og þaðan í Hleinarhöfuð og á sjó út.

Ólafsvík 20. Júní 1889

Skúli Illugason ábúandi Fossardal

Jón Árnason umboðsmaður Fossárdals

Jóhannes Bjarnason ábúandi á Innri Bug

H. Thejll ábúandi Ólafsvíkur

Elías Elíasson (ábúandi í Bug innri)

Guðleifur Rasmusson (ábúandi á Arnarhóli)

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Bug ytri í Neshrepp innan Ennis.

1. Á milli Bugs innri og Bugs ytri, eru túnmerkin þar á milli gil, sem rennur á milli bæjanna, sem kallað er Bugsgil

2. Á milli Arnarhóls og Bugs ytri, eru engjamerkin þessi: Úr sýkispitti í græna þúfu, og úr henni í sýkisvik úr Bugsvaðli.

3. Á milli Haugabrekku og Bugs ytri, sjónhending úr Lambhaga og í Móabarð niður við Bugsvaðal.

Bug ytri 25. maí 1889

Guðleifur Rasmusson (ábúandi á Arnarhóli) handsalað.

Elías Elíasson (ábúandi Bug ytri) handsalað.

Sigurður Guðmundsson (ábúandi á Haugabrekku)

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

Jóhannes Bjarnason (ábúandi í Innri Bug) handsalað

Jón Árnason umboðsmaður Fróðár.

Athugasemd.

Fjallland og beitiland er óskipt á milli Buganna og Arnarhóls, og sömuleiðis er óskipt rekapláss og veiðistöðvar milli framannefndra jarða.

Jón Jónsson umboðsmaður



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Bug innri, í Neshrepp innan Ennis.

1. Á milli Ytri-Bugs og Innri-Bugs, eru túnmerki gil, sem rennur milli túnanna, og er kallað Bugsgil.

2. Á milli Arnarhóls og Innri-Bugs, ræður engjamerkjum, gömul renna yfir undir Tvísteina, og aptur úr króknum á Brúnna eptir merkjagarði ofan að Bugsvaðli, og svo út með vaðlinum út að Bugstúni.

Fjallland og beitaland er óskipt á milli Buganna og Arnarhóls, og sömuleiðis er óskipt rekapláss og veiðistöðvar milli þessara framannefndu jarða.

Bug innri 25. maí 1889.

Guðl. Rasmusson (ábúandi á Arnarhóli) handsalað

Jón Árnason umboðsmaður Fróðár.

Skúli Illugason (ábúandi á Fossárdal) handsalað

Jóhannes Bjarnason (ábúandi í Bug innri) handsalað.

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeigninni Arnarhóli í Neshrepp innan Ennis.

Veðmb. Sjá n. – 224

1. Á milli Fróðár og Arnarhóls, ræður sjónhending úr Folahnúk í Litla-Rjúkanda, og svo eptir gili sem rennur þaðan og ofan í Fróðá. Síðan ræður Fróðá ofan fyrir Arnarhól, á móts við klett sem stendur norðan til í Arnarhólnum. Þaðan sjónhending í svo kallaðan Engjatanga niður við Bugsvaðal, og síðan ræður Bugsós til sjóar.

2. Á milli Fossárdals og Buganna, ræður sjónhending úr Hleinarhöfði í Blindaugu í Bugsmúla; þaðan sjónhending í Sjónarhól, og þaðan aptur í Merarvörðu, og svo þaðan sjónhending í Folahnúk, sem fyrr er nefndur.

3. Engjamerki á milli Buganna og Arnarhóls, úr króknum á Brunná eptir gamalli rennu yfir undir Tvísteina, og aptur úr fyrnefndum krók á Brunná eptir merkjagarði ofan að Bugsvaðli.

Beitiland og fjallland er óskipt á milli Arnarhóls og Buganna, og sömuleiðis er rekapláss og veiðistöðvar allt óskipt milli jarða þessara.

Arnarhóli 25. maí 1889.

Elías Elíasson (ábúandi á Bug ytri)

Guðleifur Rasmusson (ábúandi á Arnarhóli) handsalað

Jón Árnason (umboðsmaður Fróðár)

Skúli Illugason (ábúandi á Fossárdal) handsalað

Jóhannes Bjarnason (ábúandi í Bug innri) handsalað

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Skýrsla yfir landamerki Fróðár með hjáleigum hennar.

Milli Brimilsvalla og Fróðárjarða ræður Staðarbergsá fjalls og fjöru á milli.

Þvermerki til fjalls eru: Miðfell, Moldarmúli, Hestfjall og þaðan í Folahnúk:

Að vestanverðu frá Folahnúk í Litla-Rjúkanda einsog hann ræður í Fróðá, svo ræður hún ofan fyrir Arnarhólstún og þaðan sjónhending í engjaodda en þaðan ræður Bugsós til sjávar Ólafsvík 20. júní 1889.

Guðbrandur Guðbrandsson ábúandi á Fróðá

Jón Árnason umboðsmaður Fróðareignar

Jón Jónsson (eigandi og ábúandi á Brimilsvöllum)

Jón Jónsson umboðsmaður fyrir Arnarhól.



Lögfesta fyrir jörðinni Brimilsvöllum

1. Landamerki milli Vallna og Hrísa:

- a. Rauðilækur neðan frá sjó, og svo sjónhending úr honum í Stóra-
- b. „Vörðu“ á múlahorninu, svo aptur sjónhending frá Vörðunni og í
- c. „Eggjaskarðstinda“, og svo þaðan suður í svo kallað
- d. „Korraskarð“

2. Landamerki á milli Vallna og Haugabrekku:

- a. „Staðarbergsá“ ræður merkjum neðan frá sjó allt fram í svokallaða
- b. „Vatnadali“ og þaðan upp í
- e. „Korraskarð“

Brimilsvöllum 20. Júnímán. 1884

Jón Árnason umboðsmaður Hrísa og Haugabrekku.

Jón Jónsson

Þinglestur 1 króna borgað

Brimilsvöllum 20/6 – 1885

S.J.



Landamerkjaskrá fyrir bændaeygninni Hrísum í Innri Neshrepp.

1. Á milli Brimilsvalla og Hrísa, úr Rauðalækjarkjapti, þar sem hann fellur í sjó, sjónhending í stóravörðu á múlahorninu, þaðan sjónhending í Fjallseggjaskarð og þaðan í Korraskarð, enn á milli Tungu og Hrísa: úr

2. Tunguós ræður Hrísaá í Korrakil og svo eptir því, sem gilið ræður til fjalls.

Hrísum 15. júní 1889.

Jón Jónsson ábúandi á Tungu

Jóhannes Ögmundson ábúandi á Hrísum

Jón Jónsson (ábúandi á Völlum)

Þorleifur Gíslason ábúandi á Tungu.



Landamerkjaskrá fyrir bændaeygninni Tungu í Innri Neshrepp

1. Milli Holts og Tungu er bein sjónhending úr litlu lóni fyrir utan svo kallaða Holtshjalla í miðjum Trölladal, og þaðan í fjallsegg.

2. En á milli Tungu og Hrísa úr Tunguós ræður Hrísaá í Korragil og svo eptir því sem gilið ræður til fjalls.

Tungu 15. júní 1889.

St. Björnsson ábúandi á Holti

Jón Jónsson ábúandi á Tungu og Þorleifur Gíslason

Jóhannes Ögmundsson ábúandi á Hrísum.

Landamerki fyrir Tungu í Neshreppi innri í Snæfellsnessýslu.

Að austanverðu ræður sjónhending úr litlu lóni að vestanverðu við Holtshjalla upp sátur í miðja Trölladali, og þaðan í fjallsegg upp.

Að vestanverðu ræður Hrísaá frá því hún kemur í Tunguós í fjall upp, þar sem í hana kemur Korragil, og eptir því í fjallseggjar upp.

Þessi landamerki höfum við undirskrifaðir álitid rétt og samkvæm gömlum máldaga fyrir Kötluholti.

Tungu 1. júlí 1890.

Grímólfur Ólafsson (hreppstjóri)

Sturla Bjarnarson (ábúandi í Holti)

Jón Jónsson og Þorleifur Gíslason (ábúendur í Tungu).

Eggert Stefhansson á Staðarhóli í Saurbæ eigandi Tungu.



Landamerki fyrir jörðinni Kötluholti í Neshreppi innri

Að innan verðu ræður Glaumsgil frá fjallsegg ofan í Holtsá og eptir henni ofan í úthlaup hennar úr Holtshólum, eður svonefndum Stangarhyl, og sjónhending þaðan ofan í Tunguós, þar sem heita Oddar.

Að vestanverðu ræður sjónhending frá litlu lóni að vestanverðu við Holtshjalla uppsátur í miðja Trölladali og þaðan upp í fjallsegg.

Þessi landamerki eru samkvæm gömlum máldaga eptir því sem næst verður komist af örnefnum, og af okkur undirskrifuðum álitin rétt að vera.

Grímólfur Ólafsson (hreppstjóri)

Sturla Björnsson (ábúandi í Holti)

Jón Jónsson og Þorleifur Gíslason (ábúendur í Tungu)

1 króna borgað

21/6 1889.

S.J.



Landamerkjaskrá fyrir Máfahlíðarlandi.

1. Að norðanverðu ræður Búlandsgil frá sjó í fjallseggjar og eptir þeim suður í Bjarnaskarð og þaðan suður á Staðarsveitar fjallseggjar, þar Glaumsgil rennur frá þeim.
2. Glaumsgil ræður frá nefndum eggjum ofan þar, sem það fellur úr gljúfrum í þá nefnda Holtsá, er ræður úr því þar til hún kemur í Tunguós er ræður til sjóar.
3. Ræður sjór til Búlandsgils er áður er getið. Hér er með talið Traðar og Fögruhlíðarland, sem eiga óskipt beutiland í Máfahlíðarlandi.

Máfahlíð 1. júlí 1890.

Grímólfur Ólafsson ábúandi á Máfahlíð.

Samþykkur Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

Samþykkur Jón Guðmundsson á Tröð.

Samþykkur St. Björnsson (ábúandi á Kötluholti)

Samþykkur Gunnlaugur Ólafsson. ábúandi á Fögruhlíð.



Landamerkjaskrár í Neshrepp utan Ennis.
Landamerki fyrir Gufuskálum í Neshrepp ytri.

1. Milli Hjallasands og Gufuskála:

Úr rennslum á Brimnesi sjónhending í Fuglstapa fyrir vestan Akurgerði í hrauninu á veginum frá Sandi að Gufuskálum, þaðan í Arnarstein, þaðan í Fuglstapa fyrir ofan götu í Prestahrauni, þaðan í Miklaborg þaðan sjónhending í Jökul.

2. Milli Öndverðarness og Saxhóls og Gufuskála:

Úr Tjöruklifskletti í austan verðri Skarðsvík, og í stóran hól upp í hrauninu, sem ber í Miðfell og þaðan sjónhending í Jökul.

Ingjaldshóll á tveggja hesta göngur að vetrinum á Gufuskála jörðu

Gufuskálum 25. maímanaðar 1889.

Sæmundur Guðmundsson ábúandi á Gufuskálum

Guðmundur Jónsson ábúandi á Munaðarhóli

Tómas Eggertsson (ábúandi á Sandi)

Ármann Jónsson (ábúandi á Saxhóli)

Sýrus Andresson (ábúandi á Öndverðarnesi)

Bjarni Porkellsson (ábúandi á ½ Gufuskálum)

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs



Landamerki fyrir Gufuskálum.

1. Milli Hjallasands og Gufuskála:

Úr rennslum á Brimnesi sjónhending í Fuglstapa fyrir vestan Akurgerði í hrauninu á veginum frá Sandi að Gufuskálum, þaðan í Arnarstein, þaðan í Fuglstapa í Prestahrauni, ofan götu í prestahrauni, þaðan í Miklaborg, þaðan sjónhending í Jökul.

2. Millum Öndverðarness og Saxhóls og Gufuskála:

Úr Tjöruklifsklett, að austurverðu í Skarðsvík og í Pistilshellu í hrauninu, sem ber í Miðfell, þaðan í Jökul sjónhending.

Gufuskálum 25. maí 1889.

Sæmundur Guðmundsson (ábúandi á Gufuskálum) hálfum (handsalað)

Ármann Jónsson (ábúandi á Saxahóli)

Sýrus Andrésen (ábúandi á Öndverðarnesi)

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

Bjarni Þorkellsson (ábúandi á ½ Gufuskálum)



Landamerki fyrir Munaðarhóls og Hallsbæjarlandi.

Úr rennslum á Brimnesi sjónhending í Fuglstapa fyrir vestan Akurgerði í hrauninu á veginum frá Sandi að Gufuskálum, þaðan í Arnarstein, þaðan í Fuglstapa í Prestahrauni ofan götu í Prestahrauni, þaðan í Mikluborg, þaðan í Sjónarhól, þaðan í Jökul. ^{að} Austan og sunnanverðu ræður Höskuldsá til Prestahrauns og þaðan í Gráborg og svo í Jökul.

Sandarar eiga tilkall til torfristu stungu og ristú í Stóru-Hellulandi, móti skipsuppsátri á Hallsbæjarlóð. Einnig eiga Sandarar báðar jarðir til helminga slægur á svo nefndri Melabru í Ingjaldshólslandi, en Ingjaldshóll á aptur á móti tvö skipsuppsátur á Hallsbæjarlóð, og tilkall til fjárgöngu fyrir 80 fjár og skjól við Arnarstein í hrauninu að vetrinum ef með þarf.

Munaðarhóli og Hallsbæ 25. maí 1889.

Guðmundur Jónsson (ábúandi)

Tómas Eggertsson (ábúandi)

Sæmundur Guðmundsson (ábúandi á Gufuskálum)

Elías Kristjánsson (ábúandi Kjalveg)

Magnús Sigurðsson (ábúandi á Gufuskálum)

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Eptirrit af Lögfestu fyrir Stóruhellu

Úrdráttur úr lögfestu sál. síra Þorsteins Hjálmarsens fyrir Hellu og Öndverðarnesi af 27. apríl 1839.

„Ég Þorsteinn Erlendsson Hjalmarsen prestur fyrir Hítárdalskirkju og söfnuð og virkilegur prófastur yfir Mýraprófastsdæmi lögfesti hérmeð alla jörðina Hellu Hítardalskirkjueign innan Snæfellsnessýslu með öllum þeim búðum gögnum og gæðum, sem greindri jörðu fylgt hafa, enn fylgja, og fylgja eiga með réttu til hennar yztu ummerkja er aðrir menn eiga á móti nefnilega: Að Höskuldsá á móti vestri og suðri, svo upp að Gráborg, þaðan og í Stapakinnaborgir, þaðan í Fannsteinsgróf, þaðan í Köldulind, þaðan í Helluskarð, svo í Bjölluholt, þaðan í Melþúfu, þaðan í Dyngjuklett, og svo ofan í sjó, að öllu tilteknu en engu fráskyldu. Sömuleiðis lögfesti ég hér með þau grasbýli, sem undir Hellu liggja n.l. Litlu-Hellu, Klettsbúð Dyngju og Ásgrímsbúð samt þurrabúðirnar Langhryggju og Klettsbúðarkofa. Einnig skipsstöður eða skipsuppsátur, sem nefndri jörðu Hellu fylgja eiga, sem er eitt skipsuppsátur í Keflavík á Miklholtskirkjupartum fyrir usla í Hellulandi, sem og móskurð og 100 álna engi í Folavöllum fyrir klausturspartsins brúkun, svo og tveggja skipa uppsátur á Hraunskarðsjörðu fyrir torfstungu og ristum sem Hraunskerðingur með þarf í Hellulandi.

Allt útdregið af framanritaðri lögfestu

vitnar

Staðarhrauni 10. jan. 1888

Jónas Guðmundsson

Framanritaða lögfestu samþykkjum við undirskrifaðir

Ábúandi á Stóruhellu Guðmundur Hákonarson

[Ábúandi á] Litluhellu Hákon Hákonarson

[Ábúandi á] Dyngju Árni Gíslason

[Ábúandi á] Klettsbúð Kristján Kristjánsson

[Ábúandi á] Ásgrímsbúð Jón Jónsson

Ingjaldshóli Tómas Eggertsson

Munaðarhóli Guðmundur Jónsson

Athugasemd

Þar sem í landamerkjunum er nefnt Helluskarð mundi réttara að kalla það Tíðaskarð.

Mér vitanlega hefur Stóruhellu ekki fylgt nema eitt skipsuppsátur á Sandi í langa tíð.

Ingjaldshóli 6. marz 1888

Tómas Eggertsson

Framanskriafaða lögfestu samþykkjum við undirskrifaðir:



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Sandi 28. Mars 1889.

ábúendur Brandur Bjarnason, ábúandi á Miklaholtskirkjupartí
ábúandi á landsjóðspartinum Jón Jónsson

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerkjaskjal jarðarinnar Rif í Neshreppi ytra.

Landamerki jarðarinnar eru: Úr Hvalsá á Keflavíkurbjargi, sjónhending í Fuglastapa hinn syðsta, þaðan í Merkjaskarð sjónhending í Svöðufoss, sem sjest af Fuglstapa, úr Merkjaskarði í Lurkanslæk hjá Þjóðgötum, sjónhending í Svöðufoss; frá Lurkanslæk við Þjóðgötur í Hólmkelsá; úr Hólmkelsá við Þjóðgötur í sjó hjá Kræklingasteini. –

Rifsmenn eiga upprekstur fyrir sauðfje sitt á sumrum í Ingjaldshólslandi, þar á móti á Ingjaldshólsbóndinn 1 skipsuppsátur í Rifi árið um kring. –

Orðrjett afrit úr byggingarbrjefi fyrir jörðinni Rif í Neshreppi ytri, útgefnu í Ólafsvík 23/2 1894, undirrituðu af umboðsmanni Arnarstapa- Skógarstrandar og Hallbjarnareyrar umboðs og amtmanni Vesturamtsins, vottum við undirskrifaðir. –

Björn Kristjánsson.

Ólafur Sigurðsson.

Þessu landamerkjaskjali erum við undirskrifaðir bændur samþykkir.

Sigurgeir Sigurðsson, Skarði.

Kristján Gilsson, Keflavík.

Jeg sem ábúandi á Kjalveg og Þrándarstöðum er samþykkur landamerkjum milli Rifs og Þrándarstaða, úr Lurkanslæk í Stapa. –

Elías Kristjánsson.

Þinglesið á manntalsþingi á Sandi þ. 14. júní 1919.

Gjald í landssjóð:

Þinglestur Kr. 2.00 – tvær krónur –

PVBjarnason

PVB.



Landamerki fyrir umboðsjörðunum Ingjaldshóli Þrándarstöðum og Kjalveg

Landamerki Ingjaldshóls eru upphafin með landamerkjaskrá á bls. 173-174 hjer að aftan.

1. Landamerkin milli ofanefndra jarða og Stóru-Hellu eru eptir áreið þeirri sem gjörð var 18. Júlí 1846:

„Frá Gráborg í fjallinu í Stapakinnaborgir, frá Stapakinnaborgum, beina stefnu í Fannsteinsgróf, frá Fannsteinsgróf beina stefnu í Köldulind, frá Köldulind beina stefnu í mitt Tíðaskarð og frá miðju Tíðaskarði í Bjölluhol“.

2. Landamerkin á Keflavíkur eða Rífsbjargi milli Ingjaldshóls og Keflavíkur, eru samkvæmt enn gildandi kaupbréfi Hauks og Órækju fyrir Ingjaldshóls, „að Ingjaldshóll á land allt sem liggur á bjarginu innan Lambastapa og Hvalsár“

3. Frá Gráborg í Blágil og ofan með því til Búrfells og hálf fellið. Úr Búrfelli niður með Búrfellsdal í Saxhamar, þaðan ofan með börðum í Lækjarbug þaðan í þúfuna milli Stapatúns og þæfusteins, þaðan í Stekkjarmóarústina hjá Kjalvegsengi, sem liggur útnorður af sýkinu utan Hólmkelu.

4. Úr Fuglstapa þeim, sem stendur utan Hólmkelu er sjónhending í rima þann sem liggur innan Hólmkelu og gengur þar úr pittinum, og þaðan aptur í Boðstein, eða eins og máldagar sýna að Ingjaldshóli tilheyri hálf Hólsbreið og reka rétt þaðan að Hvalsá á Keflavíkurbjargi.

Athugasemd

Innan framan nefndra landamerkja eru engi, sem öðrum jörðum tilheyra

1. Kjalvegi tilheyrir til slægna Dýjadalur, og engi það sem liggur neðan sýkið utan Hólmkelu
2. Þrándarstöðum fylgir engi, sem liggur frá skarðinu norðan Hólshól til Lurkanslækjar, en báðar eiga þessar jarðir óskipt beitiland saman við Ingjaldshól.

3. Hallsbæ og Munaðarhól fylgir engispartur er liggur utan Hólmkelu og kallast Melabru.

4. Þar áfast við fylgir Stóru-Hellu engispartur upp með Hólmkelu er nær til áðurnefnds Kjalvegsengis.

5. Keflavík Miklaholtskirkjupartur fylgir lítið engi milli Stapatúns og þæfusteins.

Á hinu hér að framan upptalda, er sérilagi talið að Ingjaldshóli fylgi hinar svo nefndu Sætjarnir og hálf Hólsbreið, sem hvorttveggja er innan þeirra landamerkja sem áður eru talin. Og enn fremur allur Hólsdalur milli Hettudala og Blágils til Jökuls, og eru þar landamerki milli Ingjaldshóls og Skarðs, gil það sem rennur ofan Hettudalaflóa, og fyrir vestan Víðihlíð til Blágils framan Steinboga.

Líka tilheyrir Ingjaldshóli, ef þarf um veturinn beit og skjól fyrir 80 fjár hjá Arnarsteini í hrauninu í Sanda og Gufuskálalandareign.

Einnig á Ingjaldshóll tilkall til tveggja hesta göngu á vetrum á Gufuskálajörðu, líka tvö skipsuppsátur og eina þurrabúð á Hallsbæjarlóð á Hjallasandi.

Ingjaldshólskirkja á Búrfellsdal, og eru landamerki hans þessi: Milli hans og þæfusteins ræður Saxhamar og Djúpakelda, sem er neðan til í byrjun dalsins, svo aðskilur Hólmkelsá og



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Blágil dalinn frá Skarðslandi, og svo fylgir dalnum hálftr Búrfell, og svo dalurinn út að holtum milli Búrfells og Saxhamars.

Ingjaldshóli 25. maím. 1889.

Tómas Eggertsson (ábúandi)

Magnús Jóhannesson ábúandi á Sveinsstöðum

Elías Kristjánsson ábúandi á Kjalveg.

Sæmundur Guðmundsson ábúandi á Gufuskálum.

Jón Jónsson, ábúandi Keflavík.

Brandur Bjarnason ábúandi á Miklahólskirkjupartum

Helgi Árnason (sóknarprestur)

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerki fyrir lénsjörðinni Þæfusteini í Neshrepp ytri í Snæfellsnessýslu.

Úr stapanum milli Þæfusteins og Stapatúns í útsuður sjónhending í svo nefndan Lækjarbug, þaðan fram með börðum í landsuður í svo nefndan Saxhamar, þaðan í Goddastaðalæk, og svo eins og hann ræður í Hólmkelsá, svo ofan með henni til norðurs í sýkið við Kjalvegsengi, og úr því í Stekkjarrústina skammt frá botni þess, og þaðan í fyr nefndan stapa milli Þæfusteins og Stapatúns.

Þæfusteini þann 24. maí 1890.

Bjarni Tómasson

Tómas Eggertsson (ábúandi á Ingjaldshóli)

Jón Jóhannesson (ábúandi á Stapatúni)

Elías Kristjánsson (ábúandi á Kjalveg)

Helgi Árnason (sóknaprestur)



Landamerki fyrir umboðsjörðinni Skarði.

Milli Vaðstakksheiðar og Skarðs ræður Laxá frá Grásteininum í Sveinsstaðalandi á Hólsbreið og fram í Fossdalsdrög og svo fjallland allt þaðan út fjall til gils þess er rennur ofan Hettudalaflóa og niður með Víðihlíð að vestanverðu til Blágils framan Steinboga, en fyrir neðan Steinboga, Hólmkela og ræður farvegur hennar til rima þess, sem gengur úr Pittinum á Hólsbreið og aðskilur Hóls og Skarðsland, þaðan sjónhending í Boðstein. Annars segja máldagar að Ingjaldshóll eigi hálfu Hólsbreið, og Skarð hið annað af breiðinni, að undanskildum þeim renningi, sem Sveinsstaðir eiga.

Skarði 23. marts 1889.

Guðmundur Hákonarson

Tómas Eggertsson (ábúandi á Ingjaldshóli)

Jóhann Jóhannsson (ábúandi á Vaðstakksheiði)

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerki fyrir umboðsjörðinni Vaðstakksheiði

1. Milli Vaðstakksheiðar og Sveinsstaða:

Grár steinn er lítið fyrir neðan Laxá, og er sjónhending úr honum í Kerlingarfoss á fjallsbrún. Af fjallsbrún beint fram eptir læk, sem rennur ofan í Kerlingarfoss fram að Selbrekknahöggi, af Selbrekknahöggi sjónhending á ytra Löngubrekknahögg, og þaðan sjónhending fram í Laxá í Fossdal.

2. Milli Vaðstakksheiðar og Skarðs er Laxá landamerki alla leið.

Vaðstakksheiði 1. Sept. 1887.

Jóhann Jóhannsson (ábúandi á Vaðstakksheiði)

Magnús Jóhannesson (ábúandi á Sveinsstöðum)

Guðmundur P. Hákonarson (ábúandi á Skarði)

Jón Jónsson umboðsmaður.



Landamerki fyrir umboðsjörðina Sveinsstaði 1887.

1. Frá sjávarmáli undir Ólafsvíkurenni Loðnugjá og yfir um þvert ennið, frá Einbúa í Ólafsvíkurenni beina sjónhending í Hróaskarð, úr Hróaskarði í gráan stein í miðjum Fossdal; þaðan sjónhending beint yfir miðjan Fossdal út í Laxá.

2. Milli Sveinsstaða og Vaðstakksheiðar:

Frá Boðsteini á Harðakampi sjónhending í gráan stein á Hólsbreið, og frá þeim steini sjónhending í Kerlingarfoss á fjallsbrún, af fjallsbrún beint fram eptir læk, sem rennur ofan í Kerlingarfoss fram að Selbrekknahöggi, og af Selbrekknahöggi sjónhending á ytra Löngubrekknahögg og af ytra Löngubrekknahöggi sjónhending fram í Laxá í Fossdal.

Sveinsstöðum 7. August 1887.

Magnús Jóhannesson (ábúandi á Sveinsstöðum)

Jóhann Jóhannsson (ábúandi á Vaðstakksheiði)

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs

Páll Jónannesson (ábúandi í Ólafsvík.)



Landamerki fyrir Foss, Þjóðjörð í Neshreppi ytri í Snæfellsnessýslu.

Milli Skarðs og Foss er hinn forni árfarvegur Laxár niður með Skarðshálsi frá Svöðufossi að Fossgili landamerki. –

Milli Vaðstakksheiðar og Foss eru landamerki að neðanverðu eins og Fossgil ræður að keldu fyrir sunnan Vaðstakksheiðartún, og svo eftir keldu þessari unz hún nær stefnu frá Kerlingafoss að trjestólpa í barðinu fyrir austan Vaðstakksheiði, sem er n.v. l.m. hornst. (sic) fyrir Fossi, þar sem lönd Vaðstaksh. (sic), Foss og Sveinsstaða koma saman, og er þá bein lína úr stólpa þessum í Kerlingarfoss l.m. (sic) fyrir Foss og Vaðstakksheiði til áðurnefndrar keldu fyrir sunnan Vaðstakksheiðartún. –

Milli Foss og Sveinsstaða er l.m. (sic) úr áðurnefndum trjestólpa, sjónhending í annan trjestólpa fyrir austan Grafarlæk, og svo bein lína frá þeim trjestólpa um austasta Moldskarð í vörðu á Dagmálabrekkuhöggi á fjallsbrún, þaðan svo eftir háköstum í eystra Fuglsstapa, og þaðan sjónhending í Þvergil, sem rennur milli Þrætuparts og Dýjastapa, og er Þvergil þetta svo landam. (sic) til Fossgils á Fjalli (eða landamerkjagils). – Þaðan er svo Fossgil (Landamerkjagil) l.m. (sic) milli Foss og Vaðstakksheiðar að Kerlingarfoss á brún, og þaðan lína eftir brúninni að Svöðufoss. –

Sveinsstaðir eiga torfristu í veitunni fyrir austan Fossgil meðan endist, og vetrar fjárbeit á Fjalli í Fosslandi. –

p.t. Sveinsstöðum 10. sept. 1914.

Guðbjörn Ó. Bjarnason. eigandi Sveinsstaða

M. Blöndal umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs
Narfi Sigurðsson.

Þinglesið á manntalsþingi að Sandi þ. 14. júní 1919.

Gjald kr. 2 – tvær – krónur.

PVBjarnason



Landamerkjaskrár í Breiðuvíkurrepp.

Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Húsanes í Breiðuvíkurreppi

1. Á milli Kambs og Húsanes, ræður sjónhending úr Bekkslækjarósi í Mannstein og þaðan í Hest.

2. Á milli Miðhúsa og Húsanes, ræður sjónhending úr svo köllaðri [svo] merkjalág niður við vatnið í vörðu sem stendur uppá hrauninu, þaðan í vörðu, sem stendur á Sprökuholti og þaðan í Svartstein; og svo þaðan í Hest.

Húsanesi 8. júlí 1889.

Sigurður Skaptason (ábúandi á Húsanesi) (handsalað)

Sigurður Skaptaston (ábúandi á Miðhúsum) (handsalað)

Athugasemd:

Rekamerki fyrir jörð þessa, eru áður uppgjörð af fyrrverandi umboðsmanni Ásmundi Sveinssyni.

Samþykkt þessum landamerkjum

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Öxl í Breiðuvíkurbreppi.

1. Á milli Knarar og Axlar, úr Miðþúfu á Búðarkletti sjónhending í Stórhól; þaðan í Axlarhyrnutopp, svo ráða fjallseggjar eins og vötnum hallar út að Krossgili.

2. Á milli Kinnar og Axlar, úr Kinnarhyrnu í svo kallað Hjarta, þaðan í Stórhól og þaðan í Geitnabyrgi, og þaðan sjónhending í Klettsgötu; svo ræður Klettsgata til ytri merkja, eða Miðþúfu á Búðaklett.

Öxl. 8. júní 1884

Andrés Andrésón (ábúandi í Öxl)

Jón Árnason umboðsmaður Knarar

Jón V. Hjaltalín (Beneficiarius Setbergs)

Björn Andrésón (umboðsmaður yfir Selvelli)

Þar eð ekki er tiltekið nokkurt merki í Klettsgötu, sem sjónhending frá Geitnabyrgi er bundin við, get ég ekki samþykkt framanskriafaða landamerkjaskrá.

Ólafsvík 1. Maí 1889

fyrir hönd Búðaeigenda

H. Thejll

Þessi athugasemd hr. H. Thejll á Ólafsvík, getur ekki tekist til greina, því að Axlarland og Búðaland kemur ekki saman. Og er ég framanskriðuðum landamerkjum, samþykkur.

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerki fyrir jörðinni Syðri-KnararTungu í Breiðuvík.

Milli Syðri-Knarartungu og Knarareignar ræður Krossgil ofan frá, sem vötnum hallar og ofan eptir þar til efsta varða byrjar í engjum, og svo sjónhending eptir vörðum í pytt þann, sem nefndur er Strokkur, og þaðan ræður Krossgislækur ofan í Breiðavatn, svo ræður Breiðavatn út að vörðu í fram engjum, sem skilur Syðri- og Ytri-Tungu engjar allt upp að þver spotta, hvar varða er á gömlum skurð eða garði, svo eptir honum vestur í vörðu, sem skilur eptir merkja vörðum, engja milli Hraunlanda og Ytri-KnararTungu, svo úr greindri vorðu upp í vörðu á Ytri-Tungu gilsbakka, svo úr henni austur í aðrar tvær vörður og úr vestari vörðunni upp í Jónsþytt og úr Jónsþytt upp í vörðu, sem stendur fyrir neðan tún, svo byrja túnmerki sem er varða á vestanverðum pyttbakka, og úr henni upp eptir, upp í traðargarðsendan, og úr honum sjónhending upp í gamlan merkja stein í Ytri-Tungugili, svo ræður Ytri-Tungugil upp að fjallseggjum þar til vötnum hallar. Svo á Syðri-Knarartunga part af beitolandi fyrir utan Ytri-Tungu gil, sem skilur úr áður nefndum merkja steini í Ytri-Tungugili út með fjallsrótum, þar sem kemur saman mýri og vallendi út að dýrennu, sem liggur ofan eptir fyrir vestan mógrafir, og það beint ofan í tvær vörður, sem bera saman, ofan að Húsaneslandi og á móts við það suður að fyrnefndri vörðu á Ytri-Tungugilsbakka, og svo upp eptir ræður oft nefnt Ytri-Tungugil upp að fyrgreindum merkjasteini. Innifalið í greindum parti á Ytri-KnararTunga, útmældan blett til móskurðar sem er að stærð 24 faðmar á lengd og 16 faðmar á breidd.

Syðri-Knarartungu 16. Nóvember 1888

Björn Andrésson, umboðsmaður yfir Syðri-Knarartungu

Guðmundur Jónsson eigandi að Hraunlöndum

Jón Jónson umboðsmaður Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs.

Þglestur 1 – ein kr.

borgað 9/10 1891.

S.J.



Landamerki fyrir jörðinni Ytri-Knarartungu í Breiðuvík,

eru úr Merkjasteini í Ytri-Tungugili sjónhending bein ofan í traðargarðsendann, sem skilur Syðri- og Ytri-Tungu tún, og úr honum á móts við Syðri-Tungutún og engjar ofan í vörðu á vestanverðann Pyttbakka, og úr honum í vörðu fyrir neðan tún og úr henni ofan í Jónspytt, og úr honum ofan í tvær vörður þá vestari, og úr henni á móts við Syðri-Tungu þverspotta vestur í vörðu á Ytri-Tungu gilsbakka, svo skilur Ytri-Tungugil upp eptir og eru Ytri-Tungu engjar og tún að suðaustan verðu, en vestan verðu beitolandspartur frá Syðri-Knarartungu upp að áður greindum Merkjasteini. Engja partur sá er Framengjar heita, er úr vörðu er skilur engjar milli Hraunlanda og Ytri-Knarartungu, úr vörðu þeirri austur eptir gömlum skurð eða garði, sem skilur part þennan frá Syðri-Tungu þverspotta austur í vörðu á garði þessum, og úr henni suður í vörðu í framengjum, sem skilur Ytri- og Syðri-Tungu engjar, svo úr henni vestur eptir móts við Hraunlanda land eptir merkja vörðum vestur í vörðu þá sem fyrr er getið.

Beitiland sem Ytri-Knarartungu tilheyrir, er úr áðurnefndum Merkjastein á móts við Syðri-Tungu beitiland, vestur með fjallsrótum, þar sem kemur saman vallendi og mýri vestur móts við dyrennu fyrir vestan mógrafir svo að vestanverðu við þá dý rennu og úr henni bein sjónhending ofan í tvær vörður og eptir þeim beint ofan að Húsaneslandi, og svo á móts við Húsanesland, upp í Svartastein, og úr honum á móts við Húsanesland upp í Hestskarð, og inn Hestdal þar til vötnum hallar, svo austur eptir eins og vötnum hallar austur á móts við Ytri-Tungugil, svo ofan í Ytri-Tungugil og eins og það liggur ofan að opt nefndum merkjasteini í Ytri-Tungugili, svo á Ytri-Knarartunga útmældan blett í Syðri-Tungu beitilandi, sem er 24 faðmar á lengd og 16 faðmar á breidd.

Ytri-Knarartungu 16. nóvember 1888

Jón Andrésón (ábúandi í Ytri-Tungu)

Björn Andrésón umboðsmaður yrir Syðri-Knarartungu (handsalað)

Jón Jónsson umboðsmaður.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Stóra-Kamb í Breiðuvíkurbreppi

1. Á milli Grafar og Stóra-Kambs, er sjónhending úr lækjarós niður við vaðla, í vestanverða Rúst, sem er í flóanum, og þaðan í vörðu, sem stendur austanvert við Grafarholtsenda. Þaðan ræður Grafará upp að fossi og þaðan yfir fjall eins og vötnum hallar norður af, ofan í Ölkeldubotna.

2. Á milli Húsanes og Stóra-Kambs ræður sjónhending úr Bekkslækjarósi og í Mannstein og þaðan á Hest. Þaðan ræður egg sú er gengur norður í skarðið.

Stóri-Kambur á mánaðarheit, í Hestbringum.

Stóra-Kambi 8. júlí 1889.

Guðmundur Bjarnason (ábúandi á Stóra-Kambi) (handsalað)

Sigurður Skaptason (ábúandi í Húsanesi) (handsalað)

Eigandi að gröf Brynjúlfur Daníelsson



Gjörð út af ágreiningi um landamerki milli Litla-Kambs og Grafar.

Ár 1921 hinn 24. júlímánaðar voru undirritaðir staddir að jörðunum Litla-Kambi og Gröf í Breiðuvíkurbreppi til þess samkvæmt aukarjettar útnefningu frá 20. f.m. að útkljá ágreining um landamerki tjeðra jarða.

Fyrir lá útskrift úr landamerkjabók sýslunnar um landamerki Stóra-Kambs og Grafar frá 8. júlí 1889. Hvorugur málsaðila lagði fram önnur sönnunargögn í þrætumáli þessu.

Ágreiningurinn er sprottin af óvissu um, hvar Rúst sú er, sem um getur í tjeðri landamerkjaskrá frá 1889, og hvar varða sú sje, eða hafi verið, sem sama landamerkjaskrá segir, að eigi að standa austanvert við Grafarholtsenda.

Eftir að hafa gengið á merkin og athugað alla afstöðu vorum við allir á einu máli um það, að hjer væri um að ræða einstaka Rúst hjerum bil í miðjum flóanum, en aftur á móti ekki rústir þær tvær, sem eru neðst í flóanum og stundum eru nefndar írsku tóftir.

Áminzt varða austanvert við Grafarholtsenda, fyrir finnst ekki, en hlóðum við hana vestanvert við Grafará, þar sem hún myndar bugðu við Grafarholtsendann.

Samkvæmt framanskráðu ákváðum við, að landamerki milli Litla-Kambs og Grafar skulu vera hjereftir þessi:

„Á milli Grafar og Litla-Kambs er sjónhending úr miðjum lækjarósi niður við Vaðla í vestanverða Rúst, sem er hjer um bil í miðjum flóanum, og þaðan í vörðu, sem stendur vestanvert við Grafará, þar sem hún myndar bugðu við Grafarholtsendann. Þaðan ræður Grafará upp að fossi og þaðan yfir fjall eins og vötnum hallar norður af.“

Magnús Árnason.

Guðlaugur Halldórsson.

Jón Proppé.

Þinglestur ókeypis fyrir kirkjujarðasjóð }

Þinglesið á manntalsþingi að Hellnum 23. júní 1924.

PVBjarnason



Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðina Hamraenda í Breiðavíkurbreppi.

1. Á milli Grafar og Hamraenda, er sjónhending úr Baululækjarauga í mitt Bauludý og þaðan í Þrísteina, þaðan í fjallseggjar
2. Á milli Faxastaða og Hamraenda ræður Barná í Barnárauga, þar sem mætast landamerki Faxastaða og Stóru-Hnausa, og úr þeim sjónhending í stóran stein, sem kallast Oddur og þaðan í Hamraendalækjarupptöku.

Sveinn Þórðarson ábúandi á Hamraendum

Brynjúlfur Daníelsson. (ábúandi á Gröf)

Pétur Jónsson (ábúandi á Faxastöðum) (handsalað)

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

Sjá bls. 225.

Sbr. landamerki milli Litla Kambs og Grafar á bls. 87-88.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Stóru-Hnausa í Breiðuvíkurbreppi.

1. Á milli Litlu-Hnausa og Stóru-Hnausa, úr Torfárhólma í upptök Torfár, og þaðan sjónhending í Rauðfeldargjá.
2. Á milli Faxastaða og Stóru-Hnausa, úr Balasteini í Mókollupúfu, úr Mókollupúfu í Smirilsstein og þaðan í Gyltutótt, svo úr Gyltutótt í Barnárauga.
3. Á milli Hamraenda og Stóru-Hnausa, úr Barnsá, þar sem hún fellur fram af hamrinum í stein, sem stendur við Hamraendalæk að austan verðu, og þaðan í upptök Hamraendalækjar.
4. Rekamerki milli Faxastaða og Stóru-Hnausa, eru úr Balasteini og í stóran stein fyrir austan Hamraendalæk, sem ~~stendur~~ kallaður er Oddur; þaðan í grjótskriðu fyrir vestan Hamraendalæk.

Sveinn Þórðarson ábúandi á Hamraendum

Jón Jónsson (umboðsmaður Stóru-Hnausa)

Pétur Jónsson (ábúandi á Faxastöðum) (handsalað)

Hans Ólafsson (ábúandi á Litlu-Hnausum) (handsalað)

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerkjaskrá fyrir Litlu-Hnausum í Breiðuvíkurbreppi

1. Milli Litlu-Hnausa og Grímsstaða, ræður Þrífussuá frá sjó upp í vatnslágar, þaðan sjónhending í Rauðfeldargjá.

2. Milli Litlu-Hnausa og Stóru-Hnausa, ræður Torfá úr Torfárhólma upp að upptökum hennar, þaðan sjónhending í Rauðfeldargjá.

Ólafsvík 14. Maí 1889

Hans Ólafsson, ábúandi á Litlu-Hnausum

Jón Árnason, umboðsmaður Litlu-Hnausa.

Margrét Jónsdóttir, eigandi að Grímsstöðum

Jón Jónsson umboðsmaður (fyrir Stóru-Hnausa.)



Landamerkjaskýrsla milli Hellna og Arnarstapa.

Klettur tveir standa í sjó fram af snös þeirri, sem gengur vestan fram með Skollabrunni; úr dýpri klettinum, sem bæði er hærri og meiri um sig, er sjónhending í fornan grjótgarð, sem liggur frá þjóðveginum á fyrnefndri snös upp hraunið, sem gengur fram austan til við sjóartröð og helzt sama sjónhending [svo] í Merkjastrýp, sem er klettur allstór í vestur hlíð Stapafells, Jökuls megin við Hjartað.

Stapabæ þann 27. Ágúst 1887

Árni Björnsson (ábúandi á Stapa)

Helgi Árnason (ábúandi í Gíslabæ)

Guðrún Bergsdóttir (ábúandi á Yxnakeldu)

Ólafur Ólafsson (ábúandi í Skjaldartröð)

Sem umboðsmaður yfir ofanefndri jörð

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerkjaskýrsla milli Arnarstapa- og Grímsstaða.

Úr svo kölluðum Látur á sandi er sjónhending frá sjóarmáli í svo kallaðan Hestlækjarfoss, sem rennur fram af klettabrún þeirri, sem er fyrir vestan Hestlækjarbala, aptur sjónhending úr fyrnefndum Hestlækjarfossi í svo kallað Hestlækjarauga, sem er í svo kölluðum bringum, sem liggja þvert yfir Stapabotn og Grímsstaðabotn. Aptur sjónhending úr Hestlækjarauga í vestari barm á Rauðfeldargjá, sem er ofanvert í svokölluðu Botnfjalli.

Stapabæ þann 29. ágúst 1887

Árni Björnsson (ábúandi á Stapa)

Margrét Jónsdóttir eigandi að Grímsstöðum

Jón Jónsson umboðsmaður.



Landamerkjaskýrsla

fyrir Hellnabláss og kirkjujarðirnar; Gíslabær, Skjaldartröð, Þrengslabúð, Yxnakelda neðri, Yxnakelda efri og Garðsbúð, sem allar eru eign einstakra manna, sömuleiðis Brekkubær sem er þjóðeign, og ennfremur eyðijörðin Laugarbrekka, sem ásamt eyðihjáleigunum Holti og Hól er eign Hellnakirkju, og einu nafni nefnast Hellnar (Hellisvellir) eiga óskipt og sameiginlegt land og landsnytjar allar, utan túns, sem deilast eptir jarða dýrleika að fornu hundraðatali. En þessi eru landamerki

1. Milli Hellna og Arnarstapa.

Klettur tveir standa í sjó fram af snös þeirri, sem gengur vestan fram með Skollabrunni, úr dýpri klettinum sem bæði er hærrí og meiri um sig, en sjónhending í fornan grjótgarð, sem liggur frá þjóðvegnum á fyrnefndri snös upp í hraunið, sem liggur fram að Skollabrunni austan til við Sjóartröð, og helzt sama sjónhending í merkja strýp, sem er klettur, all stór í vestur hlíð Stapafells, Jökuls megið við Hjartað

2. Milli Hellna og Hleinarpláss.

Á túnamerkjum milli Gíslabæjar og Melabúðar eru þrjár merkja steinar, einn fram við bjargsbrún, annar í melabrun og hinn þriðji í gömlum túngarði milli stóruflatar – að ofan – og Melabúðar-traðar – að neðan – frá honum er sjónhending yfir ofanvert Hellnanes (Hveifarnes) í grjótgarðsspotta fram á bökkunum fyrir austan Króarfjöru í sjó fram, en undir bjarginu eru rekamerkin sjónhending úr merkjasteininum í melbrúninni í merkjasteininn á bjargbrúninni í sjó fram.

3. Milli Hellna og Miðvalla.

Rekamerki eru klettasnös sú vestan til við Merarvík, sem uppgangurinn liggur eptir, en á land upp er sjónhending frá uppganginum í Grænurúst, og þaðan aptur í steininn í Steinhvammi og þaðan sjónhending í miðja Djúpugróf beint í fjall upp.

Landamerkjaskýrsla þessari til staðfestu er allra hlutaðeigenda undirskrifuð nöfn.

Hellnum dag 27. Augúst 1887.

Helgi Árnason fr. Gíslabæ.

Ólafur Ólafsson fr. Skjaldartröð, Þrengslabúð og Yxnakeldu neðri.

Árni Björnsson f. M. Brekkubæ

Guðrún Bergsdóttir Yxnakeldu efri.

H. Thejll (fyrir Garðsbúð)

Pétur Pétursson fr. Miðvelli.

Brandur Jóhannesson fr. Hleinarpláss.

Ólafur Ólafsson. Árni Björnsson. Jón Sigurðsson fyrir Hellnakirkju,-sóknarnefndin.

Sem umboðsmaður yfir Brekkubæ

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Jörðin Gíslabær við Hellna

Tún jarðar þessar liggur áföst við tún Melabúðar að neðan og Brekkubæjar að ofan. En þessi eru túnmerkin:

1. að neðan verðu. Steinn stendur í túngarði milli Stóruflatar og Melabúðartraðar hinnar efri, úr honum bein lína í stein í melabruninni og þá aptur bein lína úr honum í hinn þriðja stein fram við bjargsbrúnina, skammt fyrir ofan Eiríkshleyn. Merki þessi voru gjörð af hlutaðeigandi jarðaeigendum í sýslumanns viðurvist árið 1873 eptir miðjum þrætuparti þeim, sem áður hafði verið, og eru með þinglesnu skjali löggilt fyrir alda og óborna, sbr. afsals- og veðmálabók sýslunnar Nr. 4, bls. 262-63:

2. að neðanverðu í suðurhlíð Gróuhóls eru 2 grjótflog, eða klappir graslausar fram undir klettabruninni, úr efra flaginu er sjónhending bein í stein þann, sem er fyrir vestan Geithólsbrunn og frá honum aptur sjónhending í sömu stefnu í gamlan túngarð á aurnum

Samkvæmt gömlum máldögum endurrituðum 1804, þinglesnum s.á. og upplesnum fyrir kommissionsrétti á Arnarstapa 1821 tilheyra jörð þessari 4. skipsuppsátur og 20 sauðaból á Hellnasandi, 4 hrossa ganga í beitolandinu og reki eptir hundraðatali, en að öðru leyti er Hellnaland óskipt til afnota allra hlutaðeigandi lögbýla á milli –

Gíslabæ við Hellna 11. júnimán 1885

Helgi Árnason

Framanskriðuð túnamerki milli Gíslabæjar og Melabúðar samþykkir umboðsmaður Hleinaplássins.

Staddur að Brekkubæ dag 16. Júní 1885

Jón Árnason

Framanskriðuð landamerki samþykkir og undirskrifar að því leiti er snertir þjóðeignina Brekkubæ við Hellna.

Staddur á Gíslabæ 19. júní 1885.

Ásmundur Sveinsson



Landamerkjaskýrsla fyrir Bárðarbúð með hjáleigum.

Túnamerki milli Gíslabæjar og Melabúðar eru þrír steinar niðurgrafnir, sá fyrsti fram við bjargbrún skammt fyrir ofan Eiríkshlein, annar í Melbrúninni, og sá þriðji í gömlum túngarði í milli stóruflatar að ofan og Melabúðartraðar að neðan; frá honum er sjónhending yfir ofanvert Hellnanes í grjótgarðsspotta fram á bökkum fyrir austan Króarfjöru í sjó fram. Undir bjarginu eru reka merkin: sjónhending úr merkjasteininum í melbrúninni í merkjasteininn á bjargbrúninni í sjó fram.

Þessari landamerkjaskýrslu til staðfestu er allra undirskrifuð nöfn, sem hlutaðeiga.

Bárðarbúð þann 25. August 1887.

Brandur Jóhannesson fyrir Barðarbúð. –

Helgi Árnason fr. Gíslabæ

Ólafur Ólafsson fyrir Skjaldartröð, Þrengslabúð og Yxnakeldu neðri

Guðrún Bergsdóttir fr. Yxnakeldu efri

Árni Björnsson fr. Brekkubæ

Árni Björnsson, Ólafur Ólafsson, Jón Sigurðsson
sóknarnefnd fyrir Hellnakirkju

Jón Árnason sem umboðsmaður Bárðarbúðar



Landamerkjaskrá fyrir Einarlóni og Malarrifi.

1. Milli Einarlóns og Hólahóla, úr miðjum Djúpalonssandi í Djúpalón og þaðan í miðjar hærrí Krossabrekkur og svo í Jökul.

2. Rekamerki milli Lóns og Malarrifs; í miðjan Þrælavíkurgang, en allt beiti og slæjuland óskipt á milli Lóns og Malarrifs að undanskildum túnnum.

3. Milli Malarrifs og Dagverðarár er sjónhending úr Hellraskriðu sunnanvert við Svalþúfu í Helguhól síðan í Merkihrygg og í Jökul upp.

Ólafsvík 14. Maí 1889.

Pétur Pétursson ábúandi á Malarrifi.

Guðrún Bergsdóttir eigandi að Dagverðará.

Jóhannes Jónsson ábúandi á Lóni.

Árni Gíslason ábúandi á Lóni.

Jón Árnson, umboðsmaður ½ Lóns og Malarrifs

pr. Þ. Eyjúlffsson

Jón Jónsson umboðsmaður fyrir Hólahóla

B.Þ.



Landamerkskrá fyrir þjóðjörðina Hólahóla í Breiðuvíkurbreppi.

1. Á milli Einarslóns og Hólahóla, úr miðjum Djúpalónssandi í Djúpalón, og þaðan í miðjar hærri Krossabrekkur; og svo í Jökul.

2. Á milli Beruvíkur og Hólahóla, úr Naustskletti í Stóra-Reiðhól, og þaðan í fremstu Stakkabrekku.

Litla Lóni 25. Maí 1889.

Daníel Vigfússon (ábúandi á Görðum)

Jón Arason (sem ábúandi á Litla-Lóni)

Jón Árnason umboðsmaður Einarslóns

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerkjaskrá

fyrir þjóðeignina Hellu- og Helludal, og bændaeygnina Garða og Nýjubúð og Bakkabúð í Bervík, sem hafa átt og eiga óskipt beitiland og allan reka.

1. Á milli Hólahóla og Bervíkur, úr Naustkletti í Stóra-Reiðhól, og þaðan sjónhending í fremstu Stakkabrekku.

2. Á milli Saxahóls og Bervíkur, úr Hranavör í stóra vörðu á hrauninu, og þaðan sjónhending í miðjan Blákolluhrygg og þaðan í Jökul.

Bervík á lynngrif í Saxahólslandi, en Saxahóll á aptur Selveiði og reka suður í Kópatjarnir í Bervíkurlandi, og skipsuppsátur og búðarstöðu.

Bervík 25. maí 1889.

Daníel Vigfússon (ábúandi á Görðum)

Ármann Jónsson (ábúandi á Saxahóli)

Jón Arason ábúandi á Litlalóni

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Saxahól í Breiðuvíkurbreppi.

1. Á milli Öndverðarness og Saxahóls, úr Hvalrauf sjónhending til Vigisborgar þeirrar er stendur hjá Hraknesbrunni; þaðan sjónhending til Þistilshellu.

2. Á milli Gufuskála og Saxahóls, úr Þistilshellu sjónhending í Miðfell og þaðan í Jökul.

3. Á milli Bervíkur og Saxahóls, úr Hranavör í stóra vörðu á hrauninu, og þaðan sjónhending í miðjan Blákolluhrygg, og þaðan í Jökul.

Ennfremur á Saxahóll selveiði og reka suður í Kópatjarnir í Bervíkurlandi, og skipsuppsátur og búðarstöðu í Bervík, og sömuleiðis skipsuppsátur og búðarstöðu á Öndverðarnesi.

Aptur á Bervík lyngrif í Saxahólslandi, og sömuleiðis á Öndverðarnes lyngrif í Grashól í Saxahólslandi.

Saxahóli 25. maí 1889.

Sýrus Andrésen (ábúandi á Öndverðarnesi)

Sæmundur Guðmundsson ábúandi á Gufuskálum (handsalað.)

Daníel Vigfússon (ábúandi á Görðum)

Ármann Jónsson. (ábúandi á Saxahóli)

B. Þorkellsson ábúandi á ½ Gufuskálum

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerki Öndverðarness.

Öndverðarnes á land suður með sjó til Hvalsraufar og þaðan sjónhending til Vigisborgar þeirrar, er stendur hjá Hraknesbrunni, þaðan sjónhending til Pistilshellu, þaðan sjónhending í Fjörुकlyfsklett austan til við Skarðsvík. Ennfremur á Öndverðarnes lyngrif í Saxahólslandi en Saxahóll á búðarstöðu og skipsuppsátur á Öndverðarnesi

Undirskrifaðir allir samþykkir um ofanskrifuð landamerki.

p.t. Öndverðarnesi 28. marz 1889.

Fyrir hörn síra Jónasar Guðmundssar [svo] á Staðarhrauni. Jón Árnason

Ármann Jónsson (ábúandi á Saxahóli)

Sæmundur Guðmundsson ábúandi á Gufuskálum

Sýrus Andrés�on ábúandi á Öndverðarnesi

P. Eyúlfsson sóknaprestur að Staðastað

Jón Jónsson umboðsmaður í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði



Landamerkjaskýrsla

Samkvæmt samningi gjörðum á áreið, framkvæmdri í dag og eptir því sem hingað til hefur verið, eru landamerki fyrir rekaítök þau, er fylgja Búðakirkju samkvæmt konungsúrskurði, dags. 25. Sept. 1878 þannig:

1. á milli Grafarreka og Hamraendareka:

Bein sjónhending frá sjávarmáli í hlaðna vörðu fyrir utan lækjarbakka í Grafarlandi í útnorðurhorn á tröð, sem er vestan til í Grafartúni að sjá í mitt Hólabyrgi upp á barðinu.

2. á milli Grafarreka og Kambsreka:

Bein sjónhending frá sjávarmáli gegnum hlaðna vörðu, sem stendur á litlum hól neðst á grasbrekku að sjá upp í hina svo kölluðu Gyltutópt neðan til í Kambstúni og þaðan í miskrök á Kambsgili neðst.

3. á milli Sandsendareka og Kambsreka:

Bein sjónhending frá sjávarmáli að sjá úr baðstofuna [svo] á Miðhúsabæ í hina í [svo] fornu Knararkirkju eða beina sjónhending frá sjávarmáli að sjá í hlaðna vörðu, sem stendur á grasbakknum á Miðhúsatúni fyrir vestan bæinn og upp í Knaragil efst.

4. á milli Sandendareka og Hraunlandsreka:

Bein sjónhending frá krossi, sem merktur er á kletti við sjóinn í hlaðna vörðu í hrauninu og þaðan í mitt Egilsskarð.

Búðum 20. júní 1885

Ásmundur Sveinsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

H.Thejll Búðakirkjuhaldari

Sveinn Þórðarson Hamraendum

handsalað G. Oddsson

Guðmundur Bjarnason frá Kambi

handsalað G. Oddsson

Sigurður Þorgilsson Miðhúsum

handsalað G. Oddsson

Viðstaddir vottar:

Jóhann Þorsteinsson í Tungu handsalað Ásm. Sveinssyni

Brynjólfur Daníelsson Gröf – sömuleiðis

Árni Bjarnason á Stapa – sömuleiðis

Andrés Andrésson Bláfeldi – sömuleiðis

G. Oddson.

Meðt. hér f. kont. 1 kr. – ein – kr.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

að Brekkubæjarþingst. á mannt.þg. 23./6 85 S.J.



Landamerkjaskrá í Staðarsveit

Landamerkjaskrá fyrir þjóðeigninni Elliða í Staðarsveit

1. Milli Elliða og Ytra-Lágafells eru landamerki, úr yzta klofning á Markgili sjónhending í stein á Hrísholti (eða Deildarholti) þaðan í merkjapytt.
2. Milli Elliða og Bergsholtskots, úr merkjapytti sjónhending í Grástein, þaðan í Böltarholt og þaðan sjónhending í Blágil, að Furubrekku.
3. Milli Elliða og Furubrekku, úr merkjavörðu sjónhending í Kaplastein og þaðan í Faxastein, sem stendur fremmst á fjallsbrúninni.

Elliða 29/12 1888

Kristján Elíasson (á Lágafelli)

Jón Jonsson (ábúandi)

Kristján Sigurðsson (á Furubrekku)

Samþykkur Jón Jónsson umboðsmaður.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeigninni Gaul í Staðarsveit

1. Á rekanum þar sem Melholt á land að, skilur sjónhending í Tjarnarholt, hvar varða stendur, og þaðan í Bálkastaðaskjól, hvar varða stendur, og bera þá saman hæðstu nybbur á nefndum holtum; svo úr Bálkastaðaskjóli, upp í stein í Mársstaðakeldu.

2. Móts við Hofstaðaland, úr nefndum steini út í (ytri endan á brú þeirri er liggur fyrir sunnan) stóran stein á Reiðhamri. Svo ráða þjóðgötur eptir langholti út að Gróutjörn.

3. Ytra Lágafellsland. Svo úr efri endanum á Gróutjörn út í Gróuholt, í vörðu á vestari endanum, og svo beint úr henni ofan í upptökin á Grólæk. Svo ræður Grólækur ofan eptir þar til

4. Krossaland byrjar, við keldu þá er liggur fyrir ofan Brúarholt og Bollaholt og Stekkjarholtið á Syðri-Krossum, og úr henni sjónhending í Deildarhamar.

Athugasemd. Nefndur Deildarhamar, ætla ég að sé á milli Gaularhamars og Krossahamars; en presturinn á Staðarstað ætlar hann vera þar sem nú er nefndur Gaularhamar.

Gaul 23. júní 1885

Björn Andrésson

Rétt eptirrit staðfestir Jón Jónsson umboðsmaður.

Hér greindum landamerkjum millum Gaular og Staðastaðarkirkjujarðarinnar Krossa er ég samþykkur að öllu öðru leyti en því, að ég, samkvæmt því, sem skilið er og hefir verið af öllum kunnugum mönnum, skil fyrir „Deildarhamar“, hamar þann, sem nú er ýmist af almenningi nefndur „Deildarhamar“ eða „Gaularhamar“ en ekki hið litla og ómerkilega skér, sem er neðst á sandinum milli Krossahamars og Gaular- Deildar)hamars, [svo] sem ég veit ei heldur til að neinir kalli Deildarhamar, né nefni neinu nafni.

Staðastað 21. Desember 1888

Þ. Eyúlfsson

Að framanskriðuð landamerki milli Gaular og Hofstaða séu rétt samþykki ég sem umboðsmaður hinnar síðarnefndu jarðar.

Rauðkollsstöðum þann 20. August 1889

Þórður Þórðarson

Þessum landamerkjum samþykkur.

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerkjaskrá fyrir umboðsjörðinni Saurum í Staðarsveit.

Fyrst sjónhending úr tjarnarviki í neðra Tjarnarholt, úr neðri Tjarnarholti úr neðsta skjól, úr neðsta skjóli í Bálkastaðaskjól, úr Bálkastaðaskjóli í Stakk, úr Stakk í Tvísteina, úr Tvísteinum í Þverlækjarmynni, þaðan sjónhending í engjvatn austan rúst á Saura breið, þaðan aptur vötnum í tjarnarvik

Samþykkur. Jón Jónsson Borgarholti

Samþykkur Kjartan Magnússon á Hofstöðum

Gísli Guðmundsson ábúandi.

Samþykkur hvað Gaular landamerki áhrærir

Jón Jónsson, umboðsmaður.

Landamerkjaskrá þessi er feld úr gildi með landamerkjaskrá fyrir Saura með eyðijörðinni Melkoti í Staðarsveit, sem innfærð er á bls. 179
hjer að aftan.



Landamerkjabréf fyrir Melkoti í Staðarsveit

Merki milli Gaular og Melkots beint frá sjávarmáli í tjarnarholt er bera á í Sauraskjól úr tjarnarholti sjónhending í tjarnrvík, sem er á milli Melkots og Saura, svo ráða tjarnirnar í Mellæk og beint úr honum í rekamerki þar sem Brekkuhóll ber í Djúpaskarð í Borgarholtsbæjarborg.

Melkoti 1. September 1889

ábúandi Magnús Jónsson,

Óli Jón Jónsson ábúandi á Stakkhamri.

Að landamerki á milli Melkots og Borgarholts séu neðan vert eptir vatninu, er ég samþykkur.
Jón Jónsson ábúandi í Borgarholti.



Landamerki fyrir jörðinni Melkoti liggjandi í Staðarsveit, eru þessi:

1. Á milli Stakkhamars og Melkots er hóll, sem kallaður er Brekkuhóll; þá staðið er við sjó skal hann (hóllinn) bera á Borgarholtsbæjardyr, úr hólnum sjónhendingu yfir tjarnarengi og í Keldu fyrir neðan Sauratún, þaðan sjónhendingu í Tjarnarholt fyrir ofan svokallaða Sauratjörn, úr holtinu og yfir tjörnina í Grená og svo beint til sjávar. Á þessa hlið sést þetta best að standa við sjó við Grená, skal þá Tjarnarholt bera við Sauraskjól er stendur langt upp í flóa, fyrir neðan Bálkastaða og Gaularskjól.

2. Reka allan á milli áður taldra merkja við sjó á jörðin.

Staddur að Melkoti 4. Júní 1886

Þorleifsson.



Landamerkjaskrá fyrir jörðina Bergsholt með Bergsholtskoti

Fyrir ofan Gróulæk er holt, er Gróuholt heitir, og er varða á vestan verðu holtinu. Sjónhending úr téðri vörðu í Grástein þaðan og í Baltarholt, þaðan og í Hnausunga, með vörðuna á holtinu fyrir utan Bergsholtsstekk, þaðan beina sjónhending ofan í Stóruhornsholt, þaðan sjónhending í Svartakeldu austan við Viðralæk. Svo upp með Viðralæk, sem ræður upp í vikið austan megin lækarins hvar keldujarðfall er í bakkann og varða er hlaðin; þaðan í Bolastein austar í flóanum; þaðan í Merkjikeldu, er rennur austur í Gróulæk, fyrir ofan Þríholt. Ræður síðan Gróulækur upp að djúpapyttinum fyrir ofan vaðið; þaðan í fyrst nefnda vörðu á Gróuholti.

Staddur að Staðastað 7. Maí 1885

Þorleifsson (fyrir hönd eiganda)

Samþykktur vegna Staðastaðarprestakalls.

P. Eyúlfsson



Landamerki

fyrir jörðunum, bændaeyginni [svo] Haga og þjóðeyginni Hagaseli, sem hafa óskipt beitiland en engjar skiptar.

1. Á móts við Tungupláss að sunnan verðu ræður Staðará ^{Netá} frá Hagavatni, austur þar til Laxár farvegur byrjar, svo að austan verðu eftir Laxárfarveg móts við Tungulönd og Slítandastaða land að ofan ræður nefndur farvegur upp til fjallseggja þar til vötnum hallar norður af; svo eins og fjalleggjar ráða vestur á móts við Svarthamar, og úr Svarthamri að vestan verðu á móts við Þorgeirsfellsland, ræður bein sjónhending ofan í Markhrygg, og úr Markhrygg ofan í Landamerkjaholt, og úr því beint ofan í Lómatjarnarós, úr honum ræður á móts við Kirkjuhólsland Hagalækur, suður í Hagavatn, svo ræður Hagavatn þar til ofangreind Netá byrjar.

Engjar, sem Hagaseli tilheyra að utan Vallnaá ofan frá Vaðstapavaði eins og Vallnaá ræður ofan á móts við Fagurhól, þar til smiðjan í Haga hverfur undir Fagurhól. Að vestan verðu markast slægur þessar af með beitilandi, svo ræður að austan verðu við áðurgreinda Vallnaá, ræður hún ofan eptir frá Vaðstapavaði, ofan að Merkjakrók, hvar varða skilur að sunnan verðu frá Hagaengjum austur í þúfu á móabará, svo ræður Laxárfarvegur upp að Afhleypuholti, og þaðan beint út í Byrtingslækjar kjapt og beggja megin á honum upp að Lækjamóti. Blátjarnar engi er óskipt á milli Beggja jarðanna.

Engjar, sem Haga tilheyra eru frá fyrnefndri þúfu á móabará, sem skilur frá Hagasels engjum, úr henni austur í forna farveg, og eins og hann ræður ofan í Netá, út að Vallnaá og eins og hún ræður upp að merkjakeldu, eða kelduviki og fyrir vestan Vallnaá frá Hagasels engjum við Fagurhól ofan eptir eins og hún rennur ofan í Netá, og með henni vestur í Hagavatn, og afmarkast við beitiland að vestan verðu upp að Fagurhól. Ítak sem Þorgeirsfell á í Hagaengjum, er frá merkjakeldu er fyr er nefnd við Hagaselsengjar, ofan með Vallnaá þar til kemur ofan í Kelduvik, sem skilur frá Hagaengjum og í austnorrður í þúfu er stendur við kelduendann, og úr henni upp að fyrnefndum Merkjakrók við Vallnaá.

Þar á móti á Hagi frjálsa fjárbeit í Þorgeirsfellslandi.

Hagaseli 16. november 1888

Ábúendur Sigurgeir Sigurðsson [og] Páll Pétursson

Samþykktur hvað landamerki móts við Syðritungu áhrærir.

Staðastað 19. Febrúar 1889

Þ. Eyúlfsson

Hvað landamerki Haga áhrærir er fyrir hönd eiganda samþykktur

Borg 27. Marz 1889

Stefán Guðmundsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Samþykktur ítaki því er Þorgeirsfell á í Hagalandi n.l. engjabletti, og landamerkjum milli Hagasels og Haga og Þorgeirsfells er fyrir hönd eigandans og beitar ítaki því er Hagi á í Þorgeirsfellslandi fyrir slægjur.

Þorbjargar Jóhannesdóttur

Páll Kristjánsson

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs.



Skrá yfir landamerki allra Staðastaðarkirkjujarða

1. Prestssetrið Staðastaður.

Frá svo nefndri Markrúst niður á Sandi, upp undan Rifsskéri; þaðan ^{upp} með Krossalandamerkjum upp að Krossalæk, út með honum að keldu þeirri, sem liggur fyrir ofan Mararnesgarð út í Viðralæk, og upp með honum utanverðum, alla leið upp að Furubrekku landamerkjum neðanverðum, og út með þeim, uns Ölkeldu landamerki viðtaka, allt út í Staðará, þar sem lækurinn Tálmi kemur í hana; síðan út með Staðará og Grafar og Alptavatnslandamerkjum neðanverðum, allt út í Granagarð, sem ræður landamerkjum að untanverðu, suður að sjó fram. Þaðan á Staðastaður með hjáleigum sínum: Árnesi, Bolavöllum, Tröðum og Traðabúð, sem allar eiga óskipt land í Staðastaðarlandi, land og reka með sjó, allt inn að áðurnefndri Markrúst.

Engja ítak á Staðastaður í Furubrekkulandi fyrir austan Stórufuru, niður að landamerkjum, frá því, er að ofanverðu ræður: Alptavatn í Stóruborg í Þorgeirsfellshyrnu; að austan ofan í Stórukornholt, Furubrekka í Egilsskarð. – Og annað engja ítak í Fosslandi, er Fossskákar heita, ofan með Stórufuru niður í Ármót, millum ána, upp í þúfu á Stórufurubakka, og aðra á Litlufurubakka.

2. Krossar (Syðri og Ytri Krossar orðnir ein jörð).

Að utanverðu að Staðarstaðar og Arnartundu [svo] landamerkjum að ofanverðu, upp í keldu þá, er gengur út í Grólæk og tekur til hjá keldu þeirri, sem gengur fyrir ofan Brúarholt, Boltuholt og Stekkjarholt, og ræður landamerkjum austur úr; austan megin er sjónhending úr keldunni austan til við Stekkjarholt í Deildarhamar við sjó fram. Krossar eiga Krossa engi í Staðastaðarlandi, fyrir ofan Vatnsflóa.

3. Arnartunga.

Hún á út með öllum Krossalæk, út að Mararnesi, og þaðan fyrir ofan Mararnes og í keldu þá, sem gengur fyrir ofan Mararnesgarð og út í Viðralæk, jafnt við Bolastein, sem stendur suður í mýrinni fyrir sunnan Viðralæk.

4. Furubrekka.

Steinn stendur uppí fjalli, fyrir sunnan kúlu, er Faxafallssteinn (Kaplasteinn) heitir; þaðan sjónhending ofan í Hnausunga – það eru steinar, sem standa á holtinu fyrir utan Bergsholtsstekk; þaðan ofan í Staurrima og Litlukornholt; þaðá út í Furu; þá ræður Furufarvegur (Litlafura) til fjalls. Þetta er land Furubrekku og Foss til samans, í landi þessara jarða á Staðarstaður, einsog þar er greint engja ítak fyrir austan Furu í Furubrekkulandi, og annað í Fosslandi, er Fossskákar heita, millum Stóru og Litlufuru.



5. Ölkelda.

Furufarvegur gamli (Litlafura) ræður fyrir austan til fjalls; hún á Lyngkinn alla út í Markhrygg; úr Markhrygg ofan í Miklaholt, og þaðan ofan með læk þeim, sem kallast Tálmi; hann ræður ofan í Staðará, þar til sjónhending er frá Furu: að efri þúfan á Móholti skal standast á við norður hornið á Staðastaðarheygarði.

6. Gröf

Hún á suður (austur) í Markhrygg, og út í rústina fyrir utan Titlingshól Engi (Grafarspotta) á hún fyrir neðan Fossskákar.

7. Álptavatn.

Á suður í rústina fyrir utan Titlingshól, og þaðan út í Krossdalsgil; sjónhending þaðan ofan í stein þann, er stendur á Melrakkaholti; þaðan sjónhending í Barnalækjarauga.

8. Hóll (efri).

Á suður (austur) að fyrgreindum Álptavatnslandamerkjum; sjónhending úr Barnarlækjarauga út í Sátuholtskeldu; þá ræður keldan uppí dýið, sem er fyrir neðan Holtatöglin, og þaðan upp eftir holtum og í stein þann, sem stendur á Háubrekku, og þaðan til fjalls.

9. Slítandastaðir.

Eiga sunnan (austan) að Hólslandamerkjum; úr Sátuholtskeldu og í Barnalækjarauga ^{úr} Barnalækjarauga fyrir ofan Smalaskálholt, og út í Laxárfarveg gamla; þá ræður Laxá til fjalls.

10. Syðritunga, með Hól syðra og Glaumbæ.

Allar þessar þrjár jarðir eiga saman óskipt land. – Á grasnyt alla millum Granagarðs og grjóthrógu þeirrar, sem stendur á sjávarbakkanum hjá læknum, sem rennur á millum Tungnanna, þaðan sjónhending upp í Kjósarhól; þaðan upp í Staðará; Hún á 10 hundraða land fyrir ofan Staðará, sem kallast Barnanes; og ræður Laxárfarvegur forni fyrir utan, en Barnalækur fyrir sunnan (austan), en kelda fyrir ofan, sú sem gengur úr Laxárfarvegi forna suður (austur) í Barnalæk. Granagarður fyrir neðan ~~ofan~~ í Staðará ofan í sjó.

11. Ytritunga með Lukku.

Á suður (austur) að Syðritungulandamerkjum, og upp í Höfuðhól, og þaðan út með Hólmsvatni, út í garðinn, sem gengur frá vatninu og ofan til sjávar að Hrafshelli (Hrafnakór.)

12. Böðvarsholt. –Sjá O-21-

Landamerki þess eru þessi, af öllum óátalin: Að austanverðu (Bláfeldarjarðamegin): Grunnskér og Djúpskér bera saman niður við sjó; þaðan sjónhending upp í Veðurá, sem rennur ofan úr fjalli fyrir austan Kambshaus. En að verðu (Kálfárvallamegin): Úr Kambshaus



(Böðvarsholtshyrnu) upp í fjalli, sjónhending ofan á Háabala, sem er upp undir fjalli, og þaðan sjónhending ofan í Sveltingsár, þar sem þær koma úr grasi.

13. Einarslón og Malarrif

eiga saman óskipt land, nema að því leyti, að reka merki millum Lóns og Malarrifs eru á miðri Þraelavík. Jarðir þessar eru að helmingi eign Staðastaðarkirkju, en að hinum helmingi Kolbeinsstaðarkirkju. Landamerki eru þessi: Að utanverðu millum Hólahóla og Lóns: Í miðjan Djúpalónssand; neðan þaðan sjónhending í Hrúthól, aðrir nefna Krossabrekkur: Að innan eða austanverðu millum Lóns með Malarrifi og Dagverðarár; Krúhella við sjó fyrir austan Svalþúfu, og í stóran stein upp á henni, ofan veginn, sjónhending í Hrúthól, upp í hrauninu, og í Merkjahrygg upp í jöklinum.

14. Gufuskálar (hálfir Staðastaðarkirkjueign, hálfir umboðseign).

Landamerki: að innanverðu (Hraunskarðs eða Hjallasandsmegin), samkvæmt sættanefndar skoðunargjörð og álit 7. August 1809, samþykktu og undirskrifuðu af öllum hlutaðeigendum: Úr Sjónarhól upp undir jökli í stapa þann, er stendur fyrir ofan götu í svokölluð Prestahrauni; þaðan sjónhending til sjávar í Marksteina, er standa fyrir ofan Kópatjörn, þá ræður til sjávar landa og rekamerkjum, samkv. sættagjörð 18. Júlí 1855. „Lækur sá, sem fellur úr Kópatjörn og kallast Rennsli, og sé þá miðað við farveg þann, hvar vatnið rennur fram af stein þröskuldi og klappir eru til beggja hliða; og ræður svo renna þessi, eins og hún fellur austast til sjávar. Að utan verðu, milli Gufuskála og Öndverðarness: Frá Hallskletti í Skarðvík sjónhending upp miðja Djúpadali upp í Hreggnasa.

Eptir máldaga broti, rituðu að Arnarstapa af Guðmundi sýslumanni Sigurðarsyni, veturinn 1735, eiga Hraunskerðingar (Sandarar) netlög í skértanga þann, er liggur fyrir austan Selatanga. Þeir eiga ítök í Gufuskálandi: beit 80 gamalla sauða, og svo nautum sínum, og heimilt, að fé renni um allt land. Hraunsskarðsmenn eiga að gæta fjár síns við stakkgarði. Beit hefst þá er 6 vikur eru til vetrar, og til þess, er 6 vikur eru af sumri. Hraunsskarðsmenn eiga ei utar náttból fé sínu, en undir Írakletti.

15. Litlikambur í Breiðuvík (Sbr. landamerki milli Litla-Kambs og Grafar bls 87-88)

eyðijörð tilheyrandi helminga hverju, Staðastaðarprestakalli og Nesþingum, á óskipt land saman við Stórakamb í Breiðuvík, og því sömu landamerki og sú umboðsgjörð.

Framanskriðu landamerkjalyking er No. 1-11 byggð á landamerkjaskrá þeirri, sem frá fornu stendur rituð í embættisbókum prestakallsins, og veit ég engan ágreining um nein þau landamerki, sem þar eru greind. Landamerki No. 12 eru eptir skýrslu gamals ábúanda, hverri ábúendur næstu jarða tjá sig samþykka. Landamerki No. 13 eru skráð eptir landamerkjaskrá Ásgríms Hellnaprests Vigfússonar og skýrslu núverandi ábúenda. No. 14 er byggt á þar tilvitnuðum skilríkjum.

Staðastað 20. August 1884



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

P. Eyjúlffsson

Samþykktur umboðsins vegna

Hallbjarnareyri 20 jan. 1885

Ásmundur Sveinsson

Athugasemd við No. 3 og 4, Arnartungu og Furubrekku að því leyti sem téðar jarðir liggja að landamerkjum Bergsholts með Bergsholtskoti:

Fimm vörðubrot standa á holtinu fyrir utan Bergsholtsstekk. Er sjónhending úr „Hnausungum“, sem er miðvarðan á holtinu, svo tvær eru milli hennar og stekkarins og tvær fyrir utan, ofan í Stórukornholt. Þaðan sjónhending í Svörtukeldu austur við Viðralæk. Svo á Arnartunga upp með Viðralæk upp í vikið og kelduna, hvar varða er hlaðin á bakkanum, þaðan í Bolastein austur í flóanum, þaðan í Merkikeldu er rennur austur í Gróukeldu fyrir ofan Þríholt.

Staðastað 7 Maí 1885

P. Eyjúlffsson.

Samþykktur vegna Bergsholts

Þorleifsson (fyrir hönd eiganda)



Landamerki fyrir þjóðeigninni Kirkjuhóli í Staðarsveit.

1. Að vestanverðu ræður á móts við Syðri-Garðaland úr Hvalvík upp eptir, eptir garði þeim, sem liggur á milli Brekkutjarnar og Kirkjuhólstjarnar beint upp í Hagalæk við Lómatjarnarós, svo ræður Hagalækur á móts við Hagaland suður að ^{Hagavatni, svo ræður Hagavatn suður að} Merkjagarði þeim er liggur ofan eptir og skilur Ytri-Tunguland frá Kirkjuhólslandi, ofan í vörðu þá er heitir Leiðarvarða, er stendur á sjóarbakka fyrir austan Kirkjuhólstún; svo ræður á móts við Ytri-Tungu reka úr vörðu þessari vestur eptir fjörunni í Hrafnshellir (Hrafnakór), svo á Kirkjuhóll reka frá Hrafnakór vestur í Hvalvík, sem fyrr er getið.

Kirkjuhóli 20. október 1888

Benóní Þórarinsson

Samþykkur hvað landamerki móts við ytri Tung [svo] og Lukku áhrærir

Staðastað 19. Febrúar 1889

P. Eyúlfsson

Samþykkur um landamerki milli Kirkjuhóls og Syðri-Garða fyrir hönd eigandans herra prófasts Páls Ólafssonar á Prestsbakka við Hrutafjörð.

Kjartan Magnússon

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerki milli Syðri-Garða og Kirkjuhóls:

Ræður garður sá, sem gengur úr Hvalvík til óssins þess ytra á Lómatjörn, og þaðan sem Álfhólakelda heldur; þaðan sjónhending í Klaufastein, þar frá í uppi Hyrnufót er þá gnæfir upp yfir fjallið; þaðan, sem hæðir halda að Engjalæk, þá ræður nefndur lækur í Höfðavatn en vötn ráða allt hið efra út til Lýsu, en hún ræður allt til sjávar.

Þessi landamerki eru samkvæm lögfestu 9. Júlí 1775, þynglýstri sama dag að Syðri-Görðum s.á.

Testerar J. Árnason

Ytri-Görðum 24. júní 1885

Jón Árnason ábúandi í Ytri-Görðum handsalað

Kjartan Magnússon ábúandi á Syðri-Görðum

Ásmundur Sveinsson umboðsmaður Arnarstapa



Landamerkjaskýrsla
[Vatnsholt, Garðar, Lýsuhóll og Lýsudalur]

1. Milli Vatnsholts og Garða. Bein sjónhending frá sjó í ~~gegna~~ gegnum Vatnsholtsármynni opið þar, sem Vatnsholtsá fellur niður í Hópið og upp í Lýsugljúfur.

2. Milli Vatnsholts og Lýsuhóls: Frá merkjahyl í Lýsu, þar sem hlaðinn [svo] er torfvarða vestanvert við ána bein sjónhending í efra hraunsnef á Litlahrauni og ræður þaðan aptur bein sjónhending úr hraunsnefinu upp í Hrútsgil

3. Milli Lýsuhóls og Lýsudals. Bein sjónhending frá Merkjahyl þeim í Lýsu, og torfvörðu sem hlaðin er verstanvert við hylinn upp í Lýsugljúfur.

Ofanrituð landamerki höfum við undirritaðir gjört og samþykkt.

Vatnsholti og Lýsudal 24. júní 1885.

Ásmundur Sveinsson umboðsmaður Arnarstapa

Arnfinnur Arnfinnsson ábúandi á Vatnsholti (handsalað)

Jón Magnússon ábúandi á Lýsudal

Jón Arnason ábúandi á Ytri-Görðum (handsalað)



[Lögfesta fyrir Ytri- og Syðri-Garða í Staðarsveit]

Ég Páll Ólafsson lögfesti hér í dag jarðirnar Ytri- og Syðri Garða liggjandi í Staðarsveit með öllum gögnum og gæðum eignum og ítökum sem téðum jörðum að fornu og nýju fylgt hefur og með réttu fylgja ber, til þessara um merkja mót annara löndum nefnil. millum Syðri-Garða og Kirkjuhóls, ræður garður sá, sem gengur frá Hvalvík til óssins þess ytra á Lómatjörn þaðan sem Álfhólakelda heldur, þaðan sjónhending í Klaufarstein, þar frá í Hyrnufót, er þá gnæfir upp yfir fjallið, þaðan sem hæðir halda að Engjalæk, þá ræður Engilækur í Höfðavatn, en vötn ráða allt hið efra út til Lýsu, en hún ræður allt til sjáfar. Hér að auk þessu, ég lögfesti ítökum jarðanna nefnilega^{skír} eign Melengi á Bláfeldarjörðu ytru út frá vöðum og upp undir Hrauná og til rana þess, sem gengur fyrir ofan þvergarð í Hraunsmúlalandi; lögfesti ég hús og tún, engjar og úthaga, holt og skóga vötn og veiðistöður, reka og skipstöður, eggver og allar jarðar nytjar, fyrirbýð ég öllum og sérhverjum þessar lögfestujarðir, að yrkja og beita í að vinna eður af að hafa utan mitt sé lof eður leyfi til. Legg ég við þær frekustu sektir, sem lög segja þeim á hendur, ef nokkur veitir skaða eður skemmdir þessum jörðum að vitni allra ærlegra manna, sem þessa lögfestu sjá eður heyra.

Til staðfestu er mitt undirskrifað nafn og heimili.

Prestsbakka 10. Júní 1885

Jón Árnason ábúandi á Ytri-Görðum

Páll Ólafsson

Kjartan Magnússon ábúandi á Syðri-Görðum.



[Lögfesta fyrir Syðri- og Ytri-Garða í Staðarsveit og Staðastaðarkirkjusókn]

Ég Páll Ólafsson lögfesti hér í dag jarðirnar Syðri- og Ytri-Garða í Staðarsveit og Staðastaðarkirkjusókn með öllum þeim gögnum og gæðum, sem téðum jörðum fylgja ber og fylgt hefur, nefnilega festi ég lög fyrir land allt til þessara réttar skrifaðra merkja mót annara manna löndum, fyrst milli Kirkjuhóls ræður hofgarður í Kirkjuhólstjörn, þar næst Helgutjörn, þaðan í Lómatjörn, síðan sem Álfhólakelda ræður í Hertjarnarós syðra, síðan sjónhending í Hyrnufót, þaðan sem vötnum hallar í Engjalæk, sem rennur í Torfvatn, þá sem vötn og ár halda í Reiðarvatn, þar eptir sem Vatnsholtsá ræður í Vatnsholtshóp og þá í sjó út.

Hér að auk festi ég lög fyrir ítök jarðanna nefnilega Melengi sem gengur undir Syðri-Garða og Kýrengi, sem liggur undir Ytri-Garða, bæði í Bláfeldarlandi, líka það engi, sem liggur út frá vöðum og upp með Hraunsá og til rana þess er gengur fyrir ofan þvergarð í Hraunsmúlalandi, svo framt, sem engi er með lögum og landsrétti, fyrirbýð ég öllum og sérhverjum þessar lögfestu jarðir að brúka eða yrkja utan þeim, sem mitt leyfi þar fyrir hafa og legg ég við þær frekustu sektir, sem landslög leyfa, ef móti þessu forboði mínu ólöglega gjört er að vitni ykkar allra ærlegra manna er þessi orð heyra.

Prestsbakka þann 3. júnímanaðar 1889.

Páll Ólafsson

Samþykkur Jóhannes Jónsson handsalað.

Samþykkur Benóní Þórarinsson handsalað.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina jörðina Hraunmúla í Staðarsveit

1. Að sunnan verðu ræður engjalækur ofan úr fjalli og ofan í Torfvatn, svo ræður Startjarnarós út í Reiðarvatn, svo ræður miðá út í miðgarð.

2. Að vestanverðu er sjónhending úr merkjasteini í hólaskarði, ofan í Einbúa, og þaðan í Miðgarð í Miðá.

Hraunsmúla 24. ágúst 1888

Jón Magnússon ábúandi á Lýsudal

Jóhannes Jónsson ábúandi

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Lýsudal í Staðarsveit.

1. Að vestanverðu, frá Merkjahyl, sjónhending í Lýsugljúfur.
2. Að sunnanverðu er sjónhending úr Merkjasteini í Hólaskarði í Einbúa, og úr Einbúa í Miðgarð í Miðá, og svo ræður áin þar til hún kemur í Lýsuvatn. Svo ræður Netá út að Lýsu, upp að Merkjahyl.

Lýsudal 24. ágúst 1888

Jón Magnússon (ábúandi)

Jóhannes Jónsson (ábúandi á Hraunsmúla)

Sem umboðsmaður fyrir Lýsuhól og Vatnsholt, sem nú eru í eyðijarðir [svo].

Jón Jónsson umboðsmaður



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Lýsuhól í Staðarsveit

1. Sjónhending úr Merkjahyl í Lýsugljúfur og þaðan upp í fjallseggjar.
2. Sjónhending úr Merkjahyl í efri endan á litlahrauni og þaðan upp í Hrútsgil, og svo í fjallseggjar.

Lýsuhóli 24. ágúst 1888

Jón Magnússon ábúandi á Lýsudal

Jón Jónsson umboðsmaður fyrir ofanefndri jörð og Vatnsholti.



Landamerki fyrir þjóðeigninni Vatnsholti.

Milli Vatnsholts og Barðastaða ræður áin Urriðaa frá sjó upp að Merkjasteini, sem stendur á holtinu neðan nefnda á, út og niður frá Vatnsholtsvatni, og úr Merkjasteini upp í Grástein í Grásteinshvammi og þaðan beint upp yfir hraun og í syðri endan á Svarthamri, og þaðan beint upp í fjallseggjar. Svo eptir fjallseggjum að Hrútsgili og úr Hrútsgili ofan í austara litla hraunhornið, og þaðan beina sjónhending suður í vörðu þá sem stendur utan til við ána Lýsu, og svo ræður áin Lýsa ofan í Vatnsholtsá; svo ræður Vatnsholtsá á móts við Ytri-Garðaland þar til hún kemur úr grasi við hópið og þaðan beint niður til sjóar

Vatnsholti 2. September 1887

Arnfinnur Arnfinnsson ábúandi

Jón Árnason Ytri-Görðum

Jón Jónsson umboðsmaður í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði.

Sigurður Þorsteinsson ábúandi á Barðastöðum

handsalað Jón Jónsson.

Til umboðsmannsins yfir Arnarstapa- og Skógarstrandsarumboði:



Landamerkjalysing fyrir þjóðeigninni Barðastöðum

1. Að sunnanverðu milli Vatnsholts og Barðastaða ræður áin Urriðaá frá sjó upp að Merkjasteini, sem stendur í holti neðan nefnda á, út og niður frá Vatnsholtsvatni, svo ræður úr Merkjasteini í Grástein, í Grásteinshvammi, og þaðan beint upp yfir hraunið í austarahornið á Svarthamri í Barðastaðahlíð og beint þaðan til fjallseggja, svo frá fjallseggjum í fornu Hrafná, og úr fornu Hrafná og í Hábarða-

2. klett, sem er neðan til í hrauninu milli Bláfeldar og Barðastaða og úr honum eptir yztu lynd í Lóná, og eptir Lóná þar til hún kemur úr grasi niður við götur og þaðan beint til sjóar.

3. Svo eiga Barðastaðir í Bláfeldarlandi engjapart, sem er úr Lónárstekk beint út í kilpa bakka við Bláfeldará og þaðan eptir milli Lónár og Bláfeldarár þar til gras þrýtur. Mælt er að Bláfeldir eigi vetrar beit í Barðastaðaflóa.

Barðastöðum 2. September 1887

Sigurður Þorsteinsson (ábúandi)

Arnfinnur Arnfinnsson ábúandi á Vatnsholti

Jón Jónsson umboðsmaður í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði

handsalað Jón Jónsson

Til umboðsmannsins yfir Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði:



Landamerki fyrir þjóðeignunum Bláfeldi neðri, Bláfeldi efri og Hólkoti, sem allar eiga óskipt beitiland og reka.

1. Að austanverðu ræður á móts við Barðastaðaland Lóná niður við sjó þar sem hún kemur úr grasi og það upp eftir upp í yztu lynd, svo ræður yzta lynd þangað sem hún kemur úr hrauninu svo úr henni beint upp í Habarðaklett í hrauninu og úr honum beint upp í forna Hrafnárfarveg, og eftir honum uppá fjall og það beint til fjallseggja. Svo ráða fjallseggjar vestur eptir, vestur fyrir Tynd þann er nefnist Tröllkerling, svo ofan í veður á á móts við Böðvarsholtsland; svo úr Veðurá ræður sjónhending miðuð við Djúpskér og Grunnskér þar sem þau bera saman ofan á sjóarbakka, svo vestur eptir bakkanum vestur á móts við Kálfárvallaskér, hæðsta skérið, sem skilur reka milli Kálfárvalla og Bláfelda og Hólkots, svo á Bláfeldur neðri, Bláfeldur efri og Hólkot reka frá nefndu Kálfárvallaskéri suðaustur að fyrgreindri Lóná þar sem hún kemur úr grasi.

Tún og engjamerki milli Bláfeldar neðra, Bláfeldar efra, eru eptir garði þeim er liggur frá kvísl þeirri er rennur ofan norð-vestan bæina. Á milli bæja þeirra þar til þúfa skilur, á þá efri Bláfeldar tún fyrir ofan- garðinn og ofan með hrauninu, sem skilur eptir merkja þúfum ofan í baðstofuna á neðra Bláfeldi, og það beint ofan að dýi sem er niðri í engjum og úr því skilur beint austur að Lóná. Neðri- Bláfeldur á tún og engjar frá fyrnefndum garði sem skilur, eptir greindum merkja þúfum og ofan að fyrgreindu dýi, og það beint vestur að kvísl og eins og hún ræður upp að fyrnefndum garði; svo á Neðri-Bláfeldur, þverskák fyrir neðan greint dý frá Lóná út að kvísl, eða Bláfeldar á hvar Hólkotsengjar taka við, að neðan verðu skilur skák þessa frá þverskák þeirri er efri Bláfeldur á, eptir merkjaþúfum á milli Lónár og Bláfeldarár, svo á efri Bláfeldur skák þá ofan að merkjaþúfum er skilur þvert á milli Lónár og Bláfeldarár, á móts við ítak það er Barðastaðir eiga í Bláfeldarengjum, hið svonefnda Leirengi fyrir vestan kvíslina út að merkja þúfum er skila Hólkotsengjar frá Bláfeldar upp í þúfu á svonefndum Moldhól, og eins og merki á Hólkotsengjum ráða að ánni hvar þúfa er og það þvert austur í kvísl; eiga Bláfeldir báðir óskipt og sömuleiðis hið svo kallað Skriðuengi fyrir vestan Bláfeldará frá þúfu er skilur það frá Hólkotsengjum á árbakkanum, og eins og áin ræður upp að Brúarholtslæk, svo ræður Brúarholtslækur svo langt upp eptir, sem slægur eru og það út að Veðurá, hvar fyrgreind merki taka við á Böðvarsholts og Bláfeldar löndum, og svo eins og merki ráða ofan að Hólkotsengjum, hvar varða skilur, svo eiga Bláfeldir báðir óskipt hið svonefnda Króarengi, á milli Bláfeldarár Kollulækjar upp að Byrtings engi, þvert yfir, miðað við skjól í skjólflóa þegar það ber í Starhól í Axlarhólum, enn aðskilur áin og lækurinn þar sem þau koma saman[.] Barðastaðir eiga sem ítak í Bláfeldarengjum hið svonefnda Kilpaengi, sem fyr er áminnst, er skilur eptir merkja þúfum á móts við efra Bláfeldarskák milli Lónár og Bláfeldarár, og eins og þær ráða ofan eptir svo langt, sem slegið verður. Þar á móti eiga Bláfeldir sem ítak í Barðastaðalandi, frjálsa beit fyrir fénað sinn og mósukurð. Hólkotsengjar eru að ofanverðu skilja fyrgreindar merkjavörður, frá Skriðuengi út að Böðvarsholtslandi og þaðan ofan eptir þar til



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

skjól í Brenningi, ber á Hraunhafnarbakka og svo þaðan austur eptir merkja þúfum austur að Bláfeldar á, á neðanverðum þrætubakka, svo ræður Bláfeldará upp að fornu Hólkotskvíum, lítinn kipp fyrir neðan Hólkot, hvar varða stendur á austan verðum ábakka, úr henni í þúfu á austanverðum Kvíslarbakka, og úr henni beint upp í fyrnefnda þúfu á Moldhól, og þaðan í þúfur, sem standa beggja megin á árbakkanum, fyrir ofan efri stekkjarkelduna, sem myndar svo kallaða Grænueldu.

Hólkoti 16. október 1888

Björn Andrésson (ábúandi)

Páll Kristjánsson (ábúandi á Efra-Bláfeldi)

Samþykktur hvað landamerkin móts við Böðvarsholt áhrærir

Staðastað 19. Febrúar 1889

P.Eyúlfsson

Jón Jónsson umboðsmaður.



Landamerki fyrir þjóðeigninni Kálfárvöllum

Á móts við Búðaland ræður Búðaós upp í Kálfá og það upp eptir henni á móts við Hraunhafnarland, þar til Bjarnarfosskotsland tekur við, og á móts við það skilur Kálfá upp að Marksteinum, svo úr Marksteinum upp í Svartagil og upp eptir því upp á fjall, og það beint inn í fjallseggjar, svo suðaustur eptir þeim þar til kemur á móts við Kambseggjar, og eptir þeim fram í Kambshaus; móts við Böðvarsholtsland, svo úr Kambshaus, ræður sjónhending ofan í vörðu á Hjallholti, og það beina sjónhending ofan í Svertingsá, þar sem hún kemur úr grasi, svo suður með bakkanum, þar til kemur á móts við Merkjaskér það, sem skilur Kálfárvallareka frá Bláfelda og Hólkotsreka, svo eins og sjór liggur út að Búðaós, sem fyrr er getið, hér inni falið í á Bjarnarfosskotsreka, frá Búðaós austur að vörðu á bakkanum miðaðri við Marksteina, þegar þeir bera í Kálfárvallakot.

Ítök, sem Kálfárvellir eiga í annara lönd eru, mánaðar beit í bæði mál fyrir utan hagagarð að Kálfá og ofan að ósum. Veiði alla að helmingi í Hraunhafnarósi út í sjó. 2 skips uppsátur á Búðum og búðarvist í efstu búð malir allar upp frá varaklett; hagbeit fyrir 100 fjár í Klettshrauni og 2 mánaða beit á Bakkaflóa. Kálfhaga á sumar í Rafnvík og fram með sjó að Búðum. 2 hesta haganga í mánuð að hausti í Rafnvík, hríshögg 80 hesta hvert missiri í Hraunhafnarhluta í Klettshrauni og ½ sölfaskér og veiði alla í því.

Kálfárvöllum 12. november 1888

Jón Bárðarson ábúandi á Kálfárvöllum (handsalað)

Elín Jónsdóttir ábúandi á Bjarnarfosskoti (handsalað)

Samþykkur hvað landamerkin móts við Böðvarsholt áhrærir.

Staðastað 19. Febrúar 1889

P.Eyúlfsson

Samþykkur hvað landamerkin snertir Búða og Hraunhafnarland, en mótmælist hvað ítökin áhrærir.

Ólafsvík 1. Maí 1889

fyrir hönd Búðaeiganda

H. Thejill

Samþykkur framanrituðum landamerkjum en mótmælin, hvað ítökin áhrærir geta ekki tekist til greina, því þau hafa ekki við neitt að styðjast.

Brimilsvöllum 1. Maí 1890

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerkjaskýrsla fyrir þjóðeigninni Bjarnarfosskoti með eyðijörðinni Bjarnarfoss eru merkin:

1. Á móts við Kálfárvallaland, frá fjallseggjum ofan í Svartagil og úr Svartagili ofan í Kálfá við Marksteina og svo ræður Kálfá ofan að Helgurúst.

2. Milli Bjarnarfosskots og Hraunhafnar:

Bein sjónhending frá vörðu við jarðbrú á Bjarnarfossgili í 2 steina við Grafarlæk (gegnum aðra torfvörðu, sem hlaðin er í þessari línu) og þaðan beina sjónhending^u í Kirkjuhól, þar sem hann er hæðstur allt að Kálfá og ræður hún úr því merkjum allt til sjóar.

3. Milli Landakots og Bjarnarfosskots:

Úr áðurgreindri vörðu við jarðbrúna á Bjarnarfossgili ræður Bjarnarfossgil sjálft þar sem það er skorið gegnum mýrina upp að annari torfvörðu, sem hlaðin er við sama Bjarnarfoss gilskurð, og frá þeirri vörðu aptur ræður bein sjónhending upp í grjótvörðu, sem stendur á því eina grjótholti, sem er neðan til í fjallshlíðinni og ber þá grjótvörða sú neðan til í Bjarnarfossgili, þar sem það sést beygjast til austurs og er alveg opið, og þaðan svo sem áin ræður til fjalls.

Bjarnarfosskoti 16. november 1888

Elín Jónsdóttir (ábúandi í Bjarnarfosskoti)

Jón Bárðarson (ábúandi á Kálfárvöllum)

H.Thejll (fyrir hönd Búðaeiganda)

Þessum landamerkjum samþykkur

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerkjaskýrsla. [Bjarnarfosskot og Hraunhöfn]

1. Milli Bjarnarfosskots og Hraunhafnar:

Bein sjónhending frá vörðu við jarðbrú á Bjarnarfossgili í 2 steina við Grafarlæk (gegnum aðra torfvörðu, sem hlaðin er í þessari línu) og þaðan beina sjónhendingu í Kirkjuhól, þar sem hann er hæstur allt að Kálfá og ræður hún úr því merkjum allt til sjóar.

2. Milli Landakots Bjarnarfosskots:

Úr áðurgreindri vörðu við jarðbrúna á Bjarnarfosskotsgili, ræður Bjarnarfossgil sjálft þar sem það er skorið gegnum mýrina upp að annarri torfvörðu, sem hlaðin er við sama Bjarnarfossgilskurð, og frá þeirri vörðu aptur ræður bein sjónhending upp í grjótvörðu, sem stendur á því eina grjótholti, sem er neðan til í fjallshlíðinni og ber þá grjótvarða sú neðan til í Bjarnarfossgil, þar sem það sést leggjast til austurs og er alveg opið og þaðan svo sem áin ræður til fjalls.

Ofanskrifuð landamerki höfum við undirskrifaðir gjört og samþykkt, eptir elstu manna vitnisburðum og öðrum skilríkjum, sem við í höndum höfum haft.

Hraunhöfn og Bjarnarfosskoti hinn 22. júní 1885.

Ásmundur Sveinsson umboðsmaður Arnarstapa

H.Thejll fyrir Búðaeiganda.

Elín Jónsdóttir handsalað G. Oddsyni

Ingibjörg Sigurðardóttir handsalað Guðm. Oddsyni

Viðstaddir vottar: G. Oddsson Þorgils Guðmundsson Vigfús J. Vigfússon

Lesið á manntalsþingi að Görðum þann 25. júní 1885 vottar Skrifstofu Snæfellsness- og Hnappadalssýslu

Stykkishólmi í Júlí 1885

Sigurður Jónsson

Borgun 1 – ein króna

S.J

Rétt eptirrit staðfestir S.J.



Landamerkjaskrá Miklaholtshrepp

Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Fáskrúðarbakka í Miklaholtshrepp

1. Úr pundara sjónhending í Kamb, og úr Kambi í Sorthól og úr Sorthól í Krossdý við Fáskrúð.
2. Þá ræður Fáskrúð ofan í Straumfjarðará, og svo ræður hún þar til Laxá kemur í hana.
3. Þá ræður Laxá þar til Kleyfá kemur í hana, og svo ræður Kleyfá upp að pundara. –
Fáskrúðarbakka 4. Október 1888

Erlendur Jónsson (ábúandi)

Hvað landamerki fyrir Borg áhrærir, er ég undirskrifaður samþykkur.

Guðmundur Sigurðsson á Borg

Sem umboðsmaður yfir Fáskrúðarbakka

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerki á umboðsjörðinni Eyðhúsum eru sem hér greinir:

Að utanverðu ræður Grímsá frá því hún fellur í Straumfjarðará upp að Eyðhúsalæk, sem rennur í Grímsá ofan holtsendan, svo ræður Eyðhúsalækur heim eptir, svo sjónhending úr honum ofan Eyðhús suður í hraunlæk skammt ofan þar sem hann rennur í Fáskrúð. Svo ræður Fáskrúð að sunnanverðu ofan til ármóta þar sem hún rennur í Straumfjarðará

Þessi landamerki vitum við réttust, sem undirskrifum nöfn okkar.

Halldór Guðmundsson (ábúandi á Eyðhúsum)

Þórður Hreggviðsson (ábúandi á Miðhrauni)

Eyðhúsum 12. Ágúst 1887

Sem umboðsmaður yfir ofanefndum jörðum.

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerkjaskrá fyrir landssjóðeignina Straumfjarðartungu í Miklaholtshrepp.

Að austan og sunnan^{verðu} ræður Grímsá þar til hún fellur í Straumfjarðará, úr því ræður Straumfjarðará að útsunnan og utanverðu til Langholts. Að norðanverðu skiptir þjóðgata eptir Langholti til áður nefndrar Grímsár.

Straumfjarðartungu 1. Marz 1889

Þuríður Guðmundsdóttir (ábúandi)

Landamerki þessi samþykkir fyrir landssjóðeignina Hjarðarfell er helzt á land að ofangreindum merkjum

Kristján Guðmundsson (ábúandi)

Samþykkur.

Jón Jónsson umboðsmaður



Landamerkjaskrá fyrir umboðsjörðinni Stakkhamri í Miklaholtshrepp.

1. Frá sjó (að vestanverðu) beint í Brekkuhól, þar sem hann ber í Djúpaskarð í Borgarholts bæjarborg, þaðan úr Brekkuhól beint í vörðu á svo kölluðum Bleiksteinsás, þá beint í vörðu á ytra Æðitjarnarholti, svo þaðan beint í keldu þá er fellur í Straumfjarðará að norðanverðu við Stóra-nethamar. Þaðan ræður Straumfjarðará eptir miðri straumlínu að sjó fram; Undir jörðina liggja svo kallaðir Skíðishólmar er liggja sunnan vert á Stakkhamarsfjörum, og skér er liggja í sjó fram undan Stakkhamarsnesi. Við þau er dálítill selveiði á vorum, og svo fylgir jörðinni veiði í Straumfjarðará fyrir sínu land.

Að þetta sé rétt lýst landamerkjum fyrir umboðsjörðinni Stakkhamri í Miklaholtshreppi, eptir því er við undirskrifaðir hlutaðeigendur best vitum vottum við með okkar undirskrift

Stakkhamri 1. oktbr. 1888

Jón Jónsson í Borgarholti

Óli Jón Jónsson (ábúandi)

Magnús Jónsson, Melkoti

Jóhanna Gísladóttir Skógarnesi ytra

Samþykkur, sem umboðsmaður þessara jarða

Brimilsvöllum 6. oktbr. 1888

Jón Jónsson umboðsmaður í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði



Landamerkjaskrá ^{Úr gildi sjá bls. 178} fyrir umboðsjörðinni Borgarholti í Miklaholtshreppi.

Fyrst sjónhending úr Brekkuhól í Bleiksteinsás, úr Bleiksteinsás í ytra Æðitjarnarholt, úr ytra Æðitjarnarholti í keldu norðan Stóra-nethamar, sem fellur í Straumfjarðará, úr því ræður Straumfjarðará eptir miðri Straumlínu á móts við Nónkletta, úr Nónklettum sjónhending í stein á Steinsás, úr Steinsás Tvísteina, úr Tvísteinum í þver lækjarmynni, þar sem hann hefur upptök sín og þaðan ræður sjónhending sunnanvert við rúst á Saurabreið í Stöðuvatn, sem nú er myndað af fyrverandi Borgarholtsengjum og síðan eptir neðan verðu vatninu í Mellæk og síðan eptir götum móts við Brekkuhól.

Athugasemd:

Jörðinni fylgir laxveiði í Straumfjarðará fyrir hennar landi á meðan veiðin ekki er dæmd frá henni eður tekin undan með lögum.

Framanskriðuð landamerki hafa verið brúkuð mína tíð í Borgarholti.

Staðfestir Jón Jónsson, ábúandi

Samþykkur Kjartan Magnússon á Hofstöðum

Óli Jón Jónsson, Stakkhamri

Magnús Jónsson, Melkoti

Brimilsvölum 6. Okt. 1888

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Lágafell ytra í Miklaholthreppi.

1. Milli Lágafellanna eru landamerki úr Pálshamri og þaðan sjónhending í Merkjalæk, hann ræður til Gróutjarnar; úr vestur enda tjarnarinnar sjónhending í Gróuholt, þaðan sjónhending í Merkja-

2. pytt svo milli Elliða og Lágafells ytra, sjónhending úr Merkjapytt í stein á Hrísholti eða Deildarholti þaðan í yzta-Klofning á Markgili þar sem það klýfur sig úr brún, en landamerki veit maður ekki ^{glögg} fyrir fjall landinu en sem þó ættu að fást ef máldagar eru til fyrir því.

Lágafelli ytra 29/12 1888

Kristján Elíasson (ábúandi)

Jón Jónsson (á Elliða)

Óli Daníelsson (Syðra-Lágafelli)

Sem umboðsmaður ofannefndra jarða.

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerki fyrir þjóðeignina Lágafell syðra í Miklaholtshreppi

1. Að utanverðu úr Gróutjörn og þaðan í Pálshamar og þaðan í Selmúla á fjalli upp og að austanverðu í Frakkaskarð á Syðra-Lágafellshyrnu, og þaðan í Hánefshóla og svo þaðan eins og götur ráða í Gróutjörn, að norðan verðu. Frekari landamerki veit ég ekki fyrir ofanskrafaðri þjóðjörð.

Lágafelli syðra 30/12 1888

Kristján Elíasson Ytra Lágafelli

Óli G. Daníelsson (ábúandi á Lágafelli-syðra)

Samþykkur hvað landamerkin móts við Gaul áhrærir.

Jón Jónsson umboðsmaður.



Eptirrit

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Hofsstöðum í Miklaholtshreppi innan Snæfellsness- og Hnappadalssýslu

Ég undirskrifaður Sigfús Eymundsson, ljósmyndari í Reykjavík, eigandi jarðarinnar Hofstaða í Miklaholtshreppi 20.2 hundruð að dýrleika, eptir hinu nýja jarðamati, skráset hér með samkvæmt lögum Nr. 5. 17. marz 1882 þessi landamerki fyrir téðri eignarjörð minni.

„Úr steini þeim, er stendur á eystri árbakkanum á Gissurarvöllum, sjónhending í Ósaleifshamar, er sumir kalla Brattholt og nú eru kallaðir Nónklettar frá Straumfjarðartungu hver hamar stendur í austur fyrir sunnan Reiðgötu; þaðan í stein þann, sem stendur á Steinsás og sumir kalla Reiðgötuklett, þaðan aptur sjónhending í steina tvo, niðri á Mýrum, er kallast Tvísteinar; úr steinum þeim sjónhending í Stakkgarð á Miðgötuholti; úr Stakkgarði þeim í gildrubrot á Bálkastöðum, þaðan sjónhending í stein við Mástaðakeldu, þaðan í Frakkaskarð fyrir utan Hánefshóla, þaðan sjónhending í Marklæk, þaðan í Urðarmúla eða Hvítfossagil, þaðan sjónhending í Urðarhousa við Straumfjarðará; þá ræður Straumfjarðará merkjum ofan til marks þess, er fyr var ritað, nfl. steins þess, er stendur á eystri árbakkanum á Gissurarvöllum. –

Jörðin á alla veiði í Straumfjarðará fyrir sínu landi. Ítök á jörðin þessi: Í Dalssandi, Svartabakkaengi, líka kallað Háagarðsengi, nú kallað Hofstaðaengi og Grímsengi. Jörðinni tilheyrir enn fremur Þorbjarnarhólmur. –

Reka á jörðin allan frá Grensá til Guðlaugshamars, en hálfan reka þaðan í stólpa þann, er stendur fyrir Brekkubæ. – Ískyldur, kvaðir eða ítök hvíla eigi á jörðinni. Afbýli er í landi jarðarinnar, að nafni Hrísdalur.”

Skora ég hér með á alla hlutaðeigendur sem lönd eiga til móts við Hofstaði eða að ofangreindum ítökum, svo og alla, er telja þessa merkjalýsing snerta rétt sinn í nokkru, að rita á hana samþykki sitt og yfirlýsing um að hún sé rétt.

Reykjavík 2. janúar 1890

Sigfús Eymundsson

Samþykkur framanskriðuðum landamerkjum fyrir landssjóðsjarðirnar.

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs –

Samhljóða frumritinu staðfestir

Sigurður Jónsson

Borgun 25 – tuttugu og fimm aurar –
borgað S.J.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Sem eigandi Melkots, samþykki ég hinsvegar rituð landamerki fyrir Hofsstöðum.

Bjarnarhöfn 25. Marts 1891

Kristín Þorleifsdóttir (handsalað Magnús Jónsson)

Vitundarvottar:

Jósafat S. Hjaltalín

Jón Guðmundsson.



Hofsstaðir

Landamerki jarðarinnar Hofsstaða í Miklaholtshreppi eru sem nú greinir: Úr steini þeim er stendur á austari árbakkanum á Gissurarvöllum sjónhending í Nónkletta, sem svo eru kallaðir og eru vestanvert við Straumfjarðará í suð-vestur frá Straumfjarðartungu, þaðan í hinn stóra stein á Steinsás; þaðan í Tvísteina, þaðan í Stakkgarðsrúst á Miðgötuholti, þaðan í gildrubrot á Bálkastöðum, þaðan í stein við Mástaðakeldu, þaðan í Frakkaskarð fyrir utan Hánefshóla, þaðan í Marklæk, (nú kallað Þvergil), þaðan í Hvítfossagil og svo eptir austurbrún Urðarmúla í Urðarhousa, þaðan í Straumfjarðará, skamt frá því er hún rennur úr Baulárvallavatni, svo ræður Straumfjarðará þangað að, sem Vallnaá rennur í hana, þá ræður sjónhending frá Vallnaá þar sem Múlabekksgil rennur í hana og ofan í Gjalparstapa, þaðan í Prjónhúfulæk, svo ræður hann til þess hann rennur í Þrengslalæk, þá ræður Þrengslalækur þar til hann rennur í Straumfjarðará, sem svo ræður merkjum að áður nefndum steini á austari árbakkanum á Gissurarvöllum.

Slægju ítök eiga Hofsstaðir fyrir austan Straumfjarðará er svo heita: Háagarðsengi og Grímsengi, sem takmarkast að austanverðu af Grímsá, sunnan eða neðanvert af Langholti, vestanvert af Hvíthól hinum eystri og þaðan sjónhending í Grímsá 30 faðma í norður frá Háagarði, sem er hin hringmyndaða Stakkgarðsrúst er liggur á Langholti skamt fyrir vestan Grímsá. Ennfremur eiga Hofsstaðir fjögur engi í Straumfjarðarlönd og Þorbjarnarhólm umfram.

Reka ítak eiga Hofsstaðir við sjó niður, með þeim takmörkum, sem nú greinir: allan reka frá Grensá til Guðlaugshamars, en þaðan hálfan reka að stólpa þeim er stóð fyrir Brekkubæ, nú sjónhending til sjóar í suður frá Brekkubæjarrústum.

Hofsstöðum 19. marz 1886

Í umboði eiganda

Jóhannes Vigfússon

Framan og ofanskriðuð landamerki samþykkjast hér með af undirskriðuðum nábúum Hofsstaða.

Halldór Guðmundsson vegna Hrísdals

Jón Jónsson í Borgarholti.



Landamerki fyrir umboðsjörðinni Dal í Miklaholtshreppi.

1. Úr gömlu grasrótabyrgi á Langholti í merkjaþúfu á Dalflóa og þaðan sjónhending í Fagurhól; og svo þaðan í neðri rúst með Hjarðarfellsgili, og þaðan í Lynghól, og svo aptur úr Lynghól í Votumýrarlækjarkjaft.

2. Köldukvísl skilur löndin milli Hjarðarfells og Dals, inn í Fúsaskurði, svo úr Fúsaskurðum í Þrívörður og svo úr Þrívörðum í Rauðsteinalæk þá tekur Baulárvallavatn við og Straumfjarðará úr því ofan á Langholt, og svo ræður sýsluvegurinn suður að Grasrótabyrgi.

Brimilsvöllum 28. Sept. 1887.

Samþykkur Kristján Guðmundsson (ábuandi á Hjarðarfelli).

Sem umboðsmaður ofan nefndrar jarðar

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerki 1888 fyrir Hjarðarfelli í Miklaholtshreppi

Að austan ræður Grímsá frá Græntám ofan að Byrgisrúst á Langholti, þaðan sjónhending í Merkipúfu í Dalflóa, úr Merkipúfu í Fagurhól, úr Fagurhól í Neðrirúst við Hjarðarfellsgil, úr Neðrirúst í Lynghól, þaðan sjónhending í Valasnös við Köldukvísl, svo ræður Kaldakvísl til Fúsaskurða, úr Fúsaskurðum sjónhending í Sandahrygg úr Sandahrygg í Grímsskarð, svo eptir háeggjum að fyrnefndum Græntám.

Athugasemd:

Innan landamerkja þessa er svonefnd Gæshólamýri, sem er talin eign (ítak) Helgafellskirkju til slæгна, en ekki til annara afnota.

Landamerkjum þessum erum við undirskrifaðir samþykkir.

Fyrir Miðhraun Þórður Hreggviðsson

Hjarðarfelli 20. ágúst 1888

Kristján Guðmundsson (ábúandi)

Sem umboðsmaður fyrir Dal

Jón Jónsson umboðsmaður.



Landamerki fyrir umboðsjörðinni Miðhrauni.

eru að utanverðu einsog Grímsá ræður ofan úr fjalli niður að Eyðhúsalæk, og með honum að ofan heim að tjörn, en þaðan sjónhending í stapa við Hraunlæk eða svo nefndum Stiga læk, og með honum upp að Hrauni og þaðan sjónhending í Merkihrygg, og úr honum í Arnarurð og sjónhending úr henni í Gölt, sem er við fjallseggjar.

Miðhrauni 12. ágúst 1887

Þórður Hreggviðsson Miðhrauni (ábúandi)

Jón Þormóðsson, Hörgsholti (ábúandi).

Halldór Guðmundsson, Eyðhúsum ábuandi

Sem umboðsmaður ofan nefndrar jarðar og þeirra sem lönd eiga að.

Jón Jónsson umboðsmaður.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Hörgsholt í Miklaholtshreppi

1. Að sunnanverðu ræður Fáskrúð frá Hrannlæk; allt upp til fjalls, og ræður þar miðkvísl hennar merkjum, og þaðan sjónhending til Ljósufjalla.

2. Að utan verðu ræður Hraunlækur upp í lækjamót; þaðan ræður Stigalækur upp í hraun, og síðan sjónhending í merkjahrygg; þaðan í Arnarurð, og þaðan sjónhending í Gölt.

Hörgsholt 17. Október 1888

Guðmundur Jóhannesson (ábúandi)

Þórður Hreggviðsson (ábúandi á Miðhrauni)

Samþykkur hinsvegar rituðum landamerkjum.

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Skýrsla um landamerki fyrir jörðinni Borg í Miklaholtshreppi.

Borg á allt land á milli Kleyfár og Fáskrúðar til fjalls þar til vötnum hallar norður af en niður með Kleyfá að Pundara (Hóll við Kleyfá) þá bein sjónhending úr Pundara út í Sorthól, úr Sorthól í Krossdý, (dý við Fáskrúð), úr því upp með Fáskrúð allt þar til vötnum hallar norður af.

Með ofangreindum landamerkjum hefi ég keypt eignar og ábýlisjörð mína Borg. Þessu til staðfestu er mitt undirskrifað nafn.

Borg dag 26. Júní 1884.

Guðmundur Sigurðsson

Þeim sem land eiga á móts við Borgarland vildi þóknast að rita hér á skýrslu þessa samþykki sitt.

Guðmundur Sigurðsson

Ofangreind landamerki samþykkjum vér undirskrifuð.

Þorbjörg Jóhannesdóttir

Jón Guðmundsson

Guðmundur Jónsson

Þorbjörg Jósepsdóttir

Til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.



[Svarfhóll í Miklaholtshreppi]

Við undirskrifuð gefum hérmeð fullkomna útskýringu á landamerkjum á eignarjörð okkar Svarfhóli í Miklaholtshreppi og eru þau á móti kringum liggjandi jörðum, þessi sem eptirfylgja. Að austan og sunnan ræður Laxá og hennar forni farvegur fyrir sunnan Stórueyri ofan að Kotmóum, þaðan sjónhending til vesturs að Landamerkjastapa, sem stendur við Klofá, þar frá ræður Klofá í landnorður til þess í hana rennur svonefndur Landamerkjælækur, sem skilur lönd allt að Brekkubrún þeirri hvar lækurinn sprettur upp og þaðan bein sjónhending í Urðarmúla inná fjalli og svo beinlínis til þess vötnum hallar á fjalli.

Svarfhóli 11. apríl 1885

Daníel Kristjánsson (L.S.)

Kristín Þórðardóttir (L.S.)

Kringum liggjandi jarðareigendum og ábúendum mætti þóknast að rita hér undir nöfn sín.

Ofanrituð landamerki milli Svarfhóls og Klofárvalla er ég samþykkt

Þorbjörg Jóhannsdóttir (L.S.)

Þessum landamerkjum milli Svarfhóls og Grafar er ég samþykkt

Salbjörg Jóhannesdóttir (L.S.)

Sem ábúandi á Stóruþúfu

Sigurður Kristjánsson (L.S.)

Samþykkur

Oddg. Guðmundsson (L.S.)



Skýrsla um landamerki fyrir jörðina Gröf í Miklaholtshreppi.

Jörðin Gröf á land að austanverðu frá svonefndu Kotmóabarði niður með Laxá allt þangað til að Kleyfá fellur í Laxá, og að vestanverðu upp með Kleyfá allt að Merkjastapa, þá beina sjónhending úr Merkjastapa í fyrnefnt Kotmóabarð.

Þessi ofanrituð landamerki veit ég réttust fyrir eignarjörð minni Gröf. Og þessu til staðfestu er mitt undirskrifað nafn.

Gröf 15. Maí 1883

Salbjörg Jóhannesdóttir

Mönnum þeim er lönd eiga á móts við ofannefnda jörð mína, mætti þóknast að rita hér á samþykki sitt.

Salbjörg Jóhannesdóttir

Að því er snertir Stóruþúfu land móts við Grafarlan [svo], er ég skýrslu þessari alveg samþykkur.

Sigurður Kristjánsson

Það sem snertir ofanskriðu landamerki, milli Svarfhóls og Grafar, erum við alveg samþykk.

Daníel Kristjánsson, Kristín Þórðardóttir.

Að því er snertir landamerki á milli Borgarlands og Grafar er ég skýrslunni samþykkur.

Guðmundur Sigurðsson

Ofanskriðu landamerki milli Litluþúfu og Grafarlands, erum við alveg samþykkir.

Hreppsnefndin í Miklaholtshreppi

Að því er snertir Fáskrúðarbakkalandamerki móts við Gröf er ég þessari skýrslu alveg samþykkur

Jón Guðmundsson.



Landamerki fyrir Syðri-Skóganesi

Að vestanverðu byrjar á rekamerkjum við sjó, sem eru: Ytra-Skógarnesbærinn í Vegghamrahlíðarhorn hið vestara; frá þessum rekamerkjum, sjónhending í Merkjarúst, þaðan í Hrossbeinsholt, þaðan í Grænurúst úr Grænurúst í Efsta-Deildarlækjarmynni, úr því ræður Deildarlækur til þess þar sem sjór fellur í hann, eður þar til hann kemur fyrst í Þórisóss-aðal ál, sem er á móts við austurendan á Katthamri, og úr því ræður sá áll eptir miðju vatnsmegni til þess aðal útsjár tekur við á móts við Ósskér, þaðan frá fellur útsjór að landi meðfram til vesturs að þeim fyrst greindu rekjmerkjum.

Syðra-Skóganesi 20. desember 1886

Sigurður Kristjánsson (ábúandi)

Jóhanna Gísladóttir (ábúandi á Ytra-Skógarnesi)

Árni Þórarinsson (prestur að Miklaholti)

Helga Sigurðardóttir (ábúandi á Hausthúsum)

Jón Jónsson umboðsmaður í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði



Skýrsla um landamerki fyrir Ytra-Skógarnesi umboðsjörð.

Að sunnan og austanverðu ráða rekamerki við sjó, þar sem Ytra-Skógarness rekamerki eru móts við Syðra-Skógarnes, þegar Ytra-Skógarnessbaðstofa ber í lægri stall í Vegghamarshlíð og þaðan sjónhending í bala þann er menn ímynda sér fornan merkjagarð á breiðufitjum, þaðan sjónhending í merkjstein sunnan Bólalæk þaðan sjónhending í Merkjarúst þaðan í Hrossabeinsholt og til útnorðurs, úr þessu Hrossabeinsholti sjónhending út um Hrísholt og í Brattholt, og til útsuðurs frá þessu Brattholti ræður Blöndulækur til þess komið er fram í Straumfjarðará á fjörum, og hefur að undanfögnu verið látið gylða að Straumfjarðaráros skipti löndum milli Ytra-Skógarness og Stakkhamars að frágreindu petti er liggur út frá æðarvarplandi Ytra-Skógarness Djúphólma, sem friðlýsist um tiltekin tíma, tvöhundruð faðma tólfræð frá stórstraumsfjörumáli, fyrir öllum neta og nóta lögnum frá miðjum einmánuði til Jónsmessu ár hvert, samkvæmt nógildandi veiðilögum

Ytra-Skógarnesi 22. Júní 1883

Kristján Gíslason

Landamerki þessi samþykkjast fyrir jarðir þær, er lönd eiga að.

Ásmundur Sveinsson



Landamerki þessi eru landamerki eignarjarðar minnar Laxárbakka í Miklaholtshreppi:

Að sunnan, móts við Skógarnes ytra:

Frá Straumfjarðará á fjörum, sem Blöndulækur ræður upp eptir flóa, að Brattholti; þá að austan, móts við Miklaholt:

Sjónhendingu úr Brattholti í vörðu á Hrísholti, og þaðan sjónhendingu úr Þúfulækjarós við Laxá; þá ræður Laxá að norðan, niður til Straumfjarðarár og svo að norðan og vestan, Straumfjarðará á fjörum.

Þessi landamerki fyrir jörðinni Laxárbakka óska ég að leiguliðinn á nefndu býli síni ábúendunum á Miklaholti og Skógarnesi ytra, að þeim mætti þóknast að samsinna, eða þá mótmæla ef til þess sannar óstæður fyndu.

Nýjabæ á Skipaskaga á Akranesi 28^{da} November 1884

Geir Bachmann

Kristján Gíslason fyrir Miklaholt

Guðmundur Guðmundsson (ábúandi)

Oddg. Guðmundsson.

Sk



Landamerkjaskrá í Eyjahreppi.

Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Hrossholt í Eyjahreppi.

1. Á milli Kolviðarness og Hrossholts ræður sjónhending frá Laugunum á austara, efra Vatnsvík, og þaðan eptir merkjagarði, sem liggur út að Núpá. Þaðan ræður Núpá til efsta endans á Hlífarmóum.

2. Á milli Söðulholts og Hrossholts ræður sjónhending úr efsta endanum á Hlífarmóum í vörðu, sem hlaðin er á Árholtatöglunum.

3. Á milli Dalsmynniss og Hrossholts, ræður sjónhending úr áðurnefndri vörðu á Árholtatöglunum yfir Núpá í Máfindisholt og eptir þeim að Flókalækjarós.

4. Á milli Akurholts og Hrossholts, ræður Þverá frá Flókalækjarós niður að merkjagarði, sem hlaðinn er við ána að sunnanverðu, þaðan sjónhending í Melholt þar skamt fyrir sunnan þaðan sjónhending í Bólulækjarbotn, þaðan sjónhending í vörðu, sem stendur á Holti skamt fyrir neðan Hábrekkur og þaðan suður í Haffjarðará. Svo ræður Haffjarðará ofan að áðurnefndum Laugum.

5. Svo á Hrossholt selstöðu í svokölluðum Eyjarlægum á Gnúpudal, og skógarhögg í Kolbeinsstaðalandi, í Einbúabrekkum, milli tveggja gatna og hefur skógarhögg þetta verið notað til þess dags.

Hrossholti 30. júlí 1889

G.Sigurðsson

Jóhann Benjamínsson

Kristján Jörundsson,

Þórður Þórðarson eigandi Kolviðarness.



Landamerki fyrir Kolviðarnesi

Jörðinni Kolviðranesi, tilheyrir land allt, með gögnum og gæðum til lands og vatns, til þessara ummerkja: Að suðaustanverðu ræður Haffjarðará ofan frá Laugum í sjó fram um fjöru, þá Núpá að vestan og norðanverðu, framan úr ós og upp að Merkjagarði, sem er milli árinna og Efravatns ofan til, úr vatnsendanum sjónhending í áður nefndar Laugar við Haffjarðará.

Rauðkollsstöðum þann 18. júní 1883

Þórður Þórðarson

Ofanskriafaða landamerkja lýsing höfum vér séð og lesið, og samþykkjum hana rétta að vera, sem umráðamenn þeirra landa er á mótis við Kolviðarnesland liggja.

Jón Arnason fyrir hönd umboðsins

Ábúandi Hróttsholts Þórður Sveinbjarnarson.

Samþykkur ofanskriðuðum landamerkjum milli Þjóðjarðarinnar Hrossholts og Kolviðarness.

Jón Jónsson umboðsmaður.



Landamerki fyrir Rauðkollsstöðum.

Jörðinni Rauðkollsstöðum tilheyrir land allt til þeirra ummerkja sem hér greinir: Að austanverðu ræður gil, sem fellur þvert ofan úr Geldingadal í gjá fyrir norðvestan Hofmannafliöt, og rennur svo niður fyrir austan Rauðkollsstaðastekk í stóra keldu, sem rennur til suðvesturs í Skipalæk, sem deilir löndum þar til hann kemur í Núpsá, þá ræður Núpsá í sjó fram. Aftur ræður sjónhending úr Miðvörðu við Núpsvík uppí Merkjaborg, þaðan sjónhending í Votaberg ofan Djúpulág, þaðan beint upp í hrygginn milli Geldingadals og Toudala, þaðan sömu sjónhending upp á eggjar á Hafursfelli, svo austur eptir eggjum þar til komið er móts við fyrstnefnd gil upptök.

Rauðkollsstöðum þann 18. júní 1883

Þórður Þórðarson

Ofanskriafaða merkjalýsing, höfum vér séð og lesið, og sem landeigendur og umráðamenn landa, á móts við Rauðkollsstaðaland samþykkjum hérmeð merkjalýsing þessa í alla staði

Eigandi Hömluholta Kristján Jónsson

Ábúandi Hrutsholts Þórður Sveinbjörnsson

ábúandi Hömluholta Illugi Jóhannsson (handsalað)



Landamerki fyrir Hrútsholti.

Þjóðeignar jörðinni Hrútsholti liggjandi í Eyjarhreppi í Hnappadalssýslu, til heyrir land allt með gögnum og gæðum til lands og vatns til móts við aðrar jarðir, að merkjum þeim er hér greinir:

Frá Skipalæk þar sem hann fellur í Núpsá, svo ræður Núpsá upp að keldu þeirri er rennur í ána vestan halt við landamerkjarúst, svo ræður keldan upp í Mólæk, síðan lækurinn þar til hann verður enginn eða mjög óglöggur, þá úr torfvörðu sem þar stendur nálægt mógröfunum sjónhending í grjótvörðu austan og ofan Fannrannlág, þá sjónhending úr þeirri vörðu í hamar, sem er upp af Berjageirum, síðan eptir eggjum suðvestan Þverdal, þá vfir eggjarnar ofan í gil er fellur ofan í gjána í Geldingadal vestan til við Hrafnklett, ræður svo gil það ofan í áðurnefndan Skipalæk.

Hrútsholti þann 14. júní 1884

Th: Sveinbjörnsson

Ofanskrifaða merkjalýsing höfum vér séð og lesið, og samþykkjum hana rétta að vera, sem erum eigendur og umráðamenn þeirra jarða er lönd eiga móts við Hrútsholtsland.

Þórður Þórðarson.

Jóhann Benjamínsson

Ofanskrifuð landamerki samþykkir.

Ásmundur Sveinsson



Landamerki fyrir Söðulsholti

Þjóðeignar jörðinni Söðulsholti liggjandi í Eyjarhreppi í Hnappadalssýslu tilheyrir land allt með gögnum og gæðum til lands og vatns, til móts við aðrar jarðir að merkjum þeim er hér greinir:

Frá Núpsá þar sem Merkjakeldan rennur í ána vestan halt við Landamerkjarúst, ræður keldan þaðan upp í Mólæk, síðan lækurinn þar til hann verður engin eða mjög óglöggur þá úr torfvörðu, sem þar stendur nálægt Mógröfunum, sjónhending í grjótvörðu austan og ofan Fannlág; þá sjónhending úr þeirri vörðu í Hamar, sem er upp af Berjageirum; síðan norður eptir eggjum inn á Þríhnúka og Leirdalsbotn þaðan ráða upptök Núpsár og svo áin ofan að fyrr téðri landamerkjakeldu

Söðulsholti þann 14. Júní 1884

Jóhann Benjamínsson

Ofanskriafaða merkjalýsing höfum vér séð og lesið, og samþykkjum hana rétta að vera, sem erum ábúendur þeirra jarða er lönd eiga móts við Söðulsholtsland.

Th. Sveinbjörnsson

Guðmundur Sigurðsson

Landamerki þessi samþykkjast.

Ásmundur Sveinsson.



Landamerki fyrir þjóðjörðinni Dalsmynni í Eyjahreppi

Sjónhending úr grasþúfu austanvert á Máendisholtum í Mjóageir eður Merkigeir til fjalls upp, og efst úr þeim geir sjónhending á stein austan til á Dalsmynnifelli, og sjónhending frá þeim steini austan hvítuhlíð og vestari og innri Svörtufjallalynd, þaðan ráðað fjallseggjar, vestur á móts við Núpsárdrög, síðan ræður Núpsá alla leið að Núpár gamla farveg, sem liggur að Þverá, síðan ræður Þverá upp að Máendisholtum.

Guðmundur Sigurðsson

Ofan skrifuð landamerki vottum við undirskrifaðir

Sigurður Jónsson

Jóhann Benjamínsson

Anno – – 1884

frá Hróksholti vantar undir skrift

Framanskriðuð landamerki samþykkir undirskrifaður að því er snertir jarðirnar Dalsmynni og Hrossholt

Ásmundur Sveinsson

Landamerkjabréf fyrir þjóðjörðina Dalsmynni í Eyjahrepp.



Landamerki [Sbr. landamerkiadóm bls. 197-198.](#)
fyrir Þjóðjörðinni Þverá í Eyjahreppi.

Sjónhending frá grasþúfu á Máendisholtum í Merkigeir til fjalls upp og efst frá merkigeir, sjónhending á stein austanvert á Dalsmynnisfelli, og frá þeim stein sjónhending austan hvítuhlíðarkoll og það beina sjónhending á vestari og innri Svörtufjallatind og þaðan fjalleggjar ráða, norður móts við sjónarfellsöxl og þaðan sjónhending að fossi í Gerðubergs læk, sem er skamt fyrir ofan Lestamannavað, svo ræður Gerðubergslæklur til rústar, sem er niður með fyrnefndum læk og kölluð er Merkjarúst og síðan sjónhending á Gildruholt, og þaðan sjónhending í Flókalækjarós, sem rennur í Þverá, skamt fyrir neðan Máendisholt. Ofanskrifuð landamerki vottum við undirskrifaðir árið 1884

Sigurður Jónsson

Guðmundur Sigurðsson

Lárus Gíslason

Jón Jóhannesson

Ofanskrifuð landamerki undirskrifar og samþykkir

Ásmundur Sveinsson



Landamerkjabréf fyrir Höfða

Jörðin Höfði í Eyjarhreppi innan Hnappadalssýslu, á land allt með gögnum og gæðum til lands og vatns, til þeirra ummerkja er hér greinir:

Frá Bleiksteinum þvert niður í Svínaskarð, og svo eptir skarðinu þar sem það er lægst suður í Svínavatn, og svo eptir vatninu þar til Arná fellur úr því, sem þá ræður merkjum ofan í Oddastaðavatn, og eptir því vatni allt til þess er Höfðaá rennur úr því, og deilir hún þá löndum niður í Höfðaárvatn eða Ása; þaðan ræður Flatnaár gamli farvegur upp að Lestavaði, þá ræður Flatnaá upp að Ármótum, þaðan ræður Sátudalsá inn á móts við Krosssteinavörður, sem standa skammt austan ána gagnvart neðsta fossinum í Sátugili. Úr Krosssteinavörðum sjónhending í litla vörðu miðhlíðis í Svínafelli, þaðan sömu sjónhending upp á útnorður horn Svínafells, og þaðan austur eptir háfellinu, allt til áðurnefndra Bleiksteina.

Höfða þann 20 dag Augustmánaðar 1884

Þórður Jóh. Þórðarson

Ofanskriafaða landamerkjalyngu, höfum við undirskrifaðir eigendur og umráðendur þeirra jarða er lönd eiga til móts við Höfða, séð og lesið, og samþykkjum hana rétta að vera og samkvæma því, er vér áður höfum orðið ásáttir um.

Kr. Tómasson eigandi Vörðufells

Jón Jónsson ábúandi á Ölveskrossi

Arni Halldórsson ábúandi á Syðri Rauðamel

fyrir ytra-Rauðamel Kristján Jónsson



Eptirrit

Landamerki fyrir Rauðamel ytri eru, sem hér ~~segir~~ greinir.

Fauskáskelda ræður frá Haffjarðará upp fyrir Fauskás, þaðan sjónhending í vörðu, sem er á vestari Miklaholtssendanum, svo ræður merkikelda upp undir Þjóðveg, þaðan í ytri bergsstöngina, svo þvert yfir bergið upp í Gerðubergslæk, svo ræður Gerðubergslækur upp að á þeirri er Fanná heitir. Fanná ræður upp í Vikurtjörn, svo úr Vikurtjörn fyrir austan Svörtufjöll á Sandfell nokkurt, þar í eggjunum, svo austur eptir eggjum í Hestfjall, úr Hestfjalli austur eptir eggjum fyrir ofan Brúnadal, eptir því, sem vötnum hallar suður og ofan frá Grásteinsfjallsmúla í tjörn þá, sem er fyrir sunnan Litla-Langadalsdrögin, svo í austur-landsuður upp í svokallað Sátuhraup upp í eggjar á Sátu og eptir eggjum á Sátu að Sátuhruk, svo þaðan sjónhending eptir Stóruskriðu í vörðu, sem er við Sátudalsá. Svo ræður Sátudalsá ofan í ármót í Flatnaá svo ræður Flatnaá ofan fyrir Þjóðvað og eptir Flatnaár gamla farveg þvert yfir nesið vestan til við móana ofan í Höfðaárvatn eða ása, svo eptir ásum ofan að Laxá; Laxá ræður ofan að Kaldá, öðru nafni Haffjarðargili, svo ræður Haffjarðará ofan að fyrrnefndri Fauskásskeldu.

Þessi lönd liggja að Rauðamelslandi: Fyrst Gerðubergsland

Þessu samþykku

Lárus Gíslason

Kristján Jónsson

Magnús Helgason á Breiðabolsstað

Þórður Jóh. Þórðarson á Höfða

Árni Halldórsson á Syðri-Rauðamel

J. Eyvindsson í Landbrotum

fyrir Litla Langadal: Hallvarður H. Sigurðsson Daníel Sigurðsson

Samstundis borgað 1 – ein – króna

23/1 1885 S.J.

Ég undirskrifaður Kristján Jónsson bóndi á Ytri-Rauðamel og réttur eigandi nefndrar jarðar gjöri vitanlegt:

að ég lögfesti í dag alla veiði í Haffjarðará fyrir Rauðamelslandi í hverri að ég á jafnt veiði móti Syðri-Rauðamel og Landbrotum. Eg fyrirbyð því hérmeð og banna öllum að ásælast eða nota téða veiði nema mitt leyfi tilkomi, eða sýni að með lögum sé undangengið. –

Þessu til staðfestu rita ég nafn mitt hér undir.

Rauðamel ytri 29. Ágúst 1890

Kristján Jónsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Landamerki fyrir Þjóðjörðinni Gerðubergi í Eyjahrepp.

Sjónhending frá fossi í Gerðubergslæk í austari Sjónarfellsöxl og þaðan til fjalls, sem Vikurtjörnarhraun [svo] ræður, að austanverðu ^{ráða} Rauðukúlur og sjónhending í Vikurtjörn, síðan ráða Fannár þar til þær renna í Gerðubergslæk, og sjónhending í vestari bergfestina, síðan sjónhending eptir Landamerkjakeldu vestan til við svokölluðum Miklholtum í Fauskáskeldu að Haffjarðará, síðan ræður Haffjarðará, þar til Gerðubergslækur fellur í fyrnefnda á, síðan ræður fyrnefndur lækur allt að foss þeim, sem er skamt frá Lestamannaðaði.

Ofanskriðu landamerki vottum við undirskrifaðir ár 1884

Lárus Gíslason

Sigurður Jónsson

Kristján Jónsson

Jón Jóhannesson

Ofanskriðu landamerki samþykkir Ásmundur Sveinsson



Landamerki fyrir jörðinni Akurholti í Eyjahreppi.
Samanber landamerkjadóm um merki milli Akurholts og Þverá bls. 197-198.

1. Á milli Þverár og Akurholts ræður sjónhending frá Flókalækjarós í Gildruholt, þaðan í Merkjarúst skamt frá Gerðubergslæk, frá rústinni í foss í læknum, ræður svo lækurinn suður í Haffjarðará síðan ræður áin ofan á móts við vörðu á holti skamt frá ánni þaðan ræður sjónhending í vörðu við Bólulækjarbotn, þaðan ræður bein lína yfir vörðu á Melholti í Merkjararð við Þverá að sunnanverðu, svo ræður áin að Flókalækjarós.

Ofanskriafaða landamerkskrá samþykkjum við undirskrifaðir 1889.

Eigandi Akurholts, Kristján Jörundsson

1. til móts við Þverá Krisján Jörundsson
2. til móts við Gerðuberg Lárus Gíslason
3. til móts við Hrossholt Pétur Þormóðsson

Samþykkur þessum landamerkjum.

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerki milli Hrossholts, Söðulholts og Dalsmynnis.

Milli Hrossholts og Söðulholts. Frá Núpá, þar sem Hlífarmynni fellur í ána í torfvörðu á austanverðum Hlífarmóum; úr þeirri torfvörðu norður flóann, sjónhending eftir torfvörðum í torfvörðu við Núpá, gengt Hestaskjóli, er stendur á eystri bakka Núpár. –

Þá milli Hrossholts og Dalsmynnis. Úr nefndri torfvörðu í Hestaskjól; þaðan eftir torfvörðum suðaustur flóann, bein sjónhending í Prestsþytt; og svo sama sjónhending eftir torfvörðum suður í Þverá. –

Gjört að Dalsmynni 20. október 1918.

Kristján Eggertsson. (eigandi Dalsmynnis)

Pjetur Þormóðsson (eigandi Hrossholts)

Ólafur Ólafsson (eigandi Söðulholts)

Fyrirfram innritað til þinglesturs þ. 9. nóvember 1918 í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu á bls. 146. –

Þinglesið á manntalsþingi að Þverá þ. 6. júní 1919.

PVBjarnason

Þinglestursgjald kr. 2.00 – tvær krónur –

PVB.



Landamerkjaskrár í Kolbeinsstaðahreppi

Landamerkjaskrá fyrir kirkjujörðinni Kaldárbakka í Kolbeinsstaðahreppi

1. Milli Kaldárbakka og Skóga ræður Kaldá merkjum innan frá Merkjatjörn neðan Hrossadal að Kýrhvammi.
2. Milli Kaldárbakka og Hraunsmúla ræður Kaldá innmerkjum að Grafalækjarmynni.
3. Milli Kaldárbakka og Garða ræður Grafalækur eða sjónhending úr Grafarlækjarmynni í Gvendarbrunn, þaðan sjónhending í Stekkjarholts norðurenda og þaðan í Dílasnös.
4. Milli Kaldárbakka og Mýrdals ráða eggjar á Kolbeinsstaðafjalli eins og vötnum hallar til beggja hliða milli Kaldadals að sunnan og Hríta og Haffjarðardals að norðan verðu inn að Hrossadalshyrnu.
5. Milli Kaldárbakka og Hróbjargarstaða ræður sjónhending úr Hrossadalshyrnu í fyrnefnda merkjatjörn.

Landamerki þessi samþykkja undirskrifaðir.

p.t. Tröð 6. Júní 1887.

Fyrir hönd eiganda Kaldárbakka og Mýrdals Sigurður Brandsson fullmaktaður.

Fyrir hönd Staðarhraunsprestsins, sem umboðsmanns Skóga og Hróbjargarstaða. Guðl. Guðmundsson; (aðstoðarprestur)

Fyrir hönd prestsins í Nesþingum, séra Helga Árnasonar, sem umboðsmanns Hraunsmúla.
– Sigurður Brandsson.

Fyrir hönd eiganda Garðanna Eggert Eggertsson.



Landamerki fyrir Hraunsmúla í Kolbeinsstaðahreppi

1. Milli Hraunsmúla og Kaldárbakka, ræður Kaldá merkjum frá Kýrhvammi að Grafarlækjarmynni og Grástein.
2. Milli Hraunsmúla og Snorrastaða eru merki: sjónhending úr Grástein í norðanvert Tóftavatn.
3. Milli Hraunsmúla og Jörfa eru merki: sjónhending úr norðanverðu Tóftavatni í Gálgaklett.
4. Milli Hraunsmúla og Skóga eru merki: sjónhending úr Gálgakletti í norðari endan á vestari Barnaborginni, þaðan sjónhending í Krókskeldubotninn þar sem hún fellur í hraunið, þar skal vörðu gjöra á hraunbarðinu, þá ræður Krókskelda merkjum í flóanum norður í Hraunsmúlady og sjónhending í Dammagötu holtið, og þaðan sjónhending norður í Kaldá hjá Kýrhvammi fyrnefndum.

Landamerki þessi samþykkja undirskrifaðir hlutaðeigendur.

p.t. Tröð 14. Desember 1889.

Fyrir hönd Nesþingaprestsins, sem umboðsmanns Hraunsmúla
SBrandsson

Í umboði eiganda Kaldárbakka sami S.Brandsson

Fyrir hönd eiganda Snorrastaða Guðríður Þórðardóttir.

Fyrir hönd eiganda Jörfa Stefán Stefánsson (ábúandi).

Guðlaugur Guðmundsson (aðstoðarprestur) fyrir Skóga. Staðarhraunskirkjujörð.

Helgi Árnason (sóknarprestur Nesþinga)



A

Landamerki Litlahrauns eru:

1. móti Stórahrauni úr miðjum tvísteinaál upp í Stakksholtsstein, sem stendur í bakka fyrir ofan Stakksholt, úr þeim steini upp í digrúvörðuna á Foldunum, sem einstök er og neðst, úr þeirri vörðu í aðrar tvær efrivörður, úr þeim tvívörðum í lítið vörðukorn þar ofar á Foldunum, þaðan í Brúnagarðsnefið, sem er við Eldborgargötu, en á Fitjunum ræður lækurinn.

2. Móti Snorrastöðum úr Æðakletti í Arnarklett og þaðan upp í hraunið í Fuglstapaþúfu, og svo sjónhending í hellu s^{tóra} sem kallast Kelling, þaðan upp í Arnkinnageilar og í Eldborgargötu.

3. Landamerki fyrir rekanum eru: allur reki fyrir Stórahraunslandi austur að Gömlueyri, kallaður Vigdísarstaðareki, hálfur reki frá Viðarhólma og í ál þann, sem liggur í sjó fram um fjörur milli Gömlueyrar og Broteyrordda og kallast Kaldárós móts við Kolbeinsstaðakirkju.

4. Hítardalskirkja á einsömul öll vog rek á Gömlueyri og í Vigdísarstaðareka; allar fjörur og eyrar upp og suður af Gömlueyri að Kaldárós í Æðaklett

Staðarhrauni 17. Júní 1884

Jónas Guðmundsson

Ofanskriðu landamerki fyrir Hítardalskirkjuförðinni Litlahrauni í Kolbeinsstaðahrepp samþykka:

Guðríður Þórðardóttir (fyrir Snorrastaði)

Björn Gottskálksson (ábúandi á Stórahrauni)

Þorbergur Fjeldsteð (eigandi Jörfa)

Sigurður Jónsson (Mandatarius eiganda Kolbeinsstaðakirkju).



Landamerki Ytri- og Syðri-Skóga og Moldbrekku:

1. Móti Hraunsmúla: að austanverðu ræður sýsluvegur frá Kaldá að vörðu á Dammholti; þaðan ræður Kaldá í Króksvatn; þaðan sjónhending í Kolásshaus; þaðan sjónhending í Gálgaklett.

2. Móti Jörfa: úr vörðu á Vegghamraborg ræður sjónhending í garðlagsenda, sem lagður hefur verið af hrauninu ofan í Hrauntjörn.

3. Móti Brúarhrauni ræður sjónhending úr Vegghamraborg í Bretalæk, þar sem hann kemur undan hrauninu og eptir honum í Hítará.

Staðarhrauni 7. febrú 1885

Jónas Guðmundsson

Þorbergur Fjeldsteð, samþykki ofanskrifuð landamerki bæði fyrir hönd Jörfa, eignarjörð sína og fyrir Hraunsmúla, sem hann er ábyrgðarmaður fyrir.

Benedikt Björnsson ábúandi Brúarhrauns.

Athugasemd: Landamerki Ytri- og Syðri Skóga til fjalls eru: Kaldá ræður frá ferðamannavegi inn að merkjatjörn, en þá tekur við Hróbjargarstaðaland eptir fjallseggjum þangað til Hítardalsvallnaland tekur við, sömuleiðis eptir fjalleggjum.

Landamerki milli Skóga innbyrðis eru:

Að framanverðu sjónhending úr Stekkjarskriðu til vörðu á Króksnefi, en að sunnanverðu eru merki eins og tún jarðanna ráða, og sjónhending í stein niður á melum ofan nónmýri.

Landamerki Moldbrekku eru til fjalls: fjallsbrún ræður ofan í Grettisbæli og ofan að Hítará.

Sjá bls – 222, landamerkjadómur

Milli Moldbrekku og Syðri-Skóga ræður sjónhending úr laut á heiðinni og í vörðu sunnan undir nónholti; því næst ræður sjónhending í aðra vörðu, sem stendur, í flóa fyrir utan og neðan Danmörk, úr þeirri vörðu ræður sjónhending í vörðu í hrauninu við merki milli Moldbrekku og Brúarhrauns. Sunnan og austan ræður Hítará.

Staðarhrauni 1. febrú 1885

Jónas Guðmundsson



C.

Landamerki Hróbjargarstaða og Hítardalsvalla.

a. Hróbjargarstaða: milli Hítardals að sunnan ræður Hítará, en að norðan Klyfssandur upp í Klyfsborg, úr Klifsborg ræður sjónhending eptir eggjum ofan í Hrosshyrnu eða hnúk neðan til við Hrossadal, þaðan sjónhending í merkjatjörn.

Milli Hítardalsvalla ræður sjónhending úr Selborgarhorni ofan í Hítará.

b. Hítardalsvalla: milli Hítardals ræður Hítará ofan að Grettisbæli, milli Hítardalsvalla og Moldbrekku ræður Grettisbæli. Milli Skóganna og Moldbrekku eins og áður greinir. ^{Sjá bls. 222.}
landamerkjadómur

Staðarhrauni 7. Febrú 1885

Jónas Guðmundsson



Landamerki Brúarhrauns í Kolbeinsstaðahreppi

1. Milli Brúarhrauns og Staðarhrauns, Brúarfoss og Lækjarbugs í Hraunhreppi, ræður Hítará merkjum frá Rauðslæk að Reiðarlæk.

2. Milli Brúarhrauns og Flesjustaða ræður Reiðarlækur merkjum frá því hann fellur í Hítará að þrengslum móts við Reiðarásenda og Hraunsnefi þar á móti; á því skal varða vera, þaðan sjónhending á Krossstein

3. Milli Brúarhrauns og Jörfa ræður merkjum, sjónhending úr Krosssteini í vörðu á stóru-Vegghamraborg.

4. Milli Skóga og Brúarhrauns eru merki sjónhending úr Vegghamraborgarvörðu í vörðu austan Djúpulág og þaðan sjónhending í aðra vörðu á flatahrauninu sunnan til við Brúarhraungötu og

5. Milli Moldbrekku og Brúarhrauns eru merki úr síðast nefndri vörðu á flatahrauninu sjónhending í Rauðslækjar upptök undan Bretahrauni ^{þá} ræður hann merkjum að Hítará.

Landamerki þessi eru samþykkt af undirskrifuðum.

p.t. Tröð 14. Desember 1887.

Fyrirhönd Nesþingaprestsins, sem umboðsmanns Brúarhrauns.

SBrandsson

Fyrir hönd eiganda Flesjustaða Benedikt Björnsson

Fyrir hönd Jörfa Stefán Stefánsson (ábúandi)

Guðlaugur Guðmundsson, fyrir Skóga og Moldbrekku

(aðstoðarprestur) Staðarhrauns- kirkjujarðir

Helgi Árnason (sóknarprestur til Nesþinga)



Sbr. landamerki Krossholts og Hítarness á bls. 180

Landamerkjabréf fyrir jörðinni Krossholti með tilheyrandi Flesjustöðum.

Úr náttmálaskarði við Hítará ræður sá grannagarður er liggur vestur að steini, sem garðspotti er við með klöppuðu L. á, þaðan sjónhending eptir vörðum úr torfi beint á steinbogann þar, sem hann kemur fram úr bökkunum, þaðan í Haldingsskér það austasta, þaðan í Sandalækinn, þar sem hann kemur fram úr bökkunum þaðan beint eptir vörðum upp að Álavatni, þaðan yfir vatnið í miðvörðu á hól fyrir austan vatnið, þaðan beint í Grástein, sem stendur í Votasundi í suður frá Kringilvatni og er þar steinn ofan á steini, þaðan beint á Krossstein, þaðan í hellu, nú vörðu, í hrauntanganum upp undan fljóti há Flesjustaðaseli, frá fljóti þessu ræður ^{Reiðar}lækur þar til hann fellur í Hítará, þaðan ræður áin ofan að áður nefndu Náttmálaskarði vestan Skipphyl.

Ennfremur fylgir Krossholti allur hálfur reki frá Hallbjarnarvörðum upp að Steinboga þeim, sem fyr er nefndur, og jörðin Hafurstaðir eptir merkjum þeim er þar til heyra.

Hjörtsey 2. Apríl 1890

J.Salómonsson

Stefán Jónsson (umráðandi Hítarnes)

Hallbjörn Hallbjörnsson Brúarhrauni ábúandi

Stefán Stefánsson Jörfa ábúandi

Ennfremur eru landamerki þessi milli Krossholts og Flesjustaða ræður Keldulækur, sem rennur úr vatninu ofan að torfvörðu, sem stendur við lækinn, þaðan sjónhending í vörðu suður á Hrísum, úr þeirri vörðu sjónhending í vörðubrot, sem er á mel við Hítará milli svo kallaða efri og neðri dýja

Krossholti 2. Apríl 1890.

Þorlákur Jónsson Flesjustöðum, ábúandi.

Benedikt Björnsson ábúandi

Þinglesið á manntalsþingi á Görðum í Kolbeinsstaðahreppi 28. júní 1922.

Þinglestursgjald kr. 3.00 – þrjár krónur –
PVBjarnason



Landamerki ljensjarðarinnar Hítarness í Kolbeinsstaðahreppi

Sbr. Hítarnes og Krossholt á bls. 180.

Úr Steinbogalæk, þar sem hann rennur út úr bökkunum ræður merkjum sjónhending eptir vörðum úr torfi beint í stóran stein, sem L er höggvið á; frá þeim steini ræður Grannagarðsspotti sá, er liggur suður í Náttmálaskarð við Hítará. Þá ræður merkjum Hítará til sjávar (út í Hítárós); þá ræður Hítárós sunnan til við Hítarnes-nes, þá Kaldárós, vestan til við nesið og norður fyrir Broteyri, gagnvart Gömlueyri; þá ræður állinn vestan við Haldingskér, allt að norður horni austasta skérsins. Þaðan ræður sjónhending í Steinbogalækinn, þar sem hann rennur út úr bökkunum.

Hítarnesi 30. júní 1890

Stefán Jónsson (beneficiarius)

Stefán Stefánsson (ábúandi á Jörfa)

Benedikt Björnsson (ábúandi Krossholti)



Landamerki Jörfa í Kolbeinsstaðahreppi.

1. Milli Jörfa og Snorrastaða eru merki: sjónhending úr Æðarkletti í Margróf; þaðan sjónhending í Merardý – á þessari sjónhendingu skulu vera hlaðnar vörður – ; þá sjónhending úr Merardýi í norðausturendann á Tóptarvatni. Þar skal varða vera.

2. Milli Jörfa og Hraunsmúla eru merki: sjónhending úr Tóptavatnsenda í Gálgaklett.

3. Milli Jörfa og Skóga eru merki: sjónhending úr Gálgakletti í vörðu á Stóruvegghamraborg.

4. Milli Jörfa og Brúarhrauns eru merki: sjónhending úr fyrnefndri vörðu á Vegghamraborg í Krossstein.

5. Milli Jörfa og Flesjustaða eru merki: sjónhending úr Kross-steini í Grástein; þaðan sjónhending í hól við Álavatn; á honum skal varða vera, og þaðan sjónhending yfir Álavatn í vörðu vestan vatnið.

6. Milli Jörfa og Krossholts eru merki: sjónhending úr vörðu vestan Álavatn eptir vörðum í Sandalæk, þar sem hann fellur í sjó fram.

7. Milli Jörfa og Hítarness eru merki: sjónhending úr Sandalækjarmynni í norðurhornið á austasta Haldingsskerri og í sjó fram; ræður þá ~~á allinn norðvestur að Æðarkletti.~~ állinn norðvestur að Æðarkletti.

Jörfa 30. júní 1890

Stefán Stefansson (ábúandi Jörfa)

Benedikt Björnsson (ábúandi Krossholts)

Þorlákur Jónsson (bóndi á Flesjustöðum)

Fyrir hönd prestsins í Nesþingum séra Helga Árnasonar, Sigurður Brandsson

Hallbjörn Hallbjörnsson (ábúandi Brúarhrauns)

Þórður Sigurðsson (ábúandi í Skógum)

Jón Guðmundsson á Snorrastöðum.

Við undirskrifaðir, sem af viðkomandi sýslumanni með bréfi dags. 4. þ.m. vorum útnefndir til að ganga á landamerki milli jarðanna Jörfa og Hítaness í Kolbeinsstaðahreppi, látum hér með það álit okkar í ljósi, að landamerki milli téðra jarða séu réttust haldinn þannig: að tekin sé bein sjónhending úr Sandalækjarmynni í Óssker, liggur þá sjónhendingin fram á milli Haldingskerja yfir norðasta hornið á austasta skerinu og tileinkast það sker því Hítarnesi og eins fremsta skerið, en norðasta skerið af þremur liggur þá í Jörfalandi ásamt smáfleirum þar norður af.

Þetta álit okkar er gjört eptir beztu samvizku einsog við hyggjum réttast vera og hafa núverandi ábúendum beggja jarðanna, sem báðir voru viðstaddir látið í ljósi, að þeir fyrir sitt leyti séu ásáttir með merki þessi og skrifa því til staðfestingar nöfn sín hér undir ásamt okkur.

Staddir á Jörfa 11. júní 1889



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Sigurður Brandsson (hreppstjóri)
Þórður Sigurðsson

Stefán Stefánsson (handsalað)

Framanskriðuð landamerki eru hér með að mínu leyti samþykkt, að því er Hítarnes snertir,
svo framalega, sem stiptsyfirvöld synja ekki staðfestingar sinnar

Hítarnesi 13. júní 1889

Stefán Jónsson (prestur)



Landamerki fyrir Snorrastöðum.

Jörðin Snorrastaðir í Kolbeinsstaðahreppi á land allt með öllum gögnum og gæðum til lands og vatns til þeirra ummerkja, sem greinir:

Úr Grásteini yfir þvera melana suður í uppreista hraunhelli fyrir neðan Tóptavatnsendan, úr fyrnefndri hellu beina sjónhendingu, sem hnausa-vörður ráða yfir flóan að Margróf; úr vörðunni við Margróf sjónhending í Æðarklett fram á fjörum, úr Æðarkletti sjónhendingu í Arnarklett; þaðan Fuglstapaþúfu, þúfunni í hellu, sem kallast Kerling; þaðan í Arnkinnargeilar í Eldborg, úr austnorðurhorninu á Eldborg sjónhendingu yfir hraunið í upphlaðna grjótvörðu á hraunbarðinu við Borgarlæk, og er klappaður kross í hraunbergið, sem varðan stendur á; þaðan sjónhendingu yfir tunguna eptir upphlöðnum hnausavörðum og í grjótvörðu fyrir austan götuna á Garðaás, úr þeirri vörðu í áðurnefndan Grástein.

Rauðkollsstöðum dag 30. Júní 1884.

Guðríður Þórðardóttir

Vegna jarða þeirra, sem lönd eiga móts við Snorrastaðaland, samþykkjum við framan og ofanskriðuð landamerki, og álítum í alla staði rétt að vera.

Þorbergur A. Fjeldsteð,

Eggert Eggertsson,

Jónas Guðmundsson.



Landamerki fyrir umboðsjörðinni Stórahrauni í Kolbeinsstaðahreppi

Að Stórahraunslandi liggja eptirfylgjandi lönd.

1. Kolbeinsstaðaland: Þar ræður merkjum sjónhending úr Fuglstapaþúfu austur^{an} og ofan til við neðri Sauðhamar hjá Haffjarðará – yfir efri-Bænhúsás í stóra vörðu í vatnsæðum.

2. Haukatunguland: Þar á milli ræður merkjum; sjónhending úr vatnsæðavörðunni eptir sömu stefnu og að ofan er tilgeind í Arnarklett, og þaðan sjónhending í Brunagarðsklif í Eldborgargötu.

3. Litlahraunsland: Þar á milli eru merki sjónhending úr Brunagarðsklifinu í efri og neðri vörðu á Foldunum, þá sjónhending úr neðri Foldavörðunni í stein í Stakkholtsvík, úr þeim steini sjónhending í Þrísteina, úr Þrísteinum eptir álnum fram fyrir Stórahraunseyjar í Haffjarðará; þá ræður Haffjarðará merkjum: milli Hausthúsa, Kolviðarness, Hróksholts og Akurholts í Eyjahreppi að fyrnefndri Fuglstapaþúfu.

Á fitjunum ræður lækurinn milli Stóra- og Litlahraunsengja suður úr, og vestur framan Melabakka vestur fyrir Toppa, þaðan austur eptir ofanvert við Selhöfða.

Merki þessi samþykkja undirskrifaðir:

Jónas Guðmundsson, landsdrottinn fyrir Litlahrauni

SBrandsson, í umboði eiganda fyrir Kolbeinsstaði

Eggert Eggertsson, í umboði eiganda fyrir Haukatungu

Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Landbrotum í Kolbeinsstaðahrepp.

Þar að liggja lönd:

1. Syðra-Rauðamels^{land}: á milli Landbrota og Rauðamels-Syðra, ræður sjónhending úr garði við Haffjarðará framan Eldhólma á Rauðhálsakúlu.

2. Kolbeinsstaða og Skjálgarland: þar ræður merkjum sjónhending úr Rauðhálsakúlunni vestur hraunið í vörðu og lítinn uppsprettulæk (Dynjanda), sem fellur í Landbrotalækinn, þá ræður sá lækur suður að fossinum, sem einnig er af sumum kallaður Dynjandi; þaðan sjónhending í neðri Tjarnarstapa, úr honum sjónhending í Einbúa; þaðan í vörðu á miðjum Holtnás og í Haffjarðará; þá ræður hún merkjum eptir miðju dýpi milli Gerðubergs og Ytra-Rauðamels móti Landbrotum að fyrr nefndum garði. Landbrot eiga slægjur í Skallavík á Kolbeinsstaðalæk kringum litla tjörn og lækjarbakka þar hjá.

Landamerki þessi samþykkja undirskrifaðir.

Fyrir hönd Herra Kristófers Finnbogasonar eiganda Landbrota Kolbeinsstaða, Skjálgar og ½ Syðra-Rauðamels

Sigurður Brandsson (fullmaktaður)

Jón Jónsson ábúandi Landbrota

Þórður Jóh. Þórðarson eigandi að ½ Syðri-Rauðamel



Landamerki fyrir Rauðamel syðri í Kolbeinsstaðahrepp

1. Milli Rauðamels og Hraunholta eru merki þannig: sjónhending úr Kalli og Kelling, í útnorðanverða Gullborg.

2. Milli Rauðamels og Heggstaða ræður sjónhending úr Gullborg sunnanverðri í Kaldalæk, þar sem Haffjarðargil kemur í hann.

3. Milli Rauðamels og Mýrdals ræður Kaldilækur að Hrútagilssöngfossi, úr fossinum sjónhending í Rauðhálsakúlu norðari.

4. Milli Rauðamels og Landbrota ræður sjónhending úr áðurnefndri Rauðhálsakúlu í merkjaröð við Haffjarðará, framan Eldhólma.

5. Milli Syðri- og Ytri-Rauðamels ræður Haffjarðará fram í Höfðavatn, og svo nefnt vatn.

6. Milli Rauðamels syðri og Höfða ræður Höfðaá í Oddastaðavatn, og vatnið að fyrnefndum Kalli og Kerlingu.

Ennfremur á Rauðimelur syðri selland á norðanverðum Haffjarðardal með þessum landamerkjum:

1. Milli Mýrdals og sellandsins ræður Haffjarðardalsgil, frá litlum læk vestan seltóptir inn í Haffjarðardalsbotn, og Haffjarðardalshyrnu.

2. Milli Heggstaða og sellandsins eru merki frá nefndri hyrnu einsog vötnum hallar, vestur eptir Heggstaðamúla og Merkihygg í fyrnefndan læk, sem rennur í Haffjarðardalsgil, vestan seltóptir.

Tröð 7. júní 1889.

Fyrir hönd eiganda ½ Syðri-Rauðamels, Heggstaða, Mýrdals og Landbrota herra Kristófers Finnbogasonar, og ennfremur fyrir hönd eiganda Hraunholta.

Sigurður Brandsson.

fyrir Ytri-Rauðamel, Kristján Jónsson.

eigandi að hálfum Rauðamel syðri og öllum Höfða.

Þórður Jóh. Þórðarson.

ábúandi Árni Halldórsson.



Landamerkjaskrá fyrir Þjóðjörðinni Ölveskrossi í Kolbeinsstaðahreppi.

1. Móti Oddastöðum; frá Strokk eptir sem vötnum hallar á Krossborgum fram á Selborg, þar til lækur rennur úr suður af brúninni fyrir austan grenið, í Álptatjörn; þaðan sjónhending í vörðu austast á Háuborg, þaðan í svokallaðan Landamerkjalæk þar sem hann kemur saman úr tveimur kvíslum, annari austan úr Árnaveitu, en hinni vestan úr Leirtjörn; ræður lækurinn svo ofan á jafnsléttu fram af hlíðinni, skal svo ráða vestasta kvísl eða farvegur lækjarins vestur með hlíðinni, þar til hann beygist af krók, suður á milli Krossholta og Stekkjarholta; ræður þá sjónhending úr lækjar króknum ofan holtin í vörðu á Landamerkjastapa, sem er næst fyrir sunnan Langamel eða Landamerkjahrygg. Úr Landamerkjastapa sömu sjónhendingu fyrir norðan hólmann í Oddastaðavatni í Karl og Kerlingu, niðri í hrauni neðan Oddastaðavatn.

2. Móti Höfða í Eyjahreppi úr Karli og Kerlingu, sjónhending í Arnárós, þar sem hún fellur í Oddastaðavatn, ræður svo Arná þangað, sem hún hefur upptök sín úr Svínavatni; Ræður þaðan sjónhending yfir Svínavatn þangað sem Svínaskarðslækur rennur í það, ræður svo Svínaskarðslækurinn merkjum þar til komið er í beina sjónhending við Bleikusteina í Svínafellshorni og Þrívörður á Rauðamelsheiði.

3. Móti Bílduhóli á Skógarströnd: úr Svínaskarðslæk, sem áður segir í beina sjónhending í Þrívörður.

4. Móti Innra-Leiti í sömu sveit: sjónhending úr Þrívörðum í Strokk, sem áður greinir.

Ölviskrossi 29. febrúar 1888

Jón Guðmundsson

Framan og ofanskrifuð landamerkjaskrá er samþykkt af

Guðmundi Pálssyni ^{Péturssyni} ábúanda á Oddastöðum, handsalað.

Jónasi Guðmundssyni óðalsbónda á Bílduhóli, handsalað

Guðmundi Jónssyni ábúanda á Innra Leiti

Þórður Jóh. Þórðarson eigandi og ábúandi á Höfða

Sem umboðsmaður framan nefndrar jarðar Ölviskross í Kolbeinsstaðahrepp.

Jón Jónsson umboðsmaður í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Oddastaði í Kolbeinsstaðahreppi.

1. Á milli Hraunholta og Oddastaða, er sjónhending úr Kalli og Kellingu, yfir Oddastaðavatn, vestan hallt við Miðmundavík í Grófarmynnið og Hámúla-öxlina, og þaðan eins og vötnum hallar, að Sauðastapa.

2. Á milli Hallkelsstaðahlíðar og Oddastaða, er sjónhending úr fyrnefndum Sauðastapa yfir Krakavatn í Háhlíðarbungu.

3. Á milli Laxárdals og Oddastaða, eru landamerkin yfir Hlíðarbungu eins og vötnum hallar, og sjónhending í Almannaborgargil, þar sem það fellur úr Stórhólmavatni.

4. Á milli Borga og Oddastaða, eru merki eptir hæðstu Svörtubrún frá Stórhólmavatni, að kletti þeim, er Strokkur er kallaður.

5. Á milli Ölviskross og Oddastaða eru þessi landamerki, frá Strokk eptir því, sem vötnum hallar á Krossborgum fram á Selborg, þar til að lækur rennur Álptatjörn suður af brúninni; þaðan sjónhending í vörðu austast á Háuborg, þaðan í svo kallaðan Landamerkjalæk, þar sem hann kemur saman úr 2 kvíslum, sem koma úr Arnarvatni og Leirtjörn. Svo ræður lækur þessi ofan á jafnsléttu og ofan á milli Krossholta og Stekkjarholta; Þá ræður sjónhending úr lækjarkróknum fyrir ofan holtin í vörðu á Landamerkjastapa, sem er neðst fyrir sunnan Landamerkjahrygg. Þaðan sjónhending fyrir norðan hólmann í Oddastaðavatni, og í Kall og Kellingu, sem áður eru nefnd, og sem standa í hrauninu neðan Oddastaðavatnið.

Oddastöðum 2. Ágúst 1889.

Jón Guðmundsson (ábúandi á Ölviskrossi) (handsalað)

Kjartan Eggertsson (ábúandi á Oddastöðum) (handsalað)

Fyrir Laxárdal og fyrir Borgir Eiríkur Gíslason

Fyrir hönd eiganda Hallkelsstaðahlíðar Sigurður Brandsson



Landamerki Hraunholta í Kolbeinsstaðahreppi

1. Milli Hraunholta og Hallkelsstaðahlíðar eru merki fyrir þvera hlíðina úr múla brúninni sjónhending við innri enda Hermannsholts suður yfir vatnið í Svartaskúta.

2. Milli Hraunholta og Heggstaða eru merki úr Svartaskúta eptir sömu stefnu og fyrgreinir í stein á há-þverfelli; þaðan sjónhending í Hraunholtahnúka og úr þeim í Gullborg.

3. Milli Hraunholta og Rauðamels syðra eru merki sjónhending úr útnorðurhorni Gullborgar yfir Stóraás í Kall og Kellingu, kletta 2. við Oddastaðavatn.

4. Milli Hraunholta og Oddastaða eru merki sjónhending úr Kalli og Kerlingu yfir vatnið í Miðmundavíkina; þaðan sjónhending í Grófina og múlaöxlina, þá ræður inn eptir múlanum einsog vötnum hallar til beggjahliða inn að Hlíðarlandi (móts við Hermannsholt fyrnefnt) þar sem saman koma Oddastaða- og Hallkelsstaðahlíðarlönd.

Þessi landamerki samþykkja undirskrifaðir.

Björn Magnússon (ábúandi Hraunholta)

Magnús Magnússon (ábúandi Hallkelsstaðahlíðar)

Jónas Jóhannesson (ábúandi Heggstaða)

Fyrir hönd eiganda hálfra Hraunholta. Sigurður Brandsson

Sigurður Jónsson fyrir hönd eiganda Heggstaða, Hallkelsstaðahlíðar og hálfra Rauðamels.

1 kr: borguð

23/6 86 kvítt

S.J.



Landamerki fyrir Hallkelsstaðahlíð í Kolbeinsstaðahrepp

1. Milli Hallkelsstaðahlíðar og Hafursstaða ræður Fossá merkjum frá Geirhnúkgili í Hlíðarvatn og sjónhending eptir vatninu vestur að merkjum milli Heggstaða og Hraunholta á móts við Hermannsholt og Svartaskúta.

2. Milli Hallkelsstaðahlíðar og Hraunholta eru merki sjónhending úr Hermannsholti upp á Oddastaðamúla, þar skal vera varða og í Sauðastapa.

3. Milli Hallkelsstaðahlíðar og Oddastaða eru merki, sjónhending úr Sauðastapa í Krakavatn og Hlíðarbungu þar sem hún er hæðst.

4. Milli Hallkelsstaðahlíðar og Laxárdals á Skógarströnd eru merki eptir hæðstri Hlíðarbungu einsog vötnum hallar og sjónhending í Geirhnúkgil þar sem það fellur í Fossá. Landamerki samþykkja undirskrifaðir hlutaðeigendur.

p.t. Tröð 28. Desember 1889.

Fyrir hönd eiganda Hallkelsstaðahlíðar og Hraunholta, samkvæmt þar til gefnu umboði.
Sigurður Brandsson.

Fyrir hönd eiganda Hafursstaða, Eggert Benjamínsson ábúandi
Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa-og Skógarstrandarumboðs.
Fyrir Laxárdalsland og fyrir Borgaland Eiríkur Gíslason.



Landamerkjalysing fyrir jörðinni Hafurstöðum í Kolbeinsstaðahreppi innan Hnappadalssýslu.

Úr Geirhnjúk suður eggjar á Vatnshlíð á móti Tjaldbrekku og Hítardalslöndum allt fram á Klyfsháls (fyr kölluð Hellisheiði), þaðan sjónhending í gljúfrin á Rögná, þar sem hún kemur úr fjallinu, þaðan beint í toppinn á svo kölluðu Sandfelli; þaðan sjónhending eptir fellsbrúninni út á klyf við Hlíðarvatn; frá Hlíðarvatni að norðanverðu, ræður Fossá frá því er hún fellur í vatnið og inn í krók norður af Svörtubrún, þaðan ræður svo kallað Geirhnúksgil upp undir áður nefndan Geirhnúk.

Hjörtsey 18. Febrúar 1890

J. Salómonson.

Hinsvegar skrifaða merkjalýsing samþykkjum við hér undirskrifaðir er eigum lönd að Hafurstaðalandi.

Fyrir hönd eiganda Heggstaða og Hallkelsstaðahlíðar herra Kristófers Finnbogasonar.
Sigurður Brandsson í Tröð

Guðbjörg Hákonardóttir (eigandi Gunnarsstaða)

Jörundur Guðbrandsson (eigandi Hólmláturs)

Magnús Magnússon (á Hallkelsstaðahlíð ábúandi)

Eggert Benjamínsson (á Hafurstöðum ábúandi)

Jónas Guðmundsson

Jón Pálsson (Heggstöðum ábúandi)



Landamerkjaskrá. fyrir kirkjujörðinni Heggstöðum í Kolbeinsstaðahrepp

1. Milli Heggstaða og Hítardalskirkjulands eða Hróbjargarstaða ræður Klyfsháls eða skarð fyrnefnd Hellisheiði og frá skarðinu eggjar eins og vötnum hallar til beggja hliða að Haffjarðardalsbotni (hyrnu), þá ræður Heggstaðamúli eins og vötnum hallar milli Heggstaða og Rauðamels-sellandsins til enda og úr múlaendanum Merkihryggur að litlum læk, sem fellur í Haffjarðardalsgil norðanvert við Rauðamelssel.

2. Milli Heggstaða og Mýrdals ræður Haffjarðardalsgil þar til það fellur í Kaldalæk.

3. Milli Heggstaða og Rauðamels-syðri^a ræður sjónhending úr fyrnefndu gili, þar sem það fellur í Kaldalæk í Gullborg.

4. Milli Heggstaða og Hraunholta ræður sjónhending úr Gullborg í Hraunholtahnúka og þaðan sjónhending í stein á Þverfelli, þaðan í Svartaskúta við Hlíðarvatn.

4. [svo] Milli Heggstaða og Hallkelsstaðahlíðar ræður vatnið að klyfi í Sandfelli framan kýrgróf.

5. Milli Heggstaða og Hafursstaða ræður hryggur frá nýnefndu klyfi á Sandfelli í hæðsta hnúkinn á því og þá sjónhending úr hæðsta hnúknum í Rögná, þar sem hún fossar fram úr Hellisdal og þaðan sjónhending í Klyfsháls skarðið fyrnefnt.

Kolbeinsstaðir eiga selstöðu í Heggstaðalandi framan Draugagil og Kárhóla og upprekstur á Hellisdal fyrir sauðfé.

Landamerki þessi samþykkja undirskrifaðir.

p.t. Tröð 6. júní 1889.

Fyrir hönd eiganda Heggstaða, Mýrdals ½ Syðri-Rauðamels og Hallkelsstaðahlíðar herra Kristófers Finnbogasonar

Sigurður Brandsson fullmaktaður

Ennfremur sami fyrir hönd Hraunholta eigandans^{na}.

Fyrir hönd eiganda Hafursstaða Eggert Benjamínsson ábúandi

Athug.

Guðl. Guðmundsson (aðstoðarprestur fyrir Hítardals- og Staðarhraus prestakall.).



Eptirrit

Landamerkjaskrá fyrir kirkjujörðinni Mýrdal í Kolbeinsstaðahreppi.

1. Milli Mýrdals og Traðar ræður sjónhending af Norðurhrynu eptir Miðflá í Grástein í Krossgeir, þá sjónhending úr Grásteini í vörðu við Krossdý, þaðan sjónhending í Rauðhálsakúlu.

2. Milli Mýrdals og Rauðamels syðra, ræður sjónhending úr Rauðhálsakúlu norðari í fossinn á Kaldalæk; þar sem Hrútagil kemur í lækinn ræður þá Kaldilækur að Haffjarðardalsgili.

3. Milli Mýrdals og Heggstaða ræður Haffjarðardalsgil norðan Þverholt að litlum læk, sem fellur í það að norðanverðu við Rauðamels-sel, þá ræður enn sama gil milli sellandsins inn í Haffjarðardalsbotn norðan Hrossaköstin til eggja.

4. Milli Mýrdals og Kaldárbakka ráða eggjar einsog vötnum hallar milli Haffjarðardals og Hrútagils að norðan, en Kaldadals að sunnan, að klettabrún á Kolbeinsstaðafjalli.

Tröð á selstöðu og sumarheit í Mýrdalslandi á sunnanverðum Haffjarðardal.

Landamerki þessi samþykkjast af hinsvegar undirskrifuðum

p.t. Tröð 6. júní 1889

Fyrir hönd herra Kristófers Finnbogasonar, sem er eigandi allra framanskriðra jarða, nema ½ Syðra-Rauðamels.

Sigurður Brandsson fullmaktaður

Ábúandi Þórður Einarsson Mýrdal

Ábúandi Árni Halldórsson Rauðamel

Rétt eptirrit eptir frumritinu staðfestir Sigurður Brandsson



Eptirrit

Landamerki fyrir Tröð í Kolbeinsstaðahreppi

1. Milli Traðar og Haukatungu ræður sjónhending úr kletti, sem kallaður er Hella, – í Kolbeinsstaðafjalli – ofan hlíðina og flóan þar skulu vera 2 vörður í Fuglstapaþúfu við Kolbeinsstaðalæk.

2. Milli Traðar og Kolbeinsstaða ræður nefndur lækur frá Fuglstapaþúfunni norður að melsenda bug tóptagötu; þaðan sjónhending í Grjótholtsvörðu við Reykjálágarstig og í Rauðhálsakúlu.

3. Milli Traðar og Mýrdals ræður sjónhending úr Rauðhálsakúlu yfir Hellnastiginn og lága hraunið í vörðu hjá Krossdýi, þaðan sjónhending Grástein, sem er í miðjum Krossgeir, svo ræður klettabrún á Kolbeinsstaðafjalli suður á móts við Helli fyrnefnda.

Tröð á ennfremur selstöðu og sumarreit á sunnan verðum Haffjarðardal í Mýrdalshlandi (Traðarsel)

Landamerki þessi samþykkja undirskrifaðir

p.t. Tröð 6. júní 1889.

Fyrir hönd eiganda Traðar Kolbeinsstaða og Mýrdals herra Kristófers Finnbogasonar.

Sigurður Brandsson fullmaktaður

Fyrir hönd eiganda Haukatungu Eggert Eggertsson



Landamerkjaskrá fyrir Kolbeinsstöðum og Skjálg. Þar að liggja:

1. Traðarland; milli Kolbeinsstaða og Traðar ræður merkjum sjónhending úr Rauðhálsakúlu í Grjóthólsvörðu við Reykjálágarstíg, og þaðan eptir sömu ~~stefnu~~ sjónhending í melsendabuginn á Kolbeinsstaðalæk; þá ræður sá lækur að Fuglstapaþúfu austan Kolbeinsstaði.

2. Haukatunguland; þar ræður merkjum fyrnefndur lækur frá Fuglstapaþúfu vestur að svonefndum Stöpum, þá sjónhending úr norðvestasta Stapanum í Folaldagjá, þar skal varða vera; þaðan eptir sömu sjónhending vestur hraunið sunnan Broktjörn í Sjónarhól; þar skal einnig vera varða og úr Sjónarhól sjónhending í Stóra vörðu í Vatnsæðum, þar sem bæði löndin liggja að Stórahraunslandi.

3. Stórahraunsland; þar ræður merkjum sjónhending úr Vatnsæðavörðunni norður hraunið í Bænhúsás og Stapa austan vert við Hábrekknavað á Haffjarðará, þá ræður áin eptir miðju dýpi móti Gerðubergi að Holtnás.

4. Landbrotaland; þar ræður merkjum sjónhending úr vörðu á miðjum Holtnás í Einbúa, úr Einbúa sjónhending í neðri Tjarnarstapa, þaðan sjónhending í fossinn Dynjanda, þá ræður Landbrotalækur að litlum uppsprettu læk, sem einnig er kallaður Dynjandi og fellur í hinn að norðanverðu; þar skal vörðu hlaða á hraun hæðinni, úr henni sjónhending í fyrnefnda Rauðhálsakúlu.

Milli Kolbeinsstaða og Skjálgar er óskipt beitiland, en slægjuland skipt, og tilheyra Skjálg slægjur á öllum Skjálgarlæk frá Skallavík að vestanverðu, en Blesaskurði að austanverðu allt út að fyrnefndum fossi Dynjanda, og í Djáknadal á Skjálg einnig slægjur.

Kolbeinsstaðir eiga selstöðu í Heggstaðalandi framan Draugagil og Kárhóla, og upprekstur á Hellisdal fyrri sauðfénað.

Landbrot eiga slægjur á Kolbeinsstaðalæk í Skallavík kringum litla tjörn og lækjarbrekkum þar hjá.

Þessi landamerki samþykkja undirskrifaðir.

Staddir á Kolbeinsstöðum 6. júní 1889.

Sigurður Brandsson, fyrir hönd eiganda Kolbeinsstaða, Skjálgar, Traðar og Landbrota, herra Kristofers Finnbogasonar.

Jón Jónsson, ábúandi Landbrota

Björn Gottskálksson fyrir Stórahraun ábúandi.

Jón Jonsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.



Eptirrit

Landamerki fyrir Haukatungu

Haukatunga í Kolbeinsstaðahreppi á land allt, með gögnum og gæðum til þeirra ummerkja, sem hér segir:

1. Milli Yztu-Garða og Haukatungu: Úr Rauðgeirssnös í stóran stein á Grámosa, þaðan áfram beina sjónhending eptir vörðum, sem hlaðnar eru á flóa og í holuklett út í Eldborgar hrauni, þaðan aftur í Brunagarðshlið

2. Milli Stórahrauns og Haukatungu: Úr fyrnefndu Brunagarðshliði og í Arnarklett, þaðan í grjótvörðu í miðjum Vatnsæðum, þar sem Kolbeinsstaðaland byrjar.

3. Milli Kolbeinsstaða og Haukatungu: Úr fyrnefndri vörðu í Vatnsæðum í Sjónarhól, þaðan sjónhending norðan til við Folaldagjá og í Stapa upp undir Kolbeinsstaðalæk, svo ræður lækurinn upp á móts við Fuglstapaþúfu.

4. Milli Traðar og Haukatungu: Úr Fuglstapaþúfu bein sjónhending, eptir upphlöðnum vörðum í flóa í svonefnda Hellu upp í klettum, þaðan til fjallsbrúnar og eptir henni til móts við fyrstnefnda Rauðgeirssnös.

Miðgörðum þann 7. júní 1884

Guðríður Þórðardóttir

Guðmundur Sigurðsson.

Framan og ofanskriðuð landamerki samþykkið við undirskrifaðir vegna jarða þeirra, sem lönd eiga til móts við Haukatungu

Vegna Kolbeinsstaða Jón Jónsson

Eggert Eggertsson

S. Brandsson

Björn Gottskálksson Stórahrauni

Borguð 1 kr.

Sj.

Innfært í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu vottar.

Sigurður Jónsson



Eptirrit

Landamerki fyrir Yztu-Görðum

Jörðin Yztu-Garðar í Kolbeinsstaðahreppi á land allt til þeirra ummerkja, sem hér segir:

1. Milli Miðgarða og Yztu-Garða: Úr Öxnakinnarsnös, sem er sunnan Garðaskriðu sjónhending eptir vörðum á flóa, í stóran stein, sem stendur í Rima fyrir ofan túnið fast ofan í læk. Aftur frá túnmerkjum að utanverðu, bein sjónhending eptir vörðum á Tungu í Grjótvorðu, sem hlaðin er á klöpp, og klappaður kross í klöppina á hraunbarði fyrir utan Borgarlæk.

2. Milli Snorrastaða og Yztu-Garða, úr fyrnefndri Grjótvorðu í kúlu fyrir sunnan Eldborg, þaðan í borgarhorn syðra og svo eptir Eldborg í útnorður hornið.

3. Milli Litlahrauns og Yztu-Garða: Úr borgarhorni í Brunagarðshlið.

4. Milli Haukatungu og Yztu-Garða: Úr Brunagarðshliði í Holuklett, þaðan sjónhending eptir flóa og í stóran stein á Grámosa og áfram beint í Rauðgeirssnös til fjallsbrúnar og eptir henni móts við fyrstnefnda Öxnakinnarsnös.

Miðgörðum þann 7. júní 1884

Guðríður Þórðardóttir.

Kristín Þorkelsdóttir.

Framan og ofanskrifuðum landamerkjum erum við, sem land eigum til móts við Yztu-Garðaland í alla staði samþykkir.

Markús Sigurðsson

Þórarinn Þórðarson (vegna Haukatungu)

Eggert Eggertsson vegna Miðgarða.

Borguð hérf. 1 kr.

S.J.

Innfært í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu vottar
Sigurður Jónsson.



Eptirrit

Landamerki fyrir Miðgörðum

Jörðunni Miðgörðum í Kolbeinsstaðahreppi fylgir land til þeirra ummerkja sem hér greinir.

1. Á milli Syðstu-Garða og Miðgarða: Úr Kringlugeirsnös bein sjónhending í vörðu fyrir norðan Syðstu-Garða fjárhúshól, úr þeirri vörðu sjónhending í vörðu á Holtasundarholti.

2. Milli Yztu-Garða og Miðgarða: Að ofanverðu frá læk í stóran stein í Rima, og það bein sjónhending í Öxnakinnarsnös, og sem fjallsbrún ræður að fyrnefndri Kringlugeirssnös

Að austan og norðanverðu hefur verið og er óskipt beitiland milli Syðstu-Garða og Miðgarða og eru kringmerki þessi, milli Kaldárbakka og Garðanna. Úr Gvendarbrunni í Grafarlækjarkjapt við Kaldá eptir ánni í móts við Grástein og vörðu á Garðaás þar á móti, þá úr þeirri vörðu í aðra vörðu á hraunbarði, þar sem mætast Yztu-Garða og Snorrastaðalönd, frá þeirri vörðu sjónhending í túnmerki milli Yztu-Garða og Miðgarða.

Miðgörðum þann 14. júní 1884.

Þórður Þórðarson

Guðríður Þórðardóttir

Framan og ofanskriðuðum landamerkjum erum við, sem lönd eigum móts við Miðgarðaland í alla staði samþykkir

Vegna Snorrastaða og meirihluta Yztu-Garða Guðríður Þórðardóttir

(fyrir minnihluta) Kristín Þorkelsdóttir

Vegna Syðstu-Garða Ögmundur Jónsson

Borguð 1 kr.

S.J.

Innfært í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu vottar
Sigurður Jónsson.



Eptirrit

Landamerki fyrir Syðstu-Görðum

Jörðinni Syðstu-Görðum í Kolbeinsstaðahreppi fylgir land ~~allt~~ til þeirra ummerkja, sem hér greinir.

1. Á milli Kaldárbakka og Syðstu-Garða: Úr snös sunnanvert við díla bein sjónhending í vörðu sunnan til við Holtasundarholt og áfram bein sjónhending í Gvendarbrunn.

2. Milli Miðgarða og Syðstu-Garða: Úr fyrnefndri vörðu bein sjónhending í vörðu fyrir norðan Syðstu-Garða fjárhúshól, úr þeirri vörðu bein sjónhending í Kringlugeirssnös og sem fjallsbrún ræður að fyrnefndri dílasnös.

Að austan og neðanverðu hefur verið og er óskipt beitiland milli Syðstu-Garða og Miðgarða og eru kringmerki þessi, milli Kaldárbakka og Garðanna, úr Gvendarbrunni í Grafalækjarkjapt við Kaldá, eptir ánni í móts við Grástein og vörðu í Garðaás þar á móti, þá úr þeirri vörðu í aðra vörðu á hraunbarði, þar sem mætast Yztu-Garða og Snorrastaðalönd, frá þeirri vörðu sjónhending í túnmerki milli Yztu-Garða og Miðgarða

Syðstu-Görðum 27. Júní 1884

Sigurður Benediktsson

Framan og ofanskrifuðum landamerkjum erum við sem lönd eigum móts við Syðstu-Garðaland í alla staði samþykkir.

Vegna Miðgarða Eggert Eggertsson

Vegna Kaldárbakka Árni Jónsson

Borguð 1 kr.

Innfært í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu vottar
Sigurður Jónsson



Landamerki kirkjujarðanna Þórdísarstaða með Naustál og Akurtraðar
í Eyrarsveit.

Ár 1915, mánudaginn þann 4. janúar vorum við undirritaðir staddir að kirkjujörðunni [svo] Þórdísarstöðum og Akurtröðum, til þess að gjöra landskipti á nefndum jörðum, svo og til þess að setja landamerki þeirra á milli, sem nú eru engin til, því þrátt fyrir það þó all-mörg ár sjeu nú liðin síðan farið var að byggja Akurtraði [svo], sem sjerstaka jörð, en ekki sem hjáleigu frá Þórdísarstöðum, eins og til forna var vanalegt, þá hafa aldrei nein veruleg landskipti fram farið á milli jarðanna, og þar af leiðandi aldrei nein landamerki verið sett þeirra á milli. –

Jörðunum er nú skipt þannig: að Þórdísarstaðir ásamt Naustál hafa samkvæmt landskiptunum landamerki þessi:

A, Á milli Þórdísarstaða og Arnarhóls ^{svo} og Naustáls og Bárar, sjeu þau sömu landamerki sem nú eru og hingað til hafa haldin verið. –

B, Á milli Þórdísarstaða og Akurtraðar sjeu þessi merki: Úr nyrðri enda á svo kölluðu Lónskeri ráði bein sjónhending upp fjöruna yfir vatnið og upp eptir landinu eptir því sem nokkrar þar gjörðar torfbúfur tilvísa alla leið upp í svo kallað „Bæli”, vestan til í fjallsröndinni, og þaðan beint á fjall upp. –

C, Á milli Akurtraða og Vatnabúðarpláss, skulu hjer eptir vera þau landamerki, sem hingað til hafa þar verið haldin á milli Vatnabúðarpláss og Þórdísarstaðar. –

Verða því landamerkin fyrir jörðinni Akurtröðum hjer eptir þessi:

A, Á milli Þórdísarstaðar og Akurtraða. Úr nyrðri enda á svo kölluðu Lónskeri ráði bein sjónhending upp fjöruna yfir vatnið og upp eptir landinu eptir því, sem nokkrar þar til gjörðar torfbúfur tilvísa alla leið upp í svo kallað „Bæli” vestan til í fjallsröndinni og þaðan beint á fjall upp. –

B, Á milli Akurtraðar og Vatnabúðarpláss: Úr neðri þvereyri (Þurreyri) við sjóinn, sjónhending í Mýrnamót og upp í jarðfall eða lág, sem liggur fyrir norðan Gerðahamra, þaðan upp í vörðuleyti, svo beint upp í fjallið, upp í kletta þá, sem kallaðir eru „Fliðrur”, fyrir austan Garðahlíðarmúla. –

Þannig gjört, sett og samþykkt með allra hlutaðeiganda undirskript, að Akurtröðum 4. janúar 1915.

Ásm. Sigurðsson.

Jón Lárusson.

Kjartan Ólafsson. (ábúandi á Þórdísarstöðum)

Finnur Jónsson (ábúandi á Akurtröðum)

Kristján Þorleifsson. (umboðsmaður jarðanna)



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Fyrirfram innritað þ. 2. febr. 1915 í landamerkjabók Snæfellssness- og Hnappadalssýslu á bls. 168-169.

Þinglestursgjald ~~kr. 2.00~~

Ókeypis þar sem um kirkju jarðir er að ræða. } PVBjarnason

~~tvær krónur~~

PVB.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti að Grund þ. 7. júní 1915. –

PVBjarnason



[Jörfi í Kolbeinsstaðahreppi]
Landamerki samkvæmt máldaga frá ári 1524.

Jörðin Jörfi í Kolbeinsstaðahreppi á land allt með öllum gögnum og gæðum til lands og sjóar til þeirra ummerkja sem hjer greinir: Úr Kross-steini í Grástein, þaðan í Grettistak, þaðan í annan Grástein, sem er reistur í Votasundi, þaðan sjónhendingu eftir hnausavörðum og í grjótvörðu austan til við Álavatn, þaðan sjónhendingu yfir vatnið og í stein þann á vesturbakka þess (Álavatns), sem kross er í klappaður, þaðan sjónhendingu í upptök Sandalækjar, svo liggur markið eftir honum fram að fjörum, svo úr skarði því sem greindur lækur myndar í sjávarbakkann, sjónhendingu í hæzta klakk Haldingsskerja, þaðan í Óssker, sem liggur norðvestur af Broteyrarodda í Kaldárósmynni, þaðan í Æðaklett, vestan Jörfafjöru, þaðan sjónhendingu í Margróf, þaðan sjónhendingu eftir hnausavörðum og í Grámerardý, þaðan í hraunhellu, sem upp er reist norðan Tóptavatnsenda; (þá sjónhendingu skal miða þannig: að vestari Barnaborg beri í Grettisbælis tind), frá tjeðri hraunhellu liggur markið sjónhendingu í garðlag það sem liggur frá Hrauntjörn og upp á hraunið, þaðan sjónhendingu yfir hraunið og í Vegghamarsborg, þaðan í fyrstnefndan Kross-stein.

Jörfa, dag 6. október 1884.

Þorbergur A. Fjeldsted.

Vegna jarða þeirra, sem lönd eiga móts við Jörfaland, samþykkið við framan- og ofanskriðuð landamerki. –

Jón Guðmundsson, Snorrastöðum.

Fr. P. Ólafsson, Flesjustöðum

Jónas Guðmundsson fyrir hönd Litla-Hrauns hvað Óssker og Æðaklett snertir.

Jónas Guðmundsson fyrir hönd ytri- og Syðri-Skóga.

Halldór Pálsson Krossholti.

Benedikt Björnsson, Brúarhrauni.

B. Björnsson ábyrgðarmaður Hraunsmúlans.

Að eftirrit þetta sje orð fyrir orð samhljóða mjer sýndu frumriti, vottast hjermeð notarialiter eftir nákvæman samanburð. –

Notarius publicus í Reykjavík 7. apríl 1899.

Halldór Daníelsson.

Gjald 12 - tólf –

aurar. borg. }

H.D.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Fyrirfram innritað þ. 25. júní 1915 í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu á bls. 169-170. –

PVBjarnason

Gjald til landssjóðs:

þinglestur kr. 2.00 }

– tvær krónur –

PVB.

Þinglesið á manntalsþingi að Görðum þ. 21. júní 1916. –

PVBjarnason

Ástríður Benjamínsdóttir sem eigandi Litla-Hrauns og Benedikt Björnsson sem eigandi Krossholts báðu við þinglýsinguna bókuð mótmæli gegn landamerkjaskrá þessari sem þau ekki gætu viðurkennt sem rjetta gagnvart greindum eignarjörðum sínum. –

PVBjarnason



Landskiftagjörð milli jarðanna Berserkjahrauns og Hraunháls.

Ár 1914, laugardaginn 1. ágústmánaðar vorum við undirritaðir: Jósafat S. Hjaltalín hreppsnefndarmaður í Stykkishólmi sem skipaður oddamaður af sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu með brjefi, dags. 4. þ.m.: og úttektarmenn Helgafellssveitar, Guðbrandur hreppstjóri Sigurðsson á Svelgsá og Guðjón bóndi Guðmundsson á Saurum, staddir á jörðunum Berserkjahrauni og Hraunhálsi í Helgafellssveit í Snæfellsnessýslu til þess að skifta sameiginlegu landi tjeðra jarða, samkvæmt ákvæðum landaskiftalaga nr. 43, 10. nóvbr. 1913.

Sigurður Jónsson hreppsnefndaroddviti á Arnarstöðum í Helgafellssveit hafði krafist skiftanna með brjefi til sýslumanns, dags. 1. júlí þ.á. fyrir hönd sveitarfjelagsins, sem er eigandi jarðarinnar Hraunháls, og var hann mættur við skiftin Hafði nefndur oddviti tilkynt brjeflega eigendum jarðarinnar Berserkjahrauns nær skiftin ættu fram að fara, og þar með gefið þeim kost á að vera viðstadda, en enginn mætti frá þeirra hálfu; sömuleiðis ábúendum jarðanna, en þeir færðust undan að vera við skiftin. –

Eftir að hafa farið um og skoðað hið sameiginlega land og landamerki umhverfis það, – sem eru þessi samkvæmt landamerkjabók Snæfellsnessýslu: Að innan ræður Stafá frá sjó upp í Furu, svo hún upp í Þrengsli á Kerlingarskarði, þá ræður Kerlingarskarð fyrir austan rætur Hafrafells suður í upptök Rauðsteinslækjar, eftir það ræður hann suðvestur á Sátudal, þá sjónhending eftir þeim dal vestur í upptök Fossár við Sátu. Þaðan ræður Fossá niður í hið forna Svínavatn (Selvallavatn), þá sjónhending þvert yfir vatnið í rauðan hól út á hrauninu, svo úr honum niður eftir hrauninu í efri enda merkjagarðs, sem ræður úr því til sjávar. Fóru skiftin fram og merki ákveðin, sem hjer segir:

Landamerki eru þessi á milli jarðanna Berserkjahrauns og Hraunháls: Ullarlækur ræður frá sjó upp þar til hann þrýtur, þá sjónhending á milli Kothöfða og Hraunhöfða í torfvörðu á hálsbrún, þaðan beina línu inn yfir hálsinn um Grástein í merkjavörðu á austurjaðri Breiðaflóaholts og svo með sömu stefnu niður hallann í krók á Furu. Fyrir neðan þessi merki á Hraunháls alt land ásamt Kolluneshólma og skerjum þeim er liggja fyrir Hraunhálsnesi og hafa áður fylgt tjeðum Jörðum. En Berserkjahraun á land fyrir ofan og utan greind merki upp að Kúlum og eftir söndunum suðvestur í norðurenda Svínavatns, alt í milli fyrgreindra merkja eftir hrauninu að utan og Furu að innan. –

Fjall-landið skal sameiginlegt vera, sem búfjárhagar og upprekstrarland geldfjár fyrir báðar jarðirnar eftir ítölu, að undanskildu slægjulandi í vestanverðum svonefndum Dýjamúla upp með Fossá, sem skiftist þannig: Úr vörðu syðst á Múlakasti í læk er rennur beint niður undan vörðunni ofan í Fossá. Partinn sem liggur fyrir norðan þessi merki á Berserkjahraun, en Hraunháls þann er liggur fyrir sunnan þau. –



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ekki eiga oftnefndar jarðir nein ítök í hinu skifta landi, og Hraunháls á ekki tilkall til silungsveiði í Svínavatni; hana á Berserkjahraun alla fyrir norðan fyrnefnda merkjalínu, en veiði í sjó – sje hún nokkur – á hver jörðin að sjálfsgöðu fyrir sínu landi. –

Hraunhálsi í Helgafellssveit, ár og dag sem fyr greinir. –

Jósafat S. Hjaltalín

Guðjón Guðmundsson.

Guðbrandur Sigurðsson.

Samþykkum ofanrituðum skiftum.

Sigurður Jónsson p.t. oddviti

Fyrirfram innritað í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu þann 14. september 1915 á bls. 171-172. –

Þinglestursgjald kr. 2.00 – tvær krónur – }.

Þinglesið á manntalsþingi að Skildi þann 19. júní 1916. –

PVBjarnason



Landamerki umboðsjarðanna Ingjaldshóls, Þrándarstaða og Kjalvegs.

Frá Gráborg í fjallinu í Stapakinnaborgir, frá Stapakinnaborgum beina stefnu í Fannsteinsgróf, þaðan beina stefnu í Köldulind, þaðan beina stefnu í mitt Tíðaskarð, þaðan í mitt Höfðaskarð, þaðan í Lurkanslæk þar sem nú heitir Melabré. Svo ræður þjóðvegur að Hólmkelsá. Síðan ræður Hólmkelsá upp að sýki milli Kjalvegs-engis og Þæfusteins. Úr sýkinu í syðra hólinn af þremur, sem standa í flóanum fyrir innan Stapatún. Úr hól þessum í Fulgstapa milli Þæfusteins og Stapatúns. Úr Stapanum í lækinn, sem rennur norðanvert við Þæfusteinstún, þar sem gatan frá Ingjaldshóli með framholtinu liggur yfir lækinn; þaðan með börðum í Saxhamar, þaðan upp með Búrfellsdal í Búrfell. Þaðan upp með Blágili í Gráborg og á Ingjaldshóll hálf Búrfell.

Á Hólsbreið á Ingjaldshóll beitarland, sem er þríhyrna og takmarkast þannig: Þaðan, sem þjóðvegurinn liggur yfir Hólmkelsá er áður um getur, ræður hann að Merkjasteini við neðra Sveinsstaðavað yfir Laxá. Þaðan sjónhending í Boðstein, öðru nafni Kræklinga stein, og þaðan sjónhending í Hólmkelsá við þjóðveginn.

Ennfremur á Ingjaldshóll allan Hólsdal milli Hettudala og Blágils til jökuls.

Kjalvegur og Þrándarstaðir eiga óskipt beitaland með Ingjaldshóli innan framangreindra landamerkja, en til slæгна á Kjalvegur aleinn Dýjadalinn og engi það, sem liggur við sýkið utan Hólmkelsár. En Þrándarstöðum fylgir engi, sem liggur frá skarðinu fyrir norðan Hólshól til Lurkanslækjar.

Hallsbæ og Munaðarhóli fylgir engispartur, er liggur utan Hólmkelsár og kallast Melabré.

Þar áfast við fylgir Stóru-Hellu engispartur upp með Hólmkelu, er nær til áður nefnds Kjalvegsengis.

Ytri-Keflavík fylgir lítið engi milli Stapatúns og Þæfusteins.

Ingjaldshóll á vetrarheit og skjól fyrir 80 fjár hjá Arnarsteini í Hraunskarðs og Gufuskálandi.

Einnig á Ingjaldshóll tilkall til tveggja hestagöngu á vetrum á Gufuskálajörðu, og tvö skipsuppsátur og eina þurrabúð á Hallsbæjarlóð á Sandi.

Ingjaldshólskirkja á allan Búrfellsdal og eru landamerki hans þessi: Milli hans og Þæfusteins ræður Saxhamar og Djúpakelda, sem er neðan til í byrjun dalsins. Hólmkelsá og Blágil aðskilur dalinn frá Skarðslandi. Búrfellsdal fylgir hálf Búrfell móti Ingjaldshóli og dalurinn út að holtum milli Búrfells og Saxhamars.

Eldri landamerki Ingjaldshóls eru hjer með úr gildi numin.

Sandi 15. júní 1922.

Jón Proppé umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

Guðmundur Guðmundsson eigandi að jörðinni Rif.

Jón Jónsson hreppstjóri umboðsmaður Stóru-Hellu.

Guðm. Einarsson sóknarpr. sem landsdrottinn Þæfusteins.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þinglesið á manntalsþingi á Sandi 17. júní 1922.
PVBjarnason

Þinglestur ókeypis
fyrir umboðið. }

PVB.



Landamerki jarðarinnar Hellu í Neshreppi ytra.

Þessi eru Hellulandamerki Hítardalskirkjujarðar, að hún á land að Höskuldsá mót vestri og suðri, og upp á Gráborg. Þaðan í Stapa fyrir sunnan Borgir, síðan í Fannsteinsgróf, síðan í Köldulind, síðan í Tíðaskarð, síðan austanhalt við Helluhól, sem nú er kallaður, í Melþúfu, síðan í Dyngjuklett og ofan í sjó.

Sandi, 15. júní 1922.

Jón Proppé umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

Jón Jónsson hreppstjóri umboðsmaður Stóru-Hellu.

Þinglesið á manntalsþingi á Sandi 17. júní 1922.

PVBjarnason

Þinglestur ókeypis

fyrir umboðið. }

PVB.



Landamerki fyrir þjóðeigninni Hraunskarði (Munaðarhóli og Hallsbæ) í Neshreppi ytra.

Að austanverðu ræður Höskulds-á frá sjó og upp í Gráborg.

Að vestanverðu: Úr Gráborg í Fuglstapa fyrir ofan götu í Prestahrauni, þaðan í Arnarstein, þaðan í Þrengsli í svo kölluðum Renslum á Brimnesi og beint í sjó

Hraunskerðingar eiga þessi ítök skv. Hraunskarðsmáldaga:

1. Í Gufuskálalandi beit 80 gamalla sauða og svo nautum sínum og heimild, að fje renni um alt land; þeir eiga að gæta fjár síns við Stakkagerði. Beit hefst þegar 6 vikur eru til vetrar og er til þess 6 vikur eru af sumri. Náttból eiga þeir fje sínu undir Ytra-Kletti. Hjer á móti ^{skulu} Gufuskálamenn hafa Hjallstæði á Brekkum og uppsátur þegar þeim á liggur og geta ei lent heima, og skulu Hraunskerðingar þessu uppi halda. Fyrir hrísrif og beit á vetrum í Gufuskálalandi eiga Gufuskálamenn vatn í Hraunskarðslandi. Eigi mega Hraunskarðsmenn beita Gufuskálajörð hjá Stakkagerði frá því 6 vikur eru af sumri og til þess 6 vikur eru til vetrar.

2. Í Ingjaldshólslandi slátt á Álamýri í hálfan mánuð fyrir 2 menn, og tíu tuga álna engi á Melabrún utan Hólmkelsár, og 12 kúgilda beit í sneggjumánuði um sumar og selstöðu við Blágil. Alt þetta fyrir 4 búðastæði og 4 uppsátur: Kjalvegur búð og uppsátur á Brekkum, Þrastarstaðir búð á Hjöllum og Ynnstanaust. Ingjaldshóll sínar búðir á Gerðum.

3. Í Rifslandi Sölvafjöru frá Hvalsá og undir Vaðstein.

4. Í Þæfusteinslandi móskurð í Saxhamri fyrir búð og uppsátur á Hjöllum.

5. Eina tunnu af góðu skyri árlega hjá Skarðsbónda fyrir áttæringssuppsátur og búðarstæði.

6. Í Vaðstakksheiðarlandi fjörutíu álna engi þar sem bóndi tilsegir, fyrir eitt búðarstæði og eitt uppsátur.

7. Í Fosslandi engi til 10 aura, og skal það engi verja hver sem á Fossi býr og láta virða þá sláttur hefst. Hjer á móti skal Fossbóndi hafa eitt búðarstæði og eitt uppsátur.

8. Ólafsvíkurmenn eiga að taka við Hraunskarðsskipum og mönnum, ef eigi verður lent heima og veita skipum naust enda mönnum hjálp sem við þurfa fyrir engan pening. Eitt skipsuppsátur og búð eiga Ólafsvíkurmenn á Hraunskarðsjörð.

9. ^{Hjá} Máfahlíðarbændum 10 aura fóður og búsetu í Svartbakafelli fyrir eina búð með uppsátri.

10. Kolatak og raftviðarhögg í Hrisaskóg, jörðinni til uppheldis.

11. Í Hellulandi torfstungu og ristur til húsa og heyja og garðaumbóta, sem Hraunskerðingar þurfa fyrir 2^{ggja} skipa uppsátur

Um engjastykkinn á Vaðstakksheiðarlandi og Ingjaldshóls, gilda þær reglur, að enginn skal beita eða láta beita þau frá því 6 vikur eru af sumri og til þess 6 vikur eru til vetrar.

Sandi, 15. júní 1922.

Jón Proppé umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

Jón Jónsson hreppstjóri umboðsmaður Stóru-Hellu.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þinglesið á manntalsþingi á Sandi 17. júní 1922.
PVBjarnason

Þinglestur ókeypis
fyrir umboðið. }

PVB.



Landamerki jarðarinnar Keflavík í Neshreppi ytra.

Frá Hvalsá á Rífsbjargi, þar sem hún fellur af bjarginu, í Fuglstapa, þaðan í Höfðaskarð, þaðan í Tíðaskarð, þaðan austanvert við Helluhól í Melþúfu, þaðan í Dyngjuklett^{beint} til sjávar.

Til upplýsingar skal þess getið, að Höfðaskarð er sama skarðið, sem nefnt er Merkjaskarð í Þinglesnum landamerkjum fyrir Rífi, og er það næsta skarð fyrir neðan eða norðan Helluskarð.

Jörð þessari er skift í tvennt: Innri- og Ytri-Keflavík. Á kirkjusjóður (áður Hítarneskirkja) innri hlutann, en Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð hinn ytra.

Sandi, 15. júní 1922.

Jón Proppé umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

Jón Jónsson (hrepstjóri) umboðsmaður Stóru-Hellu.

Guðmundur Guðmundsson eigandi að jörðinni Rífi.

Þinglesið á manntalsþingi á Sandi 17. júní 1922.

PVBjarnason

Þinglestur ókeypis

fyrir umboðið. }

PVB.



Landamerki ljensjarðarinnar Þæfusteins í Neshreppi ytra.

Hólmkelsá (lækurinn) er landamerki milli Skarðs og Þæfusteins niður að sýki milli Kjalvegs-
engis og Þæfusteins. Úr sýkinu í syðsta hólinn af þremur, sem standa í flóanum, þaðan
sjónhending í stapann milli Stapatúns og Þæfusteins, þaðan sjónhending í lækinn, sem rennur
norðanvert við Þæfusteinstún, þar sem gatan frá Ingjaldshóli með fram holtum sker hann,
þaðan sjónhending í Saxhamar, þaðan í Goddastaðalæk og ræður hann svo í Hólmkelsá.

Sandi, 15. júní 1922.

Guðm. Einarsson sóknarprestur.

Jón Proppé umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

Þinglesið á manntalsþingi á Sandi 17. júní 1922.

PVBjarnason.

Þinglestur ókeypis

í opinberar þarfir. }

PVB.



Landamerki fyrir reka Staðarhraunskirkju

1. Staðarhraunskirkja á reka allan fyrir Staðarhraunslandi austur að Gömlueyri. Er það nefndur Vigdísarstaðareki.

2. Hún á hálfan reka á Gömlueyri móti Kolbeinsstaðakirkju frá Viðarhólma og í ál þann, er Kaldárós kallast, og liggur í sjó fram um fjörur milli Gömlueyrar og Broteyrarodda.

3. Merkin milli Vigdísarstaðareka og Gömlueyrrareka eru ákveðin þessi:

„Bein lína úr skipsstefni á söndunum fram undir fjörmáli og í Viðarhólma, en hann er óskipt sameign“.

4. Staðarhraunskirkja á ein öll vogrek á Gömlueyri og á Vigdísarstaðareka; einnig allar fjörur og eyrar upp og suður og Gömlueyri að Kaldárós og í Æðarklett.

Staðarhrauni, 30. ágúst 1922.

Stefán Jónsson.

Framanskriðuð landamerki fyrir reka Staðarhraunskirkju, samþykkja undirritaðir.

Árni Þórarinsson (f.h. Stóra-Hrauns)

Einar Friðgeirsson eigandi að hálfum skiftirekanum á Gömlueyri

Þinglesið á manntalsþingi Kolbeinsstaðahrepps að Görðum 7. júní 1923.

PVBjarnason

Þinglestur ókeypis

í opinberar þarfir. }

PVB.



Landamerki fyrir jörðinni Borgarholti í Miklaholtshreppi.

Úr Brekkuhól í Bleiksteinsás, þaðan í ytra Æðitjarnarholt, þaðan í keldu norðan Stóra-Nethamars, sem fellur í Straumfjarðará. Úr því ræður Straumfjarðará eftir miðri straumlínu á móts við Nónkletta. Úr Nónklettum sjónhending í stein á Steinsási, þaðan í Tvísteina, úr Tvísteinum í vörðu á eystri bakka Þverlækjar, við fossinn eða jarðfallið í honum. Úr þeirri vörðu í aðra vörðu við Engjavatn, þar sem áður hjet Merkjaþúfa og var grasigróinn steinn; þaðan yfir vatnið austan til við rúst, sem stendur upp úr vatninu og áður var nefnd „rúst á Saurabreið,” í Mellæk, og þaðan eftir þjóðgötu í Brekkuhól.

Með brjefi þessi eru öll eldri landamerkjabrjef fyrir Borgarholt úr gildi numin.

Ólafsvík og Borgarholti í júlí 1922

Jón Proppé fyrir hönd Saura og Melkots. Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð.

Þórður Þórðarson eigandi og ábúandi

Að þetta sje rjett lýst landamerkjum fyrir jörðinni Borgarholti í Miklaholtshreppi eftir því sem við undirritaðir hlutaðeigendur best vitum, vottum við með okkar undirskrift.

Stakkhamri 15. marz 1923.

Sigurður Kristjánsson Hofsstöðum.

Ólafur Þorvaldsson (ábúandi)

Fyrir fram innritað 2. maí 1923 í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu á bls. 178.

Þinglestur ókeypis fyrir Arnarstapaumboð }

Þinglesið á manntalsþingi á Fáskrúðarbakka 6. Júní 1923.

PVBjarnason



Landamerki

Þjóðjarðarinnar Saura í Staðarsveit með eyðijörðinni Melkoti, sem lagt er undir Saura.

Að vestan: Frá Grená við sjó sjónhending í Neðsta-Skjól. (öðru nafni Saura-Skjól), yfir Sauratjörn og Tjarnarholt. Úr Neðsta-Skjóli í Mið-Skjól (öðru nafni Gaularskjól), þaðan í Bálkastaðaskjól, þaðan í Stakk, þaðan í Tvísteina, þaðan í vörðu á eystri bakka Þverlækjar við fossinn, eða jarðfallið í honum. Úr þessari vörðu í aðra vörðu ~~í aðra vörðu~~ við Engjavatn, þar sem áður hjet Merkjabúfa og var grasigróinn steinn; þaðan yfir vatnið austan til að rúst sem stendur upp úr vatninu og áður var nefnd „rúst á Saurabreið,” í Mellæk, og þaðan eftir þjóðgötu í Brekkuhól, þaðan í sjó þar sem Brekkuhóll ber í Djúpaskarð í Borgarholts-bæjarborg.

Með brjefi þessu eru öll eldri landamerkjabrjef fyrir jörðum þessum úr gildi numin. Ólafsvík og Borgarholti í júlí 1922.

Jón Proppé f.h. Saura, Melkots og Gaular Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð.

Þórður Þórðarson samþykkur

Að þetta sje rjett lýst landamerkjum fyrir þjóðjörðinni Saurum með eyðijörðinni Melkoti í Staðarsveit, eftir því sem við undirritaðir hlutaðeigendur bezt vitum, vottum við með okkar undirskrift.

Stakkhamri 15. marz 1923.

Sigurður Kristjánsson. Hofsstöðum.

Ólafur Þorvaldsson (ábúandi)

Fyrirfram innritað 2. maí 1923 í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu á bls. 179.

Þinglestur ókeypis fyrir Arnarstapaumboð.

Þinglesið á manntalsþingi Staðarsveitar að Görðum 19. júní 1923.

PVBjarnason



Stimpilgjald kr. 1.00

Landamerkjagjörð.
[Krossholt og Hítarnes]

Samkvæmt sáttagjörð, dagsettri 18. febrúar 1922, milli bændanna Benedikts Björnssonar í Krossholti og Júlíusar Jonssonar í Hítarnesi, voru undirritaðir – Þórður Gíslason tilnefndur af Benedikt Björnssyni, Pjetur Þórðarson tilnefndur af Júlíusi Jónssyni og Þorkell Guðmundsson tilnefndur af báðum aðiljum – staddir að Hítarnesi og Krossholti 13. júlí sama ár, til þess að skera úr ágreiningi um landamerki tjeðra jarða og sameiginlegan reka rjett þeim tilheyrandi.

Báðir aðiljar eru viðstaddir.

Eftir ýtarlega skoðun lands og merkja og nákvæma athugun málsástæðna frá báðum hliðum, var niðurstaða málsins ákveðin á þessa leið:

1. Landamerki skulu vera:

Varða á klettinum neðanvert við Steinbogalæk, þar sem hann kemur út úr bökkunum; sjónhending úr þeirri vörðu í vörðu á Litlamel og þaðan bein lína í Hítará, um stóran stein uppi á holtinu norðan Náttmálaskarð.

2. Rekarjetturinn skal vera:

Krossholt á helming alls þess er rekur, hverju nafni sem nefnist, fyrir landi Hítarness, frá Steinbogalæk að Klofasteinum (Hallbjarnarvörðum) og ber eiganda Krossholts að annast alla björgun og hirðingu rekans að sínu leyti. Álnarlöng viðarsprek og smærri, falla þó ekki undir þetta ákvæði.

3. Öll eldri ákvæði um landamerki og reka, er sameiginlega snerta nefndar jarðir, falla þegar úr gildi.

Þessi ákvæði undir tölulið 1 og 2 skulu skráð í Landamerkjabréf beggja jarðanna og þinglesin á næsta manntalsþingi í Kolbeinsstaðahreppi.

Landamerkjagerð þessari er lokið sama ár og dag er fyr greinir, og samþykkja aðiljar hana með sinni undirskrift.

Tvö frumrit samhljóða og fær sinn aðili hvort.

Þórður Gíslason.

Pjetur Þórðarson.

Þorkell Guðmundsson.

Júlíus Jónsson.

Þinglesið á manntalsþingi Kolbeinsstaðahrepps að Görðum 7. júní 1923.

PVBjarnason

Þinglestursgjald kr. 3.00 – þrjár krónur –

PVB.



Stimpilgjald kr. 1.00

Landamerki jarðarinnar Rifs í Neshreppi utan Ennis.

Úr Hvalsá á Keflavíkurbjargi, þar sem hún fellur af bjarginu, í Fulgstapa, þaðan í Höfðaskarð og þaðan í Lurkanslæk, þar sem nú heitir Melabré. Línan úr Fuglstapa í Melabré er sjónhending í Svöðufoss, sem sést af Fulgstapa. Frá Melabré ráða þjóðgötur í Hólmkelsá. Úr Hólmkelsá við þjóðgötur til sjávar sjónhending í svo kallaðan Boðstein eða Kræklingastein.

Ólafsvík 11. júlí 1922.

Jón Proppé umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

Jón Jónsson umboðsmaður kirkjujarðar ½ Keflavík.

Guðmundur Guðmundsson eigandi jarðarinnar Rif.

Þinglesið á manntalsþingi á Sandi 16. júní 1923.

PVBjarnason

Þinglestursgjald kr. 3.00 – þrjár krónur –

PVB.

Skoðuð 28. júlí 1923

Sig. Eggerz.



Ókeypis og stimpilgjaldsfrjálst. (kirkjuförð)

Landamerkjagörð milli Hólslands og Hömluholta.

Samkvæmt aukarétti sem haldinn var af sýslumanni Snæfellsness- og Hnappadalssýslu á Þverá í Eyjahreppi 11. júní þ.á. út af ágreiningi á landamerkjum á milli jarðanna Hólslands og Hömluholta, vorum við undirritaðir útefndir til að gjöra út um ágreining þennan. Málskjöl þau sem málsaðilar lögðu fram okkur til upplýsingar voru:

1. Landamerki milli Hólslands og Hömluholta tekin upp úr kirkjubók Miklaholtsprestakalls.
2. Vottorð frá Þórði Jóh. Þórðarsyni, sem lengi átti heima á Rauðkollsstöðum.
3. Vottorð frá Guðrínu J. Norðfjörð í Lækjarbug, uppalin í Hólslandi og
4. Vottorð frá Ásgeiri Þórðarsyni á Þverá, sem lengi átti heima á Rauðkollsstöðum.

Öll þessi skjöl að undanteknu því síðasta voru samhljóða og gáfu nokkuð glögt til kynna að merkin hafi áður verið talin þar sem við höfum komið okkur saman um að hafa þau nú, en vottorð Ásgeirs Þórðarsonar var gagnstætt og gátum við því ekki tekið eins mikið tillit til þess. Við höfum því komið okkur saman um að landamerki á milli framantaldra jarða (Hólslands og Hömluholta) skulu vera eins og hér segir:

Frá Hafursfells toppi beint niður í austurbrún nátthaga vestan við nátthagagil beint niður í merkjahrygg, sem er hryggur fyrir austan stóra Einbúa, svo úr vörðubroti sem við höfum hlaðið á merkjahrygg sjónhending í Grástein sem er rétt austan við Hólslæk. Þessi landamerki skulu skráð í landamerkjabréf beggja jarðanna og þinglesin á næsta manntalsþingi í Eyjahreppi.

Gjört að Rauðkollsstöðum 3. júlí 1926.

Þórður Gíslason.

Halldór Bjarnason.

Hákon Kristjánsson.

Þinglesið á manntalsþingi að Þverá 8. júní 1928.

PVBjarnason

ókeypis }



Stimpilgjald kr. 1.00

Landamerki fyrir þjóðjarðinar Saura og Melkot í Staðarsveit.

Að vestan: Frá sjó sjónhending í Neðsta-Skjól, þar sem það er hæzt, (öðru nafni Saura-Skjól), yfir Sauratjörn og Tjarnarholt. Úr Neðsta-Skjóli í Miðskjól (öðru nafni Gaular-Skjól), þaðan í Bjálkastapaskjól, þaðan í Stakk, þaðan í Tvísteina, þaðan í vörðu á eystri bakka Þverlækjar við fossinn eða jarðfallið í honum. Úr þessari vörðu í aðra vörðu við Engjavatn, þar sem áður hét Merkjapúfa, og var grasgróinn steinn, þaðan yfir vatnið austan til við rúst, sem stendur upp úr í vatninu og úr áður nefndri rúst á Saurabreið í Mellæk, og þaðan eftir þjóðgötu í Brekkuhól, þaðan í sjó þar sem Brekkuhóll ber í Djúpaskarð í Borgarholts-bæjarborg.

Með brjefi þessu eru öll eldri landamerkjabrjef fyrir jörðum þessum úr gildi numin.

Saurum 1. júní 1927.

Ó. Bjarnason umboðsm.

Kristján Erlendsson.

Sveinn Magússon.

Þinglesið á manntalsþingi Staðarsveitar að Görðum 21. júní 1927.

PVBjarnason

Gjald í ríkissjóð:

Þinglestur kr. 3.00 }

– þrjár krónur –

PVB.



Þinglestur ókeypis og
stimpilgjalds frjálst.
Kirkjujarðir.

Landaskiptagjörð
Glaumbæjar úr Syðri-Tungulandi.

Ár 1928, laugardaginn 2. júní mánaðar var hreppstjórinn í Staðarsveit staddur að Glaumbæ, í tilefni af því, að ábúandi Glaumbæjar, Kristján bóndi Magnússon, hafði óskað eftir að gjörð væru landaskifti samkvæmt landaskiftalögum frá 31. maí 1927, þannig að hjáleigunni Glaumbæ væri skift að lendum til, úr aðaljörðinni Syðri-Tungu, ásamt úr lendum hjáleigunnar Neðra-Hóli. Og með því, að allar þessar jarðir eru kirkjujarðir, var hreppstjóri Kjartan Þorkelsson, eins og áður er greint, staddur á vettvangi, sem staðgöngumaður jarðeigandans, einnig eru viðstaddir allir ábúendur jarðanna, þeir, Kjartan bóndi Magnússon, Sigurður bóndi Þorleifsson, og áður nefndur ^{bóndi} Kristján Magnússon. Eftir að nákvæmlega var athuguð afstaða á lendum allra jarðanna sameiginlega, kom það í ljós, að algjörð landaskifti álitust ógjörleg, þar sem allar hinar ofanefndu jarðir, áttu rjettulega tilkall til að fá sinn hlutfallslega skjerf, af lendum þeim, er næstar liggja bæjunum. Þannig hefði orðið að skifta lendum Glaumbæjar úr aðallandinu í 2 eða jafnvel 3 pörtum, með nokkuð löngu millibili, og álitust þau landaskifti að eins þarfalaust tilefni til missátta á milli manna. Aftur á móti urðu allir hlutaðeigendur ásáttir um það, að skifta Glaumbæ samkvæmt 13. gr. landskiftalaganna úr sameignarlandi jarðanna slægjulandi því, er undanfarið hefir verið notað frá Glaumbæ, og nefnist Krekknalækur, og flóastykki austanverðu lækjarins, og eru ummerki þessa landsstykkis þannig: Úr austnorðurhorni úr Nátthaga þeim, er stendur í mounum austan Glaumbæjar, er sjónhending í hlaðna vörðu er stendur á ytri bakka Krekknalækjar fyrir neðan veginn á Staðarholti, þaðan ræður austur á við, eins og flóinn er við jaðarinn á Staðarholtsmounum að neðanverðu; síðan ráða ofaná við holtatöglin, og því næst ræður út á við að neðan eftir því sem slægjuland telst nothæft út í áðurgreindan Nátthaga, í samastað og áður nefnir. Og ber hlutaðeigendum að halda uppi glöggum merkjum fyrir þessum landaskiftum, svo er og leiguliða Glaumbæjar heimilt að afgirða þetta landsstykki, þó má girðing sú, eigi koma í bága við sameiginleg afnot beilands, austanverðu girðingar á Geldinganesi, og eigi tálma umferð ofan eða neðan girðingar.

Skiftagjörð þessi, virðist engin sjerstök áhrif hafa á leiguliða afnot allra jarðanna í heild sinni.

Landskiftagjörð þessi er innfærð í Máldagabók Staðarsveitar-kirkjujarða, og ber gjörðarbeiðanda að láta þinglýsa henni.

Landskiftagjörð þessi er samþykkt af öllum viðstöddum og viðkomandi hlutaðeigendum, og staðfest með undirskrifuðum eiginhandar nöfnum.

Gjört að Glaumbæ í Staðarsveit 2. júní 1928.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Kjartan Þorkelsson. (hreppstjóri)

Kjartan Magnússon.

Sigurður Þorleifsson.

Kristján Th. Magnússon.

Þinglesið á manntalsþingi Staðarsveitar að Görðum 26. júní 1928.

PVBjarnason



Skrásettar og friðaðar fornmenjar
í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Skógarstrandarhreppur:

[Valshamar]

Í landi jarðarinnar Valshamars í Skógarstrandarhreppi í Snæfellsnessýslu eru samkvæmt lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvember 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar: Hafþórs-leiði, svo nefnt, í túninu, skammt fyrir ofan bæinn. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1920. bls. 17.

Þetta ~~tilkynnist~~ ^{kunngjörir} eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar nú og eftirleiðis. Ber eiganda að varðveita friðlýsingarskjal þetta og sjá um að ábúanda sje jafnan kunnugt um friðlýsinguna.

Reykjavík 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Dröngum 14. júní 1929.

PVBjarnason



[Stóri-Langidalur]

Í landi jarðarinnar Stóra-Langadals í Skógarstrandarhreppi eru samkv. lögum
skrásettar og friðaðar fornminjar þessar:

Leifar hoftóftar (?) fyrir ofan túnið. Hvanngarður, svo nefndur, gömul girðing suður í
túninu. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1897, bls. 15.

Þetta kunngjörst o.s.fr. Reykjavík. 12. Maí 1928.

Matthías Þórðarson, fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Dröngum 14. júní 1929.

PVBjarnason



[Narfeyri]

Í landi jarðarinnar Narfeyrar í Skógarstrandarhreppi . . . eru samkvæmt lögum o.s.frv. . . .
skrásettar og friðaðar fornmenjar þesar:

Borgardals-rúst, í dalverpi, er Borgardalur heitir, suður í hlíðinni frá Narfeyri, austanmegin
við Álftafjörðin. Sbr. Árbók Fornleyfajelagsins 1900, bls. 9. Þetta kunngjörist eigöndum o.s.frv.

.

Reykjavík 12. Maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Dröngum 14. júní 1929.

PVBjarnason



Helgafellssveit:
[Kársstaðir]

Í landi jarðarinnar Kársstaða í Helgafellssveit í Snæfellssýslu eru samkvæmt lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvember 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar:

1-2. Grjótrústir tvær fornar, önnur kringlótt, hin sporöskjumynduð, í hlíðarhalla norður frá bænum.

3. Girðing fornleg í norðvestur frá bænum, neðst í hlíðinni. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1927, bls. 31. Þetta kunngjörist eigöndum og ábúöndum greindra jarðar nú og eftirleiðis. Ber eiganda að varðveita friðlýsingarskjal þetta og sjá um að ábúanda sje jafnan kunnugt um friðlýsinguna.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Skildi 11. júní 1929.

PVBjarnason



[Örlygsstaðir í Helgafellssveit]

Í landi jarðarinnar Örlygsstaða í Helgafellssveit . . . eru samkv. lögum o.s.frv. . . skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar:

Leifar fornþæjarins Hellu, rjett fyrir austan Örlygsstaðaá, þar sem er yngri stekkjartóft. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1925. bls. 44. Þetta kunngjörist o.s.frv. . . .

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson. fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Skildi 11. júní 1929.

PVBjarnason



[Úlfarsfell í Helgafellssveit]

Í landi jarðarinnar Úlfarsfells í Helgafellssveit eru samkv. lögum o.s.frv. . . . skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar:

1. Bólstaður við Vaðilshöfða, rústir tvær.
2. Leifar Arnkelshaug.
3. Leifar Þórólfshaug og Þvergarðs á Bæifótshöfða.

Sbr. Árb. Fornleifafjelagsins 1893, bls. 18-19. 1900, bls. 10 og 1925⁻²⁶ bls. 44.

Þetta kunngjörist o.s.frv.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Skildi 11. júní 1929.

PVBjarnason



[Hrísar í Helgafellssveit]

Í landi jarðarinnar Hrísar í Helgafellssveit eru samkv. lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar:

1. Leifar af haugi Þórólfs bægifótar framantil í Þórsárdal miðjum, austan árinna, um 50 m. frá henni. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1893, bls. 19-20.

2. Fornar rústir, þar sem nefnt er „á Tóftum“ í Hrísanesi.

3. Rústir eftir fornt býli, er nefnist Mosvellir, út við Svelgsá við hraunið.

4. Rústir eftir fornt býli neðar með Svelgsá, við Tröllkonufoss.

Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1925-26, bls. 43-45. Þetta kunngjörist eigöndum o.s.frv.
Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Skildi 11. júní 1929.

PVBjarnason



[Svelgsá í Helgafellssveit]

Í landi jarðarinnar Svelgsár í Helgafellssveit eru samkvæmt lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar:

1. Forn tóft og garður fyrir austan bæinn og utantil við túnið og litlu sunnar 2 smátóftir.
2. Fjórar tóftir utanvert og þjett við hinn forna garð, en beint norður frá bænum.
3. Fornt hringmyndað mannvirki, hlaðið mestmegnis úr grjóti á móabörðum norður frá bænum.
4. Fornar bæjarrústir suðvestan undir Svelgsárborg, svo nefndri.
5. Fornar bæjarleifar, þar er nefnist Brennistaðir, austan undir Drápuhlíðarfjalli. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1920, bls. 15-16, og 1925-26, bls. 31-32.

Þetta kunngjörist eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar o.s.frv.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Skildi 11. júní 1929.

PVBjarnason



[Saurar í Helgafellssveit]

Í landi jarðarinnar Saura í Helgafellssveit . . . eru samkv. lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar:

1. Rústir tvær, fornar, þar sem verið hafa Þorleifsstaðir, fyrir ofan Saura, við innri enda Skjaldarvatns, norðan undir Klettaás.

2. Gruflunaust, svo kallað, við lítinn vog, er gengur vestan í Sauranes.

3. Smátoftir sex á grashól hjá vog einum innarlega á Sauranesi.

Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1925-26, bls. 43 og 1927, bls. 32.

Þetta kunngjörist eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar o.s.frv.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Skildi 11. júní 1929.

PVBjarnason



[Helgafell í Helgafellssveit]

Í landi jarðarinnar Helgafells í Helgafellssveit eru skv. lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvember 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar: „Leiði Guðrúnar Ósvífsdóttur“, svo nefnt. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1898, bls. 37-38. Þetta kunngjöríst eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar o.s.frv.

Reykjavík 12. maí 1928

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið að manntalsþingi að Skildi 11. júní 1929.

PVBjarnason



[Þingvellir í Helgafellssveit]

Í landi jarðarinnar Þingvalla í Helgafellssveit . . . eru samkv. lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar:

Fornar þingbúðatóftir og öll önnur gömul mannvirki á hinum forna Þórsness-þingstað. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1882, bls. 103, og 1900, bls. 11. Þetta kunngjörist ^{eigöndum og ábúöndum} greindrar jarðar. o.s.frv.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Skildi 11. júní 1929.

PVBjarnason



[Grunnasundsnes í Helgafellssveit]

Í landi jarðarinnar Grunnasundsness í Helgafellssveit eru samkv. lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar:

Búðartóft gömul í Búðarnesi. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1925-1926, bls. 47-48. Þetta kunngjörist eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar o.s.frv.

Reykjavík, 12. maí 1928

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi í Stykkishólmi ~~á Skildi~~ 8. júní 1929.

PVBjarnason



[Hofsstaðir í Helgafellssveit]

Í landi jarðarinnar Hofstaða í Helgafellssveit eru samkv. lögum um verndun fornminja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar:

Hofgarður, svo nefndur, brot af fornri girðingu á háum fjörubakka. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1882, bls. 96. Þetta kunngjörist eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar nú og eftirleiðis. Ber eiganda að varðveita friðlýsingarskjal þetta og sjá um að ábúendum sje jafnan kunnugt um friðlýsinguna.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Skildi 11. júní 1929.

PVBjarnason



[Drápuhlíð í Helgafellssveit]

Í landi jarðarinnar Drápuhlíðar í Helgafellssveit . . . eru samkv. lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar:

Fornar toftir, þar sem er eyðibýlið Hólkot á mýrunum norður frá bænum. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1925-26, bls. 47. Þetta kunngjörist eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar nú og eftirléiðis. Ber eigöndum að o.s.frv.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður

Þinglesið á manntalsþingi að Skildi 11. júní 1929.

PVBjarnason



[Gríshóll í Helgafellssveit]

Í landi jarðarinnar Gríshóls í Helgafellssveit eru samkv. lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907 skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar:

Forn fjárrjett í Hraundal; er hún í hraunhvammi neðarlega í dalnum. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1927, bls. 32. Þetta kunngjörist eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar nú og eftirleiðist. Ber eiganda að varðveita o.s.frv.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Skildi 11. júní 1929.

PVBjarnason



[Staðarbakki í Helgafellssveit]

Í landi jarðarinnar Staðarbakka í Helgafellssveit eru samkv. lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar:

1. Leifar eyðibýlisins Gauksstaða [svo], neðst í Stórholtum, vestanvert við lítinn læk, er fellur ofan Gautsstaðagróf.

2. Eyðibýlið Vindás, á svo kölluðum Skeiðum. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1925-26, bls. 46. Þetta tilkynn kunngjörist eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar, nú og ftirleiðis [svo]. Ber eiganda að varðveita friðlýsingarkjal þetta o.s.frv.

Reykjavík , 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Skildi 11. júní 1929.

PVBjarnason



[Berserkjahraun í Helgafellssveit]

Í landi jarðarinnar Berserkjahrauns í Helgafellssveit . . . eru samkv. lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar:

1. Kirkjutóft Styr, svo nefnd, uppi á brekkunni fyrir neðan bæinn.
2. Skálatóft (?) mikil á túnjaðrinum við lækinn.
3. Gerði í krika, sem gengur inn í hraunið fyrir vestan lækinn gegnt túninu.
4. Krossrjett, forn fjárrjett neðar í hraunjaðrinum.

5. Berserkjagarður, á landamerkjum í hrauninu milli Berserkjahrauns og Bjarnarhafnar. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1893, bls. 21-22, og 1900, bls. 12. Þetta kunngjörst eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar o.s.frv. . . .

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Skildi 11. júní 1929.

PVBjarnason



[Bjarnarhöfn í Helgafellssveit]

Í landi jarðarinnar Bjarnarhafnar í Helgafellssveit . . . eru samkv. lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar:

1. Bjarnarnaust, beint niður frá bænum.
2. Hamarnaust, ruddur bás við sjóinn, dálítið vestar.
3. Búðatanga-rústir (leifar af verzlunarbúðum)

4. Hamarnaust, fornt naust undi hamri á landi uppi, suðaustur frá Búðatanga. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1900. bls. 24 [14]. Þetta kunngjörist eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar o.s.frv.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður. Þinglesið á manntalsþingi að Skildi 11. júní 1929.

PVBjarnason



[Afréttarland Helgafellssveitar]

Í afréttarlandi Helgafellssveitar í Snæfellsnessýslu eru samkvæmt lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar:

Grímshellir í austanverðu Kerlingarfjalli. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1925-26, bls. 46-47. Þetta kunngjörst hreppsúum í greindum hreppi, nú og eftirleiðis. Ber hreppstjóra að varðveita friðlýsingarskjal þetta og sjá um að hreppsúum sje jafnframt kunnugt um friðlýsinguna.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Skildi 11. júní 1929.

PVBjarnason



[Krossnes í Eyrarsveit]

Í landi jarðarinnar Krossness í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu eru samkvæmt lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar: Tóftir hins forna bæjar, sem var vestar en nú er bærinn, vestan mýrarsunds, sem er milli hins forna túns og þess sem nú er. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1927. bls. 33-34.

Þetta kunngjörst eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar, nú og eftirleiðis. Ber eiganda að varðveita friðlýsingarskjal þetta og sjá um að ábúanda sje jafnan kunnugert um friðlýsinguna.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Grund 20. júní 1929.

PVBjarnason



[Gufuskálar í Neshreppi utan Ennis]

Í landi jarðarinnar Gufuskála í Ingjaldshólshreppi (sic) í Snæfellsnessýslu eru samkvæmt lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar:

1. Gerðubergs-rústir, skammt suður frá bænum, á lágri klettabrún.
2. Hákonarhóll eða haugur, þúfnabarð í lágri klettabrún suður frá Gerðubergi.
3. Hraunskarðsrústir upp með Höskuldsá sunnan megin. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1900, bls. 19-20. Þetta kunnngjöríst eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar, nú og eftirleiðis. Ber eiganda að varðveita friðlýsingarskjal þetta og sjá um að ábúanda sje jafnan kunnugt um friðlýsinguna.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Sandi 22. júní 1929.

PVBjarnason



[Skarð í Neshreppi]

Í landi jarðarinnar Skarðs í Ingjaldshólshreppi, (sic) í Snæfellsnessýslu eru samkvæmt lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar: Gotastaðarúst við Gotalæk inni í Búrfellsdal. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1900, bls. 17-18. Þetta tilkynnist eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar, nú og eftirleiðis. Ber eiganda að varðveita friðlýsingarskjal þetta og sjá um að ábúanda sje jafnan kunnugt um friðlýsinguna.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Sandi 22. júní 1929.

PVBjarnason



[Sveinsstaðir í Neshreppi]

Í landi jarðarinnar Sveinsstaða í Ingjaldshólshreppi (sic) í Snæfellsnessýslu eru samkvæmt lögum um verndun fornmenja dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar: Foss-rústir á eystri bakka Laxár (Hólmkelsár). Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1900, bls. 17. Þetta kunngjörist eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar, nú og eftirleiðis. Ber eiganda að varðveita friðlýsingarskjal þetta og sjá um að ábúanda sje jafnan kunnugt um friðlýsinguna.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Sandi 22. júní 1929.

PVBjarnason



[Saxhóll í Breiðuvíkurbreppi]

Í landi jarðarinnar Saxhóls í Breiðuvíkurbreppi í Snæfellsnessýslu eru samkvæmt lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar: Leifar Saxahóls forna, bæjarins, peningshúsa og girðinga. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1900, bls. 21.

Þetta kunngjörist eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar, nú og eftirleiðis. Ber eiganda að varðveita friðlýsingarskjal þetta og sjá um að ábúanda sje jafnan kunnugt um friðlýsinguna.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Arnarstapa 24. júní 1929.

PVBjarnason



[Öxl í Breiðvíkurhreppi]

Í landi jarðarinnar Axlar í Breiðvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu eru samkvæmt lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þesar:

1. Leifar „Ásmundar-haugs”, fornt mannvirki undir Axarhyrnu.

2. Rúst Axlar fornu. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1900. bls. 25-26. Þetta kunngjörist eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar, nú og eftirleiðis. Ber eiganda að varðveita friðlýsingarskjal þetta og sjá um að ábúanda sje jafnan kunnugt um friðlýsinguna.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Arnarstapa 24. júní 1929.

PVBjarnason



[Arnarstapi í Breiðuvíkurbreppi]

Í landi jarðarinnar Arnarstapa í Breiðuvíkurbreppi í Snæfellssýslu eru samkvæmt lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar: Sölvhamars-rústir. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1900, bls. 25. Þetta kunngjörist eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar, nú og eftirleiðis. Ber eiganda að varðveita friðlýsingarskjal þetta og sjá um að ábúanda sje jafnan kunnugt um friðlýsinguna.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Arnarstapa 24. júní 1929.

PVBjarnason



[Laugarbrekka í Breiðvíkurheppi]

Í landi jarðarinnar Laugarbrekku í Breiðvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu eru samkvæmt lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar:

1. Rúst hins gamla bæjar og hinn gamli kirkjugarður.

2. Þinghústóft hjá Þinghamri.

3. Hreiðarsgerði.

4. Dysjarleifar tvær undir hraunbrún fyrir norðan hæðina, sem Laugarbrekka stóð sunnan undir.

5. Dysjar Axlar-Bjarnar á hæðinni fyrir austan Laugarbrekku.

Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1900, bls. 24. Þetta kunngjörst eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar, nú og eftirleiðis. Ber eiganda að varðveita friðlýsingarskjal þetta og sjá um að ábúanda sje jafnan kunnugt um friðlýsinguna.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Arnarstapa 24. júní 1929.

PVBjarnason



[Malarrif í Breiðuvíkurhreppi]

Í landi jarðarinnar Malarrifs í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu eru samkvæmt lögum um verndun fornmenja dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar: Svalþúfurúst. Stendur hjá mýrarbletti á Þúfubjörgum. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1900, bls. 23. Þetta kunngjörist eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar, nú og eftirleiðis. Ber eiganda að varðveita friðarlýsingarskjal þetta og sjá um að ábúanda sje jafnan kunngugt um friðlýsinguna.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Arnarstapa 24. júní 1929.

PVBjarnason



[Hólar í Breiðuvíkurbreppi]

Í landi jarðarinnar Hóla í Breiðuvíkurbreppi í Snæfellsnessýslu eru samkvæmt lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar:

1. Verbúðatóftir í Dritvík.

2. „Völundarhús“ hjá Dritvík, á hraunhæðinni fyrir sunnan víkina. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1900, bls. 22. Þetta kunngjört o.s.frv. (sbr. næsta brjef á undan)

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Arnarstapa 24. júní 1929.

PVBjarnason



[Beruvík í Breiðuvíkurbreppi]

Í landi jarðarinnar Beruvíkur í Breiðuvíkurbreppi í Snæfellsnessýslu eru samkvæmt lögum um verndur fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar: Leifar bæjar og túngirðingar Beruvíkur fornu. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1900, bls. 21. Þetta kunngjörist eigendum og ábúöndum greindrar jarðar, nú og eftirleiðis. Ber eiganda að varðveita friðlýsingarskjal þetta og sjá um að ábúanda sje jafnan kunnugt um friðlýsinguna.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Arnarstapa 24. júní 1929.

PVBjarnason



[Öndverðanes í Breiðuvíkureppi]

Í landi jarðarinnar Öndverðarness í Breiðuvíkureppi í Snæfellsnessýslu eru samkvæmt lögum um verndun fornmenja, dags, 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar:

1. Brunnur gamall, nefndur Fálki, norðvestur í túninu.
2. „Dómaragarður“ svo nefndur, fyrir vestan brunninn Fálka.

Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1900, bls. 20. Þetta kunngjörist eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar, nú og eftirleiðis. Ber eiganda að varðveita friðlýsingarskjal þetta og sjá um að ábúanda sje jafnan kunnugt um friðlýsinguna.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Arnarstapa 24. júní 1929.

PVBjarnason



[Stakkhamar í Miklaholtshreppi]

Í landi jarðarinnar Stakkhamars í Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu eru samkvæmt lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar: Búðatóftir sjö á Búðahamri við Straumfjörð. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1893, bls. 66 og 1897, bls. 12. Þetta kunngjörist eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar, nú og eftirleiðis. Ber eiganda að varðveita friðlýsingarskjal þetta og sjá um að ábúanda sje jafnan kunnugt um friðlýsinguna.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Fáskrúðarbakka 12. júní 1929.

PVBjarnason



[Hallbjarnareyri í Eyrarsveit]

Í landi jarðarinnar Hallbjarnareyrar í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu eru samkvæmt lögum um verndun fornmenja, dags. 16. nóvbr. 1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar: Rústir hins forna bæjar að Öndverðareyri, tóftir, girðingar og önnur gömul mannvirki á bæjarstæðinu og í námunda við það. Sbr. Árbók Fornleifafjelagsins 1927, bls. 33. Þetta kunngjörist eigöndum og ábúendum greindrar jarðar, nú og eftirleiðis. Ber eiganda að varðveita friðlýsingarskjal þetta og sjá um að ábúanda sje jafnan kunnugt um friðlýsinguna.

Reykjavík, 12. maí 1928.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

Þinglesið á manntalsþingi að Grund 20. júní 1929.

PVBjarnason



Þinglestur ókeypis
og stimpilgjaldsfrjálst.
(kirkjujörð).

Landamerkja-uppgjörð á milli kirkjujarðanna
Efra-Hóls og Álftavatns, eins og hún var gjörð af
hreppstjóra Staðarsveitar 27. september 1927.

Septbr. 12

Það sem leitast er nú við, að hvorug jörðin fari með skarðan hlut, eru landamerki að austanverðu milli Álftavatns og Efra-Hóls ákveðin þannig: Sjónhending úr steini þeim, er stendur á há Melrakkaholti eða Skotholti, því svo er holtið hvortveggja kallað, og ofan í keldu sem fellur í Barnalæk fyrir austan Móhól; svo er aftur sjónhending ^{upp á við} úr áðurnefndum steini á Melrakkaholti og í hlaðna vörðu, er stendur neðan til í fjallshlíðarrótinni í Hólsfjalli, úr þeirri vörðu er aftur sjónhending utan til í Ausugil og hlaðna vörðu er stendur á vestaribakka Ausugils ofan til, úr því ræður farvegur Ausugils og Leiðargils til fjalls, og á þá Álftavatn, þegar hinni síðarnefndu vörðu sleppir, land austanverðu farvegs nefndra gilja og austur í rústina utanverðu Titlinghóls, og land til fjalls eins og vötnum hallar eftir greindum merkjum að austan og vestan. Þessi landamerki eru meðfram byggð á vitnisburði manna ^{er} fyrir meir hafa verið á Efra-Hóli og loks eru þau í samræmi við landamerki þau, sem skráð eru í byggingarbrjefi, dagsettu 30. marz 1895, til handa ábúanda Efra-Hóls, og ennfremur í samræmi við landamerki þau, er skráð standa í byggingarbréfi, dagsettu 3. júní 1922, til handa núverandi ábúanda Efra-Hóls, og síðast er jörðin Efri-Hóll þá þegar seld og afsöluð núverandi ábúanda af stjórnarráði Íslands með þessum ummerkjum, án nokkrar undanfellingar í þeim efnun. Að öðru leyti eru landamerki jarðarinnar Efra-Hóls gagnvart Álftavatni og Slitandastöðum þessi: Að úr keldunni sunna við Móhól ræður Barnalækur að neðan út í Sátuhólskeldu, þá ræður keldan upp í dýið, sem er fyrir neðan holtatöglin, og þar hlaðin merkjavarða, og þaðan sjónhending í aðra vörðu, er stendur ofan á holtunum. Úr þeirri vörðu er sjónhending í stein þann, sem stendur á Háubrekku og kallaður er Merkjasteinn, og er í fjallshlíðinni á milli Efra-Hóls og Slitvindastaða. Efri-Hóll á fjallland eins og vötnum hallar milli áðurgreindra merkja, austan og vestan.

Við landamerkja-uppgjörð þessa er staddur ábúandi Efra-Hóls, Jón bóndi Kristjánsson, en ábúandi Álftavatns, Björn bóndi Jónsson, reyndist að vera fjarverandi, en hafði áður komið á vettvang að þessari landamerkja-uppgjörð og var því nokkuð kunnur hvernig hún skyldi verða.

Efra-Hóli, 27. september 1927.

Samþykkur Jón Kristjánsson.

Kjartan Þorkelsson (hreppstjóri)

Þinglesið á manntalsþingi að Görðum 26. júní 1929.

PVBjarnason



[Efri-Hóll og Álftavatn í Staðarsveit]

Árið 1928. þann 14. júlí, voru samankomnir á vettvang hreppstjóri Staðarsveitar og núverandi eigandi jarðarinnar Efra-Hóls, Jón bóndi Kristjánsson, ásamt ábúanda Álftavatns, Björn Jónsson, til frekari athugunar á framanskráðri landamerkja-uppgjörð milli jarðanna Efra-Hóls og Álftavatns, og með sjerstöku tilliti til þess, að landverð beggja þessara jarða er í síðasta fasteignamati alveg jafnt, 13 hundr., og í jarðamatinu frá 1861, einnig að mestu leyti hið sama. Efri-Hóll að vísu 9/10 hlutum úr hundraði hærri en Álftavatn, og ennfremur með tilliti til þess, að hin gömlu örnefni er landamerkin hafa verið byggð á, eru nú að meira eða minna leyti gleymd og horfin úr minnum manna, varð það niðurstaða að samkomulag umboðsmanna jarðarinnar Álftavatns og eiganda jarðarinnar Efra-Hóls að hin framanskráða landamerkja-uppgjörð frá 27. september 1927 skildi óbreytt standa og afhendast viðkomandi sýslumanni til innfærslu í embættisbækur hans og þinglýsingar á manntalsþingi.

Sama ár og dag sem í upphafi greinir.

Samþykkur Jón Kristjánsson.

Kjartan Þorkelsson (hreppstjóri)

Þinglesið á manntalsþingi Staðarsveitar að Görðum 26. júní 1929.

PVBjarnason

Við þinglestur landamerkja uppgjörðar þessarar æskti Björn Jónsson fyrir hönd ábúanda kirkjujarðarinnar Álftavatns bókuð mótmæli gegn tjeðri landamerkjauppgjörð milli Efri-Hóls og Álftavatns, þar eð gengið væri á hluta Álftavatns við uppgjörð landamerkjanna.

Hreppstjóri Staðarsveitar, Kjartan Þorkelsson, bað bókað, að Björn Jónsson væri ekki lengur ábúandi Álftavatns og hinn nýji ábúandi ekki enn fluttur á jörðina.

PVBjarnason



Afrit

Þinglestur ókeypis og
stimpilgjaldsfrítt.
Kirkjujarðir.

Landamerki milli prestssetursins Staðastaðar
og jarðanna Glaumbæjar, Hóls og Syðri-Tungu,
ákveðum við undirritaðir að skuli vera þessi:

Granagarður ræður frá sjó upp í Granagarðsvörðu, þaðan í Staðará sjónhending á nýpu, sem ber við himin vestanvert á háfjallinu, vestanvert við miðja Torfahlíð. Þá ræður Staðará merkjum að Barnanesodda. Fyrir ofan Staðará, efst á Barnanesi á Staðastaður engjastykki, svo nefndan Árnesspotta. Ummerki hans eru þessi: Að austan og neðanverðu keldu, er liggur í Barnalæk austan Smalaskálahóls og svo eftir þeirri keldu fyrir ofan Smalaskálahól út í Laxárfarveg hinn forna. Þaðan upp í Barnalæk eins og Slítandastaða merki ráða. Úr því ræður Barnalækur að ofan og austan í fyrnefnda keldu.

Staðastað, 18. okt. 1928.

Kjartan Þorkelsson (umráðamaður)

Kjartan Kjartansson (sóknarprestur)

Árni Þórarinsson prófastur

Rétt eftirrit vottar.

Staðastað, 11. nóv. 1928.

Kjartan Þorkelsson (hrepptjóri)

Þinglesið á manntalsþingi Staðarsveitar að Görðum 26. júní 1929.

PVBjarnason

Við þinglestur landamerkjaskrár þessarar æskti Bjarni Jóh. Bogason fyrir hönd Kjartans Magnússonar í Hóli neðri bókuð mótmæli gegn téðri landamerkjaskrá, sem Kjartan Magnússon væri að ýmsu leyti ósamþykkur.

PVBjarnason



[Þverá og Akurholt í Eyjahreppi]
Landamerkiadómur.

Ár 1930, laugardaginn 5. júlí, vorum við undirritaðir, Kristján Jónsson í Dalsmynni f.h. Kristjáns Guðmundssonar eiganda og ábúanda Akurholts, Friðgeir Sveinbjörnsson á Rauðamel f.h. Þorleifs Sigurðssonar eiganda og ábúanda Þverár og Páll Sigurðsson í Haukatungu sem oddamaður, allir mættir á landamerkjum milli Þverár og Akurholts, báðum í Eyjahreppi, til þess samkvæmt dómpingi er haldið var á Þverá 11. júní 1930, að útkljá ágreining um landamerki milli ofangreindra jarða, Akurholts og Þverár.

Landamerkjaskrár eru samhljóða fyrir báðum jörðunum, en ágreiningurinn er einungis um örnefni á holti, sem nefnt er í landamerkjaskránum „Gildruholt“.

Eigandi og ábúandi Akurholts, Kristján Guðmundsson, heldur því fram, að Gildruholtið sje lítið holt, ofarlega í flóanum, skammt fyrir austan Flókalæk, en all-langt ofan þjóðveginn. Aftur á móti heldur eigandi og ábúandi Þverár, Þorleifur hreppstjóri Sigurðsson, því fram, að holt þetta sje fast að norðanverðu við þjóðveginn milli Gerðubergslækjar og Flókalækjar.

Eftir að dómnefndin hafði yfirfarið landamerkjaskrár og önnur skjöl, er fram komu í málinu, kom það glögglega í ljós, að fyrverandi eigandi Þverár, Kristján hreppstjóri Jörundsson, hafi selt Þorleifi hreppstjóra Sigurðssyni á Þverá, jörðina Þverá með þeim landamerkjum, sem nefndur Þorleifur heldur fram. En þau eru: Frá fossi í Gerðubergslæk (genget vestan Gerðubergstúnið) sjónhending í Merkjarúst, sem er nærri læknum, þaðan (úr rústinni) sjónhending suðaustan Smalaskála og á holt það, er stendur fast við þjóðveginn að norðanverðu milli Gerðubergslækjar og Flókalækjar, og nefnt er í vottorði frá nefndum Kristjáni Jörundssyni, bæði „Gildruholt“ og „Vörðuholt“, þaðan (úr þessu holti) sjónhending í Flókalækjarós, sem rennur í Þverá, neðan til móts við Móendisholt, sem er skamt vestan Þverár.

Með því að dómnefndin fjékk ekki fullar upplýsingar um hvaða holt hafi upphaflega verið Gildruholt, en holt það, er Kristján hreppstjóri Jörundsson vottar, að sje Merkjaholt, er greinilegasta holtið á þessu svæði, þá sá hún ekki ástæðu til að breyta því.

En með því að nefndinni var það fulljóst að fyrverandi hreppstjóri, Kristján Jörundsson, var eigandi beggja þessara jarða, Akurholts og Þverár, þá lítur dómnefndin svo á, að hann hafi haft fulla heimild til að selja ofangreindar jarðir með þeim merkjum, sem áður er lýst. Þess vegna teljum við Þorleif hreppstjóra Sigurðsson á Þverá rjettan eiganda að landi því, sem er innan þeirra merkja, sem Kristján hreppstjóri Jörundsson hefir gefið upp gagnvart Þverá.

Að öllu þessu athuguðu úrskurðast:

Landamerki milli framangreindra jarða, skulu vera þessi:

Frá fossi í Gerðubergslæk (sem er móts við Gerðubergstúnið) bein sjónhending í Merkjarúst, sem er nærri læknum, þaðan (úr rústinni) bein sjónhending suðaustur við Smalaskála og á holt það, er stendur fast við þjóðveginn að norðanverðu, milli Gerðubergslækjar og Flókalækjar, og sem nefnt er í vottorði frá Kristjáni Jörundssyni, bæði „Gildruholt“ og „Vörðuholt“, þaðan (úr



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

síðastnefndu holti) bein sjónhending í Flókalækjarós, sem rennur í Þverá neðan til móts við Móendisholt, sem er skamt vestan Þverá.

Framanritaður úrskurður sendist hjer með hlutaðeigandi sýslumanni til þinglesturs á næsta manntalsþingi í Eyjahreppi.

Staddir á Þverá, sama ár og dag og að framan greinir.

Friðgeir Sveinbjörnsson.

Kristján Jónsson

Páll Sigurðsson.

Mótttekið til þinglesturs 15. oktbr. 1930.

Gjöld í ríkissjóð:

Þinglestur kr. 3.00

stimplun kr. 1.00 }

Kr. 4.00

– fjórar krónur –

Þinglesið á manntalsþingi að Þverá 1931.



Landamerki milli Miklaholts – og Miklaholtssels í Miklaholtshreppi.

Úr Svínhól, sem er í mörkum Miklaholtssels og Hólslands, í Tótthamar og þaðan sjónhending á heim í Hjarðarfelli að mörkum Stóruþúfu. Á Miklaholtssel alt land fyrir ofan (norðan) þessar markalínur, inn með Hafursfelli að „Hlíðarhorni“.

Fjallendið fyrir innan (noðan) [svo] Hlíðar horn helst óskift (upprekstrarland) á milli jarðanna. Þannig samþykkt af ábúendum Miklaholts og Miklaholtssels, þann 29. júlí 1938.

Reykjavík 16. sept. 1938

Ásgeir H. Jónsson.

Til

Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Mótttekið laugardaginn 10. desember 1938, til þinglesturs á manntalsþingi í Miklaholtshreppi 1939.

Indk. XIX 60.

Jón Halldórsson (h.s)

Gjaldfrítt

JH.



[Setberg og Vindás í Eyrarsveit]

Ár 1939 þriðjudaginn þann 9. maí, var hreppstjórinn í Eyrarsveit, ásamt þeim sr. Jósep Jónssyni prófasti, að Setbergi, og Nóa Jónssyni bónda í Vindási, staddur að prestsseturshjáleigunni Vindási, til þess samkvæmt tilmælum hins háa Kirkjumálaráðuneytis, að ákveða landamerki milli prestsseturssins Setberg, og hjáleigunnar Vindás.

Landareign jarðarinnar Vindás, er nú skift úr landi staðarins, í tilefni af því að ábúandinn á Vindási hefir sótt um að fá nefnda jörð til erfðaábúðar samkvæmt lögum nr. 8. 1. febr. 1935.

Var þá fyrirtekið:

Að ákveða landamerki milli prestsseturssins Setberg, og hjáleigunnar Vindás, og í tilefni af því sett og samin svohljóðandi

Landmerkjaskrá.

1. Milli prestsseturssins Setberg, og jarðarinnar Vindás Bein lína frá sjó, um jarðfastann stein, í mýrarjaðri, nokkuð fyrir norðan túnið í Vindási, í hellu, á svonefndum Háamel, sem er í stefnu hérumbil í norðaustur af íbúðarhúsi jarðarinnar, þaðan sjónhending í svokallaða Nónssteina.

2. Milli Vindás, og Hamra, ráði hin gömlu merki, milli Setbergsstaðar og Hamra – sem eru – „Grjótá, sem rennur ofan Skálardal og beygir vestur á til sjóar, eru landamerki milli fjalls og fjöru”.

Aðrar jarðir en Setberg og Hamrar eiga ekki land að Vindási. Hins vegar er innan framan greindra landamerkja jarðarinnar, leigu lóð 33400□ metrar að stærð – er Kristján Hjaltason fyrverandi húsmáður í Vindási fékk árið 1934 með samþykki ráðuneytisins til 75 ára.

Þessar kvaðir hvíla á jörðinni Vindási

1. Setberg á sama rétt til beitar, fyrir búfé staðarins, á svokölluðum Skálardal, sem verið hefir frá ómunatíð.

2. Setberg á hálfu beitutekju fyrir landi jarðarinnar eins og áður.

3. Þá hefir Setberg og rétt til mótekju í Vindáslandi, eins og verið hefir, meðan Setberg er prestssetursjörð.

Staddir að Vindási, ár og dag sem fyr greinir

Hreppstjórinn í Eyrarsveit. Bjarni Sigurðsson

Jósep Jónsson.

Samþ. framangreindum landskiptum að öðru leiti en því að ég tel sanngjarnt að Vindás eigi alla beitutekju fyrir sínu landi, og ákvæðið um rétt Setbergs til mótekju í Vindáslandi tel ég óviðkunnanlegt, en geri þettað þó ekki að ágreiningsatriði

Nói Jónsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki milli Hamra og Vindás eru samkv. framangreindu rétt tilgreind. Þó skal það tekið fram, að landamerki í sambandi við Grjótá ber að skilja þannig, að það er áin, eins og hún rann áður fyrr, beint til sjávar, úr opnum neðstu gljúfrum.

Páll Þorleifsson.

Landspildu þá 33500 fermetra í landi Vindáss, sem ræðir um í framanritaðri landskiptagjörð að leigð hafi verið Kristjáni Hjaltasyni árið 1934, hefir Kirkjujarðasjóður Íslands keypt á þessu ári og lagt hana undir jörðina Vindás aftur.

Í Dóms- og Kirkjumálaráðuneytinu 8. sept. 1940.

F.h.r.

pr. Dóms- og Kirkjumálaráðuneytið^{ms}

Friðg. Bjarnason.

Móttekið föstudaginn, þann 20/9 1940 kl. 3. e.h.

til þinglesturs á manntalsþingi í Eyrarsveit 1941 Auðk.Fnr.II.

Kr. Steingrímsson. Settur (L.S.).

Viðbót, sjá bls. 18-21 í landskiptabók.



[Nýbýli, Hjarðarfell í Miklaholtshreppi]
Landskiptagjörð.

Við undirritaðir úttektarmenn í Miklaholtshreppi vorum staddir á Hjarðarfelli 8. dag septembermánaðar 1951 samkv. ósk Þorkells Guðbjartssonar, til þess að framkvæma landskiptagjörð til nýbýlis úr landi jarðarinnar Hjarðarfells, sem er áður nefndur er orðin eigandi að hálfu.

Skipting er þannig:

Býlinu fylgja 2 ha. af ræktuðu landi.

Ræktanlegt land er 30 ha.

Beitiland óskipt, með Hjarðarfelli og Hvammi.

Landamerki eru þessi:

Moldbrekkugil skiptir löndum að merkjum jarðarinnar Dals.

Landamerki Dals að þjóðvegi

Þjóðvegur að Kletti neðan Rauðubrekku.

Sjónhending úr Kletti neðan Rauðubrekku í vörðu á holtsbrún, sjónhending úr vörðunni 45 m. austan íbúðarhúss í Moldbrekkugil.

Af (ræktanlega) ræktaða landinu er sneið úr gamla túni Hjarðarfells að stærð 5000 m².

Gjört að Hjarðarfelli 8. sept. 1951.

Páll Pálsson, (hreppstjóri)

Eiður Sigurðsson (úttektarmaður)

Þorkell Guðbjartsson

Gunnar Guðbjartsson

Hjálmur Hjálmsson



[Nýbýli, Lágafell-Syðra í Miklaholtshreppi]

Landsskiptagjörð.

Árið 1951, miðvikudaginn 17. okt. var hreppstjóri Miklaholtshrepps, ásamt úttektarmanni Eið Sigurðssyni, bónda í Hörgsholti staddir á Lágafelli-syðra, til þess að framkvæma landskiptagjörð til handa Þóris Jóhannssyni á Lágafelli-syðra, sem er að stofna nýbýli í landi jarðarinnar.

Landamerkjaskipting er þannig:

Allt landið er óræktað mýrlendi Ca 12 ha. að stærð, þar af er framræst 3 ha.

Að vestan eru landamerki milli Lágafells-ytra og Lágafells-syðra, úr suðurenda Grátjarnar og þaðan sjónhending í Pálshamar. Að austan úr Pálshamri í syðsta skurð meðframm túni aðaljarðarinnar og sjónhending úr skurðinum í Móholt við þjóðveg. Að sunnan þjóðvegur frá Móholti að Grátjörn.

Gjört að Lágafelli-syðra, 17. okt. 1951

Páll Pálsson (hreppstjóri)

Eiður Sigurðsson.

f.h. Þóris Jóhannssonar, Jóhann M. Kristjánsson.



[Nýbýli, Miðhraun í Miklaholtshreppi]

Landskiptagjörð.

Árið 1951, sunnudaginn 28. okt. var hreppstjóri Miklaholtshrepps, ásamt úttektarmanni Eið Sigurðssyni bónda í Hörgsholti, staddir á Miðhrauni til þess að framkvæma landskiptagjörð samkv. ósk Guðmundar Þórðarsonar á Miðhrauni sem hefir ákveðið að stofna nýbýli í landi jarðarinnar.

Landamerkjaskipting er þannig:

Að vestan úr vörðu á vestara horni Draugakima, þaðan sjónhending í Stórákrók í Króklæk, svo ræður Króklækur merkjum að landamerkjum Eiðhúsa og Miðhrauns.

Að sunnan, samkv. landamerkjum Eiðhúsa og Miðhrauns.

Að austan, samkv. landamerkjum Hörgsholts og Miðhrauns upp að hraunsnoppum.

Að norðan úr Sligalæk meðfram hraunsnoppum í vörðu á vestara horni Draugakima.

Gjört að Miðhrauni, 28. okt. 1951

Páll Pálsson. (hreppstjóri)

Eiður Sigurðsson

Guðmundur Þórðarson

Þórður Kristjánsson.



[Nýbýli, Dalur í Miklaholtshreppi]

Landskiptagjörð.

Árið 1951 Sunnudaginn 25. nóv var hreppsstjóri Miklaholtshrepps ásamt úttektarmanni Eið Sigurðssyni bónda, í Hörgsholti staddir í Dal, til þess að framkvæma landskiptagjörð samkv. ósk bræðranna í Dal, Erlendar Halldórssonar og Einars Halldórssonar, sem hafa ákveðið að stofna nýbýli í landi jarðarinnar, en nú eru þeir orðnir eigendur að ½ jörðinni Dal.

Landamerkjaskipting er þannig:

Að vestan ræður þjóðvegur sá, er liggur frá Vegamótum til Stykkishólms.

Að sunnan ræður vinkilrétt lína frá ofangreindum vegi beint Suðaustur að landamerkjum Hjarðarfellslands, og liggur lína þessi 500 m. norður frá horni því, er myndast af Borgarness og Stykkishólmsvegi, verður því ca 500 m. breið skák með framm Borgarnesvegi sunnan Stykkishólmsvegar áfram meðfylgjandi Dal af landi hans sunnan Stykkishólmsvegar.

Að austan ráða landamerki á milli Dals og Hjarðarfells.

Að norðan verða mörkin oddi sá, er myndast, þar sem núverandi þjóðvegur skerst austur í Hjarðarfellsland.

Auk þessa lands fyrir austan þjóðveg, fyrir neðangreynt land fyrir vestan þjóðveg, og eru landamerki þessi.

Að austan ræður núverandi akvegur, sem liggur frá Stykkishólmsvegi heim að bænum.

Að vestan ræður núverandi Túnlækur, sem rennur gegnum heimkeyrsluvegin í suðaustur niður að efsta þverskurði þeim, sem nýgerður er rétt neðan við núverandi fjárhúshæð. Ræður síðari skurður sá suður að núverandi túngirðingu, sem liggur frá Bænhúshyl austur og allt að „Rettarsteini“ er stendur suður af fjárhúshæðinni.

Þaðan frá sé bein sjónhending frá steini þessum í brú þá á Stykkishólmsvegi yfir Moldbrekkugil rétt fyrir norðan afleggjara heim að bænum.

Gripahús þau og hlaða, sem á framangreindu svæði standa nú, fylgja með þessu landi.

Beiti og upprekstrarland í fjallendi Dals, hefir nýbýlið hvaðalaust fyrir allt að 250 ám með lömbum og hestum. Fari fénaður þessi fram yfir fyrgreinda tölu, þarf samþykki ábúenda Dals til þess.

frh. –

Gjört að Dal í Miklaholtshreppi 25. nóv. 1951.

Páll Pálsson (hreppsstjóri)

Eiður Sigurðsson

Einar Halldórsson

Erlendur Halldórsson



[Nýbýli, Hrísdalur í Miklaholtshreppi]
Landskiptagjörð.

Árið 1952, sunnudaginn 25. maí var hreppstjóri Miklaholtshrepps ásamt úttektarmanni Eið Sigurðssyni í Hörgsholti, staddir í Hrísdal til þess að framkvæma landskiptagjörð samkv. ósk Hjörleifs Sigurðssonar í Hrísdal, sem nú er eigandi jarðarinnar að 1/3 hluta. Hefir Hjörleifur ákveðið að stofna nýbýli hér á jörðinni, nýbýlinu fylgja ca. 2 ha. af ræktuðu landi, 12-15 ha. af ræktanlegu landi; beutilandi er óskift.

Landamerkjaskipting er þannig

Að austan ræður bæjarlækur að mel, að sunnan frá melnum í hádegisholt og þaðan í litlaholt; að vestan frá litlaholti með litlalæk að bæjarlæk, að norðan þar sem lækirnir koma saman.

Gjört að Hrísdal 25. maí 1952

Páll Pálsson (hreppstjóri)

Eiður Sigurðsson

Hjörleifur Sigurðsson

Kristján Sigurðsson

Sigurður Kristjánsson



[Syðri-Tunga, Hóll og Glaumbær í Staðarsveit]
Landskiptagjörð.

Dagana 28.-31. júlí ár 1955 var staddur að Hóli í Staðarsveit Björn Bjarnason, ráðunautur, samkvæmt ósk dóms-málaráðuneytisins, til-kvaddur að framkvæma landskipti á sameiginlegu ræktunarlandi kirkjujarðanna Syðri-Tungu, Hóls og Glaumbæjar í Staðarsveit í Snæfellsnessýslu.

Til grundvallar fyrir skiptunum voru lögð eignarhlutföll jarðanna, samkvæmt jarðarmati 1861 voru talin 19.8 hundruð og skiptast þannig, að Syðri-Tunga og Hóll eru talin 8,75 hundruð hvor og Glaumbær 2.30.

Til skipta var tekið slægjuland Glaumbæjar, þar sem ógjörningur var að ná skipulagðri skiptingu landsins nema það kæmi til skipta.

Við skiptagjörðina hefur verið tekið tillit til gæða landsins svo og aðstæðna allra til búrekstrar og nytja landsins. Land jarðanna, það af því, sem til skipta er tekið neðan þjóðveg, ákvarðast þannig: Syðri-Tungu land takmarkast af merkjum Ytri-Tungu að vestan, þjóðvegi að norðan allt austur í hornmark Hóls, sem er við þjóðveginn 5 m. fyrir austan heimreið Syðri-Tungu, þaðan liggur merkjalína suður í túngirðingu Syðri-Tungu og Hóls og fylgir henni í vestur allt niður á sjávarbakka; merkjalína þessi er auðkend með tölunum 1-5 á landskiptakortinu, á Syðri-Tungu land allt vestan vert, en Hóll að austan.

Takmörkin á heimalandi Hóls eru úr áður nefndu hornmarki Syðri-Tungu og Hóls við þjóðveg, þaðan meðfram þjóðvegi að sunnan allt að heimreið Glaumbæjar að austan, fylgja henni í suður í túngirðingu Glaumbæjar þá í vestur í túngirðingu Hóls, og er þar hornmark, þá í suður eftir túngirðingu Hóls og Glaumbæjar, þar til að mógrafarmýri, þá þvert í austur eftir túngirðingu Glaumbæjar, þar til 30 metrar eru eftir í affallstúnskurð Glaumbæjar, og liggja mörkin þá samhliða honum til sjávar, á Hóll land vestan áður nefndra marka (auðkennist á kortinu 6-11), en Glaumbær að austan.

Heimaland Glaumbæjar takmarkast af áður nefndum túnafallsskurði að austan með beinni línu framlengdri úr honum í þjóðveg (auðkennt 12-13 á kortinu); á Glaumbær land vestan, en að austan er 20 metra breið landspilda sem óskipt land til umferðar fyrir búpening ábúenda jarðanna.

Austan umferðabrautarinnar fær Hóll land, sem takmarkast af merkjalínu 14-15-16-17 á kortinu, og eru hornmerki þessi staðsett á landinu.

Glaumbær fær í sinn hlut 70 m. breiða landspildu, sem auðkennd er á kortinu með línunum 15-16-17-18.

Syðri-Tunga fær í sinn hlut austasta landið, sem takmarkast af línunum 18-19-20-14-18 á kortinu.

Sérstök ákvæði:



Slægjuland það, sem Glaumbær hefur nytjað, skal ábúandi Glaumbæjar hafa full afnot af á þessu sumri (1955) til slæгна, en eigi má hann hindra skurðgröft á landi þessu, ef þörf krefur.

Girðing sú, sem er um engjastykki Glaumbæjar, skal takast upp ekki síðar en 1. nóv. 1955, og skulu ábúendur Syðri-Tungu og Hóls vinna það verk að jöfnu með ábúanda Glaumbæjar, þá er hann æskir þess.

Umferðarbraut sú, 20 metrar, sem áður er nefnd í skiptagjörð þessari, skal afmörkuð með fjárheldri girðingu eða, ef betra þykir, með opnum skurðum, og skal stofnkostnaður þessa og svo og viðhald kostað í jöfnum hlutföllum af þeim, er brautina nota.

Óheimilt er að girða land af eða grafa skurð með sjávarkambi, nema ef um affallsskurði er að ræða með stefnu þvert á sjó, en 25 metra, og enga hindrun má setja, er varni skepnum frjálsa umferð meðfram fjörunni.

Merkjalínur voru settar, eftir að ábúendum hafði verið kynnt niðurstaða skiptanna. Skiptum þar með lokið.

Hóli Staðarsveit, 30. júlí 1955.

Björn Bjarnason

Ég undirritaður ábúandi Hóls hefi kynnt mér framanritaða skiptagjörð og er henni samþykkur. Því til staðfestu undirrita ég nafn mitt.

Neðri-Hól, 30/7 1955

Jónas Þjóðbjörnsson

Ég undirritaður ábúandi Syðri-Tungu, er samþykkur ofanritaðri skiptagjörð.

Syðri-Tungu, 30/7 1955.

Skapti Þórarinsson.

Ég undirritaður ábúandi Glaumbæjar er samþykkur afstaðinni skiptagjörð.

Glaumbæ 30/7 1955.

Kjartan Jóhannsson

Rétt afrit staðfesta:

Ólafur E. Stefánsson.

Þorsteinn Valgeirsson.



Landamerki: Milli jarðanna Fróðá, Arnarhóls og Ytri-Bug:

I. Milli Fróðár og Arnarhóls ræður mörkum bein lína úr Folahnúk í Rjúkanda í Kjósdalsá, þaðan ræður hún í Fróðá, og ræður svo Fróðáin niður í suðausturhorn í vestri brúarstöpul Fróðárbrúar, þaðan bein lína um vörðu sem er hornmarks varða milli Arnarhóls og Ytri-Bugs, og er sú varða sem hliðarmerki milli Fróðár í beinni línu frá fyrnefndum brúarstöpli í vörðu á engjaodda.

II. Milli Ytri-Bugs og Fróðá, eru merkin úr fyrnefndri hornmarksvörðu í áður nefndan engjaodda, þaðan eru merkin eftir gamla árfarveginum í gegn um Bugsvaðal þar til gamli Bugsós tekur við, og ræður svo gamli farvegur hans til sjávar samkv. herforingjakorti frá 1910. Fróðá, 27. júlí 1941.

Bogi Þórðarson, eigandi Fróðár og 1/3 Arnarhóls (sign)

Þorgils Þorgilsson eigandi Ynnri-Bugs og 1/3 Arnarhóls (sign)

Kristján Jónsson, ábúandi Ytri-Bugs og eigandi 1/3 Arnarhóls (sign)

Ólafur Bjarnason, umboðsmaður Ytri-Bugs (sign.)



[Landskipti milli Mávahlíðar, Traðar og Fögruhlíðar]

Þann 20/8 fóru fram skipti á milli Mávahlíðar, Traðar og Fögruhlíðar. Var skipt Mávahlíðareyrum, og auk þess voru höfð skipti á Bjarnengi, sem hefur verið í eigu Traðar og stykki úr eyrunum, sem Mávahlíð lét í staðinn, er því Bjarnaengi hér eftir í eigu Mávahlíðar. Auk þess fékk Fagrahlíð 1,5 hekt. af hluta Mávahlíðar úr umræddum eyrum, en lét í staðinn þann hluta úr reka, sem hún hefur átt með umræddum jörðum til Mávahlíðar og tilheyrir sá rekahluti Mávahlíð framvegis. Hluti Fögruhlíðar í umræddum eyrum er syðst. Takmörk hans að norðan eru úr Merkjälæk eftir skurði sem grafinn var út frá honum og beina sjónhendingu að landi Kötluholts. Hluti Traðar takmarkast að sunnan úr merkjalæk eftir skurði sem fyrir getur, og sjónhending úr honum að landi Kötluholts. Að norðan eru merkin milli Mávahlíðar og Traðar, úr girðingarhorni sem er að vestanverðu. Hluti Mávahlíðar er norðan þessarar línu, að Vatnsgötu að austan eftir læk, sem rennur í Mávahlíðarvaðal.

Tröð, 20/9 1958.

Vitundarvottar:

Guðmundur Hjartarson.

Þorsteinn Ágústsson.

Ágúst Ólason.

Sigurður Brandsson.

Magnús Árnason.



Breytingar á landamerkjum milli Knarrartungu ytri og syðri í Breiðuvíkurbreppi.

Við undirritaðir forráðamenn jarðanna Syðri og Ytri-Knarrartungu samþykkjum að landamerki áður talinna jarða skulu vera sem hér segir:

Landamerki liggja frá hömrinum vestan við Tungugil frá járnfleyg beint niður að þríhyrndum stórum steini í hlíðinni, þaðan niður að Tungugili í stefnu á vesturenda Breiðavatns. Síðan ræður Tungugil til norð-austurs að vörðu, ca. 36 m. vegalengd. Þaðan ræður stefna í merkjaskurð vestan við Syðritunguveg, og eftir honum niður að Þjóðvegi. Frá Þjóðveginum ræður skurður sem nær niður að Miðhúsa-merkjaskurði.

Eldri landamerki eru felld úr gildi samkvæmt ofanskrifuðu.

Syðri-Tungu, 24. nóv. 1958.

Ólafur Einarsson

Geirprúður Geirmundsóttir

Vottar:

Jón Sigmundsson.

Harlandur Jónasson, hreppstjóri.



[Minni-Borg]
Landskiptagjörð.

Ár 1959, sunnudaginn 19. júlí vorum við undirritaðir úttektarmenn kvaddir til þess að framkvæma landskiptauppgerð, eftir ósk Halldórs Ásgrímssonar, sem hefur fengið land til nýbýlastofnunar, samkv. þar að lútandi lögum. Nýbýli sitt nefnir Halldór Minni-Borg. – Skiptist land þannig:

Fjallland er óskipt.

Landamerki á niðrilandi takmarkast þannig, að vestan ræður Fáskrúð, að merkjum Fáskrúðarbakka, sem gildir fyrir landi jarðarinnar að suð-vestan Síðan ræður rafveituskurður frá Pundara í gegn um tún, að beygju í skurði þeim, sem liggur fyrir norðan Litla-Hól. Síðan ræður vegur um íbúðarhús og norðan fjárhúsa. Takmarkast tún af vegi þeim, er liggur norður frá fjárhúsum, að gamla bæjarhól. Þaðan í tjorn og í skurðinn og eftir honum vestan Súrhóls í skurð í Álfatröð.

Að norðan skal ráða Kvíakast fyrir norðan tún sjónhending í Borgina um Smirlaborg í Sneiðarkast.

Gjört að Borg, 19/7 1959

Páll Pálsson (hreppstjóri)

Eiður Sigurðsson

Ásgrímur Þorgrímsson

Halldór Ásgrímsson

Samkvæmt fyrirliggjandi frumrit - þinglýstu Z-82.

Stykkishólmi 21. okt. 1959.

Heimir Jonsson sýslum.



[Haukatunga syðri II og Haukatunga syðri I í Kolbeinsstaðahreppi]

Landskiftagjörð:

Við undirrituð eigendur og ábúendur jarðanna Haukatunga syðri II og Haukatunga syðri I, Kolbeinsstaðahreppi, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, höfum komið okkur saman um svohljóðandi landskifti:

Land Haukatungu syðri II takmarkast þannig:

1. Milli Haukatungu syðri II og Haukatungu syðri I. Fyrst ræður lækur í skurð, sem liggur í suður, og eins og stefna hans sýnir í vörðu suður í flóa, og úr þeirri vörðu eftir upphlöðnum vörðum upp í kletta.

2. Milli Haukatungu syðri II og óskifts lands Haukatungujarða, ræður fyrst Grafarskurður, og úr enda hans sjónhending í vörðu á skurðbakka á landamerkjaskurði sem er á milli Haukatungu syðri II og Ystu-Garða.

3. Milli Haukatungu syðri II og Ystu-Garða ræður skurður yfir flóa úr honum í stein á Grámosa þaðan í Rauðageirsnös.

Haukatungu syðri II 16. maí 1959. –

Páll Sigurbergsson, Haukatungu syðri I

Kristín Kjartansdóttir, Haukatungu ytri

Áta G. Pálsdóttir, Haukatungu syðri II

Jóhanna Sigurbergsd. Haukatungu syðri I

Vitundarvottar:

Lárus Gestsson, Haukatungu ytri

Kjartan Ólafsson, Haukatungu syðri II

Samkv. fyrirbyggjandi frumriti – Þingl. Z-151

Stykkishólmi, 7. des. 1959



[Haukatunga syðri I og Haukatunga syðri II í Kolbeinsstaðahreppi]

Landskiftagjörð

Við undirrituð eigendur og ábúendur jarðanna Haukatungu syðri I og Haukatungu syðri II, Kolbeinsstaðarhreppi, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, höfum komið okkur saman um svohljóðandi landsskifti:

Land Haukatungu syðri I, takmarkast þannig:

1. Milli Haukatungu ytri og Haukatungu syðri I. Fyrst ræður Haukatungulækur upp í merjanef, og þaðan sjónhending upp í Breiðabotn norðan vert, þaðan í landamerkjaskurð í flóanum eins og hann ræður og stefna hans sýnir sjónhending í fossin norðanvert í Sandhrygg.

2. Milli Haukatungu syðri I og Haukatungu syðri II. Fyrst ræður lækur í skurð sem liggur í suður og eins og stefna hans sýnir í vörðu suður í flóa, og úr þeirri vörðu eftir upphlöðnum vörðum upp í kletta.

Haukatungu syðri I 16. maí 1959

Páll Sigurbergsson, Haukatungu syðri I

Kristín Kjartansdóttir, Haukatungu ytri

Ásta G. Pálsdóttir, Haukatungu Syðri II

Jóhanna Sigurbergsd., Haukatungu Syðri I

Vitundarvottar:

Lárus Gestsson, Haukatungu ytri

Kjartan Ólafsson, Haukatungu syðri II

Samkvæmt fyrirbyggjandi frumriti – þingl. Z-152

Stykkishólmi, 7. des. 1959



Landamerki milli jarðanna:
Kolbeinsstaða – Landbrota – Skjálgs og Stóra-Hrauns. –

Vegna ógreinilegra landamerkja milli jarðanna Kolbeinsstaða í Kolbeinsstaðahreppi annarsvegar og Landbrota, Skjálgs og Stóra-Hrauns hinsvegar, hafa eigendur jarðanna komið sér saman um eftirfarandi landamerjalínu milli jarðanna:

Úr há Rauðhálsakúlu, syðri Rauðhálsakúlu, sjónhending í Vörðu-bollavörðu. Þaðan sjónhending í norðausturenda merkjaskurðsins í Djáknadal.

Ræður svo áður nefndur skurður í Kolbeinsstaðalæk (Skjálglæk) þá ræður lækurinn merkjum að vörðu á klöpp vestan lækjarins sunnan við Skallavöll. Þaðan sjónhending í neðri Tjarnarstapa. Þaðan ræður sjónhending í Einbúa og þaðan sjónhending í Stapa austast í Holtnaás, síðan sjónhending í vörðu austast í Bænhúsaás. Síðan gilda hin gömlu landamerki milli Kolbeinsstaða og Stóra-Hrauns.

Um leið er fallin niður gagnkvæmur beitaréttur milli Kolbeinsstaða og Skjálgs.

Til staðfestu rita eigendur fyrrnefndra jarða nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík 1. des. 1959

Björn H. Kristjánsson (sign) eigandi Kolbeinsstaða

Reykjavík 1. des. 1959

Richard Thors (sign) eigandi Stóra-Hrauns

Jóna Íris Thors eigandi Skjálgs og Landbrota.

Vottar:

Thor Thors

Thor G. Hallgrímsson.

Samkvæmt fyrirliggjandi frumriti þingl. Z-222

Stykkishólmi 12/1 '60. –



[Nýbýlið Drangavík og Drangar í Skógarstrandarhreppi]
Landsskiptagjörð.

Landamerki nýbýlisins Drangavíkur, sem stofnað er í landi jarðarinnar Dranga, Skógarstrandarhreppi, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu:

Að vestan ráða landamerki jarðanna Háls og Dranga, þ.e. úr steinboga þeim, er stendur í hlíðinni með gat í gegn, þaðan sjónhending í stóra klöpp, sem er á austurenda Merkjahryggs, þaðan sjónhending í Mjóanes við sjó fram.

Að sunnan ráða landamerki Setbergs inn í Drangalágar, en að austan ræður Drangagil og sjónhending þaðan að steinsteyptri stíflu í Litlalæk og þaðan í hlaðna vörðu við Lambhúsvík.

Dröngum, 1. júlí 1960.

Guðm. Ólafsson

Jón Sigurðsson

Vitundarvottar:

Gunnar Jónatansson

Anna Gunnarsdóttir.



Landskiftagjörð
milli jarðanna Ytri og Innri Kongsbakka.

Ár 1927, þann 7. 8. og 11. júlímánaðar, vorum vér undirritaðir staddir að Kongsbakka í Helgafellssveit samkvæmt bréfi frá sýslumanni Snæfellsness- og Hnappadalssýslu dags. 12. maí þ.á. til þess að skifta landi milli Ytri Kongsbakka að meðtalinni eign Þorsteins Jónassonar í Innri Kongsbakka annars vegar, sem er ca. 1/3 þeirrar jarðar og hins hluta jarðarinnar Innri Kongsbakka hins vegar.

Samkvæmt framansögðu urðum vér sammála um eftirgreind landamerki milli nefndra jarða:

Túnmerki milli Ytri og Innri Kongsbakka eru þessi:

Sjónhending úr vestustu bugðu vegar að Innri Kongsbakka innan túngarðs í læk, þar sem tveir lækir koma saman skamt fyrir ofan sjávarmál, og svo áframhaldandi bein sjónhending til fjöru.

Landamerki úthaga milli Ytri og Innri Kongsbakka eru þessi: Sjónhending úr efstu túnmerkjum eða efstu bugðu vegar í svonefnda Móbúfu, Móholti og þaðan bein lína í vörðu í austurjaðri Litla Selholts, svo bein lína þaðan um vörðu í Hæðabaráði í Kljárarfurveg.

Undir Innri Kongsbakka liggja Purkey, sem liggur framundan utanverðri Kljáá. Undantekið skiftingar er mótak, sem verður eftir sem áður sameiginlegt í landi beggja jarðanna.

Landamerki í Grynneiy eru þessi: Sjónhending úr vörðu í Norðurhól í torfvörðu í mýrinni og þaðan í vörðu á Suðurfit. Kofnatékja eftir sömu merkjum. Beit eftir réttri ítölu samkvæmt hundraðatali jarðanna fyrir 75 kindur og 4 hross.

Landamerki í Dýpriey eru þessi: Sjónhending úr svonefndu Vítisnesi á norðurbakka í vörðu á suðurbakka. Kofnatékja eftir sömu merkjum. Beit eftir ítölu samkvæmt hundraðatali fyrir 45 kindur og 3 folöld. Í hólma, sem liggur norðvestur af vestanverðri Dýpriey, sem fjarar í, er sameiginleg beit og kofntékja, eftir sömu hlutföllum.

Æðarvarp í eyjum og hólum, sem ekki fjarar í úr landi, er einnig sameiginlegt eftir hundraðatali.

Öll framanskráð skifting lands og eyja, önnur en tún og Grynneiyjar, sem varð að samkomulagsatriði milli aðila, er miðað við hundraðatal frá 1. apríl 1861, ca. 1/3 móti 2/3.

Var landskiftum lokið, ár og daga sem að framan greinir.

Hallur Kristjánsson (oddamaður)

Guðjón Guðmundsson

Hannes Hannesson

Staðfestist að vera samhljóða sýndu endurriti, sem staðfest var af hreppstjóra Helgafellssveitar þann 5. júní 1960.

Skrifstofu Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, 28/12 1960



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

H. Jónsson.



Landamerkjabréf
fyrir jörðinni Miðhraun II í Miklaholtshreppi, Hnappadalss.

Að vestan takmarkast landamerki úr vörðu á vestara horni Þjófakinna, þaðan sjónhending í Stórákrók í Króklæk, síðan ræður Króklækur merkjum að landamerkjum Eiðhúsa og Miðhrauns I.

Að sunnan takmarkast úr Eiðhúsalæk sjónhending í Stapa við Hraunlæk, eða svonefndan Sligalæk.

Að austan takmarkast af Sligalæk (Hraunlæk) upp að hrauni.

Að norðan úr Sligalæk (Hraunlæk) meðfram hraunsnoppum í vörðu á vestarahorni Þjófakinna. Fjallland er óskipt, eða sameiginlegt til beitar með Miðhrauni I.

Gjört að Miðhrauni II 28. jan. 1961

Guðmundur Þórðarson, Miðhrauni II

Kristján Þórðarson Miðhrauni I

Jóhannes Þorgrímsson, Eiðhúsum

Veronika Narfadóttir, Fáskrúðarbakka

Páll Pálsson hreppstjóri Miklaholtshr.



Landamerki jarðarinnar Litla-Fell í Helgafellssveit sem er nýbýli úr Helgafellslandi

Að vestan ráða landamerki milli jarðanna Helgafells og Arnarstaða, að norðan ræður Helgafellsvatn og „Gamls tún“ x) Gamlatún að austan ræður sjónhending úr austuhluta Kvíabarðs í „Gildru“ og þaðan í Rauðvík sem liggur við Saurvog

Að sunnan ræður svo Saurvogur merkjum að Arnarstaðalandi

Helgafelli 20/10 1962.

Hinrik Jóhannsson



[Nýbýli, Stakkhamar II í Miklaholtshreppi]
Landskiptagjörð

Ár 1962 föstudaginn 27. júlí var hreppstjóri Miklaholtshrepps, ásamt úttektarrmanni Gunnari Guðbjartssyni, bónda á Hjarðarfelli, staddir að Stakkhamri til þess að framkvæma landskiptagjörð, samkv ósk Bjarna Alexanderssonar, sem hefir ákveðið að stofna nýbýli í landi jarðarinnar Nýbýli sitt hefir Bjarni kallað Stakkhamar II og hefir hann fengið nafnið staðfest lögum samkv.

Landamerki jarðarinnar eru þannig:

Lína úr beigju heimreiðarinnar á Hesthúsholti, til norðurs sjónhending í enda affallsskurðar, þar sem hann kemur í Stakkhamarslæk.

Síðan ræður sá skurður í vinkilbeigju, þar sem efsti þurkskurðurinn kemur í hann; þá ræður sá skurður í Bleiksteinsá. Síðan ráða landamerki milli Borgarholts og Stakkhamars í Æðitjarnarholt, en landamerki að sunnan, lína úr brúnni á Stakkhamarslæk, sjónhending í vörðu beint suður frá Æðitjarnarholti.

Heimreiðarvegur ræður frá brúnni á Stakkhamarslæk í áður nefnda beigju á Hesthúsholti. Beitiland skal vera óskift.

Gjört að Stakkhamri, 27. júlí 1962

Páll Pálsson,

Gunnar Guðbjartsson

Alexander Guðbjartsson

Bjarni Alexandersson



[Tjaldbúðir og Kálfárvellir í Staðarsveit]

Landamerkjadómur

uppkveðinn 1. september 1937 í málinu:

Þorsteinn Nikulásson, Kálfárvöllum gegn Sigríði Karlsdóttur, Tjaldbúðum.

.....

Dómsorð:

.....

Landamerki milli erfðafestubýlisins Tjaldbúða og jarðarinnar Kálfárvellir, beggja í Staðarsveit, skulu vera frá Helgurúst við Kálfá, bein lína í framangreinda vörðu, sem er neðst í graslendi við Svertingsá.

.....

Jón Hallvarðsson

Hallur Kristjánsson

Þorleifur Þorsteinsson

(Innfært 18. apríl 1963 vegna ágreinings þáverandi eigenda og ábúenda jarðanna um landamerki þeirra).



Borgarholt – Stakkhamar: Landamerki:

Við undirrituð Alexander Guðbjartsson, eigandi jarðarinnar Stakkhamars, og Þóra Kristjánsdóttir, eigandi jarðarinnar Borgarholts, Miklaholtshreppi, höfum komið okkur saman um að landamerki milli téðra jarða skuli vera þannig þessi:

Úr Brekkuhól sjónhending í horn á affallsskurði 160 m. fyrir ofan Stakkhamarslæk norðan við Búðarstapa. Þaðan ræður framræslu skurður, sem liggur beint í austur í Bleiksteinsás. Þaðan í Ytra-Æðitjarnarholt, þaðan í keldu norðan Stóra-Nethamars, sem fellur í Straumfjarðará.

Allar eldri landamerkjaskrár, milli téðra jarða eru hérmeð úr gildi fallin.

Til staðfestu framanskriðu eru nöfn okkar undir rituð í viðurvist votta.

Stykkishólmi 3. sept. 1963.

Þóra Kristjánsdóttir (sign)

Alex. Guðbjartsson (sign)

Vottar: Njáll Þorgeirsson (sign)

Björgvin H. Þorvarðarson (sign)

Innfært af undirrituðum 14.5.´64.

sbr. þingl. skj. 7-209.

Sth. H. Jonsson – sýslum. –



Elliði, Staðarsveit.

Yfirlýsing um landamerki jarðarinnar Elliða í Staðarsveit.

Ég undirritaður Kristján Elíasson, frá Elliða, yfir fiskimatsmaður í Reykjavík, réttur og löglegur eigandi téðrar (eyði)-jarðar, Elliða í Staðarsveit, lýsi hérmeð og lögfesti landamerki jarðarinnar, að því og tekur til fjallendi hennar. Lýsi ég merkjum þessum að gefnu tilefni, og er öllu í samræmi við það, sem verið hafa gildandi landamerki jarðarinnar frá fornu fari og ómunatíð, enda í samræmi við staðhætti og náttúrulega aðstöðu, sem og sérstaklega fjallskilareglugerðir sýslunnar, hvað hreppa mörkⁱⁿ snertir og skrifar hreppsnefnd Staðarsveitar hér undir, þeim til staðfestu. Er því sem fyrr mótmælt, að merkjum jarðarinnar hið efra hafi nokkru sinni verið breytt, með neinum löglegum hætti, eða þá þær breytingar er fyrir löngu niður fallnar og merkin þannig komin í hið upprunalega og rétta horf, enda þótt dregist hafi að færa þau í landamerkjaskrá sýslunnar, á tilsvarendi hátt og t.d. Dalur gerði 1887 og Botn^ajarðir 1889, en þær jarðir eiga lönd um sömu slóðir þar efta og eru merki þar í samræmi við það, sem hér fer á eftir. Landamerkja lýsingu þessari til staðfestu skrifa hér undir fyrirvarsmenn hliðarliggjandi jarða, sem og nokkrir fleiri gjörkunnugir menn.

Samkvæmt þessu lýsi ég og lögfesti landamerki jarðarinnar ^{hið efra} sem hér segir:

Austurmörk: Úr ysta klofningi Markgils, þar sem ^{það} fellur fram af fjallsbrúninni, sjónhending í Kistugil, þar sem gljúfrin enda, – af brúninni séð. Þaðan eins og Baulárvallavegur ræður unn að Draugagilsá, á móti Stakk. Þaðan ræður svo Draugagilsá í Baulárvallavatni.

Norðurmörk: Baulárvallavatn að Varnaá, á Vatnaá í Hraunsfjarðarvatn, þá Hraunsfjarðarvatn að Hvanggili, þaðan ræður Hvanggil upp eftir Breiðdal hinum vestari. Úr Hvanggili efst ræður sjónhending í merkjavörðu á Breiðuborg, sem er stutt frá upptökum Hvangils í suðurátt.

Vesturmörk: Úr merkjavörðu á Breiðuborg, upp eftir Kjósarhrygg, þar sem hann er hæstur, þaðan eins og vötnum hallar í suðaustasta Tröllatindinn. Þaðan ræður sjónhending í Sóldeygjardalsöxl hina hærrí úr henni sjónhending í Faxastein, sem stendur fremst í fjallsbrúninni upp af Kapplasteini.

Landamerki jarðarinnar miðar af fjallsbrúnum, beggja vegna, eru áður skráð í merkjalýsingum jarðanna, en geta má þess, að merkin milli Elliða og Lágafells eru á herforingjaráðskortinu, sýnd miklu austar en vera ber.

Jafnframt því að lýsa og lög festa ofangreind landamerki, læt ég til glöggvunar fylgja örnefnaskrá, og uppdrátt með innfærðum landamerkjálínum.

Reykjavík 1. janúar 1964.

Kristján Elíasson.

Staðfestum ofangreind landamerki milli Elliða og Lágafells.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Jóhann M. Kristjánsson, Lágafelli syðra.
Ársæll Jóhannesson, Lágafelli ytra.

Staðfestum ofangreind landamerki milli Foss og Furubrekku annarsvegar og Elliða
hinsvegar.

Hjörtur Gíslason, Fossi
Jóhannes Guðjónsson, Furubrekku

Samþykkt fyrir hönd jarðeigna deildar ríkisins.
f.h.r. Sveinbjörn Dagfinnsson.
Embættisstimpill

Vottar: Sig. Ólason
Gunnar Jónsson

Í hreppsefnd Staðarsveitar.
Práinn Bjarnason,
Kristján Guðbjartsson,
Jón Lúthersson,
Þorgr. Sigurðsson. – með fyrirvara –
Júlíus Kristjánsson með fyrirvara

Ofangreind landamerki eru samkvæmt ofanrituðm, það ég best veit.
Sig. Sæmundsson frá Elliða.

Þinglýst athugasemd: Embættið gerir þá athugasemd að það hefir ekki borið
landamerkjalytingu þessa saman við eldri heimildar skjöl, varðandi hér greint landssvæði.

Sth. 25. febr. 1964.
Gjald kr. 37:50.
Greint

[...] [...]
– embættisstimpill –



Ytra-Lágafell og Hofstaðir.

Yfirlýsing um

landamerki Ytra-Lágafells og Hofstaða í Miklaholtshreppi.

Við undirritaðir eigendur og ábúendur jarðanna Ytra-Lágafells og Hofstaða í Miklaholtshreppi, lýsum hér með landamerkjum jarðanna, að því er tekur til fjallendis þeirra hið efra. Er það gert að gefnu tilefni, þar sem landamerkjaskrár hafa ekki að geyma glögg ákvæði um merki á þessum slóðum. Er merkjunum lýst hér á eftir í samræmi við það, sem gilt hefir að fornu fari og frá ómunatíð, enda í samræmi við staðhætti og náttúrulega aðstöðu, sem og sérstaklega fjallskilareglugerðir sýslunnar, hvað hreppamerki snertir, og skrifar hreppsnefnd Miklaholtshrepps hér undir því til staðfestingar. Er því, sem fyrr mótmælt að merkjum jarðanna á þessum slóðum hafi nokkru sinni verið breytt, með neinum löglegum hætti, eða þá þær breytingar fyrir löngu fallnar niður, og merkin þannig komin í hið upprunalaega og rétta horf, enda þótt dregist hafi að færa þau inn í landamerkjaskrár sýslunnar, á tilvarandi hátt og aðrar aðliggjandi jarðir hafa gert, Dalir 1887, og Elliði nú með sérstakri lögfestu þar að lútandi, en fyrirsvarsmenn þeirra jarða skrifa hér upp á til samþykkis af þeirra hálfu.

Það skal tekið fram að við lýsum merkjum þessum í fjallendinu sameiginlega, en munum hinsvegar sjálfir gera nánari ráðstöfun þar um, hvort heldur við eigum landið í óskiptri sameign áfram, eða skiptum því með ákveðnum merkjum milli jarðanna innbyrðis.

Mörkin samkv. ofanrituðu eru úr Baulárvallavatni:

A) Á móti Dal ræður Straumfjarðará úr vatninu á móts við Urðarmúlahorn og niður

B) Á móti Elliða ræður Draugagilsá úr vatninu allt á móts við Stakk og þaðan eftir hinum forna Baulárvallavegi. Við ákveðum sjálfir innbyrðis hversu langt hið sameiginlega land nær frá Baulárvallavatni og niður eftir fjallendinu.

Hofstaðir apríl 1964.

Eggert Kjartansson

F.H. Hreppsnefndar Alexander Guðbjartsson

F.H. Dals Erlendur Halldórsson

F.H. Jarðkaupasjóðs. v/Ytra-Lágafells F.H.R. Sveinbjörn Dagfinnsson.

Ytra-Lágafell 20/4 1964.

Ársæll Jóhannesson

Sigvaldi Jóhannsson Syðra-Lágafelli

F.H. Elliða. Kristján Elíasson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þinglýst athugasemd:

Embættið gerir þá athugasemd að það hefir ekki borið framanritaða landamerkjálýsingu við eldri heimildarskjöl varðandi framangreint landsvæði.

Stykkishólmi 12/5 '64.

Gjald kr. 37.50.

Greitt: H.J.

Hinrik Jónsson

– embættis stimpill –



[Hítardalsvellir og Moldbrekka í Kolbeinsstaðahreppi]

Landamerkiadómur:

Um merki jarðanna Hítardalsvalla og Moldbrekku í Kolbeinsstaðahreppi uppkv. í Hæstarétti
23. júní 1964:

Landamerki Hítardalsvalla og Moldbrekku í Kolbeinsstaðahreppi skulu vera úr hátindi
Grettisbælis sjónhending í Hítará um Kattarfossbrún.



[Gaul í Staðarsveit]

Leigusamningur

Landbúnaðarráðherra
gerir kunnugt:

Að ég leigi hér með hr. Sveini Guðjónssyni, Gaul í Staðarsveit Snæfellsnesi á erfðaleigu land úr ríkisjörðinni Gaul, Staðarsveit og eru mörk hins leigða lands sem hér segir:

1. gr.

1. að norðan ræður þjóðvegur frá Grólæk að vestan, að Reiðhamri,

2. að austan ræður lína frá þjóðvegi sjónhending um Reiðhamar þar sem hann er hæstur í vörðu á holti austan við bæinn á Gaul.

3. að sunnan liggur merkjalína úr vörðunni um skurð að horni á girðingu og ræður girðingin að heimavegi. Síðan ræður heimavegur í norður að nyrðri kanti fjárgötu, sem liggur austur úr veginum. Úr fjárgötunni ræður bein lína í stefna á fremsta hátind Þorgeirsfells (hátind, sem ber hæst frá sjó) að Grólæk.

4. að vestan ræður svo Grólækur norður að þjóðvegi. Jörðin Gaul á 10 metra breiða fjárgötu í gegn um framan afmarkað land nýbýlisins, sem liggur austur úr heimavegi og er hér að framan nefnd fjárgata.

Auk ^{hins} framangreind^a leigulandsins á leiguhafi rétt til beitarafnota í landi Gaular að ½ hluta á móti ábúanda Gaular.

2. gr.

Landið er leigt frá fardögum 1964 að telja.

3.gr.

Leigutaka ber að greiða alla skatta og skyldur, sem lagðar kunna að vera á landið.

4. gr.

Leigutaka er óheimilt að framlengja eða framselja leigurétt sinn, eða afhenda hann öðrum á nokkurn hátt. Leigutaka er ennfremur óheimilt að veðsetja landið, nema með leyfi leigusala.

Leigutaka er þó heimilt án sérstaks veðleyfis að veðsetja landið til tryggingar lánnum, sem hann kann að eiga kost á samkv. lögum um stofnlánadeild landbúnaðarins.

5. gr.

Í leigu ber leigutaka að greiða ár hvert kr. 1.000,00 og greiðist hún til hreppstjóra Staðarsveitar, nema annað verði ákveðið að leigusala. Gjaldtöku leigu er 1. nóv. Greiði leigutaki ekki leigu eftir landið í gjalddaga þá má taka hana með lögtöku samkv. lögum nr. 29 frá 16. des. 1885, um lögtök og fjárnám, án undangengins dóms eða sáttar, ásamt kostnaði.

6. Gr.

Vilji leigutaki láta af hendi erfðaleigurétt sinn til landsins með mannvirkjum, er honum skylt að bjóða ríkinu forgangskaupsrétt að eigninni eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna, semjist



ekki um annað. Ekki er leigusala skylt að kaupa eignir leigutaka láti hann af hendi erfðaleigurétt sinn.

7. gr.

Þurfi ríkið eð hreppurinn á landi að halda úr hinu leigða landi undir opinber mannvirkji, sérstakan atvinnurekstur eða þessháttar, er leigutaka skylt að láta lönd af hendi, án bóta sé um óræktað land að ræða.

Leigutaka er skylt að láta af hendi land undir vegi án bóta.

8. gr.

Undanskilin leigu námar og námaréttindi, vatns- og jarðhitaréttindi, hvers konar, nema til leigu eigin þarfa leigutaka, svo og veiðiréttindi.

9. gr.

Réttur til leigu á landinu erfist samkv. L. nr. 116/1943 um erfðaábúð og óðalsrétt.

10. gr

Leigutaki hefur fyrir gert erfðaleigurétti sínum til landsins og landið fellur aftur til ríkisins, ef hann:

- a) Greiðir ekki leigu eftir landið skv. 5. tl. samningsins.
 - b) Brýtur fyrirmæli 4. gr.
 - c) Greiðir ekki skatta og skyldur samkv. 3. gr. samningsins
- Í Landbúnaðarráðuneytinu 18/12 '64.

Sveinbjörn Dagfinnsson (stimpill)

Samningi þessum er ég ^{undirritaður} samþykkur og skuldbind mig til að halda hann í öllum greinum.

Gaul 22/12 1964

Sveinn Guðjónsson

Vitundarvottar:

Ragnheiður Jónsdóttir

Jón Lúthersson



Landamerki

á milli jarðarinnar Grafar í Eyrarsveit og jarðeignadeildar ríkissjóðs.

Við undirritaðir, Þorsteinn Bárðarson f.h. eigenda Grafar í Eyrarsveit og Sveinbjörn Dagfinnsson f.h. jarðeignadeildar ríkisins, gerum með okkur svofellt samkomulag um merki á sjávarkamp milli Grafar og þess hluta kampsins, sem er í ríkiseign:

Lína skal dregin þannig, að klettabrún á austasta hluta Lambakróarholts beri í neðsta fall í Gilsfossi í Kvernárdal og skal sú lína ráða óbrotin til sjávar, og kampurinn austan hennar að Kvernármörkum verður þannig óumdeild ríkiseign.

Jafnframt skuldbinda eigendur Grafar sig til þess að veita umferðarrétt að kampi ríkisins, en skylt er að haga umferð eftir fyrirmælum eigenda Grafar og greiða bætur fylgi óhagræði umferð um landið.

Gröf, Eyrarsveit, 8. sept. 1967

Þorsteinn Bárðarson

Sveinbjörn Dagfinnsson

Vottar:

Emil Magnússon

Þórir Ingvarsson



Rekamerki.

milli Hamrenda og Hnausa í Breiðuvík á Snæfellsnesi.

Gengið frá rekamerkjum í Stóru-Hnausalandi, milli Hamraenda og Hnausa.

Í framhaldi af skiftagjörð 30. júlí 1968 höfum við undirritaðir orðið ásáttir um að jarðkeila (Varða.) á Hamrinum 70 skrefum austan Torfár skuli vera rekamerkji og sjónhending að varðan bera í hæð ávala á fjalli austan Barnár er Barnáarkúla nefnist.

Þessu til staðfestu nöfn okkar

Hálfván Hannibalsson, Hnausum, umboðsmaður Jóns Loftssonar hf.

Olgeir Þorsteinsson, Hamraendum,

Gjört að Hnausum 20/7 '69

Viðstaddur. Haraldur Jónsson, hreppstjóri.

(sjá í Landskiftabók nr. 16.



[Fróðá og Ytri-Bugur]

~~Ár 1969, miðvikudaginn 18. júní var í landamerkjadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu í málinu nr. 2/1965:~~

~~Eigendur og ábúendur Bugsjarða gegn Jóni B. Jónssyni.~~

~~Kveðin upp svofelldur dómur:~~

~~Hæstaréttardómum nr. 28/1970. 9. Júní '72. Málinu vísað frá dómi.~~

~~Dómsorð:~~

~~Landamerki milli Fróðár og Ytri-Bugs skulu vera bein lína úr hornmerki milli Arnarhóls og Ytri-Bugs í merki á engjaodda, og er sú lína í beinu framhaldi af línu úr suðaustuhorni í vestri brúarstöpli Fróðár í fyrrnefnt hornmerki. Frá merkinu á engjaodda skulu merkin milli Fróðár og Bugsjarða vera út með Fróðárrifi innanverðu í sömu fjarlægð og áðurnefnt merki, í gegnum Bugsvaðal þar til gamli Bugsós tekur við og ræður svo gamli farvegur hans til sjávar samkvæmt herforingaráðskorti frá 1910.~~

~~Stefnendur, Þorgils Þorgilsson og jarðakaupssjóður, greiði in solidum stefnda, Jóni B. Jónssyni, málskostnað er ákveðst kr. 25.000.—.~~

~~Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.~~

~~Jón S. Magnússon.~~

~~Ólafur Guðmundsson.~~

~~Leifur Kr. Jóhannesson.~~